26



Upplifði drauminn

36



Vörður drottningar í Landeyjum

40



Tuttugu og sjö ára rennsli

Bændablaðið

22. tölublað 2022 • Fimmtudagur 1. desember • Blað nr. 623 • 28. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Sviðin jörð í Úkraínu

Veruleiki bænda og staða landbúnaðar í Úkraínu í dag er hörmuleg, segir Olga Trofimtseva, fyrrverandi landbúnaðarráðherra landsins, en hún var stödd hér á landi á dögunum í tilefni Matvælaþings.

Mikil eyðilegging blasir við á landbúnaðarsvæðum í suður- og austurhluta landsins. Skepnur eru dauðar, húsnæði ónýtt og akrar brunarústir. Hún nefnir sérstaklega svæði kringum hernumdu borgina Kherson, sem var nýlega frelsuð eftir að hafa verið undir stjórn Rússa frá fyrstu viku innrásar. Vatnsveitur og öll orkukerfi svæðisins eru eyðilögð. Eitt stærsta alifuglabú í Suður-Úkraínu var í héraðinu. Þar voru um fjórar milljónir fugla. Þegar Rússar tóku yfir svæðið rufu þeir rafmagn að búinu og hafa síðan ekkert gert. Allir fuglarnir hafa líklega drepist á innan við 48 tímum án rafmagns, loftræstingar og ljóss. Hræ fjögurra milljón fugla hafa því legið þarna síðan þá og Olga segir aðkomuna hafa verið hörmulega, hún talar um vistfræðilegt stórslys.

Landbúnaður ríkisins var í miklum blóma fyrir innrás Rússa. Það sýndi sig í sífellt auknum útflutningi á matvælum. Olgu telst til að 17–18% af landsframleiðslunni hafi flokkast sem landbúnaðar- og matvælaframleiðsla og að rúmlega 44% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar hafi komið til vegna útflutnings landbúnaðarvara. Beint tjón landbúnaðarins vegna innrásarinnar er metið á um 6,6 milljarða bandaríkjadala en óbeint tjón nemur 34 milljörðum dala, samkvæmt útreikningum Kyiv School of Economics. */ghp*

Sjá nánar á bls. 32–33.



Hrossastóð í haga á vetrardegi í Flóahreppi. Hestamenn hafa fagnað uppskeru ársins að undanförnu þar sem bæði hross og menn hlutu viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur á árinu. ***– Sjá nánar á bls. 7, 26, 54 og 55.***

Mynd / Hulda Finnsdóttir

Minkur til Danmerkur

Hópur danskra minkabænda, sem kallast Dansk mink, vinnur nú að því að endurvekja minkaeldi þar í landi. Erik Vammen er staddur hér á landi til að kaupa um 3.000 minkalæður og nokkra högna til að flytja til Danmerkur í þeim tilgangi að endurreisa greinina.

Öllum minkum í Danmörku var lógað í kjölfar þess að Covid-19 smit fannst í eldisminkum þar seint á árinu 2020. Vammen segir að þrátt fyrir að samkvæmt lögum megi hefja minkaeldi í landinu aftur um næstu áramót sé enn margt óljóst í því sambandi. „Stjórnvöld í Danmörku hafa ekkert gert til að aðstoða okkur sem stefnum að því að hefja eldið aftur og svara ekki spurningum sem tengjast innflutningi á minkum frá Íslandi. Við vitum til dæmis ekki hvort við verðum að láta Covid-greina hvern einasta mink sem stendur til að flytja til Danmerkur eða ekki, þrátt fyrir að það hafi ekki komið upp Covid-smit í íslenskum minkum.“

Nánast allir loðdýrabændur, sem voru yfir þúsund í landinu, undirrituðu samning við ríkið þar sem þeir samþykktu að selja býlið sitt og hefja ekki minkaeldi aftur í tíu ár. Að sögn Vammen snerist raunveruleg ástæða fyrir því að öllum minkum var lógað í Danmörku aldrei um Covid eða lýðheilsu. „Ástæðan var persónuleg andstaða Mette Frederiksen forsætisráðherra á loðdýraeldi, enda tók hún nánast einhliða ákvörðum um að leggja greinina í rúst. Svo ekki sé talað um klúðrið og kostnaðinn sem fylgdi framkvæmdinni.“

Gangi áformin eftir verða fyrstu minkarnir sendir út skömmu eftir miðjan janúar næstkomandi. */VH*

Sjá nánar bls. 22–23.

Loftslagsmál:

Fyrsta sala vottaðra kolefniseininga

Í ágúst á þessu ári var gefin út tækniforskrift um kolefnisjöfnun eftir ákall frá aðilum á markaði. Nú er búið að skilgreina hvað þarf til þess að fyrirtæki og stofnanir geti jafnað út sína losun og hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að geta haldið fram kolefnishlutleysi.

Tækniforskriftin er viðauki við ISO staðal um gróðurhúsalofttegundir og er gefin út af Staðlaráði Íslands – sem er hluti af alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO.

Nú þegar hefur farið af stað vinna við að votta loftslagsverkefni, af þar til bærum vottunaraðilum, samkvæmt tækniforskriftinni. Fyrirtækið Yggdrasil Carbon á Egilsstöðum var með fjögur skógræktarverkefni í gangi í sumar og er þess vænst að vottaðar kolefniseiningar úr þeim verkefnum fari í söluferli í desember – líklegast þær fyrstu sem fylgja forskriftinni.

Sjálf gróðursetningin og framkvæmd hennar fylgir ýmist kröfusetti frá Skógarkolefni eða Gold Standard, eftir því hver verkkaupinn er. Staðfestingin á að skilyrði til framleiðslu kolefniseininga séu eins og lagt var upp með og leiðarvísir fyrirtækjanna sem hyggjast nýta þær einingar í átt að kolefnishlutleysi fylgir áðurnefndri tækniforskrift.

Nokkur lykilatriði í tækniforskriftinni eru m.a. þau að einungis er hægt að framleiða kolefniseiningar úr verkefnum sem gefa einhverja viðbót við núverandi kolefnisbindingu eða draga úr núverandi losun. Gamlir skógar munu því ekki gefa af sér kolefniseiningar – þó þeir bindi kolefni.

Annað lykilatriði er að fyrirtæki eða stofnun sem ætlar að kolefnisjafna sig þarf að fara í allar mögulegar aðgerðir til að draga úr sinni losun. Þegar sýnt hefur verið fram á þann samdrátt með aðgerðaáætlun er hægt að fara í aðgerðir til að kolefnisjafna það sem út af stendur með því að ráðast í loftslagsverkefni eða kaupa kolefniseiningar.

Þriðja atriðið sem skiptir máli er að hver kolefniseining er með ártal og er einungis hægt að nota einu sinni. Skógræktarverkefnið sem Yggdrasil Carbon fór í í sumar, og önnur verkefni af sama meiði, munu ekki gefa af sér vottaðar einingar fyrir árið í ár – heldur er skógurinn 50 ár að ná ætlaðri bindingu og fyrstu einingarnar verða fullgildar eftir átta ár. Þetta eru því einingar í bið og munu eigendur ekki geta notað þær á móti sinni losun fyrr en þeirra ár rennur upp.

Bændablaðið setti sig í samband við nokkra aðila sem komu að gerð tækniforskriftarinnar og voru þeir flestir sammála um að kolefnisbinding og framleiðsla kolefniseininga verði mikilvæg tekjulind fyrir jarðeigendur. Nú þegar ramminn um kolefnisjöfnun er orðinn skýrari og Ísland er búið að lögfesta markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 má reikna með að aukin hreyfing verði í þessum efnum. */ÁL*

Sjá nánar á bls. 20–21.

FRÉTTIR

Sýklalyfjanotkun:

Notkun á „lambatöflum“ mjög algeng á Íslandi

– Óheimilt að nota þær sem fyrirbyggjandi meðferð

Í aðsendri grein á blaðsíðu 50 vekja þrír starfsmenn Matvælastofnunar athygli á nýjum lögum um dýralyf, í tilefni nýliðinnar vitundarviku um skynsamlega notkun sýklalyfja. Þar segir að í lögunum komi skýrt fram að ekki skuli beita sýklalyfjum reglulega sem fyrirbyggjandi aðferð gegn dýrasjúkdómum.

Sýklalyfjaónæmi er talin vera ein helsta heilbrigðisógn manna og dýra í dag – og notkun sýklalyfja talinn sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á uppkomu ónæmra sýkla. Almennt er talið að þróun nýrra sýklalyfja sé ekki í takt við hraða þróun ónæmis.



Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis Matvælastofnunar. Mynd / Aðsend

59 prósent lamba fá lambatöflur

Í greininni kemur fram að Matvælastofnun hafi á undanförnum árum unnið að vitundarvakningu meðal bænda og dýralækna um þessa útbreiddu notkun á sýklalyfjum, í formi „lambataflna“, sem fyrirbyggjandi aðferð gegn slefsýki í unglömbum. Stofnunin hafi greint notkun á þeim á árunum 2020–2022 og þar hafi komið í ljós að á árinu 2020 fengu 66 prósent lamba slíkar töflur, en hlutfallið fór niður í 59 prósent árið 2021 og stendur í stað árið 2022.

Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis Matvælastofnunar, er meðal höfunda greinarinnar en hún flutti einnig erindi um málefnið á málþingi sóttvarnalæknis á evrópska sýklalyfjadeginum 18. nóvember. Hún segir að Íslendingar standi nokkuð vel þegar borin eru saman tilfelli sýklalyfjaónæmis manna og dýra hér á landi við önnur Evrópulönd, en staðan sé þó áþekk á hinum Norðurlöndunum. Hún segir erfitt að meta áhrif notkunar lambataflanna á tíðni ónæmra baktería í íslenskri sauðfjárrækt, en þær finnist klárlega í íslenskum lömbum. Engin gögn séu þó til, beinlínis, um samanburð við Evrópu um slík tilfelli.

Þörf á vitundarvakningu

Vigdís segir að þörf sé á því að vekja bændur til meðvitundar um þessi mál, ljóst sé að aðrir möguleikar séu í stöðunni til að fyrirbyggja slefsýki.

„Þessi grein er ein af leiðum okkar til að vekja athygli á þessu, en þetta er ekki fyrsta skiptið sem við tökum þetta upp – við höfum gert það bæði í greinum en líka á fundum með sauðfjárbændum. Eins hefur sérgreinadýralæknir sauðfjár tekið þetta upp á fundi með stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda. Best væri auðvitað að það kæmi vitundarvakning frá Bændasamtökum Íslands eða búgreinadeild sauðfjárbænda,“ segir Vigdís.

/smh

Leiðrétting

Þau leiðu mistök urðu í frétt af innflutningi á kindakjöti í síðasta Bændablaði, að sagt var að rúm 6,5 tonn hefðu verið flutt inn til Íslands á yfirstandandi tollatímabili fyrir WTO-tollkvóta.

Hið rétta er að 557 kíló kindakjöts hafa þegar verið flutt til landsins, af 345 þúsund kílóa kinda- og geitakjötskvóta sem fjögur innflutningsfyrirtæki ráða yfir.

/ghp





Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Mynd / Aðsend

Útiræktun grænmetis:

Meiri uppskera af gulrótum og kartöflum en minna af rauðkáli

– Áhyggjuefni hversu hægt gangi almennt að auka ræktun

Samkvæmt nýjum uppskerutölum frá garðyrkjubændum í útiræktun grænmetis, varð talsverð aukning í uppskerumagni á kartöflum og gulrótum í haust miðað við á síðasta ári, en mun minna var skorið upp af rauðkáli miðað við tvö undanfarin ár.

Meginlínurnar eru hins vegar þær sömu ár eftir ár, að sögn Helga Jóhannessonar, garðyrkjuráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Framleiðslumagn sé svipað þrátt fyrir meiri hvata til aukinnar framleiðslu og áformum stjórnvalda í þá átt.

Tegund	2020	2021	2022
Kartöflur	7.379	6.355	7.180
Gulrófur	950	559	630
Gulrætur	659	754	980
Blómkál	90	105	89
Hvítkál	214	207	235
Kínakál	105	54	87
Spergilkál	90	93	85
Rauðkál	175	172	64

Uppskerumagn í tonnum eftir tegundum.

Framleiðendur meira og minna þeir sömu

Hann segir að skýringuna á sveiflum í uppskerumagni einstakra tegunda sé að finna í tíðarfarinu.

„Við höfum ekki enn þá séð hektaratölurnar fyrir 2022, en fljótt á litið sýnist mér að þetta séu sömu framleiðendur að framleiða á svipuðum hektarafjölda og undanfarin ár. Þeir fáu aðilar sem koma nýir inn byrja flestir smátt og vigta því lítið inn í heildarmagnið. Munur milli ára í uppskeru er því fyrst og fremst vegna breytileika í veðurfari,“ segir Helgi, spurður um hvort einhver fjölgun hafi orðið í þessari stétt.

„Það er áhyggjuefni að hægt gengur að auka ræktun á grænmeti þrátt fyrir aukinn stuðning og vilja stjórnvalda. Ég held að þetta sé ekki bara spurning um velvilja og fjárstuðning. Meira þarf að koma til. Það þarf að fara í saumana á þessu í heild sinni, skoða samkeppnisstöðuna og hjálpa nýliðum að komast almennilega af stað með alvöru framleiðslu.“

Stuðningurinn hjálpar ekki þeim sem byrja smátt

„Já, gagnvart útiræktuninni hefur jarðræktarstyrkur hækkað talsvert,“ segir hann, spurður um aukna hvata til aukinnar framleiðslu. „Garðyrkjan hefur verið styrkt sérstaklega umfram aðra jarðrækt – og markmiðið að sjálfsögðu að auka framleiðsluna.

Stuðningur í útiræktun miðast fyrst og fremst við flatarmál í ræktun og því hjálpar stuðningurinn lítið þeim sem eru að byrja með lítið undir. Til þess að gera þetta af alvöru þarf vélar og tæki til að létta vinnuna og kæligeymslur til að geyma uppskeruna. Þetta krefst mikilla fjárfestinga sem fælir þá frá nýja aðila sem gjarnan vilja hasla sér völl í greininni,“ segir Helgi Jóhannesson garðyrkjuráðunautur. */smh*

Örvar nýr fjármálastjóri Bændasamtaka Íslands

– Gylfi Þór lætur af störfum eftir um 40 ár hjá hagsmunasamtökum bænda

Örvar Þór Ólafsson hefur verið ráðinn til starfa hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ) sem fjármálastjóri og tekur við af Gylfa Þór Orrasyni sem starfað hefur fyrir hagsmunasamtök bænda í tæp 40 ár.

Örvar er viðskiptafræðingur með fjölbreytta starfsreynslu úr fjármálageiranum, ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Hann hefur meðal annars starfað hjá Lánasjóði sveitarfélaga, Kóða og Glitni. Einnig hefur hann verið framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Fjallafélagið.

Örvar tekur til starfa í janúar á næsta ári, en Gylfi starfar fyrir BÍ fram yfir Búnaðarþing á næsta ári.

Byrjaði í sumarafleysingum

Gylfi telst vera með lengstu starfsreynsluna innan Bændasamtaka Íslands – og hann starfaði áður fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins.

„Ég kom fyrst til starfa við sumarafleysingar hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins árið 1979 og vann þar með skóla út árið 1981 og síðan í fullu starfi árin 1982 og 1983. Árið 1984 var ég hins vegar í fullu starfi í knattspyrnuskóla Fram og við þjálfun 6. flokks.

Árið 1985 var ég síðan ráðinn í fullt starf hjá Stéttarsambandi bænda við bókhalds- og gjaldkerastörf – reyndar með stuttri viðkomu hjá



Örvar Ólafsson og Gylfi Orrason. Myndir / Odd Stefán

Olís haustið 1984 fram á vor 1985. Við sameiningu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands árið 1995 tók ég síðan við fullu starfi hjá Bændasamtökum Íslands, fyrst sem aðalbókari og síðan skrifstofu- og fjármálastjóri frá og með árinu 2004,“ segir Gylfi. */smh*


Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Ragnhildur Sigurðardóttir



Ég er ánægð með árangurinn af Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf

Ég hef notað **Smoother SKIN & HAIR** frá því í vor eftir að ég frétti af góðum árangri frá vinkonu minni af vörunni.

Ég var aðallega spennt að prófa vöruna vegna þess að hárið á mér hafði verið í svo lélegu ástandi fyrr á árinu eftir að hafa verið á Ketó mataræði. Velji maður Ketó mataræðið þarf að gæta þess að fá nóg af vítamínum því áhersla er lögð á það að halda sig frá ávöxtum vegna ávaxtasykursins. Ég gætti ekki nógu vel að vítamínbúskapnum mínum og fljótlega fann ég að hárið var að breytast. Hárið varð matt, stíft og tölu-vert meira hárlos en venjulega.

Vinkona mín hafði kynnst **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf og var ég spennt að prófa vöruna. Eftir að hafa tekið inn ráðlagðan dagskammt í nokkrar vikur fór ég að sjá og finna verulegan mun á hárinu mínu.

Hárið er orðið mjúkt og meðfærilegt og ný hár að stinga upp kollinum hér og þar um kollinn minn.

Ég get því sannarlega mælt með vörunni, **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf

Ragnhildur Sigurðardóttir, PGA golfkennari

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



FRÉTTIR

Matvælastofnun:

Gátu ekki gert grein fyrir rúmlega 81.000 löxum

Matvælastofnun hefur lagt stjórnvaldssekt á Arnarlax ehf. upp á 120 milljón króna fyrir að hafa brotið gegn skyldu um að tilkynna um strok á fiski og beita sér fyrir veiðum á strokfiski.



Sjókvíar Arnarlax í Arnarfirði. Mynd / VH

Við slátrun úr sjókví 11 við Haganes í Arnarfirði í október síðastliðnum varð ljóst að fyrirtækið gat ekki gert grein fyrir afdrifum 81.564 laxa hið minnsta. Matvælastofnun telur aðgæsluleysi Arnarlax hafa verið vítavert og afleiðingar þess mjög alvarlegar.

Í umfjöllun um málið á heimasíðu Mast segir að alls hafi 132.976 löxum verið komið fyrir í kví 11 í október 2020 og júlí 2021. Skráð afföll voru 33.097 fiskar en í október 2022, þegar slátrun var lokið úr kvínni, reyndist fjöldinn sem kom upp úr kvínni hins vegar vera aðeins 18.315 laxar.

Veruleg frávik í fóðurgjöf

Þegar tölur úr slátruninni í október síðastliðinn lágu fyrir og ljóst var að ekki var hægt að gera grein fyrir afdrifum rúmlega 80 þúsund laxa, hóf MAST rannsókn og krafði Arnarlax meðal annars um skýringar á misræmi í fóðurgjöf miðað við uppgefinn fjölda fiska í kvínni. Í ljós kom að veruleg frávik höfðu orðið í fóðurgjöf í kví 11 frá því í júní 2021, eða tveimur mánuðum áður en tilkynnt var um gat á kvínni síðastliðið sumar. Slíkt hefði átt að vekja sterkar grunsemdir fyrirtækisins um að eitthvað alvarlegt væri á seyði.

Kví 11 hefur áður verið til umfjöllunar en Arnarlax tilkynnti í ágústlok 2021 að gat hefði fundist á umræddri sjókví. Þá voru viðbrögð fyrirtækisins í samræmi við kröfur sem gerðar eru þegar slíkir atburðir eiga sér stað.

Alvarlegt brot að mati Mast

Samkvæmt 1. grein laga um fiskeldi eru markmið laganna meðal annars þau að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og telur Matvælastofnun að um alvarlegt brot sé að ræða, bæði út frá umfangi og hættu fyrir villta nytjastofna og líffríki, sem og að um er ræða brot sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir með betri stjórn og innra eftirliti fyrirtækisins.

Arnarlax hyggst kæra

Í tilkynningu frá Arnarlaxi hyggst fyrirtækið kæra ákvörðun Mast um stjórnvaldssektina. Forsendur áfrýjunar af hálfu Arnarlax er að öllum viðbragðsferlum fyrirtækisins, sem og lögum og reglum, hafi verið fylgt til hins ýtrasta. Bæði í aðdraganda óhappsins og í kjölfar þess.

Að sögn Arnarlax er forsaga málsins sú að í lok ágúst í fyrra fannst, við reglubundið eftirlit, gat á einni af kvíum fyrirtækisins við Haganes í Arnarfirði. Viðbragðsáætlun fyrirtækisins var strax virkjuð, gatinu lokað og var Matvælastofnun og Fiskistofu tilkynnt um málið samdægurs. Í samráði við Fiskistofu voru svo lögð út net sem að staðfesti að fiskur hafi sloppið úr kvínni.

/VH

Mjólkurvinnslan Arna:

Þreifingar hafnar um útflutning

– Nýjar hafravörur á markaði skapa tækifæri fyrir ræktendur

Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík hóf nýlega framleiðslu á hafrajógúrt og hafraskyri undir vöruheitinu Vera Örnudóttir. Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu, segir mikla eftirspurn eftir hafravörum skapa gífurleg tækifæri fyrir bændur í hafrarækt.



Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu. Í september hófst umfangsmikil dreifing á skyri fyrirtækisins í Frakklandi. Myndir / Aðsendar

Hafravöruframleiðsla Örnu telur í dag tvo vöruflokka; hafraskyr í þremur bragðtegundum og hafrajógúrt í fjórum. Vörur Veru eru eingöngu gerðar úr höfrum og 100% vegan hráefnum. Þær eru komnar í dreifingu í matvörubúðir víða um land og segir Hálfdán viðbrögðin lofa góðu.

Hann segir að af þeim vegan vörum sem þjóna eigi sem staðgengill mjólkurvara séu hafravörur í örustum vexti á heimsvísu. Hafrar séu almennt með minna umhverfisspor en flest önnur staðgengilshráefni og þannig falli þeir vel að þörfum þeirra sem eru grænkerar af umhverfisástæðum.

Flytja inn tugi tonna af höfrum á mánuði

Þeir hafrar sem notaðir eru í vörur Veru Örnudóttur eru enn sem komið er innfluttir og er umfang innflutningsins nú í blábyrjun framleiðslunnar tugir tonna á mánuði.

„Við fáum hafra frá Svíþjóð og Finnlandi fullunna, þannig við getum unnið þá í mjólkurbasa. Við höfum verið í samstarfi við Sandhól sem hafa sýnt mikinn áhuga á að koma sér upp aðstæðum til að fullvinna hafrana svo þeir standi okkur til boða," segir Hálfdán en samstarfsverkefni Örnu og Sandhóls er styrkt af Matvælasjóði.

Hann segir framtíðarsýnina miða við að nýta sem mest íslenskra hafra í framleiðsluna, um leið og þeir verði fáanlegir. Viðbrögð neytenda við vörunni muni leiða í ljós umfang framleiðslunnar en augljóst er að mikil tækifæri liggi í aukinni hafrarækt og fullvinnslu þeirra hér á landi.

Hafrar voru framleiddir á 109 ha svæði árið 2021 og hefur umfangið minnkað örlítið síðastliðin tvö ár – því árið 2019 voru skráðir hektarar lands undir hafrarækt 170. Flestir rækta hafra í fóður en Sandhóll er eini íslenski framleiðandinn sem ræktar hafra markvisst til manneldis.



Umfang innflutnings á höfrum til vinnslu hafravara Örnu nemur tugi tonna á mánuði.

Útrás Örnu

Þótt vörur Veru Örnudóttur séu eingöngu að stíga sín fyrstu skref eru strax hafnar þreifingar með útflutning hafravaranna t.a.m. innan Bretlands.

Arna hefur í tæpan áratug sérhæft sig í framleiðslu á mjólkurvörum án laktósa með eftirtektarverðum árangri. Í sumar var greint frá því að fyrirtækið væri í samstarfi við mjólkurvinnslu í Bandaríkjunum um framleiðslu og sölu vara þar í landi.

Í september hófst svo umfangsmikil dreifing á skyri frá Örnu í um 330 verslunum Grand Frais í Frakklandi. */ghp*

Frumvarp um breytingu á búvörulögum:

Endurskipulagning og hagræðing í slátrun og kjötvinnslu

Í Samráðsgátt stjórnvalda liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, sem felur í sér möguleika kjötafurðastöðva til aukinnar samvinnu. Í frumvarpinu er kveðið á um breytingar sem eiga að stuðla að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu.

Í breytingunum felst heimild afurðastöðva í sláturiðnaði að stofna og starfrækja félag um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, í því skyni að ná fram nauðsynlegri hagræðingu.


Frumvarpið kemur í kjölfar tillagna spretthóps í júní, sem matvælaráðherra skipaði vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu.

Stofna saman og starfrækja félag

Í fyrstu grein frumvarpsins segir að þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga um bann við ólögmætu samráði, verði afurðastöðvum í sláturiðnaði nú heimilt að stofna og starfrækja félag um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða, í því skyni að ná fram nauðsynlegri hagræðingu.

Þær afurðastöðvar sem nýta sér þessa heimild skulu uppfylla nokkur skilyrði. Þær þurfa að safna afurðum frá framleiðendum um land allt og greiða þeim sama verð óháð búsetu, selja öðrum vinnsluaðilum afurðir til frekari vinnslu á sama verði og vinnsluaðilum sem lúta þeirra stjórn. Þá er kveðið á um að ekki megi setja skorður við því að framleiðendur færi viðskipti sín til annars aðila og að framleiðendum skal tryggður réttur til að eiga einungis viðskipti við félagið um afmarkaða þætti, svo sem slátrun.

Um tímabundnar breytingar er að ræða og er gert ráð fyrir að þær falli úr gildi 1. janúar 2026. */smh*



BRP

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ómar Örn Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARI

Heiðarleg tilraun

Ég sat Matvælaþing í Hörpu í síðustu viku. Með viðburðinum sköpuðu forsvarsmenn matvæláráðuneytisins vettvang fyrir áhugasöm til að taka þátt í að móta heildarsýn fyrir einn víðtækan málaflokk, sem snertir okkur öll. Forsendan var ný matvælastefna og meginstef dagskrárliða voru pallborð, sjö talsins. Hverju þeirra var ætlað að fjalla um einstaka kafla/efnisþætti stefnunnar.

Hópurinn sem valinn var til svara í pallborði var afskaplega fjölbreyttur, enda eru matvæli málefni sem hafa snertifleti við margar þekkingar- og atvinnugreinar, framleiðslu, vinnslu og dreifingu. Eflaust var valin manneskja í hverju rúmi, en svo virtist allur gangur á því hvort þessir velvöldu gestir hefðu á annað borð lesið þann kafla stefnunnar sem til umræðu var á tilteknu pallborði.

Þannig var auðheyrt að sumir komu vel undirbúnir og með áhugaverðar nálganir, tilbúnir að skiptast efnislega á skoðunum út frá þeirra sérþekkingu, sem bættu lagi ofan á þær hugmyndir sem fram voru komnar í tilteknum kafla. Aðrir virtust því miður helst nýta dagskrárvaldið með því að koma sér eða sinni stofnun/fyrirtæki/málefni á framfæri. Oft voru skilaboð þeirra tengd á afar undarlegan hátt við þau efnistök sem til umfjöllunar voru, og ekki til þess fallnar að krydda lýðræðislegt ferli á mótun matvælastefnu með öðru en kjánahrolli.

En gott og vel. Eftir almenn skoðanaskipti í pallborðum gafst gestum þingsins tækifæri til að varpa fram spurningum til þeirra sem á sviði stóðu gegnum smáforrit. Spurningarnar birtust á risaskjá og aðrir fundargestir gátu svo haft áhrif á hverjar þeirra yrðu teknar til umræðu, með rafrænum þumalputtum. Áhugaverð nýlunda þar. En aftur, þá féllu oft margar fyrirspurnir í svartholið, einfaldlega vegna þess að þær voru settar fram til að koma á framfæri skoðunum sem of oft innihéldu staðhæfingar sem stóðust bara alls ekki skoðun.

Ekki reyndist heldur tími til að fara djúpt ofan í tiltekin málefni, en það bíður eflaust betri tíma og æskilegra færis. Enda er stefnu sem þessari ekki ætlað að tækla vandamál tiltekinna greina, eða taka afstöðu til málefna sem eru í deiglunni. Henni er þvert á móti ætlað að vera grunnur sem aðgerðaráætlanir eiga síðar að hvíla á.

Pallborðin sjö voru heiðarleg tilraun til að skapa málefnalegar umræður. Uppleggið var áhugavert og fólkið ólíkur þverskurður af þjóðfélaginu og fulltrúum ólíkra greina og hugmyndafræða.

Matvælaþingið var haldið í fyrsta sinn og fram kom í máli ráðherra að vonir stæðu til að viðburðurinn yrði árviss. Fagna ber slíkum tilefnum, þar sem fólk kemur saman og tekur stöðuna á fæðukerfum okkar. Þar fær stjórnvaldið tækifæri til að hlera það sem brennur á hagsmunaaðilum framleiðslukerfis matvæla.

Stefnan, eins og hún birtist ráðstefnugestum, mun nú vera fínpússuð miðað við það sem fram kom á Matvælaþinginu. Verður hún svo lögð fram á Alþingi í vor þar sem hún fer í gegnum hefðbundið stjórnsýsluferli – en þar gefst hverjum sem er tækifæri á að koma fram með tillögur að lagfæringum og betrumbótum á þessari vonandi samstilltu matvælastefnu þjóðarinnar.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.

Biðin er ótæk

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




Nú liggur fyrir að þróun áburðarverðs á heimsmarkaðsverði hefur verið heldur á uppleið en hitt. Enn liggur ekki fyrir verð birgja á Íslandi til bænda vegna áburðar fyrir komandi vor, og er sú staða vægast sagt bagalegt þar sem bændur eru að reyna að gera áætlanir fyrir komandi ræktunartíma.

Í fjárlögum ársins 2022 var gert ráð fyrir 650 millj. kr. stuðningi við bændur vegna hækkana á áburðarverði. Á síðastliðnu ári var ástæða til að bregðast við með framlagi frá ríkisvaldinu til stuðnings vegna hækkandi áburðarverðs sem nam 650 milljónum króna, á móti u.þ.b. 3.000 milljóna kostnaðarauka fyrir greinina. Það sé hins vegar ekki hægt fyrir áburðarsala að bíða eftir því og vona að ríkisvaldið komi aftur með stuðning viðlíka þeim sem veittur var í upphafi ársins.

Aukin framleiðsla á köfnunarefnisáburði í Brúnei, Nígeríu og Indlandi er fyrirhuguð á næstu 12–24 mánuðum. Mun það líklega leiða til þess að verð lækki en þó er töluverður tími í að framleiðsla nái aftur fyrra magni án þess að framboð á aðföngum frá Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi jafni sig.

Eftirspurn eftir DAP áburði, sem er fosfór- og köfnunarefnisáburður, hefur verið mikil undanfarið vegna sérstakra aðstæðna í Indlandi og í Brasilíu. Þær aðstæður



Heimild: World Bank commodity watch, Bændasamtök Íslands

munu líða hjá og mögulega slaka þá á eftirspurnarhliðinni. Einnig er stórum hluta af framleiðslu áburðarins haldið eftir í Kína með útflutningstakmörkunum til að halda aftur af hækkun á heimsmarkaðsverði fyrir ræktendur þar í landi. Hvorugt þessara atriða er líklegt til að vera langvarandi og því eru taldar meiri líkur en minni á því að verð á þess konar áburði muni ganga til baka. Hins vegar er erfitt að spá fyrir um áhrifaþætti langt fram í tímann og því getur enn allt gerst.

Ekki er búist við að verð á MOP, áburði sem inniheldur mikið af kalíum, muni endilega lækka á árunum 2023 né 2024, enda 85% af honum framleiddur í Hvíta-Rússlandi, Rússlandi, Kína, Ísrael og Kanada.

Nýverið gaf Evrópusambandið út tilmæli þar sem aðildarríki sambandsins eru hvött til að tryggja mikilvægum iðnaði, svo sem áburðarframleiðendum, aðgengi að gasi. Jafnframt eru tilmæli um að auka stuðning við bændur vegna kaupa á áburði og ekki síður að takmarka verðhækkanir á orkuverði og þar með framleiðslukostnaði á áburði. Þá hvetja samtökin til þess að auka gagnsæi í viðskiptum með áburð, stuðla að markvissri notkun áburðar og tryggja frjáls og óhindruð viðskipti með áburð. Þá má nefna að í ríkjum Evrópusambandsins er hvatt til þess að stuðningur aðildarríkja vegna áburðarkaupa verði ekki minni vegna komandi uppskerutíma.

GAMLA MYNDIN



Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hvanneyri 1988. Tarfarnir Landi, Vasi og Blesi. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands

LÍF & STARF



Aðstandendur tilnefndra ræktunarbúa ársins stilla sér upp fyrir myndatöku með forsvarsmönnum Bændasamtaka Íslands og fagráðs í hrossarækt.
Myndir / GB1

Hrossaræktendur verðlaunaðir

Bergur Jónsson og Olil Amble voru valin Ræktunarmenn ársins 2022 á haustráðstefnu fagráðs í hrossarækt sunnudaginn 20. nóvember síðastliðinn. Þau kenna hross sín við Ketilsstaði á Völlum og Syðri-Gegnishóla í Flóa. Þetta er í sjötta sinn sem þau hljóta titilinn.

Ráðstefnan, sem var haldin í Sprettshöllinni, var vel sótt en meðal dagskrárliða var kynning Úndínu Ýr Þorgrímsdóttur dýralæknanema á rannsókn á magasárum í hrossum og erindi Þorvaldar Kristjánssonar kynbótadómara um sögu Landsmóta og þátttöku kynbótahrossa. Í framhaldi fóru gestir ráðstefnunnar yfir spurningar sem fagráð var búið að setja niður auk þess sem orðið var gefið frjálst. Var þetta byrjunin á umfjöllun sem fagráð ætlar sér að taka með í mótun á framtíðarsýn Landsmóta og aðkomu hrossaræktar og kynbótahrossa að þeim.

Allmörg verðlaun voru veitt á ráðstefnunni. Tuttugu hryssur hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, en þeim verða gerð nokkur skil í jólaútgáfu Bændablaðsins. Hans Þór Hilmarsson hlaut verðlaun fyrir að sýna það hross sem hlaut hæstu hæfileikaeinkunn án áverka þegar Sindri frá Hjarðartúni hlaut 9,38, en það er enn fremur það hross sem hæstu hæfileikaeinkunn hefur nokkru sinni hlotið (sjá nánar bls. 26). Sindri er sjö vetra gamall, undan Stála frá Kjarri og Dögun frá Hjarðartúni.

Stóðhesturinn Fróði frá Flugumýri hlaut viðurkenningu fyrir hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunn án skeiðs, 9,14. Hann var sýndur af ræktanda sínum og eiganda, Eyrúnu Ýri Pálsdóttur. Teitur Árnason er meðræktandi og Alexandra Hoop meðeigandi. Fróði er 5 vetra undan Hring frá Gunnarsstöðum og Fýsn frá Feti.

Þá hlaut stóðhesturinn Viðar frá Skör viðurkenningu fyrir að hafa hlotið hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunn ársins, 9,04, en það er líka það hross sem hefur hlotið hæstu aðaleinkunn nokkru sinni. Viðar er ræktaður af Karli Áka Sigurðssyni en í eigu Flemming Fast og Gitte Fast Lambertssen. Viðar 8 vetra er undan Hrannari frá Kýrholti og Vár frá Auðsholtshjáleigu. Knapi Viðars, Helga Una Björnsdóttir, var valin kynbótaknapi ársins.

Fimmtán bú voru tilnefnd til titilsins ræktunarbú ársins og hlutu aðstandendur þeirra viðurkenningu á fundinum.

Sem fyrr segir kom svo í hlut Ketilsstaða/Syðri-Gegnishóla að bera titilinn ræktunarbú ársins 2022. Bergur og Olil státa af mögnuðum ræktunarárangri til fjölda ára. Þau standa afar faglega að sinni ræktun og öllum hliðum hennar, s.s undirbúningi hrossa, tamninga og sýningahalds. Verðlaunin í ár byggja á níu sýndum hrossum, en átta þeirra fengu fyrstu verðlaun í kynbótadómi og var aldursleiðrétt meðaleinkunn þeirra 8,21 og meðalaldur 5,8 ár. Auk einstaklingssýndra hrossa hlutu fjórar hryssur úr þeirra ræktun heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, þær Álöf og Spes frá Ketilsstöðum og Heilladís og Skjóða frá Selfossi. Þá hlutu tveir stóðhestar úr ræktun þeirra fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi en það eru bræðurnir Álfarinn og Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum en sá síðarnefndi hlaut Orrabikarinn á Landsmótinu í ár sem efsti stóðhesturinn í sínum flokki afkvæmahesta.

Þess má geta að búið hlaut einnig titilinn Keppnishestabú ársins 2022 á verðlaunahátíð Landssambands hestamannafélaga fyrr í nóvembermánuði. Í umsögn sambandsins kemur fram að hross frá búinu séu í verðlaunasætum móta um allan heim, m.a. sem landsmeistarar í Sviss og Þýskalandi og úrslitahestar á Landsmóti í mismunandi greinum. */ghp*



Úndína Ýr Þorgrímsdóttir dýralæknanemi.



Helga Una Björnsdóttir var valin kynbótaknapi ársins.



Viðar frá Skör og Helga Una á Landsmóti í sumar. Mynd /Óðinn Örn - Eiðfaxi



Þorvaldur Kristjánsson ræddi um þátttöku kynbótahrossa á Landsmótum.



Sveinn Steinarsson, formaður deildar hrossabænda, Brynja Amble Gísladóttir, Bergur Jónsson, Elin Holst, sem tóku við verðlaunum fyrir hönd Ketilsstaða/Syðri-Gegnishóla, Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, varaformaður deildar hrossabænda.



Olil Amble situr hér Álfaklett frá Syðri-Gegnishólum sem hlaut Orrabikarinn á Landsmóti. Mynd / KollaGr



Fróði frá Flugumýri og Eyrún Ýr á Landsmóti í sumar. Mynd / Óðinn Örn - Eiðfaxi



Eyrún Ýr Pálsdóttir tekur við verðlaunum fyrir Fróða frá Flugumýri.

MÆLT AF MUNNI FRAM

310

Glænýjar vísur frá **Ingólfi Ómari Ármannssyni** bárust í pósthólf þáttarins. Líkt og allur kveðskapur hans, þá eru vísurnar af bestu gerð:

Linar súr og sára kvöl,
sálartetri hlýnar,
þegar rennur áfengt öl
oní kverkar mínar.

Þess eru líka dæmi að Bakkus fylgi með í hestaferðum. Því fylgir með ofanskráðri vísu ein hestavísa frá Ingólfi Ómari:

Eykur fljótur fiman gang,
for og grjóti þeytir.
Yfir hnjótur vítt um vang
vökrum fótum beitir.

Nokkurt efni hefur birst undanfarið eftir **Jón Ingvar Jónsson**, einn ástsælasta hagyrðing samtíðar sinnar, en Jón Ingvar lést þann 26. ágúst og var jarðsunginn 4. október síðastliðinn.

Í minningu hans fylli ég það sem lifir þáttar. Vel er viðeigandi að skrá fyrst stutt aðventuljóð eftir Jón Ingvar:

Sjá! Frúin, hún ryksugar, fægir og þvær
og flest sem að húsverkum lýtur
hún leysir, sá starfi er konum svo kær
og kvenlega eðlið sín nýtur.
Af alúð og natni hún undirbýr jól
svo ekki er mikið um næði,
en skáldið er hugsi í hægindastól
og heillast af ósömdu kvæði.

Rökvísi er hægt að beita í brag:

Krunki hrafn við kaldan sæ
kemur júní eftir maí.
Kyssi báran kalda sker
koma jól í desember.

Staddur á tjaldstæði orti Jón Ingvar:

Þegar myrkrið missir vald
og morgungeislar lýsa
skríður örþreytt inn í tjald
útitekin skvísa.

Á ferð með Iðunnarfélögum orti Jón:

Yfir kæra frónið fríða
furðu léttir enn
gúmmídekkjagriðung ríða
gamlir kvæðamenn.

Einn nánasti vinur Jóns Ingvars meðal hagyrðinga var Sigrún Haraldsdóttir, sem tók saman það efni sem hér er birt. Til Sigrúnar orti Jón Ingvar:

Í æsku varstu ósköp góð,
og efni mikið þóttir,
en svo fórst þú að semja ljóð
Sigrún Haraldsdóttir.

Hárið er farið að þynnast:

Áður helst minn hróður jók
hárið þykkt og mikið.
Drottinn gaf og Drottinn tók,
Drottinn fór yfir strikið.

Jón Ingvar starfaði sem leiðsögumaður um langt árabil. Um þá iðju orti hann tvær vísur:

Þegar völlur þiðnar senn
og þokar mjöll af grundum
upp á fjöll og ferðamenn
fer ég öllum stundum.

Í lífinu vel er ég liðinn
og Laufeyju strýk ég um kviðinn
hvern einasta dag
og af því fékk slag
því ég er svo andskoti iðinn.

Í göngutúr um borgarlandið orti Jón:

Beautiful er borg mín öll
og björt í senn
þar sem konur væta völl
og veggi menn.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Auðhumla svf.:

Jóhannes Hreiðar ráðinn framkvæmdastjóri

Auðhumla hefur ráðið Jóhannes Hreiðar Símonarson framkvæmdastjóra Auðhumlu svf.

Jóhannes tekur við starfinu af Garðari Sverrissyni, sem hefur gegnt starfinu frá ársbyrjun 2016. Hann tekur við starfinu fljótlega eftir áramót, en hann starfaði lengi sem ráðunautur hjá BSSL og færði sig síðan yfir til Arion banka og var meðal annars útibússtjóri hjá Arion banka á Hellu. Frá 2020 hefur Jóhannes verið framkvæmdastjóri umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.



Jóhannes Hreiðar Símonarson.

Ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur

Jóhannes segist spenntur fyrir starfinu og hlakkar til að takast á við það. „Ég geri mér grein fyrir að það er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, að taka við starfi af jafn farsælum manni og Garðar Eiríksson er – en ég mun gera mitt besta," segir Jóhannes.

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt.

Auðhumla hefur það hlutverk að taka við mjólk frá félagsmönnum sínum og umbreyta í mjólkurafurðir sem eru seldar á markaði á Íslandi og erlendis. */smh*

Slow Food:

Dominique kveður eftir rúm 20 ár í stjórn

Talsverðar breytingar urðu á stjórn samtakanna Slow Food Reykjavík á aðalfundi þeirra á dögunum.

Dominique Plédel Jónsson kvaddi stjórnina eftir rúm tuttugu ár þar innanborðs og lengst af sem formaður. Nýr formaður er Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari, en hún hefur lengi starfaði innan hreyfingarinnar.



Dominique Plédel Jónsson.

Tek hugsjónina með mér út úr hreyfingunni

Dominique segir að tími sé kominn til að láta nýtt og yngra fólk taka við. „Ég er búin að vera formaður síðan 2008 og í stjórn frá formlegri stofnun deildarinnar 2001. „Ég er mjög sátt við hvernig ég skil við hreyfinguna, er komin á aldur ef svo má segja. En Slow Food-hugsjónin fer ekkert því þetta er lífsstíll, ekki bara einhver samtök sem ég hef verið svo lengi bundin," segir hún.

Hún segir að engar ályktanir hafi verið samþykktar á aðalfundinum, en hins vegar hafi verið tekin sú stefnumótandi ákvörðun að blása á ný lífi í Slow Food Youth-verkefnið, sem felur í sér markvissa kynningu á hugmyndafræði Slow Food fyrir yngra fólki; með viðburðahaldi og með því að gera hreyfinguna meira sýnilega ungu fólki.

Hugsjónin hefur smitast inn í stjórnsýsluna

Dominique hefur verið atkvæðamikil á undanförnum árum, bæði hvað varðar ásýnd og áherslur Slow Food á Íslandi en einnig í þjóðfélagsumræðunni um innlenda matvælaframleiðslu.

„Það er bara gleðiefni að heyra valdamenn í stjórnsýslunni í sífellt meira mæli tileinka sér hugmyndafræði Slow Food fyrir íslenska matvælaframleiðslu, jafnvel án þess að nefna hvaðan áhrifin séu komin. Það þýðir að við höfum gert það sem þurfti og að skilaboðin frá okkur hafa skilað sér á réttan stað. Slow Food eru hagsmunasamtök já, en í þágu allra," segir hún.

Nýja stjórn Slow Food Reykjavík skipa ásamt Dóru þau Axel Sigurðsson, Sif Matthíasdóttir, Þórhildur María Jónsdóttir og Ægir Friðriksson. Varamenn eru Gunnþórunn Einarsdóttir og Jóhanna Vilhjálmsdóttir.

/smh


Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull





| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Gúrkuútflutningur til Færeyja og Grænlands hefur fest sig í sessi. Viðræður eru við stóran norskan dreifingaraðila.

Gúrkuútflutningur hefur fest sig í sessi

– Aðrir vænlegir evrópskir markaðir í skoðun

Útflutningur á íslenskum gúrkum til Grænlands og Færeyja virðist hafa fest sig í sessi. Þegar framboð er nægt á Íslandi þá eru nokkur bretti send úr landi á viku.

Þá er enn horft til Danmerkur og Noregs sem vænlegan markaðsvettvang fyrir íslenskar gúrkur – og annað íslenskt grænmeti – í ljósi þeirrar orku- og áburðarkreppu sem nú plagar landbúnað margra Evrópulanda.

Fyrir ári síðan var sagt frá því hér í blaðinu að verkefnið Íslenskt grænmeti á erlenda markaði hafi hlotið einn hæsta styrk Matvælasjóðs, eða 20 milljónir króna. Í forsvari fyrir verkefnið eru þeir Sverrir Sverrisson, stjórnarformaður útflutningsfyrirtækisins Pure Arctic, og Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna (SFG). Gunnlaugur segir ljóst að íslenskar gúrkur hafi fest sig í sessi sem útflutningsvara til Færeyja og Grænlands.



Stæður af íslenskum gúrkum á leið í útflutning.



Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjubænda.

Ekki alltaf nóg til af gúrkum

„Þetta er í stöðugum farvegi, nema þegar ekki er nóg til af gúrkum fyrir innanlandsmarkað," segir hann, spurður um framvinduna í þessum útflutningsmálum á þessu og næsta ári. „Verðið sveiflast mikið á erlendu mörkuðunum – sérstaklega yfir sumartímann. Það er alveg ljóst að vetrartíminn er mest spennandi fyrir okkur til að markaðssetja okkar vörur og byggja upp framtíðarmarkað á Norðurlöndunum allt árið.

Þannig má segja að helstu tíðindin séu utan frá, þar sem til dæmis í Hollandi, þar sem venjulega eru 850 hektarar undir tómatarækt með lýsingu, en þar er verið að skera umfangið í vetur niður í 150 hektara vegna óhagstæðs orkuverðs. Það má segja að það sé kannski lýsandi fyrir stöðuna í Norður-Evrópu, þar sem framleiðslan hefur víða dottið alveg niður í vetur."

Líka mjólk og kjöt

„Grænlendingar eru áfjáðir í að kaupa af okkur Íslendingum ferskvöru, ekki bara grænmeti heldur líka mjólk og kjöt," segir Gunnlaugur en Pure Arctic, sem SFG er hluthafi í, hefur einmitt einnig haft milligöngu um sölu slíkra vara til þessara landa. Gallinn er sá að það er nokkuð dýrara að flytja þessar búvörur frá Reykjavík til Nuuk en alla leið frá Danmörku, þó það sé um tæplega 60 prósent styttri siglingaleið að ræða í sama skipi sem hefur viðkomu í Reykjavík. Þessi staða hefur neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra afurða og það er mikið atriði að þetta verði fært til betri vegar sem fyrst.

Spennandi Noregsmarkaður

Varðandi sölu á gúrkum til Danmerkur, segir Gunnlaugur að í raun hafi þetta verið tilraunasendingar fram til þessa.

„Við prófuðum þetta aðeins síðasta vetur og veturinn þar á undan, en það verður að segjast eins og er að það hefur verið erfitt að komast aftur inn á markaðinn í vetur, þar sem neytendur hafa almennt séð dregið mjög saman seglin í sínum innkaupum og velja alla jafna ódýrustu vöruna vegna orkukreppunnar sem ríkir í Evrópu. Einn af okkar stærri viðskiptavinum er samt sem áður byrjaður að kaupa af okkur aftur og við vitum einnig að það eru fleiri tækifæri á Danmerkurmarkaði fyrir þann hluta markaðarins sem leggur áherslu á hreinleika, gæði og umhverfisvæna framleiðslu vörunnar, en þar stendur íslenska gúrkan mjög sterk. Við væntum þess að eftirspurnin muni aukast á ný þegar orkumarkaðirnir leita aftur í eðlilegt horf og neytendur hafa meira á milli handanna sem vonandi gerist fyrr en seinna.

Við höfum einnig verið að kanna markaðinn í Noregi og eigum í viðræðum við stóran dreifingaraðila sem stendur og munum líklega fara í einhverjar prufusendingar þangað. Noregsmarkaðurinn er mjög spennandi fyrir okkur þar sem verðlagningin er hærri en í Danmerku og því eru okkar vörur samkeppnishæfari þar."

Stækkun garðyrkjustöðva

Á síðustu tveimur árum hefur orðið talverð aukning í gúrkuframleiðslu á Íslandi.

„Hluti af ástæðunni fyrir því að gúrkuframleiðendur réðust í stækkanir á sínum stöðvum var að markaðsaðstæður voru taldar vænlegar með tilliti til útflutnings til nágrannaríkja okkar. Það hefur reynst rétt hvað varðar Grænland og Færeyjar en aðeins meiri óvissa með Danmörku sem og önnur Evrópulönd. Samkvæmt okkar rannsóknum þá virðast samt vera ákveðin tækifæri þar í stöðunni – og ekki bara með gúrkur – en það tekur lengri tíma að vinna sig inn á þá markaði.

Ef það reynast vel borgandi markaðir þarna úti, þá er í sjálfu sér ekki vandamál fyrir íslensku stöðvarnar að auka framleiðsluna," segir Gunnlaugur. */smh*

FALLEG, FRÆÐANDI OG FJÖLSKYLDUVÆN JÓLAGJÖF

FLÓRUSPILIÐ Í JÓLAPAKKANN



Flóruspilið er í anda spilsins „veiðimaður“ þar sem markmiðið er að safna fjögurra spila samstæðum. Í stað hefðbundinna spila er spilað með íslenskar plöntutegundir. Á spilunum eru upplýsingar um grasnytjar og þjóðtrú tegundanna ásamt latínuheiti, gróðurlendi og ætt. Spilið er hugsað til fróðleiks og skemmtunar. Annar stokkur er sjálfstætt framhald með 13 nýjum blómum til að spila með og fræðast um.

Stærð 14,8 x 10,4 cm



BLÓMASPILIÐ Í JÓLAPAKKANN

Blómaspilið er minni útgáfa af Flóruspilinu en þá er spilað samstæðuspil. Blómaspilið er fyrir yngri aldurshópinn, einfaldari útgáfa þar sem einungis nöfn tegundanna er á spilinu með myndinni. Nöfn tegundanna eru á íslensku, ensku, pólsku og latínu í sama stokki.

Stærð 7,9 x 7,9 cm



UPPLÝSINGAR UM SÖLUAÐILA MÁ FINNA Á HESPA.IS

AUÐVELT AÐ KAUPA Á HESPA.IS



HESPA

WWW.HESPA.IS

SÍMI 865 2910

FRÉTTIR



Hugsanlegt er að takmarkanir verði gerðar á veiðum á grágæs frá og með áramótum, þar sem Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um verndun sjó- og vatnafugla. Mynd / Óskar Andri

Stefnir í takmarkanir á veiðum grágæsa

Þar sem fjöldi skráðra grágæsa á talningastöðum á Bretlandseyjum er 30% færri en fyrir áratug er sjálfkrafa virkjuð alfriðun á stofninum vegna aðildar Íslands að alþjóðasamningi um verndun farfugla, nema ráðuneytið bregðist við.

Talningar benda til að grágæs hafi fækkað um 18% á Íslandi á tímabilinu 2020-2021.

Á meðan heimsfaraldurinn stóð sem hæst var ekki hægt að sinna stofntalningu fuglanna á Bretlandseyjum með fullnægjandi hætti, samkvæmt Áka Ármanni Jónssyni, formanni Skotveiðifélags Íslands.

AEWA samningurinn um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla nær til fjölda fuglategunda sem verpa og hafa áningastaði á Íslandi. Samtals eru 82 ríki, þar með talið Ísland, búin að lögfesta samkomulagið.

Áki Ármann segir að tölum um samdrátt stofnsins beri að taka með fyrirvara og séu þrjú lykilatriði sem spili þar inn í. Í fyrsta lagi var stofninn í hæstu hæðum fyrir áratug síðan – ef stofntölur væru skoðaðar lengra aftur í tímann myndi sjást að fjöldi fugla er nokkuð stöðugur. Í öðru lagi var talning í lamasessi á Bretlandseyjum á árunum 2020-2021 vegna útgöngubanns á tímum heimsfaraldursins og tölur fyrir árið í ár hafa enn ekki borist.

Í þriðja lagi hafa gæsirnar dvalið lengur hér á landi vegna góðra hausta, sem hefur gert talningaraðilum erlendis erfiðara fyrir að skilgreina hvaða fuglar eru hluti af breska stofninum og hverjir áttu viðkomu á Íslandi. Eftir að lægri stofntölur bárust að utan var talið að ofveiði ætti sér stað á Íslandi. Skotveiðifélagið fór sérstaklega yfir veiðitölurnar innanlands og var ekkert athugavert í þeim að finna.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fer með framkvæmd AEWA samningsins á Íslandi. Samkvæmt svörum þaðan er líklegt að farið verði í aðgerðir sem miða að sjálfbærum veiðum, eins og styttingu veiðitímabils og takmarkanir á sölu. Hér á landi mun ráðuneytið ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfistofnun annast verkefnið og verður haft samráð við Bændasamtök Íslands, Skotvís, Fuglavernd og Samband íslenskra sveitarfélaga í samræmi við lögin um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og mögulega fleiri aðila. Útfærsla og tímasetning er óljós á þessari stundu. Ekki er reiknað með að grágæsin verði alfriðuð. */ÁL*

Kolefnisbrúin:

Asparskógur á Suðurlandi fyrsta skráða verkefnið

Loftslagsverkefnið Kolefnisbrúin er í eigu Bændasamtaka Íslands og skógarbænda.

Meginmarkmið þess er að koma á fót viðskiptasamböndum á milli bænda og þeirra aðila sem vilja minnka kolefnislosun sína, þar sem átt er í viðskiptum með svokallaðar kolefniseiningar. Nú er unnið að því að skrá fyrsta verkefnið inn í Kolefnisbrúna.

Kolefniseiningarnar verða til á landi bænda og annarra landeigenda – og geta gengið kaupum og sölum. Um vottaðar einingar verður að ræða, samkvæmt viðurkenndu ferli Skógræktarinnar.



Asparskógur á Suðurlandi er fyrsta skráða verkefni Kolefnisbrúarinnar.

Alþjóðlegur skráningargrunnur

Valur Klemensson, sérfræðingur í umhverfismálum hjá Bændasamtökum Íslands, segir að verkefni Kolefnisbrúarinnar til framtíðar verði að fjölga verkefnum í kolefnisbindingu hjá landeigendum. Ýmis verkefni komi þar til greina; nýskógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis. Öll verkefni á vegum Kolefnisbrúarinnar verði skráð í Loftslagsskrá (International Carbon Registry), sem sé rafrænn alþjóðlegur skráningargrunnur fyrir loftslagsverkefni.

„Þeir sem vilja skrá loftslagsverkefni í Loftslagsskrá og gefa út kolefniseiningar þurfa að uppfylla ítarlegar kröfur í samræmi við alþjóðlegar meginreglur til loftslagsverkefna," segir Valur.

Tuttugu hektara svæði

Að sögn Vals er nú unnið að skráningu fyrsta verkefnis á vegum Kolefnisbrúarinnar í Loftslagsskrá en þar er um að ræða asparrækt á 20 hekturum á Suðurlandi.

„Verkefnið verður unnið samkvæmt stöðlum Skógarkolefnis, til að koma á fót viðurkenndu ferli við bindingu kolefnis með nýskógrækt.

Skógarkolefni skapar viðmið fyrir kolefnisbindingu með nýskógrækt á frjálsum markaði. Almenningur, stofnanir og fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til loftslagsbaráttunnar og binda kolefni fá þannig fullvissu um bindingu sína. Loftslagsskrá er í samstarfi við Skógræktina og eru skógarkolefniseiningar skráðar í Loftslagsskrá."

Kolefnisbrúin sér um skráningu

Valur segir að fyrirkomulagið sé þannig að landeigandi leggi til land, safni asparstiklingum og sinni vinnu við plöntun, auk viðhalds á girðingum og sjálfum skógunum.

„Kolefnisbrúin sér um skráningu í Loftslagsskrá og þá vinnu sem skráningu fylgir, svo sem ræktaráætlun og samningagerð. Úttektir og vottun verkefna greiðist af einingum sem verða til við verkefni og sér landeigandi um að ráðstafa einingum til að standa straum af þeim kostnaði.

KOLEFNISBRÚIN



Valur Klemensson, sérfræðingur BÍ í umhverfismálum.

Hann segir að Kolefnisbrúin muni síðan setja upp kerfi til að bjóða upp kolefniseiningar, en þær séu eingöngu hugsaðar fyrir innanlandsmarkað og ekki færanlegar á milli landa. */smh*

Jólaskógarnir opnir á aðventunni

Á aðventunni opna jólaskógar skógræktarfélaganna í landinu fyrir þeim sem vilja sækja sér sjálfir jólatré og styrkja í leiðinni starf þeirra. Opið er hjá flestum félögum allar aðventuhelgarnar. Talið er að fyrir hvert keypt jólatré sé hægt að gróðursetja önnur 50.

Stafafuran er langvinsælasta innlenda jólatréð, en þar á eftir koma sitkagreni og rauðgreni – en árið 1993 var það vinsælasta tréð. Í Heiðmörk, við Elliðavatnsbæinn, hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur um árabil staðið fyrir viðburðaríkri dagskrá á aðventunni. Jólamarkaður er haldinn í Elliðavatnsbænum og jólatrjáasala er úti við á sérstöku jólatorgi þar sem hægt verður að njóta jólastemningar.



Jólastemning við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk. Mynd / smh

Barnastund hvern opnunardag

Í Rjóðrinu, rétt við Elliðavatnsbæinn, verður Barnastund hvern opnunardag klukkan 14.

Frekari upplýsingar um opnunartíma jólaskóganna má finna á vef Skógræktarfélags Íslands, skog.is.

/smh

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ

BÚVÖRUR SS



Óerfðabreytt ærblanda og ýmsar vörur fyrir sauðfjárbændur fást í verslunum og hjá sölumönnum okkar á landsbyggðinni

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575 6071
Verslun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099
Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Klippið út

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 05. janúar 2023



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi diska	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reimdrifi	8	3,10	711	56	1.926.000	2.388.240	**1.637.000**	2.029.880
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.555.000	3.168.200	**2.172.000**	2.693.280
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	2.985.000	3.701.400	**2.537.000**	3.145.880
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.118.000	3.866.320	**2.650.000**	3.286.000
GMD 310 F	Framsláttuvél	8	3,1	1010	43	2.935.000	3.639.400	**2.495.000**	3.093.800
GMD 3525 F	Framsláttuvél	8	3,5	1180	49	3.738.000	4.635.120	**3.177.000**	3.939.480
A-rammi	A rammi/hraðtengi f. framsláttuvélar					125.000	155.000	**106.000**	131.440
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	21	8,2-8,8	2648	122	7.750.000	9.610.000	**6.588.000**	8.169.120
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	10.080.000	12.499.200	**8.568.000**	10.624.320
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	10.530.000	13.057.200	**8.951.000**	11.099.240
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.465.000	5.536.600	**3.795.000**	4.705.800
FC 3125 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	3.856.000	4.781.440	**3.278.000**	4.064.720
FC 3525 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.264.000	5.287.360	**3.624.000**	4.493.760
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	12.285.000	15.233.400	**10.442.000**	12.948.080
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	13.740.000	17.037.600	**11.679.000**	14.481.960
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.410.000	6.708.400	**4.599.000**	5.702.760
FC3561TCD	Dragtengd með knosara,miðjutengd	8	3,5	2480	84	6.170.000	7.650.800	**5.245.000**	6.503.800
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		2,5	710	54	1.525.000	1.891.000	**1.296.000**	1.607.040
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		3,03	920	78	1.790.000	2.219.600	**1.522.000**	1.887.280
BPR 305	Hagasláttuvél fram- og afturvél		3,03	1100	100	2.465.000	3.056.600	**2.095.000**	2.597.800

Ath. allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnífum

Heytætlur

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.317.000	1.633.080	**1.119.000**	1.387.560
GF 5202	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	7	5,4	660	23	1.564.000	1.939.360	**1.329.000**	1.647.960
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	1.975.000	2.449.000	**1.679.000**	2.081.960
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.257.000	2.798.680	**1.918.000**	2.378.320
GF 7902	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	2.920.000	3.620.800	**2.482.000**	3.077.680
GF 7902T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	3.798.000	4.709.520	**3.228.000**	4.002.720
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1380	50	3.375.000	4.185.000	**2.869.000**	3.557.560
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1760	50	4.070.000	5.046.800	**3.460.000**	4.290.400
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1620	55	4.470.000	5.542.800	**3.800.000**	4.712.000
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.055.000	6.268.200	**4.297.000**	5.328.280
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.050.000	8.742.000	**5.993.000**	7.431.320



Múgavélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma á stj	Fjöldi tinda á arm	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GA300GM	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	3,2	286	820.000	1.016.800	**697.000**	864.280
GA3901	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	10	4	3,9	520	1.255.000	1.556.200	**1.067.000**	1.323.080
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.400.000	1.736.000	**1.190.000**	1.475.600
GA5031T	Einnar stjörnu **dragtengd** m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	2.229.000	2.763.960	**1.895.000**	2.349.800
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.084.000	5.064.160	**3.471.000**	4.304.040
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	4.820.000	5.976.800	**4.097.000**	5.080.280
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	5.950.000	7.378.000	**5.058.000**	6.271.920
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	6.221.000	7.714.040	**5.288.000**	6.557.120
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	11.222.000	13.915.280	**9.539.000**	11.828.360
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.100.000	3.844.000	**2.635.000**	3.267.400

Herfi,tætarar og sáðvélar

Tegund	Útbúnaður	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Aflþörf hö. lágm.-hámark	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.292.000	2.842.080	**1.948.000**	2.415.520
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.729.000	3.383.960	**2.320.000**	2.876.800
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.820.000	3.496.800	**2.397.000**	2.972.280
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.245.000	4.023.800	**2.758.000**	3.419.920
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.598.000	4.461.520	**3.058.000**	3.791.920
HR5004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	6.163.000	7.642.120	**5.239.000**	6.496.360
HR6004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	7.386.000	9.158.640	**6.278.000**	7.784.720
EL92/180	Jarðtætari	1,8	525	51-100	1.405.000	1.742.200	**1.194.000**	1.480.560
EL92/230	Jarðtætari	2,3	605	58-100	1.521.000	1.886.040	**1.293.000**	1.603.320
EL122/250	Jarðtætari, gaddakefli kr. 450.000 án vsk	2,5	955	65-125	1.906.000	2.363.440	**1.620.000**	2.008.800
EL122/300	Jarðtætari, gaddakefli kr. 530.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.079.000	2.577.960	**1.767.000**	2.191.080
EL162/300	Jarðtætari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	2.820.000	3.496.800	**2.397.000**	2.972.280
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780 l fræbox, herfi		2.911.000	3.609.640	**2.474.000**	3.067.760



Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

Tegund	Útbúnaður	Sópvinda	Dekkjastærð	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	11.550.000	14.322.000	**10.973.000**	13.606.520
i-BIO OC23	23 hnífar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	12.050.000	14.942.000	**11.448.000**	14.195.520
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						**958.000**	1.187.920
FBP3135-14	14 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	14.300.000	17.732.000	**13.585.000**	16.845.400
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	14.800.000	18.352.000	**14.060.000**	17.434.400
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	15.760.000	19.542.400	**14.972.000**	18.565.280
	Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						
	3D (prívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%						

ATH. Petta er aðeins lítið brot af vöruúrvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 140 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

FRÉTTIR



Við undirritun samningsins. Á myndinni eru frá vinstri: Ji Xia, starfsmaður Eimverks í Kína, Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Kína, Wanshun Zhang, framkvæmdastjóri Poly Group Co Ltd. og Qinghai Kong, framkvæmdarstjóri Poly Liquor Company Ltd. Mynd / Aðsend

Íslenskt viskí í sókn í Kína

Eimverk Distillery, framleiðandi Flóka viskí, skrifaði nýlega undir stóran samning við kínverska ríkisfyrirtækið China Poly Group um sölu á Flóka þar í landi.

Samningurinn var undirritaður á stórsýningunni China International Import Expo (CIIE) í Sjanghæ. Eimverk hefur verið þátttakandi ásamt fjölda íslenskra fyrirtækja undanfarin ár. Flóki er fyrsta og enn þá eina íslenska viskíið á markaði í dag og hefur verið í stöðugri sókn á erlendum mörkuðum. Flóki er nú fluttur út til yfir tuttugu landa.

„Við erum afar ánægð með þennan samning, við höfum unnið að markaðssetningu í Kína frá 2019 og þetta er spennandi þróun. Poly Group fékk fyrstu prufusendingu frá okkur fyrr á þessu ári og seldist hún hratt upp," segir Haraldur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks. Samningurinn er í takt við áform félagsins um kraftmikla markaðssókn og stækkun framleiðslugetu allt að tífalt á næstu tíu árum.

„Það er okkar markmið að koma Íslandi á kortið í viskíheiminum, hér eigum við nægt bygg, frábært vatn og græna orku," segir Sigrún Barðadóttir, stjórnarformaður Eimverks.

Eimverk nýtur þess í dag að hafa fengið styrk frá Matvælasjóði til að styrkja markaðsstarf erlendis verulega og hefur að auki fengið aðstoð frá viðskiptafulltrúum sendiráða Íslands á erlendri grundu. Eimverk var stofnað 2009 með áherslu á að framleiða Flóka viskí úr íslensku byggi. Fyrirtækið er til húsa við Lyngás 13 í Garðabæ.

/MHH

Meistaradeild hestaíþrótta áfram á Ingólfshvoli

Stjórn Meistaradeildar Líflands í hestaíþróttum hefur samið við eigendur Ingólfshvols í Ölfusi um að öll reiðhallarmót deildarinnar verði haldið þar keppnistímabilið 2023.

„Á Ingólfshvoli er hægt að bjóða upp á upphitunarsvæði innandyra sem er tengt keppnissvæðinu og er orðið algjört lykilatriði fyrir bæði hesta og knapa. Skeiðmótið verður síðan haldið á Brávöllum á Selfossi í samstarfi við Sleipni og Skeiðfélagið," segir í tilkynningu frá stjórn Meistaradeildarinnar en enn fremur voru tilkynntar dagsetningar keppnanna, sem verða eftirfarandi:

26. janúar - Fjórgangur
9. febrúar - Slaktaumatölt
3. mars - Fimmgangur
23. mars - Gæðingafimi
8. apríl - Gæðingaskeið og 150 m skeið
15. apríl - Tölt og 100 m skeið og lokahátíð.



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra kynnir drögin á Matvælaþinginu. Mynd / Gunnar Vigfússon

Drög að matvælastefnu kynnt í Hörpu:

Fögur framtíðarsýn

– Fylgt eftir með aðgerðamiðuðum stefnum og árlegri aðgerðaráætlun

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra kynnti á Matvælaþinginu drög að matvælastefnu fyrir Ísland.

Drögin samanstanda af tíu meginköflum. Í fyrsta kaflanum, Grunnur að matvælastefnu, kemur fram að rætur þeirra draga, sem voru kynnt á þinginu, nái aftur að útgáfu á stefnunni Matarauðlindin Ísland, matvælastefna Íslands til 2030 – sem kom út í desember 2020.

Í kaflanum Leiðarljós íslenskrar matvælaframleiðslu kemur fram að á Íslandi sé framleitt mikið magn matvæla sem sé mikilvægt með tilliti til allra lykilhagstærða, eins og landsframleiðslu, útflutningsverðmæta og fjölda starfa. Fá sambærileg samfélög séu jafn efnahagslega háð matvælaframleiðslu og Ísland. Landið sé ríkt af auðlindum sem gerir það að samkeppnishæfum matvælaframleiðanda. Forsendur séu fyrir hendi að byggja velsæld þjóðarinnar áfram á sjálfbærri nýtingu auðlinda, meðal annars til matvælaframleiðslu og til að þróa áfram nýjar framleiðslugreinar.



Fjölmennt var á matvælaþingi í Hörpu þann 22. nóvember sl. Mynd / ghp

Matvælaframleiðslan árið 2040

Í kaflanum Framtíðarsýn fyrir árið 2040, eru dregin fram tíu atriði sem eiga að endurspegla þá stöðu sem uppi verður á þeim tíma í matvælaframleiðslu á Íslandi. Þau eru sett fram með það að leiðarljósi að Ísland verði í fremstu röð ríkja í framleiðslu hágæða matvæla.

1. Ísland er í fremstu röð ríkja í gæðum framleiddra matvæla.
2. Framleiðsla sem byggir á nýtingu lifandi auðlinda stenst öll viðmið um sjálfbærni nýtingar og hefur vísindi vistkerfis nálgunar og varúðar að leiðarljósi.
3. Full nýting afurða er tryggð í virðiskeðju matvælaframleiðslu.
4. Matvælaframleiðsla er kolefnishlutlaus og kolefnisjöfnun byggir á náttúrumiðuðum lausnum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.
5. Matvælaöryggi stendur á traustum stoðum og öll framleiðsla miðar að heilbrigðu umhverfi, heilsu fólks og heilbrigði dýra.
6. Fæðuöryggi er tryggt. Komið hefur verið á fót skipulagi sem tryggir nauðsynlegar lágmarksbirgðir matvæla í landinu á hverjum tíma, sem og aðföng til framleiðslunnar.
7. Framleiðsla er arðbær og tryggir byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélaginu.
8. Ákvarðanir um nýtingu lifandi auðlinda taka jafnan mið af samfélagsgæðum, jöfnuði óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu, og hag heildarinnar í efnahagslegu tilliti.
9. Menntun í matvælatengdu námi mætir þörfum atvinnulífsins og markaðarins. Starfsmenn innan matvælageirans hafa hæfni og getu til að takast á við áskoranir og tækifæri framtíðarinnar í matvælaframleiðslu.
10. Rannsókna- og nýsköpunarstarf hefur mælanlega aukið sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun matvælaframleiðslu. Ísland er með leiðandi hlutverk í hugviti og tæknibreytingum tengt sjálfbærri matvælaframleiðslu.

Aðgerðamiðaðar stefnur

Tilgreint er í kaflanum um framtíðarsýnina, að til að hún geti orðið að veruleika verði annars vegar settar fram aðgerðamiðaðar stefnur í einstökum málaflokkum matvælaframleiðslunnar, þar sem aðkoma stjórnvalda er skilgreind nánar, og hins vegar verður árlega lögð fram aðgerðaráætlun á grunni stefnunnar – þvert á málaflokka.

Aðrir kaflar draganna fjalla um sjálfbærni matvælaframleiðslu, umhverfis- og loftslagsmál, samfélag og byggðamál, fæðu- og matvælaöryggi, þarfir neytenda, rannsóknir og nýsköpun.

Á þinginu voru efnisatriði meginkaflanna rædd á örmálstofum og mun matvælaráðuneytið svo vinna úr þeirri umræðu áður en matvælastefnan verður sett í Samráðsgátt stjórnvalda. Í kjölfarið verður unnin þingsályktunartillaga um matvælastefnu og hún lögð fyrir Alþingi.

Drög að matvælastefnu fyrir Ísland eru aðgengileg í gegnum vef Stjórnarráðs Íslands, stjr.is. */smh*



limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Fjármunir til frekari þróunar á smáforriti

– Nýsköpunarfyrirtækið HorseDay lýkur 100 milljón króna hlutafjáraukningu

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið HorseDay rekur samnefnt smáforrit um flest allt sem viðkemur hestamennsku og íslenska hestinum.

Það var stofnað árið 2020 en nýlega lauk fyrirtækið við hlutafjáraukningu upp á 100 milljónir og ætlar að nota fjármunina til að setja enn meiri kraft í vöruþróun og útbreiðslu á smáforritinu. Um 800 manns nota forritið vikulega í dag, en áætlað er að um 300 þúsund manna hestasamfélag sé í kringum íslenska hestinn víðs vegar um heiminn. Með auknu hlutafé verður nú lögð áhersla á að ná til hestamanna sem eiga íslenska hestinn, hér á Íslandi og erlendis, og í framhaldinu verður þróun smáforritsins fyrir önnur hestakyn skoðuð. Nýsköpunarsjóður leiddi hlutafjárútboðið með þátttöku nokkurra einkafjárfesta.



Oddur handsalar samstarfssamning við Hólmfríði Sveinsdóttur, rektor Háskólans á Hólum, um notkun á forritinu við hestafræðideild skólans.

Auðveldar marga þætti hestamennskunnar

Forritið er sérsniðið að þörfum hestafólks og býður upp á fjölbreytta möguleika sem auðveldar fólki utanumhald og markmiðssetningu varðandi þjálfun, umhirðu og ýmislegt annað varðandi hestahaldið.

Hjá HorseDay starfa sex starfsmenn en nú liggur fyrir að þeim mun fjölga á næstunni. Meðal annarra möguleika sem forritið býður upp á er betri yfirsýn yfir þjálfun, greiningu gangtegunda með aðstoð tauganets og möguleikum snjallsímans. Þá getur notandinn einnig leitað í gagnagrunni WorldFengs, byggt upp „prófíla“ söluhesta og tengst öðrum notendum með samskiptamöguleikum.

Hrossarækt í Ölfusi

Fyrirtækið var stofnað árið 2020 af Oddi Ólafssyni, sem er framkvæmdastjóri, Mörtu Rut Ólafsdóttur og Ólafi H. Einarssyni, sem hafa reynslu bæði af þróun og uppbyggingu hugbúnaðar og eru hestafólk.

Oddur er alinn upp á Hvoli í Ölfusi. „Þar ráku foreldrar mínir hestabú í allt að 30 ár en ég stundaði hestamennsku af miklum krafti fram til 18 ára aldurs. Á því tímabili var ég virkur í öllu sem tengdist því að rækta, temja og þjálfa hross. Var virkur á keppnisbrautinni og var þar í fremstu röð í keppni allt upp í ungmennaflokk. Í kringum 18 ára aldurinn flutti ég svo til Bandaríkjanna til að spila körfubolta og mennta mig á framhalds- og háskólastigi. Ég er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og með meistaragráðu í stjórnun frá EADA viðskiptaháskólanum í Barcelona. Ég starfaði sem vörustjóri hjá Íslandsbanka þar sem ég hafði umsjón með stafrænni þróun áður en ég færði mig alveg yfir í HorseDay í lok árs 2021,“ segir hann.

Oddur segir að hugmyndin að smáforritinu hafi fæðist í hesthúsi, út frá eigin upplifun á hestahaldinu.

„Okkur hefur lengi fundist vöntun á tóli sem heldur utan um, geymir og miðlar gögnum um þjálfun og umhirðu hrossa. Við eigum mikið af gögnum um ræktun, mótaárangur, dómasögur og annað sem geymdar eru í WorldFeng en lítið sem ekkert um þjálfun, hvernig tamning og þjálfun hefur áhrif á hross. Það er ákveðið gat í gagnasöfnun á æviskeiði hestsins og hingað til höfum við ekki haft tækin og tól til þess að geta safnað þessum gögnum saman á skipulagðan hátt þannig að mögulegt sé að rýna í þau, setja fram á skilmerkilegan hátt og geyma notandanum til gagns og gamans. Það breytist með HorseDay, sem er hannað af hestafólki, fyrir hestafólk með það í huga að bæta upplifun þess á að stunda hestamennsku, stuðla að aukinni velferð hestsins og á sama tíma auka virði hans.“ */smh*





Pete Ritchie frá Nourish Scotland flytur erindi á Matvælaþinginu.
Mynd / Gunnar Vigfússon

Matvælaþing:

Samvinna möguleg

Á Matvælaþingi matvælaráðuneytisins í Hörpu 22. nóvember flutti gestafyrirlesarinn Pete Ritchie frá samtökunum Nourish Scotland erindi um matvælaframleiðslu Skota og svaraði spurningum gesta um samanburð og mögulega samvinnu Skota og Íslendinga til framtíðar í matvælaframleiðslu. Telur hann möguleikana einkum felast í þróun kornræktar til manneldis.

Dagskrá þingsins hófst með því að Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra kynnti drögin en að svo búnu var Pete Ritchie, framkvæmdastjóri samtakanna Nourish Scotland, boðinn velkominn á svið til að varpa ljósi á matvælaframleiðslu Skota – og bera saman við þá íslensku.

Markmið samtakanna Nourish Scotland er að tryggja aðgang allra að næringarríkum mat á viðráðanlegu verði. Einnig að framleiðsla og dreifing matvæla sé unnin af umhyggju fyrir jarðvegi, loftslagi og lífríkinu og að matvælaframleiðendur, dreifingaraðilar og neytendur deili yfirráðum yfir matvælakerfinu. Samtökin leggja áherslu á að Skotar rækti meira af því sem þeir borða, og borði meira af því sem þeir rækta.

Áherslur á sauðfjár- og nautgriparækt

Í máli Ritchie kom fram að Skotar, líkt og Íslendingar, leggja talsverða áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt. En öfugt við Íslendinga stunda þeir einnig öfluga kornrækt – aðallega til að standa straum af víðfrægri viskíframleiðslu sinni. Aðeins 15 prósent Skotlands er hins vegar ræktanlegt landbúnaðarland.

Stöðug mjólkurframleiðsla hefur verið í Skotlandi á undanförnum árum, en sauðfé fækkar þar eins og á Íslandi. Kjúklingaeldi og svínarækt er í austurhlutanum – en sú framleiðsla stendur engan veginn undir neyslu Skota á þessum matvörum. Kjúklingaeldi hefur dregist saman en svínarækt aukist. Eggjaframleiðsla er um allt Skotland.

Þá eru Skotar fiskveiðiþjóð, auk þess sem fiskeldi er þar vaxandi atvinnugrein.

Skotar fjarri fæðuöryggi

Helstu áskoranir Skota varðandi matvæli og matvælaframleiðslu, eru að mati Ritchie almennt slæmt mataræði þjóðarinnar – sem stafi af ódýrari, óhollum matvælum á matvælamarkaði – og sú staðreynd að þjóðin er fjarri því að búa við fæðuöryggi. Þá hafi jarðnæði í Skotlandi safnast á æ færri hendur, en verið sé að vinna í því að snúa þeirri þróun við og liðka fyrir nýliðun í landbúnaði.


Það sé í raun liður í nýrri landbúnaðarstefnu Skota, þar sem uppleggið er að auðvelda skoskum bændum að auka innlendan hlut í fæðuframboðinu.

Ritchie fékk allnokkrar spurningar frá gestum þingsins, sem snertu samanburð og mögulega samvinnu Skota og Íslendinga til framtíðar í matvælaframleiðslu. Hann telur að Íslendingar og Skotar eigi samleið í ýmsum málefnum. Sérstaklega nefndi hann mögulega samlegð þjóðanna í þróun kornræktar til manneldis. Þar sem Íslendingar búa yfir talsverðu landsvæði til akuryrkju og Skotar eiga öfluga frumkvöðla á sviði kornræktar, mætti hugsa sér samvinnu á þeim grunni.

Hægt væri að setja upp tilraunareiti og skala upp – þar sem hentug kornyrki yrðu þróuð til að þola kalt og blautt loftslag beggja landa.

Ósjálfbærni sjókvíaeldis

Þá mælti hann gegn laxeldi í sjókvíum fyrir bæði lönd – vegna þess að slíkt geti seint talist vera sjálfbær eða umhverfisvæn matvælaframleiðsla – og frekar með landeldi þar sem möguleikar væru til dæmis á endurnýtingu dýrmætra næringarefna frá eldinu. */smh*



Stangveiði á laxi í íslenskum ám frá 1974 - 2022. Veiðinni er skipt í landaðan afla og veitt og sleppt, annars vegar fyrir villtan lax og hins vegar fyrir hafbeitarlax. Tölur frá 2022 eru bráðabirgðatölur. Lárétt brotalína er árleg meðallaxveiði áranna 1974-2022, blátt er afli á villtum laxi, grænt er villtur lax sem er sleppt, rautt er afli á hafbeitarlaxi og fjólublátt er hafbeitarlax sem er sleppt. Mynd / Hafrannsóknastofnun

Mikil aukning í stangveiði

Hafrannsóknastofnun hefur birt bráðabirgðatölur fyrir stangveiðar á laxi sumarið 2022.

Samkvæmt tölunum var heildarfjöldi stangveiddra laxa árið 2022 um 45.300 fiskar, sem er um 24,2 % aukning frá árinu 2021 og um 8,5% yfir meðalveiði áranna frá 1974.

Heildarfjöldi stangveiddra laxa í íslenskum ám sumarið 2022 var um 45.300 fiskar, sem er um 8.800 fleiri laxar en veiddust sumarið 2021. Aukningin milli ára var því um 24,1% og var veiðin í sumar um 8,5% yfir meðalveiði áranna frá 1974-2021. Ef veiðin er skoðuð eftir landshlutum, þá var veiðin í þeim öllum meiri en sumarið 2021, nema á Vestfjörðum.

Gönguseiðaslepping viðbót við náttúrulega framleiðslu

Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar segir að við samanburð á langtímaþróun á stangveiði þurfi að taka tillit til þess að laxar úr gönguseiðasleppingum séu viðbót við náttúrulega framleiðslu ánna, auk þess sem sumir fiskar veiðast oftar en einu sinni þegar veitt og sleppt er í stangveiði. Laxveiðinni er því skipt upp í laxa af villtum uppruna, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og laxar sem er sleppt aftur í stangveiði, veitt og sleppt.

Veiði á villtum laxi hefur síðustu sjö ár verið undir langtímameðaltali, 1974 til 2021, með lágmarki árið 2019 þegar aðeins veiddust 24.078 laxar. Laxveiði í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða var alls um 10.500 laxar sumarið 2022, sem er ríflega 2.700 löxum meira en veiddist 2021, þegar 7.764 laxar veiddust.

Veiði á villtum laxi

Þegar litið er til veiða á villtum laxi eingöngu, ekki úr seiðasleppingum, og leiðrétt hefur verið með tilliti til endurveiði laxa vegna veiða og sleppa, var heildarstangveiði villtra laxa árið 2022 um 27.800 laxar, sem er um 21,7% aukning frá 2021 og 18,6% undir meðaltali frá 1974.

Fjöldi þeirra laxa sem ganga í ár er annars vegar háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar og hins vegar hversu margir lifa sjávardvölina af og skila sér til baka í árnar. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður-Atlantshafi farið vaxandi, en ástæður þess eru ekki þekktar. Bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni. */VH*

Vilja hesthúsalóðir sem fyrst


Petra Kristín Kristinsdóttir, formaður Hestamannafélagsins Sindra, hefur skrifað sveitarstjórn Mýrdalshrepps erindi fyrir hönd félagsins þar sem kallað er eftir því að drifið verði í að auglýsa lóðir undir hesthús í Vík.

Hún gerir um leið athugasemd við hversu seint gengur að klára málið og auglýsa lóðir.

Í erindinu segir hún að það sé farið að þrengjast verulega að þeim sem nýta hesthúsið í þorpinu. Erfitt sé að komast að og frá aðstöðunni á reiðveg vegna fjölda ferðamanna, bæði á bílum og gangandi vegfarenda.

Þrjú hús fyrir 155 félagsmenn

Svæði Hestamannafélagsins Sindra nær frá Álftaveri í austri og að Markarfljóti í vestri. Um 155 félagsmenn eru skráðir í Sindra en hesthúsin í Vík eru aðeins þrjú talsins og þar af hýsir eitt þeirra hestaleigu eingöngu. „Einnig eru þau sem eiga hesthús næst sjónum orðin uggandi vegna ágangs sjávar þar. Það er því von okkar að Mýrdalshreppur drífi í að klára málin og auglýsa lóðir, sem allra fyrst svo hægt sé að fara að nýta þetta svæði og svo í framhaldinu fara að vinna í að gera reiðvöll og vonandi reiðhöll þegar frá líður, því það stendur okkur fyrir þrifum að hafa ekki almennilega aðstöðu í sveitarfélaginu," segir Petra Kristín. Sveitarstjórn þakkaði fyrir erindið á síðasta fundi sínum og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lóðir þegar hægt er. */MHH*



Petra Kristín og Stormur frá Ytri-Sólheimum.



NYTJAR HAFSINS

Staða sjávarútvegs í Bretlandi:

Sjötta stærsta fiskveiðiþjóð í Evrópu



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Bretar eru stór fiskveiðiþjóð á evrópskan mælikvarða. Árið 2021 veiddu bresk skip 652 þúsund tonn að verðmæti 156 milljarða íslenskra króna. Skotar veiða um tvo þriðju af afla breskra skipa.

Nýlega kom út skýrsla um stöðu sjávarútvegs í Bretlandi sem ætluð er breska þinginu til upplýsingar. Í skýrslunni eru fróðlegar hagtölur um fiskveiðar, fiskvinnslu og viðskipti með fisk að eldisfiski meðtöldum á árinu 2021.

Í skýrslunni er ekki fjallað sérstaklega um reynslu sjávarútvegsins af Brexit en af fréttum að dæma er margt fólk í greininni óánægt, bæði með veiðiheimildir og aðgang að mörkuðum fyrir fiskafurðir í ESB.

Hér verða áhrif Brexit á breskan sjávarútveg látin liggja á milli hluta, enda ekki mikil reynsla komin á nýtt fyrirkomulag, en gripið verður niður í skýrsluna sem gefur góða heildarmynd af helstu hagtölum í breskum sjávarútvegi.

Sjálfstætt strandríki eftir Brexit

Eftir Brexit er Bretland ekki lengur hluti af sameiginlegri fiskveiðistjórn Evrópusambandsins. Frá janúar 2021 er Bretland sjálfstætt strandríki sem ákveður heildaraflamark (TAC) innan eigin 200 mílna efnahagslögsögu.

Varðandi sameiginlega fiskstofna er aflamark ákveðið í samráði við ESB árlega. Samkvæmt samkomulagi Bretlands og ESB á hlutur Breta í fiskveiðum í eigin lögsögu að aukast að ákveðnu marki í áföngum til júní 2026.

Mikil fiskveiðiþjóð

Áður en vikið er að skýrslunni er rétt að skoða fiskveiðar Bretlands í alþjóðlegum samanburði, samkvæmt tölum um heimsafla sem finna má á vef Hagstofu Íslands.

Árið 2020 veiddu Bretar um 625 þúsund tonn af fiski og voru í 29. sæti yfir mestu fiskveiðiþjóðir heims. Sé litið á Evrópu eru Bretar í 6. sæti en Norðmenn verma fyrsta sætið með tæp 2,5 milljónir tonna.

Ísland er í öðru sæti með rúm milljón tonn. Sé horft til ESB-ríkja þá veiddu aðeins Spánverjar (796 þúsund tonn) og Danir (733 þúsund tonn) meiri fisk en Bretar. Bretar voru í hópi mestu fiskveiðiþjóða ESB fyrir Brexit.

Þess má geta að Færeyingar veiddu litlu meira en Bretar (646 tonn) árið 2020 og voru í 5. sæti Evrópuríkja.



Það er vel við hæfi að birta mynd af fish&chips þegar fjallað er um breskan sjávarútveg. Reyndar eru Bretar ekki sjálfum sér nógir um hráefni í þennan margfræga þjóðarrétt en þeir treysta á innflutning á fiski, ekki síst frá Íslandi.



Skip við bryggju í Leirvík á Hjaltlandi. Skotar veiddu um tvo þriðju þess afla sem bresk skip lönduðu á árinu 2021.

Samdráttur í botnfiski

Árið 2000 veiddu Bretar 748 þúsund tonn af fiski en aflinn árið 2021 var kominn niður í um 652 þúsund tonn. Hér er eingöngu um samdrátt í botnfiski að ræða. Bretar veiddu 128.700 tonn af botnfiski árið 2021, 392.200 tonn af uppsjávarfiski og 131.000 tonn af skelfiski. Helstu botnfisktegundir sem Bretar veiða eru þorskur, ýsa, skarkoli og sandhverfa. Helstu uppsjávartegundir eru síld, makríll, kolmunni, sardínur og túnfiskur. Skelfiskur er heiti yfir ýmsar tegundir, svo sem hörpuskel, sæsnigla, skeljar, humar, krabba, rækju og leturhumar.

Skotar veiða tvo þriðju

Sjávarútvegur er mjög misjafn innan einstakra landa Bretlands, þ.e. Englands, Wales, Skotlands og Norður-Írlands, bæði hvað varðar magn og einstakar tegundir.

Reyndar berst sáralítill afli á land í Wales. Mestum fiski er landað í Skotlandi, eða 435 þúsund tonnum, þar á eftir kemur England með um 162 þúsund tonn og Norður-Írland er með 46 þúsund tonn. Skotar veiða þannig um tvo þriðju af afla breskra skipa.

Það litla sem kemur á land í Wales er nær eingöngu skelfiskur. Skelfiskurinn vegur líka þungt í Englandi, er um 67% af lönduðum afla þar.

Uppsjávarfiskur er uppistaðan í lönduðum afla í Skotlandi og er þar 52% af heild. Botnfiskur er einnig mikilvægur fyrir Skota, er um 31% af löndun. Um 24% af afla sem berst á land í Englandi er botnfiskur. Samsetning á löndun í Norður-Írlandi er jafnari, um 45% skelfiskur og sömuleiðis um 45% uppsjávarfiskur.

Fjöldi smábáta

Fiskveiðifloti Breta hefur skroppið saman síðustu áratugi. Árið 2000 voru 7.818 skip og bátar skráð en voru 5.783 árið 2021. Í flotanum eru 4.568 bátar 10 metrar að lengd eða styttri en 1.215 skip og bátar eru yfir 10 metrum.

Skipastærðum er misskipt milli landa innan Bretlands. Í Englandi eru hlutfallslega flestir bátar undir 10 metrum. Hlutfallslega flest skip yfir 10 metrum eru í Skotlandi.

Þótt mikill fjöldi báta sé undir 10 metrum koma þeir aðeins með 5% af afla Breta að landi.

Helmings fækkun á hálfri öld

Sjómönnum hefur fækkað umtalsvert í Bretlandi. Árið 2021 voru þeir 10.724 en 21.000 árið 1970. Þetta er um það bil helmings fækkun á hálfri öld.

Árið 2021 voru 46% breskra sjómanna í Englandi, 40% í Skotlandi, 8% í Norður-Írlandi og 7% í Wales.

Aflaverðmætið 921 milljón punda

Árið 2021 voru 4.150 útgerðir skráðar í Bretlandi. Inni í þeirri tölu eru ekki allra smæstu útgerðirnar. Talið er að þrátt fyrir mikinn fjölda útgerða séu yfir tveir þriðju af kvóta Breta í höndum 25 útgerða.

Áætlað er að heildarvelta breska fiskveiðiflotans hafi verið 921 milljón punda árið 2021, 156,4 milljarðar íslenskir, sem er aukning frá árinu 2020 en lægri en veltan 2019 sem var 1.014 milljónir punda.

Skelfiskur skilaði mestum

Alls staðar mokveiði

Landssamband smábátaeigenda hefur tekið saman tölur um þorsk- og ýsuveiði krókaaflamarksbáta við upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs og borið saman við sama tímabil síðastliðin fjögur ár. Tímabilið er til og með 19. nóvember, eða 80 dagar. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri sambandsins, segir að viðmælendur sínir séu sammála um að nánast aldrei hafi verið jafnmikið af fiski á miðunum og nú. „Kannski ekki að furða þar sem lítið álag er á miðunum."

Örn segir menn þurfa að halda verulega aftur af sér til að aflinn verði ekki of mikill í hverri sjóferð. „Þannig landaði línubáturinn Eskey ÓF á Siglufirði fyrir stuttu níu tonnum og var 2/3 aflans ýsa. Róið var með 36 bala þar sem smokkur var meginuppistaða beitunnar. Róðurinn stóð í 17 klukkustundir og skilaði 250 kílóum á hvern bala."

Aflabrögð í ýsu

„Áhugavert er að bera aflabrögðin í ýsunni saman við fiskveiðiárið 2007 og 2008 þegar leyfilegur heildarafli var 105.823 tonn. Þá voru menn róðurinn eftir róður að rembast við að ná 100 kílóum á bala, en nú þegar heimildirnar eru rúmum 40% lægri eru aflabrögðin mjög góð."

Mestur þorskafli þrátt fyrir minnstu heimildirnar

„Þrátt fyrir 6,1% skerðingu í þorski milli ára hefur þorskafli krókaflamarksbáta aukist um hvorki meira né minna 28% á téðu tímabili. Hafa nú veitt 32% af úthlutuðu aflamarki, sem er mun hærra hlutfall en sömu tímabil þar á undan þegar hlutfallið rokkaði á milli 20 og 23%," segir Örn.

/VH

Flokka ástand strandsjós

Hafrannsóknastofnun hefur sent frá sér skýrslu um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar á Íslandi út frá líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum. Strandsjór hefur verið skilgreindur í svokölluð vatnshlot, enska waterbodies, og er markmið laga um stjórn vatnamála að ástandi þeirra hnigni ekki vegna athafna manna. Í skýrslunni er gerð grein fyrir viðmiðunargildum fjögurra gerða vatnshlota, enska waterbodies, í strandsjó sem lýsir náttúrulegu ástandi, auk ástandsflokkanna mjög gott, gott og ekki viðunandi ástand. Til þess að meta ástand vatnshlota skal nota líffræðilega gæðaþætti; botndýr á mjúkum botni, botnþörunga á hörðum botni og lífmassa plöntusvifs, auk eðlisefnafræðilegra gæðaþátta; styrk uppleystra næringarefna að vetrarlagi. Skýrslan er unnin af Hafrannsóknastofnun fyrir Umhverfisstofnun og mikilvæg vegna áframShaldandi vinnu við innleiðingu laga um stjórn vatnamála og mun hún verða notuð til hliðsjónar við túlkun á niðurstöðum vöktunar í strandsjó.

/VH

aflaverðmætum, eða 331 milljón punda, rúmir 56 milljarðar íslenskir, uppsjávarfiskur gaf 315 milljónir punda, 53,5 milljarðar íslenskir og botnfiskur 275 milljónir punda, tæpir 47 milljarðar íslenskir.

Hér er miðað við gengi íslensku krónunnar 23. nóvember síðastliðinn. Þá kostaði eitt breskt pund tæpar 170 krónur íslenskar.

Humber-svæðið mikilvægt

Árið 2020 voru 348 fiskvinnslur stórar og smáar starfandi í Bretlandi og sköpuðu þær um 18 þúsund heilsárstörf.

Fiskiðnaður er sérstaklega mikill á Humber-svæðinu á Englandi. Þar eru hafnarborgirnar Hull og Grimsby sem íslenskir sjómenn og útgerðarmenn þekkja vel. Grampians héraðið í austanverðu Skotlandi er einnig þýðingarmikið. Þar er hafnarborgin Aberdeen. Þá má nefna að í Skotlandi eru margar vinnslur þar sem eldislax fer í gegn.

Flytja meira inn en út

Lengi vel á síðustu öld fluttu Bretar út meira af fiski og sjávarafurðum en þeir fluttu inn. Árið 1985 snerist dæmið við.

Árið 2021 fluttu Bretar inn 791 þúsund tonn af fiski og sjávarafurðum að verðmæti 3,3 milljarða punda, um 560 milljarðar íslenskir.

Þetta sama ár fluttu þeir út 363 þúsund tonn af fiski og sjávarafurðum að verðmæti 1,6 milljarða punda, um 272 milljarðar íslenskir. Í tonnum talið var mest flutt inn af laxi, eða 117.500 tonn, túnfiskur kom þar á eftir með 113.500 tonn og þorskur var í þriðja sæti með 85.400 tonn.

Þess má geta að fimm tegundir, þ.e. þorskur, ýsa, túnfiskur, lax og rækja, voru 60-80% af fiskneyslu Breta árið 2021.

Varðandi útflutning var laxinn einnig í fyrsta sæti með 113.200 tonn, makríll kom næst á eftir með 54.100 tonn og síld með 15.600 tonn. Um 58 þúsund tonn voru flutt út af alls konar skelfiski.

Laxeldi Breta fer aðallega fram í Skotlandi. Einhverra hluta vegna ratar skoski laxinn ekki mikið á borð Breta en norski laxinn flæðir inn.

Mest flutt út til Frakklands

Frakkland er þýðingarmesta landið fyrir breskan fisk og fiskafurðir í verðmætum talið. Sérstaklega eru Bretar háðir því að flytja skelfisk þangað.

Næstum helmingur af útflutningi á breskum fiski og fiskafurðum fór til Frakklands árið 2021 í verðmætum talið, eða um 800 milljónir punda, um 136 milljarðar íslenskir, samanborið við 30% árið 2020.

Bandaríkin koma næst með tæp 13% af útflutningi breskra sjávarafurða.

Langmest af fiski og sjávarafurðum sem Bretar flytja inn kemur frá Noregi. Þeir keyptu af Norðmönnum fisk fyrir 497 milljónir punda árið 2021, sem er 15,6% af innflutningi sjávarafurða. Þar vegur laxinn að sjálfsögðu þungt. Ísland kemur þar á eftir með 8,1% af heild. Í þriðja sæti er Víetnam en þaðan kemur stór hluti af innflutningi Breta á rækjum.

Markaðir í ESB mikilvægir

Sjö af tíu stærstu útflutningslöndum Bretlands fyrir sjávarafurðir eru innan ESB. Til ESB landa voru fluttar út breskar sjávarafurðir fyrir 1,2 milljarða punda árið 2021, um 204 milljarðar íslenskir, sem eru 72% af öllum fiskútflutningi Breta í verðmætum talið.

Bretar fluttu hins vegar inn sjávarafurðir frá ESB fyrir 800 milljónir punda, 136 milljarðar íslenskir, sem eru 25% af verðmæti innfluttra sjávarafurða.

Fiski landað utan Bretlands

Ólíkt því sem gerist á Íslandi landa bresk skip töluverðum afla utan síns heimalands.

Árið 2021 veiddu bresk skip um 652 þúsund tonn eins og fram er komið. Þar af var 257.600 tonnum landað utan Bretlands.

Stærsti hlutinn, eða 48%, ratаði til Noregs og er þar um uppsjávarfisk að ræða.

Nokkuð hefur verið um það að erlend skip landi afla sínum í Bretlandi þótt töluvert hafi dregið úr því.

Árið 2021 lönduðu erlend skip tæpum 40 þúsund tonnum í breskum höfnum sem er 40% minnkun frá árinu áður.

Erlend skip veiddu tæp 60% fyrir Brexit

Um langt árabil hafa erlend skip tekið verulegan hluta þess afla sem veiðist í bresku efnahagslögsögunni. Ekki eru til tölur um stöðuna árið 2021 en í skýrslunni er rifjað upp hvernig ástandið var að meðaltali árin 2012-2016.

Þá veiddu Bretar 546 þúsund tonn á ári að meðaltali í bresku lögsögunni að verðmæti 633 milljónir punda, tæpir 107 milljarðar íslenskir. Þetta er 48% í magni en 56% í verðmætum af því sem veiddist við Bretland.

Skip frá öðrum ESB-löndum veiddu 739 þúsund tonn að meðaltali á ári á tímabilinu í bresku lögsögunni að verðmæti 521 milljón punda, rúmir 88 milljarðar íslenskir. Þetta er 58% í magni en 44% í verðmætum.

Aðkomuskipin tóku sem sagt tæp 60% af öllum fiski sem veiddist í bresku lögsögunni á árunum 2012-2016.

Bretar höfðu einnig aðstöðu til að veiða í lögsögu annarra ESB-ríkja en þeir voru ekki stórtækir þar, veiddu aðeins 94 þúsund tonn að meðaltali á ári sem er 7% af heild.

Í aðdraganda Brexit var hamrað á því að aðrar ESB-þjóðir veiddu meira af fiski í breskri lögsögu en Bretar sjálfir. Eitt af markmiðum með útgöngu Breta úr Evrópusambandinu var að snúa þessari þróun við. □



Bændablaðið

Jólablaðið kemur út:

15. desember

Netfang blaðsins er bbl@bondi.is


HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Verð á hrávörumörkuðum enn í hæstu hæðum

Í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 og innrásar Rússa í Úkraínu urðu hækkanir á hrávörumörkuðum sem varla eiga sér hliðstæðu. Þrátt fyrir að greina megi nokkra verðhjöðnun á hrávörumörkuðum, síðustu misserin, er verð enn í hæstu hæðum. Verðhjöðnun á hrávörumörkuðum er einkum knúin áfram af miklum samdrætti í hagvexti á heimsvísu og áhyggjum af yfirvofandi samdrætti í alþjóðlegum viðskiptum. Þróun verðlags næstu mánuðina ræðst að miklu leyti af stöðu á orkumörkuðum. Líkur eru á því að orkuverð fari lækkandi með tilheyrandi verðhjöðnun á hrávörumörkuðum. Allir greinendur eru sammála um að mikil óvissa ríki á öllum mörkuðum. Verð á Brent hráolíu lækkaði verulega á þriðja ársfjórðungi 2022 og var verðið í september 2022 að meðaltali 25 prósentum undir því sem það var í júní. Fallið endurspeglar áhyggjur af yfirvofandi samdrætti í alþjóðlegum viðskiptum, áframhaldandi takmarkanir vegna útbreiðslu Covid-19 í Kína og ákvörðun olíuríkja um aukna framleiðslu. Verð á jarðgasi í Evrópu náði sögulegu hámarki í ágúst 2022. Síðan þá hefur verð farið lækkandi, m.a. vegna bættrar birgðastöðu, sem m.a. er tilkomin vegna fyrirhugaðra áforma nokkurra Evrópuríkja um að flytja inn fljótandi jarðgas. Spár gera ráð fyrir að verð á gasi muni lækka árið 2023 vegna minni eftirspurnar.




Horfur í orkuverði munu þó ráðast af því hversu kaldur veturinn í Evrópu verður. Hækkanir á hrávörumörkuðum eru þegar komnar fram í verði hér á landi og allt eins víst að meiri hækkun sé í kortunum.



Góð uppskera ástæða verðlækkunar

Verð á kornvörum lækkaði um 12% á þriðja ársfjórðungi 2022 en er áfram næstum 20% hærra en fyrir ári síðan. Lækkun á hveitiverði er einkum vegna góðrar uppskeru á heimsvísu og samninga SÞ og Rússlands um útflutning á kornvöru frá Úkraínu um Svartahaf. Gert er ráð fyrir því að birgðir á kornvörum dragist saman á þessu ári vegna samdráttar í framleiðslu. Markaðir gera ráð fyrir því að framboð á soja verði minna en verið hefur, sem hefur sett þrýsting á verð.



Áburðarverð lækkar

Þróun á heimsmarkaði með áburð sýnir lækkun á þriðja ársfjórðungi 2022, eftir að áburður náði sögulega hæsta verði í apríl. Verðlækkun er fyrst og fremst knúin áfram af minni eftirspurn, þar sem bændur hafa einfaldlega dregið úr notkun eða ekki haft tök á því að kaupa áburð. Þá ríkir enn þá mikil óvissa með framboð vegna viðskiptaþvingana gegn Hvíta-Rússlandi og Rússlandi. Þá hefur ríkisstjórn Kína takmarkað útflutning á áburði.

Fóðurhráefni
Verð í október ásamt 12 mánaða verðbreytingu

Hveiti
61 kr/kg
↑ 23%

Maís
48 kr/kg
↑ 43%

Soja
76 kr/kg
↑ 20%

Áburðarhráefni
Verð í október ásamt 12 mánaða verðbreytingu

Köfnunarefni
(Urea)
89 kr/kg
↓ -8%

Fosfór
(TSP)
95 kr/kg
↑ 9%

Kalí
(Potassium chlo.)
79 kr/kg
↑ 155%

Heimild: The World Bank. Commodity Markets Outlook. October 2022.

Innflutningur á hráefnum til fóðurframleiðslu 2020-2022	Magn, tonn			Verðmæti, millj. Kr			Einingaverð, kr/kg		
	2020	2021	2022	2020	2021	2022	2020	2021	2022
Harðhveiti til fóðurs	21.055	20.343	17.942	695	784	960	33	39	54
Hveiti til fóðurs	5.480	5.355	4.084	188	218	222	34	41	54
Bygg til fóðurs	12.035	11.905	8.921	358	443	431	30	37	48
Annar maís til fóðurs	20.533	19.249	15.130	730	803	835	36	42	55
Sojabaunamjöl	2.535	2.626	2.240	152	182	177	60	69	79
Olíukökur (soja)	14.197	13.199	10.501	865	917	826	61	69	79
Annað dýrafóður	17.475	17.083	12.831	1.061	1.193	969	61	70	76

Heimild: Hagstofa Íslands. Október 2022. Tölur fyrir 2022 eru fyrir jan-okt.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874 ·

NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

FRÉTTASKÝRING

Loftslagsmál:

Skýrar leikreglur um kolefnisjöfnun

– Tekjumöguleikar landeigenda geta aukist með nýrri tækniforskrift



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Í ágúst á þessu ári gaf Staðlaráð Íslands út tækniforskrift um kolefnisjöfnun sem er viðauki við ISO staðal 14064 um gróðurhúsalofttegundir. Í þessum mánuði stendur til að fyrstu einingarnar sem vottaðar eru samkvæmt þessum nýju leiðbeiningum fari í sölu.

Haukur Logi Jóhannsson, verkefnastjóri loftslagsverkefna hjá Staðlaráði Íslands – sem er aðili að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO, segir forsögu tækniforskriftarinnar vera þá að Loftslagsráð gaf út í lok árs 2020 álit þar sem farið var yfir stöðuna í kolefnisjöfnun á Íslandi.

Ráðinu þótti ljóst að ekki væri hægt að sannreyna margar fullyrðingar á bak við kolefnisjöfnun og áhyggjur voru að ýmsar yfirlýsingar fyrirtækja um kolefnisjöfnun væri ákveðinn grænþvottur. Aðilarnir á bakvið áðurnefnt álit sáu að ekki væru til leiðir til að sannreyna hvort yfirlýsingar fyrirtækja um kolefnisjöfnun væru sannar.

Í kjölfarið héldu Staðlaráð Íslands og Loftslagsráð Íslands vinnustofur í ársbyrjun 2021 þar sem hagaðilar á markaði áttu samtal. „Niðurstöður þeirrar vinnustofu voru þær að þetta væri nokkurn veginn villta vestrið hér á Íslandi. Það væri hver í sínu horni að gera það sem þau teldu vera rétt og víða væri pottur brotinn," segir Haukur Logi.

Vinnustofan leiddi af sér að sett var á fót tækninefnd á vegum Staðlaráðs Íslands. Þar var skoðað hvaða kerfi væru til sem hægt væri að nota til að votta framleiðslu íslenskra kolefniseininga og aðgerðir fyrirtækja og stofnana í átt að kolefnisjöfnun. Nefndin taldi að best væri að byggja á ISO 14064 staðlinum um gróðurhúsalofttegundir, en í hann vantaði kröfur, viðmið og leiðbeiningar til að hægt væri að votta kolefnisbókhald fyrirtækja og framleiðslu kolefniseininga. Tækniforskriftin er hugsuð sem viðauki við áðurnefndan staðal og er gagnslítil ein og sér.



Áætlað er að fyrsta sala kolefniseininga sem vottaðar eru samkvæmt nýrri tækniforskrift fari fram í desember. Með tækniforskriftinni koma skýrar leikreglur sem aðilar á markaði geta fylgt. Meðfylgjandi mynd var tekin við gróðursetningu fyrir loftslagsverkefni á vegum Yggdrasil Carbon í sumar. Mynd / Aðsend

Meira en kolefnisjöfnun til að ná kolefnishlutleysi

Haukur Logi segir að ef fyrirtæki og stofnanir ætla að kolefnisjafna sig samkvæmt tækniforskriftinni þarf viðkomandi skipulagseining í stuttu máli að móta loftslagsstefnu, setja sér markmið um að draga losun í algjört lágmark og móta aðgerðaráætlun um hvernig eigi að ná því marki. Lykilatriði er að einungis er hægt að kolefnisjafna fyrir það sem út af stendur og ekki er nokkur leið að koma í veg fyrir með innri aðgerðum.

Annað atriði í tækniforskriftinni er að við framleiðslu á kolefniseiningum er gerð krafa um viðbót (*e. additionality*) við óbreytt ástand. Ekki er hægt að fullyrða að framleiddar séu kolefniseiningar í verkefnum sem eru fyrir löngu tilbúin, hefðu hvort eð er gerst eða aðilar eru lagalega bundnir af.

Eins langt og Haukur Logi veit, er þetta í fyrsta skipti á heimsvísu sem tækniforskrift sem þessi er sett saman af staðlasamtökum og byggir á ISO staðli. Það var þó ekki verið að finna upp hjólið, heldur var tekið saman það sem er gott og gilt og hefur sýnt sig að virkar á alþjóðavísu.

Hann segir ýmislegt í farvatninu hjá alþjóðlegum staðlasamtökum sem muni hafa meira gildi hér á landi sem annars staðar. Það er þó einhver tími í að fullgildir alþjóðlegir staðlar frá samtökum eins og ISO verðir tilbúnir. Vinnan við þessa tækniforskrift mun nýtast vinnuhópum á þeirra vegum sem og öðrum sem hafa hug á að fara í svipaða vegferð.

Rekjanleiki og engin tvítalning

Guðmundur Sigbergsson var formaður tækninefndarinnar sem mótaði tækniforskriftina, en starfar annars sem framkvæmdastjóri Loftslagsskrár Íslands. Hann segir Staðlaráð hafa nýst sem samráðsvettvang fyrir hlutaðeigandi aðila sem gátu mótað tækniforskriftina annars vegar út frá forsendum fyrirtækja og hins vegar út frá forsendum verkefnanna og skilgreint hvernig þessir aðilar mætast á markaði.

Hann segir að grunnforsenda kolefnisjöfnunar sé rekjanleiki og að tvítalning sé algjörlega fyrirbyggð. Ef eigandi kolefniseininga vill nýta þær til að jafna sína losun þá þarf viðkomandi að „brenna" einingarnar þannig að ekki sé hægt að nota þær aftur.

Skógrækt og endurheimt votlendis ekki einu leiðirnar

Alls eru 97% af öllum útgefnum kolefniseiningum, samkvæmt Guðmundi, einingar sem urðu til við verkefni sem miða að því að fyrirbyggja eða draga úr losun – eins og endurnýjanleg orka framleidd í ríkjum þar sem kolaorkuver eru ráðandi. Ástæðurnar fyrir því að þetta er vinsælasta leiðin er sú að þessi verkefni hafa oft aðra tekjustrauma en vegna kolefniseininga, ekki þurfi að hafa áhyggjur af varanleika og á Kyoto-tímabilinu var lögð áhersla á samdrátt í losun.

Kolefnisbindingaverkefni eru hins vegar venjulega háð tekjum vegna sölu kolefniseininga, tryggja þarf varanleika þeirra og þau taka langan tíma – eins og í skógrækt þar sem allt að 50 ár taki fyrir allar einingarnar að taka gildi.

Allar kolefniseiningar fá ártal og raðnúmer. Ef einhver eining er árgerð 2022, þá á hún að vera með staðfestan árangur fyrir það ár, ekki árið sem verkefninu var hrundið í framkvæmd. Ekki er hægt að nýta einingar til kolefnisjöfnunar fyrr en ártalið rennur upp.

Kolefniseiningar ný hrávara

Ísland hefur lögfest markmið um að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Með þessu markmiði og áðurnefndri tækniforskrift má gera ráð fyrir að markaður með kolefniseiningar fari stækkandi hér á landi. Erlendis hefur verið vöxtur á kolefnismörkuðum og



Haukur Logi Jóhannsson hjá Staðlaráði Íslands segir að ákall hafi verið eftir skýrum reglum. Tækniforskriftin er viðauki við alþjóðlegan staðal um gróðurhúsalofttegundir. Mynd/Aðsend



Guðmundur Sigbergsson var formaður tækninefndarinnar sem mótaði tækniforskriftina. Hann starfar sem framkvæmdastjóri Loftslagsskrár Íslands.
Mynd / Aðsend



Gunnlaugur Guðjónsson hjá Skógræktinni segir að tækniforskriftin muni skapa eftirspurn eftir loftslagsverkefnum.
Mynd / Aðsend



Einar Bárðarson hjá Votlendissjóði sér fram á að hægt sé að búa til nýja tekjulind fyrir landeigendur.
Mynd / Aðsend



Björgvin Stefán Pálsson fer fyrir Yggdrasil Carbon sem vinnur að þróun sjálfbærra loftslagsverkefna í náttúru Íslands. Mynd / Aðsend



eru margir sjóðir farnir að fjárfesta í loftslagsverkefnum af því að þeir hafa trú á að verð muni fara hækkandi ef ríki gera lagalega kröfu um að fyrirtæki vegi á móti sinni losun. „Þetta er ný hrávara sem er að verða til," segir Guðmundur.

Hann segir verkefnin sem eru í gangi á Íslandi sannarlega mikilvæg, en hvergi sé hægt að fullyrða að þau séu farin að framleiða fullgildar einingar.

Skógur sem er gróðursettur núna er allavega 50 ár að binda allt það kolefni sem af honum er vænst. Fyrirtæki sem styðja við skógrækt geta því ekki, samkvæmt tækniforskriftinni, haldið því fram að þau séu búin að kolefnisjafna sig en geta sagst eiga kolefniseiningar í bið sem virkjast ekki fyrr en eftir ákveðinn árafjölda þegar árangur er orðinn raunverulegur, staðfestur og skráður.

Vottaðar einingar forsenda fjárfestingar

Gunnlaugur Guðjónsson, sviðsstjóri rekstrarsviðs hjá Skógræktinni, segir að undanfarin þrjú ár hafi stofnunin unnið samkvæmt kröfusettinu Skógarkolefni sem er gæðastaðall fyrir viðurkennt ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt. Kröfusettið nái hins vegar aðeins til kolefnisbindingar með nýskógrækt en tæknisforskriftin nær almennt yfir bæði losun og bindingu og styður því vel við þau verkefni sem eru vottuð undir Skógarkolefni. Tækniforskriftin tekur á losunarhliðinni sem er afar mikilvægt til að skapa eftirspurn eftir verkefnum í kolefnisbindingu.

Hingað til hafa verið í gangi verkefni hjá ýmsum aðilum sem miða að kolefnisbindingu og segir Gunnlaugur þau góð og gild. Hann segir hins vegar nauðsynlegt, ef fyrirtæki ætla að verja stórum fjárhæðum í loftslagsverkefni, að hægt sé að votta bindinguna til að fjárfestarnir fái eitthvað fyrir sinn snúð. Hann nefnir dæmi um 100 milljón króna skógræktarverkefni á Fjarðarhorni í Hrútafirði sem Festi, íslenskt fjárfestingafélag, stendur á bak við. Upp úr því koma 80-90 þúsund vottaðar kolefniseiningar sem er hægt að bókfæra til eignar og þá ýmist selja eða nota á móti losun.

Gunnlaugur tekur fram að skógrækt er langtímaverkefni og þegar kemur að kolefnisbúskapnum í heiminum þá skipta tíu ár til eða frá ekki höfuðmáli. „Það skiptir máli að þú hafir tekið ákvörðun um að fara í verkefni sem mun ná fram ákveðnum ávinningi á 50 árum. Þó svo að við myndum ná því að verða kolefnishlutlaus í dag þá myndi það ekki breyta því að það er uppsöfnuð þörf í andrúmsloftinu sem þarf að binda niður."

Verð íslenskra eininga í hærri mörkum

Aðspurður um verð kolefniseininga segir Gunnlaugur erfitt að fullyrða um það. Þetta er á valkvæðum kolefnismarkaði og er meðalverðið í heiminum er á bilinu 40-50 dollarar. Það er hægt að fá mjög ódýrar einingar í þriðja heiminum, en öryggi þeirra er ekki alltaf tryggt. Íslenskar einingar verða líklega í hærri mörkum áðurnefnds meðalverðs.

Íslenskt jarðnæði hlutfallslega ódýrt

Skógræktin hefur átt fundi með erlendum aðilum sem hafa áhuga á að setja í gang loftslagsverkefni hér á landi. Einu helstu hvatarnir á bak við það er sá að íslenskar jarðir eru hlutfallslega ódýrar og að allt land í Evrópu er orðið umsetið. Þegar opnaðist fyrir fjárfestingar í Austur-Evrópu hafi verð á úthaga og öðru jaðarlandi þar sem skógrækt fer fram á farið úr 800 evrum á hektarann yfir í 3.500 evrur.

Gunnlaugur segir að miklir möguleikar fylgi því að rækta



Ein kolefniseining jafngildir einu tonni af gróðurhúsalofttegundum sem hefur verið kolefnisjöfnuð. Mynd / ÁL

skóg á jaðarlandi. Með því fæst kolefnisbinding sem hægt er að selja og timbur sem fellur til við grisjun. Ef skógur er ræktaður í 50-60 ár á rýru landi og felldur að því loknu er framleiðni landsins orðin mun meiri en áður.

Tekjuöflun ekki í sjónmáli

Bændablaðið setti sig í samband við Ívar Örn Þrastarson, deildarstjóra hjá Festi, sem stendur á bak við áðurnefnt loftslagsverkefni á Fjarðarhorni. Aðspurður hvort samsteypan sæi fram á að græða eitthvað á gróðursetningunni svaraði hann skriflega: „Hugsanleg tekjuöflun af verkefninu er ekki í sjónmáli eða fyrirséð. Þegar mælingar munu staðfesta að kolefnisbinding hafi átt sér stað í þessu verkefni, þá getum við minnkað kaup á kolefniseiningum frá öðrum en samsteypunni. Við gerum ráð fyrir að gróðursetningum í þessu verkefni ljúki vorið 2024 og að fyrstu mælingar á bindingu muni eiga sér stað fimm til tíu árum síðar. Þegar binding hefur svo verið staðfest mun hún fyrst verða bókfærð inn í kolefnisbókhald félagsins."

Neytendur geta veitt aðhald

Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs, tók þátt í mótun tækniforskriftarinnar. Hann segir að hér séu komnar þær leikreglur sem markaðurinn hefur verið að kalla eftir og þetta sé nauðsynlegt svo viðskipti með kolefniseiningar njóti trausts. Nú er búið að skilgreina hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að aðilar á markaðnum geti auglýst kolefnishlutleysi.

Hingað til hefur Votlendissjóður selt kolefniseiningar, en tekið sérstaklega fram að ekki sé verið að kaupa kolefnishlutleysi. Hann segir að þetta muni ekki breyta því hvernig votlendi er endurheimt, heldur ferlunum í kringum utanumhaldið og eftirlitið í kringum framleiðslu kolefniseininga.

Tækniforskriftin hefur ekki lagalegt gildi, en gefur möguleikann á að samræma tungutak og viðurkenndar leikreglur. Þetta gefur aðilum á markaði tækifæri til að skilja hvað felst í kolefniseiningum og kolefnisjöfnun og neytendur geta veitt aðhald ef þess þarf.

„Ég held að með alþjóðlegum vottunum, skýrum leikreglum, og að hægt sé að selja kolefniseiningar með miklu meiri kröfum en hefur verið gert, opnast tækifæri fyrir Votlendissjóð og aðra að gera úr þessu tekjulind fyrir landeigendur í mjög náinni framtíð," segir Einar.

Mun auka gagnsæi

Yggdrasil Carbon er fyrirtæki sem vinnur að þróun sjálfbærra loftslagsverkefna í náttúru Íslands sem gefa vottaðar kolefniseiningar – þá helst skógrækt. Þau vinna í samstarfi við landeigendur og leiða verkefnin frá upphafi til enda. Björgvin Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri Yggdrasil Carbon, segir sitt fyrirtæki vinna eftir nýju tækniforskriftinni í sínum verkefnum.

Sérstakt kappsmál hjá Yggdrasil er að semja við núverandi eigendur jarða með það að markmiði að styðja við byggð og skapa atvinnu fyrir fólkið á svæðinu. Björgvin útilokar þó ekki að með tíð og tíma komi aðilar sem kaupa jarðir gagngert til að fara í skógræktarverkefni.

„Markaðurinn mun færa sig í að kaupa vottaðar kolefniseiningar," segir Björgvin, aðspurður um hverju nýja tækniforskriftin muni breyta. Nú muni verða aukið gagnsæi í viðskiptum með einingarnar. Einnig vonast hann til að breyting verði á því hvort fyrirtæki haldi fram kolefnishlutleysi eða kolefnisjöfnun og öll hugtökin á þessu sviði verði skýrari.

Mjög stutt í fyrstu söluna

Þegar Bændablaðið tók Björgvin tali þá var vinna í gangi hjá óháðri vottunarstofu að votta væntar kolefniseiningar fyrstu verkefna Yggdrasil. Hann segir að þeirri vinnu verði lokið í desember og í kjölfarið fari vottaðar einingar í bið í söluferli – sem verður ein af fyrstu sölunum á landinu, ef ekki sú fyrsta.

„Vottaðar kolefniseiningar eru eina leiðin áfram," segir Björgvin aðspurður um góð lokaorð. □

Orðskýringar *

Kolefniseining er fjárhagsleg eining sem felur í sér sönnun þess að losun á einu tonni koldíoxíðsígilda út í andrúmsloftið hafi sparast miðað við óbreytt ástand. Kaupandi slíkrar einingar (vottorðs) getur notað hana til að sýna fram á að hann hafi kolefnisjafnað eitt tonn af eigin losun gróðurhúsalofttegunda.

Kolefnishlutleysi lýsir ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli hraða losunar og bindingar af mannavöldum og nettólosun er því núll. Kolefnishlutleysi lýsir lokamarkmiði, ekki leiðinni að því marki.

Kolefnisbinding er binding kolefnis sem felur í sér að lofttegundin koltvíoxíð (CO_2) er fjarlægð úr andrúmslofti með ljóstillífun plantna eða fönguð úr andrúmslofti eða staðbundnum útblæstri með efnafræðilegum aðferðum sem umbreytist í lífrænt efni í jarðvegi, sem viður eða kolefnaríkar steindir í berglögum.

Kolefnisjöfnun vísar alla jafna til þess þegar bætt er fyrir losun gróðurhúsalofttegunda án lagaskyldu, þ.e. í öðrum tilgangi en að uppfylla lagalegar kröfur um skil á losunarheimildum. Slíka kolefnisjöfnun má kalla valkvæða kolefnisjöfnun.

Kolefnisspor er sú heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem einstaklingur, viðburður, fyrirtæki eða framleiðsla tiltekinnar vöru veldur á einu ári.

Staðlar eru alla jafna opinber en valfrjáls verkfæri sem hagaðilar búa til og sammælast um að nota vegna ávinnings af því að nota verkfæri sem búin hafa verið til af bestu sérfræðingum með samvinnu og sammæli um niðurstöður. **

* Sótt í skjalið *Vinnustofusamþykkt – Ábyrg kolefnisjöfnun* á vef Staðlaráðs Íslands
** Sótt beint á vef Staðlaráðs



UMFJÖLLUN



Ásgeir Pétursson loðdýrabóndi í þurrkklefanum. Myndir / VH

Loðdýraeldi:
Hátt í tíu þúsund dýr pelsuð

Á Dalsbúinu í Helgadal eru að jafnaði um 12.500 minkar í eldi. Undanfarið hafa verið pelsuð milli níu og tíu þúsund skinn. Eftir að pelsun lýkur verður stofninn um 2.300 paraðar læður.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Á Dalsbúinu í Helgadal eru að jafnaði um 12.500 minkar í eldi. Undanfarið hafa verið pelsuð milli níu og tíu þúsund skinn. Eftir að pelsun lýkur verður stofninn um 2.300 paraðar læður. Ásgeir Pétursson loðdýrabóndi segir að eftir að pelsun lýkur hefjist næsta eldistímabil. „Hvolparnir fæðast um mánaðamótin apríl og maí og aldir í sjö mánuði eða fram í nóvember þegar þeim er slátrað, sem er aðeins lengri tími en tekur með lömbin.“

Uppboð í Finnlandi

„Skinnin af minkunum sem við erum að slátra núna fara öll á uppboð hjá Saga í Finnlandi. Það verða uppboð á skinnum sem eftir eru hjá Köbenhagen Fur í lok febrúar, í apríl, í júní og í lok september. Uppboðstíminn í Finnlandi er sá sami að því undanskildu að Finnarnir eru líka oftast með uppboð í desember.

Skinnum frá Íslandi verður safnað tilbúnum og merktum í fjörutíu feta gám og þau fara á uppboðið hjá Saga í febrúar næstkomandi og svo á önnur uppboð út árið.

Danir eiga átján milljón skinn eftir og hugmyndin er að deila sölunni þannig að það fara tíu milljón skinn á markað á næsta ári, tvær og hálf milljón skinn á hvort uppboð, og átta milljón skinn á árinu 2024. Þegar búið er að selja þau skinn er Saga eini aðilinn í Evrópu sem selur skinn á uppboði,“ segir Ásgeir.

Uppboð sem haldin voru í september síðastliðnum voru þau fyrstu í tæp þrjú ár þar sem kaupendur máttu koma í uppboðshúsin. „Á uppboðum í september voru mest í boði undirsortarskinn en ekki mikið af gæðaskinnum. Hugmyndin með því var að skapa skort á góðum skinnum þar sem framleiðslan hefur verið að minnka um allan heim og hækka þannig verðið.“



Minkar tilbúnir til pelsunar.

Óvild og aðfarir

Ásgeir segir að hann telji aðförina og óvildina sem loðdýrabændur hafi mátt þola undanfarin ár sé sú harkalegasta sem nokkur grein í landbúnaði eða iðnaði hafi mátt þola og hrein útrýmingarstefna í gangi hvað greinina varðar.

„Ekki er nóg með að forsætisráðherra Dana hafi bannað loðdýraeldi í landinu á mjög skrítnum forsendum heldur tóku kanslari Austurríkis og forsætisráðherra Hollands sig saman og lýstu því yfir að þeir ætluðu að útrýma loðdýraeldi í Evrópusambandinu.“

Skinn eru 100% náttúruleg vara

„Á sama tíma og farga á loðdýrum skipulega og með öllum ráðum sem hægt er, er verið að tala um

Vilja flytja lifandi minka til Danmerkur

Danski loðdýrabóndinn Erik Vammen er staddur hér á landi til að athuga með kaup og flutning á hvolpalæðum og högnum sem fæddust í vor til Danmerkur.

Læðurnar eru hluti af kaupum Dana á lifandi dýrum til að endurreisa minkaeldi í landinu. Ýmislegt er enn óvíst um leyfi til að flytja dýrin inn til Danmerkur.

Sóttvarnarstofnun Danmerkur hefur gefið út að lýðheilsu stafi ekki ógn af endurreisn minkaeldis í landinu. Stjórnvöld hafa tilkynnt að reglugerð sem lagði bann við loðdýraeldi falli úr gildi um áramót. Endurreisn búgreinarinnar, með hertum sóttvarnarreglum og takmörkun á stærð, á því að vera möguleg.

Margt enn óljóst

Vammen segir að þrátt fyrir að fengist hafi leyfi til að flytja minkana frá Íslandi til Danmerkur sé margt enn óljóst. Hann segir að stjórnvöld í Danmörku geri ekkert til að aðstoða bændur til að byggja upp eldið að nýju og svari ekki spurningum sem snerta innflutning á lifandi dýrum.

„Við vitum til dæmis ekki enn hvort við verðum að Covid-greina hvern einasta mink áður en leyfi fæst til að flytja hann inn í landið þrátt fyrir að sjúkdómurinn hafi ekki greinst í íslenskum minkum. Satt best að segja hef ég á tilfinningunni að þrátt fyrir að stjórnvöld segist vilja hefja eldið aftur séu það orðin tóm.“

Hugmyndin var að kaupa hér á landi um 3.000 læður og nokkra högna sem fæddust í vor en það er óvíst hvort við fáum svo mörg dýr vegna þess hversu áliðið er á eldistímabilið. Danir eru einnig að skoða kaup á læðum frá Grikklandi, Spáni, Póllandi og Finnlandi og er það gert til að auka erfðabreytileika innflutta eldisstofnsins. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að finna leið til að flytja minkana lifandi til Danmerkur. Flutningur með flugi er allt of dýr og framan af fengum við þau svör frá Smyril Line að þeir gætu ekki flutt dýrin



Danski loðdýrabóndinn Erik Vammen.

en fyrir skömmu breyttist afstaða þeirra og ef allt gengur að óskum verða minkarnir fluttir til Danmerkur 21. janúar næstkomandi.

Vammen vill ekki gefa upp nákvæmt verð fyrir minkana en að 50 evrur, tæpar 7.300 krónur á núverandi gengi, fyrir hverja læðu og eitthvað hærra fyrir högna láti nærri en að það fari að sjálfsögðu eftir gæði dýranna. Hann segir íslenska minkabændur hafa verið dönskum kollegum sínum mjög velviljaðir og ekki verðlagt dýrin mjög hátt til að auðvelda þeim kaupin.

Öllum minkum í Danmörku lógað

Í kjölfar þess að Covid-19 smit fannst í eldisminkum í Danmörku seint á árinu 2020 var ákveðið að lóga og farga um sjö milljónum minka þar í landi. Ákvörðunin var umdeild og danskir loðdýrabændur mótmæltu henni og sögðu hana vanhugsaða og öfgakennda. Stjórnvöld stóðu föst á sínu og öllum mink í Danmörku var lógað og fargað á nokkrum vikum.

Vammen neitaði lengi að lóga sínum dýrum og að hans sögn höfðu fulltrúar dýralækna, lögreglu og meira að segja hersins samband við hann í kjölfarið og fóru fram á að hann lógaði dýrunum.

„Ég lét undan að lokum eftir að mér var tjáð að dýrunum yrði lógað, hvort sem mér líkaði betur eða verr, og að ég fengi engar bætur ef ég gæfi ekki undan. Dýrunum mínum var lógað í febrúar 2021 og það voru síðustu minkarnir í Danmörku.

Raunveruleg ástæða fyrir því að öllum minkum var lógað í Danmörku snerist aldrei um Covid eða lýðheilsu. Ástæðan var persónuleg andstaða Mette Frederiksen forsætisráðherra á loðdýraeldi, enda tók hún nánast einhliða ákvörðun um að leggja greinina í rúst. Svo ekki sé talað um klúðrið og kostnaðinn sem fylgdi framkvæmdinni.“

15 minkabændur eftir

Að sögn Vammen eru einungis fimmtán bændur eftir í Danmörku sem hafa leyfi til að stunda minkaeldi. „Nánast allir loðdýrabændur, sem voru yfir þúsund í landinu, undirrituðu samning við ríkið þar sem þeir samþykkja að selja býlið sitt og hefja ekki minkaeldi aftur í tíu ár.“

Vammen er einn þeirra fimmtán sem ekki skrifaði undir samninginn og að hans sögn gerði hann það ekki vegna þess að mörg ákvæði í honum eru mjög óljós. „Upphæð bóta kemur hvergi fram og því óljóst hvað menn bera úr býtum og mér óskiljanlegt hvers vegna svo margir skrifuðu undir samninginn.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru enn sem komið er einungis 25 fyrrverandi loðdýrabændur til skoðunar hjá stjórnvöldum vegna útgreiðslu bóta og enginn enn sem komið er fengið krónu og líkast því sem stjórnvöld haldi að sér höndum með greiðslur.“

Staða eldis í framtíðinni óljós

„Staða greinarinnar og uppbyggingar minkaeldis í Danmörku er því óljós. Það er dýrt að byrja aftur og það verður erfitt án aðkomu stjórnvalda. Annað sem ekki hefur verið skoðað er hvað á að gera við öll yfirgefnu minkaeldishúsin. Ef öll húsin væru sett í röð mundu þau ná frá nyrsta hluta Danmerkur að syðsta odda Ítalíu. Þrátt fyrir að húsin sé mörg sérhæfð er í dag bannað að nota þau undir minkaeldi samkvæmt samningnum sem flestir bændur gerðu við stjórnvöld. Það eru því yfir eitt þúsund tóm minkahús í Danmörku sem ekki má nota til minkaeldis. Húsin henta illa til annarra nota og það er dýrt að rífa þau. Í sumum þeirra má líklega stunda eldi á kjúklingum og sum er hægt að nota sem geymslur undir hjólhýsi og húsbíla en alls ekki öll.

Við verðum einnig að líta til þess að nánast allri hliðarstarfsemi minkaeldisins, eins og þjónusta við það og fóðurframleiðsla, var líka hætt og að það stendur til að loka uppboðsmarkaði Köbenhagen Fur þegar búið er að selja síðustu skinnin.“

Vammen segir að hluti fóðurframleiðendanna hafi fengið bætur og lokað en aðrir hafi snúið sér að framleiðslu gæludýrafóðurs eða lífrænna orkugjafa.

„Meðan á eldinu stóð notuðu danskir bændur úrganginn frá minkabúunum sem lífrænan áburð sem þeir fengu ódýrt og jafnvel fyrir ekki neitt en í dag er skortur á húsdýraáburði í Danmörku og hann er fluttur inn þurrkaður frá Brasilíu og víðar og er mjög dýr.“

Bestu skinn í heimi

„Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og mótlæti þá er ég sannfærður um að við getum endurreist minkaeldi í Danmörku. Það á eftir að taka tíma og ég tel ólíklegt að við getum framleitt eins mikið og áður.

Dönsk loðdýraframleiðsla var sú besta í heimi og ég efast ekki um að við náum þeim stalli aftur, bara með minna magni.“

Vammen segir að dönsk stjórnvöld vilji fremur borga bændum til að hætta búskap en að endurreisa greinina og vegna þess hafi komið upp hugmyndir um að erlendir fjárfestar leggi minkabændum í Danmörku lið. „Þeir gera sér grein fyrir því að þekkingin er til staðar og því um góða fjárfestingu að ræða til lengri tíma.“



Pétur Ásgeirsson við pelsunarróbótinn.



Minkar í eldi.



Minkaskinn tilbúin til útflutnings.

nauðsyn þess að leggja stund á lífræna framleiðslu. Í umræðunni er litið framhjá öllu örplastinu í hafinu sem er tilkomið vegna notkunar á gerviefnum við framleiðslu á fatnaði.

Skinn sem eru afurð minkaeldis eru 100% náttúrulegar vörur sem brotna hratt niður sé þeim fargað og menga ekki en endast í áratugi sé vel með þau farið og geta jafnvel verið erfðagripir. Fatnaður úr gerviefnum endist aftur á móti illa og veldur mikilli mengun þar sem hann brotnar hægt ef þá nokkurn tíma niður að fullu.

Að mínu mati byggir andstaða á skinnaframleiðslu á misskilningi og því nauðsynlegt að útskýra hana fyrir fólki og fá það til að skoða málið í víðu samhengi.“

Ásgeir segir að ekki sé nóg með að það finnist mikið af örplasti í hafinu því það finnist einnig í grunnvatni og að það sé farið að valda dauða ánamaðka og þannig hafa slæm áhrif á frjósemi jarðvegs.

„Svo segist fólk ekki vilja ganga í pels og kýs gerviefni á þeim forsendum að það sé umhverfisverndarsinnar og á móti loðdýraeldi, sem er bæði fáránlegt og galið.“

Öfugsnúin náttúruvernd

Ásgeir segir að því miður sé það staðreynd að minkaeldi hafi á sér slæmt orð enda hafi áróður gegn greininni verið mikill síðustu áratugi. „Árið 1988 var ég á stórri ráðstefnu í Kanada um framtíð loðdýraeldis og þar kom fram að hópar náttúruverndarsinna hafi haft samband við stór olíufyrirtæki og fyrirtæki sem framleiddu gerviefni fyrir fataiðnaðinn og hótað að birta myndir sem sýndu fyrirtækin í slæmu ljósi nema þau veittu fjármagni í baráttuna gegn seladrápi og loðdýraeldi.

Í framhaldi af því er það að banna selveiðar og loðdýraeldi og nota gerviefni í staðinn orðið að náttúruvernd sem er þverstæða sem margir vilja ekki skilja.“

Innlent fóður

„Annað sem vert er að hafa í huga er að fóðrið sem notað er til eldisins er úrgangur sem annars þyrfti að farga með ærnum kostnaði. Það er 99,6% innlent hráefni en 0,4% er vítamín og sýra sem er innflutt. Við breytum úrganginum í lífrænan áburð sem notaður er í túnrækt og bændur mjög ánægðir með.“

Vel hugsa um dýrin

„Dýrin hafa það gott í eldinu og vel hugsað um þau og eldið undir eftirliti dýralæknis. Hingað hefur komið dýralæknir frá Brussel til að skoða aðbúnaðinn og hafði ekkert út á eldið að setja.

Ég man vel að þegar hún sá kettina sem við höfum til að veiða mýs að hún horfði á mig og sagði: „Þið notið lífrænar aðferðir til að halda niðri músum,“ og bætti við, „það er bannað í löndum Evrópusambandsins og þar verður að nota eitur.“

Ég hef því oft velt því fyrir mér hvað er dýravernd og hvað er náttúruvernd og hvort umhverfisverndarsinnar séu í raun helstu óvinir jarðarinnar? Því miður er það svo að í dag er ég kominn á þá skoðun að svo sé,“ segir Ásgeir Pétursson loðdýrabóndi að lokum.



Minkur á Íslandi

Minkur, *Neovison vison*, er rándýr af marðarætt sem uppruninn er í Norður-Ameríku.

Fullorðnir minkar eru um 40 sentímetrar að lengd, langir og grannir og með lítið höfuð. Í náttúrunni lifir hann aðallega á fiski og fuglum.

Fyrstu minkabúin í Evrópu voru sett á laggirnar árið 1927 í Noregi og árið 1928 í Svíþjóð.

Minkar voru fyrst fluttir til Íslands haustið 1931. Þrjú dýr voru keypt af norskum loðdýrabændum og flutt að Fossi í Grímsnesi. Nokkrum mánuðum síðar voru 75 minkar fluttir á nýstofnað bú á Selfossi. Minkabúum fjölgaði á næstu árum og var meðal annars stofnað bú að Selási við Reykjavík. Þegar mest var héldu yfir hundrað aðilar mink hér á landi á misstórum búum.

Verð á minkaskinnum var hæst 2013 en lækkaði 2014 og hefur verið lágt síðan þá og er í dag undir framleiðsluverði.

Átta minkabú eru á landinu í dag en eitt mun hætta starfsemi fljótlega.

Áætlaður fjöldi skinna í framleiðslu á ári er um 65 þúsund skinn.

Minkar sluppu fyrst úr haldi hér á landi haustið 1932 og gerðist það á Grímsnesbúinu. Á næstu árum sluppu minkar einnig úr öðrum búum, meðal annars úr Selásbúinu. Minkur hafði breiðst út um land um 1975 þegar hann hann fannst í Öræfasveit.

HAUSTTILBOÐ

Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Takmarkað magn · Ekki missa af þessu · Fyrstur kemur fyrstur fær



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán - hagstæðar afborganir

VH/22-03

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Eitt vinsælasta barnaleikritið um miðja síðustu öld:

Ævintýri Snædrottningarinnar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Í byrjun nóvember árið 1953 kom fram, í tölublaði Útvarpstíðinda, að jólaleikrit barnanna í útvarpinu þau jólin yrði Snædrottningin eftir HC. Andersen.

Hafði Þjóðleikhúsið þá staðið fyrir sýningum á leikritinu við mikla hrifningu yngstu leikhúsgestanna. Umsjón og leikstjórn með verkinu var Hildur Kalman leikkona, sem stjórnaði barnatímum útvarpsins um þær mundir með miklum ágætum. Tveimur árum áður komu fregnir þess efnis að Þjóðleikhúsið hefði tekið upp þá skemmtilegu nýbreytni að sýna barnaleikrit og spáði frumsýning Snædrottningarinnar afar góðu um framgang mála. Þótti fólki ekki lítið þarfaverk ef hægt væri að beina ungdómnum frá glápi bíómynda, oft miður heppilegum, að leikritum sem þóttu heldur kjarnbetri og hollari svona til andlegrar inntöku. Var verkið frumsýnt miðvikudaginn 14. febrúar, árið 1951, klukkan 17.00.

Listavel úr garði gert

Mikið var um listafólk sem kom að sýningunni. Bjarni Guðmundsson nokkur sneri á íslensku, enskri útgáfu verksins, leikstjórn, eins og áður kom fram, var í höndum Hildar Kalman, Henry Boys sá um tónlistina undir stjórn Jórunnar Viðar og danshöfundur var nefnd Sif Þórz. Ljósameistari var Hallgrímur Bachmann og leiksviðsstjóri Yngvi Thorkelsson.

Búningahönnun var í höndum Nínu Tryggvadóttur og leiktjöldin gerð af Lárusi Ingólfssyni. Var, í 8. tbl. Fálkans árið 1951, sérstaklega tekið fram að leiktjöldin væru *„góð“* auk þess sem búningum var hrósað sérstaklega.

„Leiktjöld Lárusar Ingólfssonar eru góð, og sömuleiðis búningar þeir, sem Nína Tryggvadóttir hefir gert. Má í því sambandi sérstaklega nefna krákubúningana, en auk þess hvítabirnina, snædrottninguna og fleira.“

Þótti leikhúsgagnrýnanda Fálkans að mætti helst finna að orðbragði ræningjanna ... *„og þá einkum því sem Bredda litla notar. Það er fullmikill „kúrekastíll“ á því.“*

Leikendur voru meðal annars þau Róbert Arnfinnsson og Þóra Borg í hlutverkum hirðkrákanna, Ragnhildur Steingrímsdóttur í hlutverki Helgu, Valur Gústafsson í hlutverki Karls og svo í hlutverki snædrottningarinnar tignarlegu var Inga Þórðardóttir.

Sögumaður var Jón Aðils – en um hann stendur í dægurblaðinu Vikunni þetta sama ár:

„Síðast en ekki sízt nefnum við sögumanninn (Jón Aðils), sem sá um að koma leikhúsgestum strax í gott skap og var alltaf sérlega velkominn á sviðið, og svo söng hann stundum með léttilegu látbragði: Snipp, snapp, snubbur, stubbur, Mossi, kubbur, snipp, snapp, snubbur, smellana, skellana, skot. Það þarf engan að undra, sem fylgzt hefur með leikferli Jóns Aðils, að hann stóð sig svona prýðilega í Snædrottningunni. Hann hefur marga strengi til að leika á. Og langt mun vera frá, að þeir muni allir hafa fengið að njóta sín fram að þessu. En ólíklegt er, að ungu leikhúsgestirnir gleymi honum strax.“



Hildur Kalman.

Jólaleikrit barnanna

Jólaleikrit barnanna í útvarpinu um þessi jól, verður *Snædrottningin*, eftir H. C. Andersen, en leikrit þetta var fyrir nokkru sýnt í Þjóðleikhúsinu við mikla hrifningu hinna yngstu leikhúsgesta. Leikstjóri er Hildur Kalman leikkona, sem hinir ungu útvarpshlustendur þekkja að ágætri stjórn á barnatímum útvarpsins oft undanfarið.

Myndin hér að ofan er úr Snædrottningunni.

ÚTVARPSTÍÐINDI

Helga (Ragnhildur Steingrímsdóttir) og sögumaðurinn (Jón Aðils).

Auglýsingar og kynningar blaða er viðkomu Snædrottningunni, það herrans ár 1951, auk kórónu hennar hér að neðan.
Myndir / www.timarit.is



Snædrottningin (Inga Þórðardóttir) og Karl (Valur Gústafsson).



Úr ævintýraleiknum Snædrottningin. Þrír aðalleikendanna. Frá vinstri: Ragnhildur Steingrímsdóttir sem Helga, Regina Þórðardóttir sem amma Helgu og Valur Gústafsson sem Karl. (Ljósm.: Vignir).

Barátta góðs og ills

Hin fallega upplifun og ævintýri, Snædrottningin, er upphaflega skrifað í sjö köflum og kom fyrst út árið 1845. Höfundurinn, H.C. Andersen (1805-1875), er eitt þekktasta skáld Danmerkur og mörgum kunnur, en eftir hann liggja á fjórða þúsund ævintýra sem þýdd hafa verið á meira en 125 tungumál. Snædrottningin er eitt lengsta ævintýri hans og fjallar í raun um vináttu, kærleika og hugrekki – baráttu milli góðs og ills – þar sem hið góða sigrar að lokum eins og vera ber. Hinar fjölbreyttustu persónur koma við í ævintýrinu, bæði dýr og blóm hafa mál, konunglegar hátignir eru þarna á sveimi jafnt sem ræningjar og galdraverur.

Segir frá vinunum Helgu og Karli sem fær spegilbrot púka nokkurs í annað augað og svo hjartað og umbreytist úr ljúfum og góðum dreng í önugan og öfugsnúinn. Verður Karl hugfanginn af snjókornum og fellur brátt undir töfra Snædrottningarinnar sem tekur hann tali er hann er við leik úti á sleðanum sínum. Snædrottingin kyssir hann á kinn til þess að verja hann kulda og annan koss fær hann til þess að gleyma öllum þeim sem honum þykir vænt um. Tekur hann svo með sér á sleðanum sínum til hallar sinnar á meðan hans nánustu eru vissir um að hann hafi orðið úti – eða jafnvel dottið í ána. Helga er ekki sannfærð um þetta og hefur brátt leit að leikfélaga sínum. Hún er vonlítil í fyrstu en spyr hvern þann sem á vegi hennar verður hvort viðkomandi hafi einhverja hugmynd um afdrif Karls. Hún kemst á snoðir um að Snædrottningin sjálf hafi haft hann á brott með sér og að lokum, eftir langa vegu, kynnist hún viturri konu sem gerir henni grein fyrir því að í hjarta hennar sjálfrar sé allur sá kraftur sem hún þurfi til að bjarga Karli úr klóm Snædrottningarinnar.

Hreinleiki og sakleysið sé hennar og muni hún þurfa að nýta allt sitt til þess að ná spegilbrotunum úr hjarta vinar síns. Gengur þetta eftir eins og í góðu ævintýri sæmir og endalokin eru þau að saman ganga þau heimleiðis, glöð í sinni.

Uppselt á augabragði

Var mikil aðsókn á leikritið og þótti fólki mikið til þess koma. Birtist gagnrýni í Morgunblaðinu stuttu eftir frumsýninguna þar sem tekið var fram að:

„Börnin og reyndar allir leikhúsgestir tóku leiknum með miklum fögnuði og klöppuðu leikendum óspart lof í lófa meðan á sýningu stóð og að leikslokum.“

Næsta sýning, mánudaginn 19. febrúar, seldist svo upp á augabragði, eða nákvæmlega 668 miðar á 45 mínútum. Einnig kom fram í Morgunblaðinu:

„Aðgöngumiðar voru seldir í gær, og hófst miðasalan, er klukkan var fjórðung gengin í tvö. Var þá þegar kominn mikill fjöldi barna, og varð salan svo ör, að allt seldist upp á 45 mínútum, alls 688 miðar. Fjöldi barna varð að snúa frá, án þess að fá aðgöngumiða að þessu sinni, og var ekki laust við, að skeifa myndaðist hjá sumum og tár læddust niður litla vanga, svo að afgreiðslufólkið varð að hughreysta hina ungu leikhúsgesti eftir föngum og benda þeim á, að fleiri sýningar yrðu síðar. Síminn í aðgöngumiðasölunni þagnaði aldrei til klukkan þrjú, og hefði tví mælalaust verið hægt að selja tvöfalt fleiri aðgöngumiða, ef rúm hefði leyft.“

Það mátti með sanni segja að vinsældir Snædrottningar væru einstakar en fram kom í Morgunblaðinu þann 21. desember sama ár að alls sextán sýningar hefðu farið á svið og leikhúsgestir 8.176 talsins. Var það yfirburða manntal miðað við fjölda sýninga. Einungis Fjalla-Eyvindur bætti það met, en á sextán sýningum þess verks mættu 9.603 manns.

Vinsældir sögu Snædrottningarinnar hafa síður en svo dvínað í gegnum árin og auk þess að vera reglulega sett á svið hefur hún birst sem framhaldssaga í tímaritum, sem útvarpsleikrit og jafnvel sem borðspil.

Það er nú óskandi að fólk taki boðskap sögunnar til sín og umgangist sjálft sig og aðra með kærleik í hjarta. Því ástin sigrar allt. ■



Hildur Kalman, fædd í Reykjavík, þann 29. júlí 1916, d. 6. febrúar 1974. Hún var fyrst Íslendinga til að sækja nám Konunglega Leiklistarskólans í London, lék með leikflokkum þarlendis og annars staðar erlendis og hlaut þannig mikla reynslu og þjálfun sem leikkona. Hildur var fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu um árabil bæði sem leikkona og við leikstjórn – að sama skapi með áhugaleikfélögum landsbyggðarinnar en hún tók virkan þátt í öllu því er viðkom íslenskri leiklist, baráttu íslenskra leikara og jafnan vel liðin og vel kynnt á allan hátt. Í leikhúsgagnrýni Morgunblaðsins, þeim sama og farið var yfir hér að neðan kom fram að *„... engu að síður er leikurinn mjög skemmtilegur og heldur athygli áhorfenda óskiptri frá upphafi til enda. Er það ekki síst að þakka ungfrú Hildi Kalman, sem hefur sett leikinn á svið með miklum ágætum, — smekkvísi og hugkvæmni. Hefur Hildur, sem stjórnandi verksins náð þar furðugóðum árangri. Hefur það vafalaust verið erfitt verk, því bæði eru leikendur mjög margir og auk þess flestir nýliðar eða lítt vanir á leiksviði. ! Hraði leiksins er góður og flestir fara vel með hlutverk sín.“*



Úr ævintýraleiknum Snædrottningin. Í ræningjabælinu. Lengst til hægri: Emilía Jónasdóttir sem Salvör ræningjaforingi með Breddu, dóttur sína (Friðrikka Geirsdóttir) á bakinu, báðar mjög hressilegar í hlutverkum sínum.



Jón Aðils fæddist þann 15. janúar árið 1913 en lést 21. desember 1983. Hann var einn af stofnendum Félags íslenskra leikara og átti sæti í stjórn félagsins til nokkurra ára. Hann var einnig formaður Leikarafélags Þjóðleikhússins í fjögur ár. Hann hafði unun af leiklist, lék bæði revíuhlutverk í Fjalakettinum til jafns við hlutverk í Leikfélagi Reykjavíkur. Til gamans má geta að í gagnrýni Morgunblaðsins kom fram að *„... Hingað til hefur Jón oftast leikið kaldrifjaða menn og hefur verið haft orð á því í leikdómum að ekki væri rétt að fela honum alltaf slík hlutverk. Það var því vissulega ánægjulegt að fá nú að sjá Jón í hlutverki Sögumannsins. Hlýr og glettinn kemur hann í upphafi leiksins fram fyrir tjaldið og ávarpar börnin í salnum. Vann hann þegar trúnað þeirra og þau svöruðu honum hiklaust og ófeiminn. Og eftir það var hann hinn „góði andi“ ævintýrisins. Með, þessum leik sínum hefur Jón Aðils sýnt nýja hlið á hæfileikum sínum og unnið enn einn leiksigurinn. Vonandi verður þetta til þess að hann fái fjölbreyttari hlutverk til meðferðar eftirleiðis en hingað til.“*

vfs.is

Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI Í HARÐA PAKKA

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**

LÍF & STARF

Hestamennska:

Upplifði draumurinn



Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

Að sýna hross yfir 9,00 fyrir hæfileika er draumur flestra atvinnumanna og sýnenda kynbótahrossa.

Hans Þór Hilmarsson upplifði þann draum á Landsmótinu í sumar þegar hann sýndi Sindra frá Hjarðartúni í 9,38 fyrir hæfileika, sem er jafnframt hæsta hæfileikaeinkunn sem gefin hefur verið íslenskum hesti í kynbótadómi frá upphafi.

„Sindri er með einstakt geðslag og frábærar gangtegundir. Það sem er sérstakt við hann er kannski fyrst og fremst þetta fjaðurmagn og léttleiki sem hann hefur á tölti og brokki en samt með þetta rými sem hann býr yfir. Það er kannski það sem skilur hann frá mörgum öðrum góðum hestum sem maður hefur verið með," segir Hans en ef skoðaðar eru umsagnir Sindra fyrir eiginleikana í hæfileikadómi má sjá orðunum léttstígt, ferðmikið, takthreint og mýkt bregða ansi oft fyrir.

Úthugsuð sýning

Þegar hross sýna svo mikil afköst þarf að passa vel upp á þau og varast að fara ekki fram úr þeim. Að baki svona sýningum eru ófáar þjálfunarstundir og mikilvægt er að hesturinn sé líkamlega og andlega tilbúinn í verkefni sem þetta.

„Í þessu tilviki var ég búinn að setja upp og taka nokkrar æfingar þar sem við fórum yfir hvernig ég ætlaði að stilla sýningunni upp. Hvaða gangtegundir hjálpuðu okkur yfir í næstu gangtegundir og alls konar þannig pælingar. Ég t.d. ákvað að byrja á töltinu og klára það af, bæði upp á fyrstu hughrif hjá dómurunum og svo líka að það er þægilegt að stilla hann inn á töltið. Ég var líka búinn að ákveða að taka skeiðið á eftir brokki, þar sem hann fær að vera lægri og koma með bakið upp og ég vissi líka að ég vildi koma fetinu inn fyrir skeiðið til að hann fengi aðeins andrými."

Vallaraðstæður breyttust

Allar þessar æfingar áttu eftir að skila þeim Hansa og Sindra stóru tölunum. Fyrir sýninguna á Landsmótinu tóku þeir félagar eina æfingu á vellinum og ákvað Hansi að ríða honum með léttari hlífar en hann hafði gert áður þar sem aðstæður á vellinum voru þannig. Daginn sem hann sýnir svo Sindra höfðu aðstæður þó breyst, það hafði mikið rignt og brautin var orðin mýkri.

„Það var ekki rétt hjá mér að ríða honum á þessum hlífum. Ég fann það strax í fyrstu ferðinni þegar ég kom ríðandi inn á á tölti að hann var ekki eins góður og hann gæti verið. Ég vissi því að ég ætti inni fyrir yfirlitið og ætti auðveldlega að geta sótt hálfan punkt á tölti, en fyrir yfirlitið var hann með 9,0 fyrir tölt."

Hans og Sindri bættu þó heldur betur í á yfirliti. Þeir sóttu þennan hálfa sem Hansa fannst vanta á töltið og hækkuðu einkunnirnar fyrir skeið og fegurð í reið. Þeir enduðu með þrjár tíur í farteskinu; 10 fyrir skeið, 10 fyrir samstarfsvilja og 10 fyrir brokk en þeir höfðu fengið þær einkunnir fyrir yfirlit.

Vildi sækja hálfan punkt

„Markmiðið á yfirlitinu var að sækja þennan hálfa punkt á tölti sem ég vissi að við áttum. Mig langaði síðan að reyna við skeið og fegurð í reið. Það var uppleggið á yfirlitinu. Ég átti ekkert endilega von á því að allar þessar dýrmætu einkunnir ættu eftir að falla.

Ég átti alveg von og markmiðið var að komast yfir 9,0 fyrir hæfileika en ég átti ekki von á svona tölu. Maður er nú ekki alveg það ruglaður að gera sér vonir um að ríða í 9,30 og eitthvað," segir Hansi.

Eftir sýninguna á yfirlitinu tók við smá bið eftir að lesnar voru upp hækkanir sem höfðu átt sér stað í hollinu þeirra. Það mátti skynja spennuþrungið andrúmsloftið en áhorfendabrekkan var á iði og þegar lesnar voru upp hækkanirnar brutust út mikil fagnaðarlæti enda var þetta sannkölluð gæsahúðarsýning.

Stefna á Landsmót 2024

„Mér leið mjög vel allan tímann sem ég sýndi hestinn. Ég hafði á tilfinningunni þegar ég reið úr braut eftir yfirlitið að eitthvað væri að fara að gerast. Andrúmsloftið eftir síðustu ferðina var bara þannig. Það helltist yfir mann hálfgerð geðshræring þegar tölurnar voru lesnar upp. Rugl augnablik sem maður er þakklátur að fá að upplifa."

Hansi og Sindri stefna nú á keppnisbrautina og ætla sér að mæta firnasterkir til leiks í A flokkinn á Landsmóti hestamanna 2024.



Hans Þór Hilmarsson upplifði þann draum á Landsmótinu í sumar þegar hann sýndi Sindra frá Hjarðartúni að fá 9,38 fyrir hæfileika, sem er jafnframt hæsta hæfileikaeinkunn sem gefin hefur verið íslenskum hesti í kynbótadómi frá upphafi. Mynd / Aðsend

Dómur Sindra frá Hjarðartúni

Sköpulag			Hæfileikar		
Höfuð	8,5	*Vel borin eyru - Skarpt/þurrt - Svipgott*	**Tölt**	9,5	*Mjúkt - Léttstígt - Há fótlyfta - Góð skreflengd - Ferðmikið - Framhátt - Takthreint*
Háls/herðar/bógar	8	*Meðal hálssetning - Langur - Klipin kverk - Góð yfirlína*	**Brokk**	10	*Fjaðrandi - Léttstígt - Há fótlyfta - Skrefmikið - Svifmikið - Ferðmikið - Öruggt - Takthreint*
Bak og lend	8,5	*Jöfn lend*	**Skeið**	10	*Ferðmikið - Sniðgott - Öruggt - Taktgott - Jafnvægisgott*
Samræmi	8,5	*Léttbyggt - Hlutfallarétt*	**Greitt stökk**	8,5	*Ferðmikið*
Fótagerð	8	*Þurrir fætur*	**Hægt stökk**	8	
Réttleiki	8		**Samstarfsvilji**	10	*Mikil framhugsun - Mikil þjálni - Yfirvegun - Vakandi - Samstarfsfús*
Hófar	8,5	*Þykkir hælar - Vel lagaðir*	**Fegurð í reið**	9,5	*Mikill fótaburður - Léttleiki - Framhátt - Mýkt*
Prúðleiki	8		**Fet**	7,5	
Sköpulag	8,28		**Hæfileikar**	9,38	
			Hægt tölt	9	*Há fótlyfta - Afar mjúkt*

Hæfileikar án skeiðs	9,26
Aðaleinkunn án skeiðs	8,92

Aðaleikunn 8,99



Stöðluð stálgrindarhús
á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR yleiningum á veggi og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

Saman í 60 ár BYKO | bondi@byko.is



Hans Þór tekur við viðurkenningu á Hrossarækt 2022. Með honum eru Sveinn Steinarsson, formaður deildar hrossabænda, og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, varaformaður. Mynd /GB1

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14” Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

McHale FUSION 4

Profi Flo Sópvinda
Hraðari innmötun
Meiri afköst
Isobus stjórnkerfi

NÝTT!

McHale kynnti fyrir stuttu nýjustu kynslóð af flaggskipi sínu McHale FUSION. Þetta er sú fjórða í röðinni af þessum frábæru vélum sem allir þekkja.

Fyrir nánari upplýsingar hafið samband í síma **480 5600** eða sendið póst á netfangið **landstolpi@landstolpi.is**

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

LÍF & STARF

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Sveitasælan sem hristi markaðinn

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is

Svíaríki er talið með stöðugri löndum í heiminum í dag. Ekki bara í efnahagslegu tilliti heldur einnig jarðfræðilegu. Til marks um það voru frá miðri 14. öld og fram til ársins 2010 einungis 14 jarðskjálftar skráðir á Skáni í Suður-Svíþjóð.

Einn af þessum 14 var sá langsamlega stærsti í áratugi og mældist 4,7 á Richter í desember árið 2008. Það væri í sjálfu sér óáhugaverð staðreynd ef ekki væri fyrir Skælv, handverksbjórinn frá litlu sveitabrugghúsi á Íslandi sem kom á markað á Skáni nokkrum dögum áður.

22. júlí 2007 birtist í Morgunblaðinu atvinnuauglýsing þar sem óskað var eftir bruggmeistara til starfa fyrir nýtt brugghús sem verið væri að setja upp og ætlaði að sérhæfa sig í fyrsta flokks sælkerabjór. Brugghúsið var staðsett um 70 km frá Reykjavík, austur í Flóa og nefndist Ölvisholt.



Starfsmenn Ölvisholts fagna vígslu Brugghússins 2008: Frá vinstri: Jón Elías Gunnlaugsson, Ingveldur Birgisdóttir, Valgeir Valgeirsson bruggmeistari og Bjarni Einarsson. Mynd Frjáls verslun.




Jón Elías með vörur fyrirtækisins. Mynd Frjáls verslun.

Varð fljótt stór útflytjandi

Brugghúsið var hugarfóstur bændanna af svæðinu, Bjarna Einarssonar, eggjabónda frá Miklaholtshelli og Jóns Elíasar Gunnlaugssonar, garðyrkjubónda í Ölvisholti. Í Ölvisholti stóðu ónotaðar byggingar sem að Jón fýsti að nota undir einhverja skemmtilega starfsemi og niðurstaðan varð sú að breyta gömlu fjósi, súrheysturni og hlöðu í sveitabrugghús.

Ungur bruggmeistari, Valgeir Valgeirsson, svaraði auglýsingunni og tók skömmu síðar við störfum. Gerður var samningur við danskan tækjasala og brugghús sem hét Gourmet Bryggeri og fylgdi með í kaupunum samningur um útflutning og dreifingu bjórsins sem fyrirhugað var að framleiða. Ljóst var því frá stofnun Ölvisholts að stefnt var á fleiri markaði en bara þann íslenska, enda varð brugghúsið fljótlega stærsti útflytjandinn á bjór og hélt þeirri stöðu um sinn.



Stóð af sér skjálfta

En hvað um það. Ölvisholt kom með sinn fyrsta bjór, fyrsta bruggunin var í desember 2007 og frumraunin – Skjálfti – kom í Vínbúðirnar á bjórdaginn 1. mars 2008. Segja má að bjórinn hafi fljótlega náð miklum vinsældum enda Ölvisholt einungis annað íslenska brugghúsið utan risanna tveggja, Ölgerðarinnar og Víking, til að koma með bjór í vínbúðina. Nafnið þótti hnyttið og átti að halda formlegt opnunarhóf Ölvisholts síðar um vorið, nánar tiltekið laugardaginn 31. maí 2008. Tveimur dögum áður reið hins vegar yfir stóri Suðurlandsskjálftinn 2008 sem mældist 6,5 á Richter, en raunar var um tvo skjálfta að ræða, sem fundust allt norður á Ísafjörð, slíkur var hamagangurinn.

Þrátt fyrir talsvert rask, sem leiddi jafnvel til skepnufalls á bæjum í grenndinni, stóð brugghúsið af sér skjálftana og Ölvisholt var formlega vígt með pomp og prakt, þar sem þekktasti sonur nágrannabæjarins Brúnastaða flutti hátíðarávarp, eins og Guðna Ágústssyni er einum lagið.

Sterkasti stoutinn

Ölvisholt er um margt merkilegt brugghús, enda verið duglegt við að kynna Íslendinga fyrir nýjum bjórstílum. Skjálfti er maltaður lager sem minnir um margt á California Comons-bjórstílinn. Þessi stíll er gerjaður við hærra hitastig en almennt gerist og gengur með lagerbjór. Þetta brugghús var líka fyrsta brugghúsið til að koma með yfirgerjað öl á markaðinn, en Móri var fyrsta íslenska ölið sem fór í sölu. Þá bruggaði brugghúsið Fósturlandsins Freyju, sem var fyrsti íslenski hveitibjórinn, kryddaður með appelsínuberki og kóríander, í ætt við belgískan wit bjór sem stundum er kallaður White ale, og kom þó nokkuð á undan Einstök White Ale, sem flestir tengja stílinn við. Ekki gekk þessi tilraunastarfsemi þó áfallalaust. Freyja var ósíaður bjór, eins og skilmerkilega var tekið fram á flöskunni, en slíku áttu íslenskir neytendur ekki að venjast og kvörtuðu unnvörpum yfir því að hann væri „gruggugur“ eða „skítugur“.

En frægasta afrek Ölvisholts á sviði bjórsins er án efa bjórinn Lava, reyktur imperial stout-bjór sem má með góðum rökum segja einn frægasta íslenska bjórinn utan landsteinanna.

Sagan á bak við Lava er eins og á bak við allar sögur af meistaraverkum, saga tilviljana og þess að vera á réttum stað á réttum tíma. Valgeir bruggmeistari hafði lengi alið með sér þann draum að koma með alvöru stout á markaðinn en mátti þola að sjá Akureyringa skjóta honum ref fyrir rass með Víking Stout sem kom á markað um þessar mundir og féll í góðan jarðveg. En úr því að Valgeir gat ekki bruggað fyrsta íslenska stoutinn gat hann þó gert þann sterkasta!

Lögun úr ansi fábreytilegum tilraunagrænum af frumgerð Lava skilaði sér fyrir tilviljun á bjórhátíð í Danaveldi þar sem forsvarsmenn Ölvisholts voru að leita viðskiptasambanda. Þegar bragðprófanir stóðu sem hæst bárust fréttir af því að sænski dreifingaraðilinn Wicked Wine vildi hitta Íslendingana að máli. Var þá rétt búið að opna síðustu flöskuna, en með snörum handtökum tókst að troða tappanum aftur ofan í hana og kynna framleiðsluna sem nýjustu afurð brugghússins unga. Skemmst er frá því að segja að þetta var sá bjór sem Svíunum leist best á og fyrr en varði var Lava bjórinn orðin stærsta útflutningsvara Íslands í bjór. Lava bjórinn hefur hlotið ýmis verðlaun og ber þar kannski hæst að nefna US open Beer competition en árið 2012 fékk Lava verðlaun fyrir besta reykta bjórinn á sýningunni það árið.

Hráefni eftir vigt

En Ölvisholt var ekki bara ákveðinn frumkvöðull í bjórnum heldur var Valgeir líka fyrstur til að byrja að selja korn eftir vigt. Fram að því höfðu einungis örfáir heimabruggarar stundað það að brugga bjór með korni, meðan aðrir höfðu látið sér að góðu þykkni sem selt var í Ámunni. Metnaðarfullir heimabruggarar áttu það jafnvel til að nýta ferðalög til að burðast heim með tugi kílóa af korni ásamt tilheyrandi yfirvigt. Með lausasölu á korni beint frá Ölvisholtsbrugghúsinu hljóp kapp í heimabruggsenuna og árið 2010 var Fágun, félag áhugafólks um gerjun, stofnað og þann 1. maí 2010 var haldin Bruggkeppni Ölvisholts og Fágunar.

En rekstur Ölvisholts hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Umhverfi litlu brugghúsanna á Íslandi hefur ávallt verið flókið en þetta brugghús var stofnað rétt áður en hamfarir efnahagshrunsins haustið 2008 dundu yfir. Vissulega hóf brugghúsið reksturinn með útflutningi en eigi að síður var fjármögnunin í formi erlendra mynta og varla þarf að eyða mörgum línum í það hvernig áraði með slíkan rekstur á þeim árum. Tíðar breytingar hafa verið á eignarhaldinu og því hafa sömuleiðis fylgt breytingar á bruggmeisturum. Valgeir Valgeirsson hélt til Borgar Brugghús og svo til Reykjavíkur bruggfélags. Eigendur stýrðu sjálfir brugghúsinu til skamms tíma eftir að Valgeir lét af störfum en fljótlega kom þar brosmildur ungur Breiðhyltingur, Árni Long að nafni, sem átti síðar eftir að fylgja forvera sínum yfir til Borgar brugghúss. Við af Árna tók hinn geðþekki bruggmeistari Elvar Þrastarson, sem seinna stofnaði Ölverk brugghúsið í Hveragerði og síðar verður fjallað um. Þá tók Ásta Hlöðversdóttir við og varð þar með fyrsti kvenbruggmeistarinn til að stýra miðlungsstóru brugghúsi á Íslandi og nú loks hefur sagan farið í hring og Valgeir er tekinn við aftur sem bruggmeistari í Ölvisholti.

Þrátt fyrir hina öru starfsmannaveltu er Ölvisholt stórmerkilegt brugghús að mörgu leyti. Eins og í síðustu grein var talað um Kalda áhrifin á markað má einnig segja að Ölvisholt hafi ítrekað brotið blað í bjórsögunni. Ölvisholt kom kannski ekki heimabruggsbylgjunni af stað en ljóst má vera að viljinn til að selja hráefni eftir vigt og eftirspurnin eftir þeirri vöru hafi verið slík að brugghúsið lenti nánast í vanda að framleiða eigin vörur, slíkur var ágangurinn.



Bruggmeistarar Ölvisholts í gegnum tíðina, Elvar, Árni, Valgeir og Ásta, sambrugguðu ÖlvisholtX bjórinn af tilefni 10 ára afmælis Brugghússins.



FORSALA Á RÚLLUPLASTI

FRÍ SENDING HEIM Á HLAÐ Á FORSÖLUPÖNTUNUM!



SilaWRAP rúlluplast - Forsöluverð:

Silawrap **hvítt** 750*1500mm – **16.884 kr. + vsk.**
Silawrap **grænt** 750*1500mm – **16.884 kr. + vsk.**
Silawrap **svart** 750*1500mm – **16.531 kr. + vsk.**

Afsláttur er veittur við kaup á bretti af rúlluplasti - 40 rúllur

Fyrir nánari upplýsingar hringið í síma **480 5600** eða sendið póst á netfangið **landstolpi@landstolpi.is**

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, keypt af Samhentum 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

FRÉTTASKÝRING

Samtök fyrirtækja í landbúnaði:

Fagna frumvarpi um heimild kjötafurðastöðva til samvinnu

– Telja að eitt brýnasta verkefnið fram undan sé að laga brotalamir í tollamálum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Samtök fyrirtækja í landbúnaði voru stofnuð í mars og þar innanborðs eru allar stærstu kjötafurðastöðvar landsins. Mynd / Bbl

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) undirbúa nú að stilla upp sinni starfsemi fyrir næstu vikur og mánuði – og manna samtökin í samræmi við hana. Verkefnin munu felast í því að laga umgjörðina utan um landbúnaðinn og úrvinnslu landbúnaðarafurða á Íslandi, til dæmis í tollamálum og varðandi mögulega samvinnu kjötafurðastöðva til hagræðingar í greininni.

„Matvælaráðherra setti nýlega inn á Samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum varðandi aukna tímabundna heimild til handa aðilum í slátrun og vinnslu kjötafurða til að stofna með sér samstarf. Við fögnum þessu frumkvæði ráðherra og þeim skilningi sem hún sýnir greininni en slík breyting færir okkur nær því sem þekkist í Noregi og innan Evrópusambandsins (ESB),“ segir Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga og stjórnarformaður SAFL.

Góður grunnur að heimild til hagræðingar

„Frumvarpsdrögin eru í umsagnarferli og vonandi verða þau samþykkt á Alþingi á vorþingi. Fyrr er ekki hægt að ræða neina möguleika á hagræðingu í rekstri afurðastöðva í kjötiðnaði.

Við fyrstu sýn virðast frumvarpsdrögin geta orðið góður grunnur að heimild til hagræðingar í rekstri afurðastöðva í kjötiðnaði. SAFL vinnur nú að því að skila umsögn um frumvarpsdrögin.“

Einbeitum okkur að eigin starfsemi

SAFL voru stofnuð í marsmánuði með 20 fyrirtæki innanborðs, en formleg starfsemi hófst í júní. Sigurjón segir að lítið sé að frétta af mögulegri aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA). „Samtalið heldur áfram á næstu vikum og jafnvel mánuðum, ekki síst vegna þess að kjarasamningsviðræður taka mikinn tíma stjórnenda SA um þessar mundir.

Aðild okkar samtaka að SA er ekki lykilatriði og þar sem ljóst er að það muni ekki skýrast á næstunni erum við bara að undirbúa að stilla starfsemi okkar upp á næsta ári og manna samtökin í samræmi við það skipulag.“

Landbúnaðurinn er grunnatvinnuvegur

Að sögn Sigurjóns hafa SA ekki verið móttækileg fyrir breytingum á sinni formgerð.

„SA hafa frá stofnun samtakanna ekki verið tilbúin til að breyta og aðlaga sína uppstillingu til að halda atvinnulífinu í einum samtökum og mörg félög hafa staðið utan samtaka. Þessi stefna mun á endanum bara enda á einn veg að mínu mati. Skilningur er hins vegar að aukast á því að landbúnaðurinn er einn af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar og þarf rödd sem slíkur.

Nauðsynlegt er að rétta þann halla sem orðið hefur á umgjörð landbúnaðarins í samanburði við okkar nágrannaríki á síðustu tveimur áratugum – slíkt gerist ekki með aðild að SA í gegnum önnur aðildarfélög SA. Hagsmunir hinna ýmsu atvinnugreina eru oft mjög ólíkir og erfitt að samræma. Í Danmörku eru til dæmis engin virk regnhlífarsamtök atvinnulífsins, heldur stendur iðnaðurinn sér og það sama á við um landbúnaðinn og sjávarútveginn, verslunina og orkumálin – og það er umhugsunarefni fyrir okkur.“

Samvinna með Bændasamtökum Íslands

Sigurjón segir að ekki hafi komið til tals að SAFL verði einhvers konar aukaaðili að Bændasamtökum Íslands, en yfirstandandi séu viðræður við þau um hvernig samstarf þeirra í hagsmunagæslu fyrir landbúnaðinn geti verið sem mest og best. „Mikilvægt er að þessir aðilar vinni þétt saman þegar kemur að samtali við stjórnvöld um umgjörð landbúnaðar og úrvinnslu landbúnaðarafurða á Íslandi.“

Sigurjón nefnir tollamálin sem mikilvægt sameiginlegt hagsmunamál sem brýn þörf sé á að taka til endurskoðunar við stjórnvöld. „Í þeim málum og tollaeftirliti með innflutningi landbúnaðarvara er ljóst að um miklar brotalamir hefur verið að ræða lengi. Það sýna best fréttir sem birst hafa í fjölmiðlum undanfarin misseri um að skatturinn hafi endurákvarðað tolla svo nemi hundruðum milljóna króna á erlendar landbúnaðarvörur. Fjárhæðir í þeim málum benda til þess að verulegur innflutningur hafi átt sér stað á vitlausum tollskrárnúmerum.

Á þetta var bent af hagsmunaaðilum í landbúnaði og hefur sú vinna skilað miklum ávinningi fyrir bændur.“

Líklega eina Evrópuríkið án verðjöfnunargjalda

„Það er líka staðreynd að við erum líklega eina Evrópuríkið sem leggur ekki verðjöfnunargjöld á unnar landbúnaðarafurðir sem innfluttar eru sem hluti af öðrum matvælum, til dæmis ostur eða skinka á innfluttum frosnum pitsum, smjör í súkkulaði og svo framvegis.

Það er líka skoðun mín að við gerð tollasamninga á undanförnum áratugum erum við að hleypa hlutfallslega meira af landbúnaðarvörum inn til Íslands heldur en viðsemjendur okkar hleypa inn á sín markaðssvæði. Menn verða að meta þetta heildstætt. Það er vont ef íslensk stjórnvöld semja um tollalækkanir við önnur ríki, til dæmis ESB, en leggja ekki á verðjöfnunargjöld líkt og viðsemjandinn,“ segir Sigurjón.

Taka verður á tollaframkvæmd

Hann segist í raun ekki hafa neina skoðun á því hvort að tollar eða verðjöfnunargjöld séu af hinu góða eða vonda.

„Ég hins vegar veit að hjá öllum þeim vestrænu þjóðum sem við viljum bera okkur saman við – og vera í samstarfi við – er mun fastar tekið á eftirliti með innflutningi og tollframkvæmd landbúnaðarvara. Markmiðið er mjög skýrt – að tryggja innlenda framleiðslu landbúnaðarvara. Hér nægir að vísa til inngangskafla í reglugerðum ESB um verðjöfnunargjöld og afstöðu til dæmis Noregs og Sviss hjá EFTA samtökunum um álagningu verðjöfnunargjalda. Við getum ekki spilað eftir öðrum reglum í þessum málum ef við viljum gæta þjóðarhagsmuna.

Mér sýnist einnig í ljósi þess sem verið hefur að gerast í heiminum á undanförnum árum og misserum að ríki heimsins herði enn meira utanumhald sitt um innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi sinnar þjóðar. Það sama á við um Ísland sem betur fer. Þörf er á hugarfarsbreytingu embættismanna og líklega aukinn starfskraft við tollaframkvæmd og tollaeftirlit, það hafa dæmin sýnt.“



ÞAÐ ER ÓÞARFI AÐ BÍÐA ALLT ÁRIÐ EFTIR SVÖRTUM FÖSTUDEGI
ÞAKKARGJÖRÐARHÁTÍÐ EÐA CYBER MONDAY



VALLARBRAUT.IS
SOLIS.IS

VALLARBRAUT

HJÁ VALLARBRAUT ER ALLTAF GOTT VERÐ
VALLARBRAUT.IS S-4540050

MERLO

VERKFÆRI EHF • Þjónusta • Varahlutir

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður!

Merlo 40.13

- Vinnuþyngd: 9300 kg
- Hámarks lyftigeta: 4000 kg
- Hámarks lyftihæð: 12,5 m
- Lyftihæð með hámarks þyngd: 10,9 m
- Heildar lengd á gálga fram (Ekki upp): 8,74 m
- Hámarkshraði: 40 km á klst.
- Dempun á bómu BSS Merlo
- Joystick stýring á bómu.
- Fjórhjóladrif
- Fjórhjólastýri
- LED ljós á bómu
- LED blikkljós
- ofl

Væntanlegir til landsins!

Merlo 72.10

- Vinnuþyngd: 11300 kg
- Hámarks lyftigeta: 7200 kg
- Hámarks lyftihæð: 9,6 m
- Lyftihæð með hámarks þyngd: 6,6 m
- Heildar lengd á gálga fram (Ekki upp): 5,2 m
- Hámarkshraði: 40 km á klst.
- Joystick stýring á bómu
- Fjórhjóladrif og fjórhjólastýri
- Bakkmyndavél
- 4 tonna dráttarkrókur
- Sæti með loftfjöðrun
- LED ljósabúnaður á húsi
- LED ljós á bómu
- LED blikkljós
- Gafflar
- Hraðtengi
- ofl.





vvv.is S. 544-4210 sale@verkfaeriehf.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

UMFJÖLLUN

Landbúnaður í Úkraínu:

Seiglan er ótrúleg

– Olga Trofimtseva ræddi um framtíðarþróun alþjóðamatvælakerfisins á Matvælaþingi



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Á Matvælaþingi fjallaði hin úkraínska Olga Trofimtseva um framtíðarþróun matvælakerfa heimsins. Hún ræddi við Bændablaðið um stöðu bænda og landbúnaðarframleiðslu í Úkraínu.

Olga er doktor í landbúnaðarvísindum og hefur sérhæft sig í landbúnaðar- og matvælastefnum. Hún er fyrrum landbúnaðarráðherra Úkraínu en þann titil bar hún árið 2019 í ríkisstjórn Petro Poroshenko. Hún hafði þá unnið með stjórnvöldum í nokkur ár, þar sem hún stýrði ýmsum verkefnum innan ráðuneytisins. Þegar Volodymyr Zelensky tók við forsetaembættinu var landbúnaðarráðuneytið sameinað efnahagsráðuneytinu og Olga hélt þá til annarra starfa.

Á Matvælaþingi vildi Olga beina sjónum að alþjóðlegu framleiðslukerfi landbúnaðar og hvernig skerpa ber á aðferðum og áherslum svo hægt sé að næra mannkyn á forsendum umhverfis og breyttrar heimsmyndar. Mikilvægt væri að ná jafnvægi milli seiglu og vaxtar, hagkvæmni og sjálfbærni.

Farsæll landbúnaður fyrir innrás

„Á meðan landbúnaður er einn af þeim geirum sem veldur loftslagsbreytingum er hann mjög viðkvæmur fyrir umhverfisáhrifum. Því eru hvers kyns aðgerðir í átt að meiri sjálfbærni í þágu bændanna sjálfra. Landbúnaðarstarfsemi er, eins og öll önnur viðskipti, miðuð að gróða. Bændur verða að geta haft eitthvað upp úr framleiðslu sinni til að geta fjárfest í framþróun, betri tækni og innviðum," segir Olga.

Hún nefnir að fyrir innrás hafi Úkraína verið suðupottur framsýnna aðferða í landbúnaði. Tækniframfarir voru miklar og aðlögun starfseminnar að loftslagsbreytingum voru örar.



Dr. Olga Trofimtseva var stödd hér á landi til að halda erindi á Matvælaþingi. Mynd / ghp



Kornsíló í borginni Mariupol eru eyðilögð. Myndir / Aðsendar

Landbúnaður ríkisins var í miklum blóma sem sýndi sig í sífellt auknum útflutningi á matvælum. Olgu telst til að 17-18% af landsframleiðslunni hafi flokkast sem landbúnaðar- og matvælaframleiðsla og að rúmlega 44% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar hafi komið til vegna útflutnings landbúnaðarvara. Heimsmarkaðsverð var hagstætt og uppskerur voru ríflegar síðustu ár.

Margir áttuðu sig ekki á því, fyrr en við innrásina, hversu mikilvægt framleiðsluland Úkraína er fyrir alþjóðlega matvælakerfið.

Landið er víðfeðmt; 200-1.000 hektara jarðir teljast til lítilla eða meðalstórra búa. Framleiðendur eru handhafar risastórra ræktunarlanda, t.d. er einn af stærstu kornframleiðendum landsins með um hálfa milljón hektara lands undir. Úkraína var enda stærsti framleiðandi sólblómafræja í heiminum, sjötti stærsti framleiðandi maís og byggs, sjöundi stærsti framleiðandi repju og í níunda sæti yfir stærstu framleiðenda hveitis og sojabauna í heiminum.

Viðurnefnið „brauðkarfa Evrópu" var því engin tilviljun, þó lítill hluti kornsins hafi farið á Evópumarkað. Árið 2021 nam kornútflutningur Úkraínu næstum 12 milljörðum bandaríkjadala. Mest fór kornið til Austurlanda fjær og Norður-Afríku og því treysta mörg af fátækari ríkjum heims á korn frá Úkraínu.

Saga landbúnaðar í Úkraínu var farsæl – en það breyttist allt þann 24. febrúar sl.

Skilja eftir sig sviðna jörð


„Veruleiki bænda og staða landbúnaðar í Úkraínu í dag er hörmuleg," segir Olga.

Mikil eyðilegging blasir við á landbúnaðarsvæðum í suður- og austurhluta landsins. Skepnur eru dauðar, húsnæði ónýtt og akrar brunarústir. Hún nefnir sérstaklega svæði kringum hernumdu borgina Kherson, sem var nýlega frelsuð eftir að hafa verið undir stjórn Rússa frá fyrstu viku innrásar.

Vatnsveitur og öll orkukerfi svæðisins eru eyðilögð og engin getur starfrækt framleiðslufyrirtæki án rafmagns. Eitt stærsta alifuglabú í Suður-Úkraínu var staðsett í héraðinu. Þar voru um fjórar milljónir fugla. Þegar Rússar tóku yfir svæðið rufu þeir rafmagn að búinu og hafa síðan ekkert gert. Allir fuglarnir hafa líklega drepist á innan við 48 tímum án rafmagns, loftræsingar og ljóss. Hræ fjögurra milljón fugla hafa því legið þarna síðan þá og Olga segir aðkomuna hafa verið hörmulega, hún talar um vistfræðilegt stórslys.

Hún segir að í dag sé beint tjón landbúnaðarins vegna innrásarinnar metið á um 6,6 milljarða bandaríkjadala en að óbeint tjón nemi 34 milljörðum dala, samkvæmt útreikningum Kyiv School of Economics.

Ljóst er að framleiðslukerfi landsins verður takmarkað um ókomna tíð. Hvergi er nú fleiri jarðsprengjur að finna en í Úkraínu, sem gera víðáttumikil jarðræktarsvæði óstarfhæf. Skepnur hafa verið skotnar á færi að ástæðulausu, vélar og tæki teknar ófrjálsri hendi og mannvirki eyðilögð. Styrkjagreiðslur til landbúnaðarframleiðslu eru aflagðar, enda fara öll fjárlög ríkisins



Hér liggja kýr í valnum eftir tilefnislausa árás á kúabú.

Lífræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Kornakrar brenna, Rússar hafa skilið eftir sig sviðna jörð í Úkraínu.

í stríðsrekstur. Allmargir bændur hafa þegar lagt upp laupana eftir hörmulegt ár, rekstrarreikningarnir eru logandi rauðir þar sem ekki fékkst verð sem samsvaraði framleiðslukostnaði. Margir bændur sjái því lítinn tilgang í að leggja út fyrir næsta ræktunarári. Við það brestur fæðuöryggi þjóðarinnar.

Fleiri valkostir styrkja framleiðslukerfi

Olgu er tíðrætt um seiglu. Til þess að öðlast meiri viðnámsþrótt er mál að búa til fleiri tengingar. Hún talar um framleiðslukerfi í því samhengi. Augljóst sé að það veiki kerfi að láta öll eggin í sömu körfuna. Gæta þurfi að fjölbreytni, til dæmis að treysta ekki aðeins á eina flutningsleið eða einn einangraðan markað.

„Strax árið 2014, þegar átök brutust út á Krímskaga, þá blasti við okkur hversu háð Úkraína var Rússlandi. Við treystum alveg á að geta flutt þangað vörur. Við áttuðum okkur á því að við þyrftum að finna fleiri markaði, til að styrkja kerfið.“

Nú þegar hriktir í framleiðslukerfum víða um heim koma veikleikar þeirra í ljós. Hægt sé að brýna kerfi betur nú með því að auka fjölbreytni aðfangaleiða.

Starfandi í ógninni

Olga er nú búsett í Berlín ásamt tíu ára dóttur sinni. Foreldrar hennar, mörg ættmenni og vinir eru enn heima við og flýgur hún reglulega til Kyiv. Olga kemur frá Sumy héraðinu, í norðausturhluta landsins, nálægt landamærum Rússlands þar sem foreldrar hennar búa.

Hún segir að þrátt fyrir að svæðið sé ekki í hringiðu átaka eigi stórskotalið það til að ganga berserksgang á búum, drepa búfé og eyðileggja vélar og húsnæði.

Þó ótrúlegt megi virðast halda þó bændur áfram að yrkja jörð sína og sinna skepnum og störfum sínum. Um leið og tilkynningar berast um mögulega aðsteðjandi hættu er leitað skjóls, en að öðru leyti heldur fólk áfram sínum daglegu störfum.

Þó stríðið eyðileggi inniviði og setji efnahaginn í rúst er seiglan ótrúleg, segir Olga. Þó höktandi séu og á minni skala halda framleiðslukerfin áfram að starfa. □



Hvergi annars staðar á jörðinni er nú fleiri jarðsprengjur að finna en í Úkraínu sem gera víðáttumikil jarðræktarsvæði óstarfhæf. Þær hafa grandað mörgum landbúnaðarvélum og orðið mönnum að aldurtila.







UTAN ÚR HEIMI

Svíþjóð:

Hvattir til að skipta úr lífrænni í hefðbundna framleiðslu

Stjórn sænska mjólkurafurðafélagsins Norrmejerier hefur hvatt lífræna bændur til að skipta yfir í hefðbundna mjólkurframleiðslu.

Hin dönsku Mjólkurtíðindi greina frá því að neysla á staðbundnum vörum hafi aukist á kostnað lífrænnar framleiðslu. Þar með sé framboð á lífrænni mjólk nú meira en eftirspurnin.

Haft er eftir Göran Olofsson, stjórnarformanns Norrmejerier, að fyrirtækið ætli að takmarka innlegg lífrænnar mjólkur, sem hefur þó verið að dragast saman á árinu.

Mjólkurfyrirtæki greiða venjulega álag fyrir lífrænt innlegg en Norrmejerier hefur að undanförnu verið að selja þá lífrænu sem hefðbundna mjólk. Því sé félagið að hvetja bændur til að skipta yfir í hefðbundna framleiðslu.



Hjá Norrmejerier í Svíþjóð er framboð á lífrænni mjólk meira en eftirspurnin. Mynd / Teo Do Rio

Norrmejerier er þriðja stærsta mjólkurafurðafélagið í Svíþjóð. Tæplega 50 af 330 mjólkurbirgjum félagsins framleiða lífræna mjólk að því er fram kemur í fregn Mælkeri tidende. */ghp*

Orkideur frá Putalandi

Met í plöntuheiminum geta verið margs konar. Hæsta tréð, stærsta blómið og elsta pottaplantan.

Minnsta orkidean sem vitað er um í dag er af ættkvíslinni *Campylocentrum* og finnst í regnskógum Brasilíu.

Þessi míniatúr orkidea fannst árið 2015 og fékk tegundarheitið *insulata*. Blóm orkideunnar mælist í fullum blóma 0,5 millimetrar og því einungis hægt að skoða það í smásjá.

Reyndar var það svo að fyrst eftir að blómið fannst sýndist mönnum það vera sveppur.

Önnur smá-orkidea af ættkvíslinni *Lepanthes* var lengi vel talin sú minnsta og er upprunnin í regnskógum fjallanna í Gvatemala og vex þar sem ásæta á laufi plantna. Blóm hennar eru litlu stærri en blómin á *C. insulare* en þó nóg til að sannfæra flokkunarfræðinga að sú seinni sé minni. Áður en *Lepanthes* tegundin fannst taldist *Platystele jungermannioides* vera minnsta orkidean. Í dag er hún tiltölulega stór miðað við núverandi miníatúr methafa. Plantan vex sem ásæta á rótum stærri tegundum orkidea og finnst í þokuskógum Ekvador.



Blóm *Campylocentrum insulare* eru innan við 0,5 millimetrar að þvermáli. Mynd / Revistapesquisa

Blóm *P. jungermannioides* mælist um tveir millimetrar í fullum blóma og því fjórum sinnum stærra en blóm *C. insulare*. */VH*



Jaap ten Have (t.v.) og Orsolya Krupp (t.h.), fulltrúar Kuhn, komu til Íslands fyrir skemmstu. Bændablaðið ræddi við þau um framleiðslu landbúnaðartækja í því flókna umhverfi sem markaðurinn glímir við núna. Mynd / ÁL

Landbúnaðartæki:

Framleiðsla á krefjandi tímum

Fyrir skemmstu komu tveir fulltrúar frá landbúnaðartækjaframleiðandanum Kuhn í heimsókn til Vélfangs sem fer með umboðið á Íslandi, í fyrsta sinn eftir að heimsfaraldrinum lauk.

Annar þeirra, Jaap ten Have, er útflutningsstjóri fyrir verksmiðju Kuhn í Gelderop í Hollandi, en Orsolya Krupp er svæðisstjóri fyrirtækisins í nokkrum löndum, þ.m.t. Íslandi. Þau segja að undanförnum misserum hafi fylgt ýmsar áskoranir við framleiðslu og sölu á vélum.

Kuhn er með tólf verksmiðjur og sérhæfir hver og ein sig í framleiðslu ákveðinna landbúnaðartækja. Áðurnefnd starfsstöð í Hollandi framleiðir m.a. rúllu- og pökkunarvélar. Þessar fabrikkur eru allar með útflutningsstjóra eins og Jaap, sem eru sérfræðingar í þeim vörum sem framleiddar eru á hverjum stað. Flestar verksmiðjur fyrirtækisins eru í Evrópu, en einnig er Kuhn með framleiðslu í Brasilíu og Norður-Ameríku.

Eins og áður segir er Orsolya svæðisstjóri, með höfuðstöðvar í Saverne í Frakklandi. Hún fylgist með mörkuðum og sölunni í þeim löndum sem hún sér um og vinnur náið með útflutningsstjórum eins og Jaap. Að auki við að hafa Ísland á sinni könnu, er hún fulltrúi Kuhn í Finnlandi, Svíþjóð, Sviss, Lúxemborg, Slóvakíu og Tékklandi.

Ókláraðar vélar söfnuðust upp

Helstu áskoranir síðustu ára voru áföll eins og heimsfaraldur, stríð og hækkandi orkuverð. Jaap segir að helstu örðugleikar verksmiðjunnar Gelderop hafi verið skert aðgengi að íhlutum. Starfseminni var allan tímann haldið gangandi og söfnuðust því upp birgðir af tækjum sem ekki var hægt að leggja lokahönd á. Þegar nauðsynlegir partar bárust þurfti að sækja ókláruðu vélarnar og flytja aftur inn í verksmiðjuna sem hafi flækt alla ferla.

Birgðahald var mjög flókið því sumir íhlutir héldu áfram að berast og því varð mikið ójafnvægi í lagerstöðu. Í venjulegu árferði forðast verksmiðjan að safna upp stórum lager af íhlutum, heldur eru pantanir skipulagðar þannig að hlutirnir komi um það leyti sem þeirra er þörf. Nú er ástandið orðið þannig að suma hluti þarf að panta með árs fyrirvara og verst sé ástandið á rafeinda- og tölvuhlutum.

Jaap gerir ráð fyrir að ekki muni leysast úr þessum flækjum næsta árið, en vonar að birti til eftir það. Allt þetta gerði það að verkum að fyrirtækið gat ekki staðið við afhendingartíma og fullnægt eftirspurn, sem þrátt fyrir allt var mjög mikil.

Verksmiðjur elta ekki orkuverð

Nú hefur orkuverð í Evrópu risið upp úr öllu valdi og segir Orsolya að verksmiðjan í Saverne hafi fundið fyrir því. Þar eru þrír bræðslukatlar sem þurfa jafnmikla orku og 10.000 íbúar borgarinnar. Þar sem verksmiðjur fyrirtækisins séu mjög sérhæfðar í því sem þær gera er ekki hlaupið að því að flytja framleiðsluna þangað sem orkuverð er lægra. Fyrirtækið hefur því þurft að aðlaga sig breyttu umhverfi. Vegna þess hversu stór hluti framleiðslukostnaðarins orkuverðið er, er stöðugt verið að leita leiða til að spara afl.

Kostnaður við gámaflutninga hefur aukist gífurlega og dregið hefur úr áreiðanleika. Orsolya segir að áður hafi verksmiðjurnar getað pantað tíu flutningavagna með skömmum fyrirvara og gengið að því vísu að minnst átta kæmu á tilsettum tíma. Nú sé ástandið hins vegar þannig að af tíu trukkum er ekki hægt að reikna með að fleiri en þrír komi þegar þeirra er von. Þannig að jafnvel þó svo að verksmiðjan sé tilbúin með sínar vörur, þá nær hún ekki að koma varningnum frá sér.

Jaap nefnir í þessu samhengi að flutningur á venjulegum gámi frá Hollandi til Ástralíu hafi kostað nærri 3.000 evrum áður – nú er verðið komið upp í 10.000 evrur.

Í september á síðasta ári var búið að fylla pöntunarbækur margra verksmiðja fyrir allt árið í ár. Núna eru pöntunarbækur næsta árs ekki fullar, en þau gera ráð fyrir að það gerist fljótlega. Mikilvægt sé því fyrir bændur að hugsa fram í tímann og panta tímanlega. „Ef þú ert búinn að missa af skipinu, þá kemur það næsta ekki fyrr en á næsta ári," segir Jaap.

Aðspurð um hvernig þau sjái þróun landbúnaðartækja á næstu árum fyrir sér segja þau að markaðurinn sækist eftir auknum afköstum. Í þessu dæmi nefnir Jaap sölu dráttarvéla. Þróunin þar hefur verið sú að aflið eykst stöðugt. Hins vegar þegar horft er yfir heildarfjölda þeirra hestafla sem eru í notkun, þá helst það nokkuð stöðugt. Með öðrum orðum þá eru færri traktorar sem sinna sömu afköstum og áður. */ÁL*




Evrópa:

Erfitt uppdráttar hjá hunangsframleiðendum

Hunangsframleiðendur í Evrópu horfðu fram á sögulega lélegt framleiðsluár í fyrra og nú lítur út fyrir að árið í ár muni litast af miklum andstæðum í álfunni.

Í Norður-Evrópu var framleiðsla yfir meðallagi góð á meðan suðurhluti álfunnar, þar sem mesta framleiðslan á sér stað í venjulegu ári, varð fyrir alvarlegum þurrkum, svo framleiðsla þar var allt að 80% minni en í meðalári.

Síðastliðið sumar í Norður-Evrópu einkenndist af blómstrandi vori með nægri nektarframleiðslu þar sem rigndi reglulega á meðan Suður-Evrópa glímdi við eina verstu þurrka í áratugi sem hafði áhrif á getu býflugnanna til að framleiða hunang. Enn fremur hefur orkukreppan og almenn verðbólga haft alvarlegar afleiðingar á afkomu evrópskra býflugnaræktenda svo margir hverjir óttast um framtíðarstöðu greinarinnar. Sem dæmi má nefna hækkun á verði umbúða, þar með talið á glerkrukkum, sem hefur verið á bilinu 15-60% eftir löndum, eldsneyti upp undir 40% hækkun, rafmagn á bilinu 50-150% hækkun ásamt fóðri fyrir býflugur, sem hefur hækkað um allt að 70%. Með hliðsjón af því að birgðir hunangs frá 2021 til 2022 hafa verið mjög litlar og eftirspurn haldist stöðug þá sýnir núverandi staða nokkurt ósamræmi á evrópskum markaði.



Hunangsframleiðendur í Evrópusambandinu framleiða um 60% af því sem neytt er í álfunni.
Mynd / Aaron Burden

Krefjast aðgerða

Stanislav Jaš, formaður vinnuhópsins Hunang, hjá Evrópusamtökum bænda, Copa Cogeca, vakti máls á vandanum á dögunum og lét eftirfarandi ummæli falla:

„Evrópskir býflugnaræktendur eru að ganga í gegnum mjög mikilvægt tímabil. Ég hef á tilfinningunni að ég sé að endurtaka mig ár eftir ár en sjálfbærni evrópskrar framleiðslu og nauðsynleg frjóvgunarþjónusta er í húfi. Við erum að missa framleiðslumöguleika á mörgum lykilsvæðum í Evrópu, aðallega vegna loftslagsbreytinga og efnahagsástands sem ógnar hagkvæmni býflugnaræktar alls staðar í ESB. Meira en nokkru sinni fyrr verðum við að sjá gagnsæi á hunangsmarkaði. Í samræmi við víðtæka stefnumótun um sjálfbærni samkvæmt evrópska græna samningnum, eins og Farm to Fork-stefnunni, getur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ásamt evrópskum höfuðborgum, komið á fót áþreifanlegum verkfærum og aðferðum sem gætu hjálpað bæði framleiðendum og neytendum. Við biðjum um raunverulegar aðgerðir!“

Fleiri bú en minni framleiðsla

Vegna stöðunnar hefur Copa Cogeca ítrekað ákall sitt um endurskoðun á hunangstilskipun ESB, sem á meðal annars að styrkja upprunamerkingar ásamt því að bæta reglur um rekjanleika til að berjast gegn viðskiptum með falsað hunang. Nauðsynlegt þykir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggi til lagabreytingar og eftirlitskerfi sem styður við afkomu hunangsframleiðenda, tryggi aðgang neytenda að ósviknum og vönduðum mat og geri aðildarríkjunum kleift að berjast gegn svikum.

Hunangsframleiðendur í Evrópusambandinu framleiða um 60% af því sem neytt er í álfunni. Samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), dróst framleiðslan í ESB saman um 16% milli áranna 2015-2020 en fjöldi býflugnabúa jókst um 16% á sama tíma. Frá árunum 2016-2021 hefur innflutningur á hunangi frá Kína til ESB verið stöðugur en á sama tíma hefur meðalinnflutningsverð lækkað um 21%. Hins vegar hefur innflutningur frá Úkraínu aukist á sama tíma um 47% og er núverandi meðalverð á evrópsku hunangi sem selt er í lausu á bilinu 3-5 evrur á kílóið. */ehg*



SERES 3 kemur vel útbúinn.
Verð kr. 5.350.000

RAG
import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“



Eitt verð fyrir alla pakka undir 45 kg að þyngd og 50×50×50 cm að stærð **– aðeins 1.500 kr.** Það sama gildir um jólamatinn, við erum sérfræðingar í flutningi á kæli- og frystivöru.

Skráðu þína sendingu á eimskip.is

Það er einfaldast og fljótlegast að skrá sendinguna á eimskip.is áður en þú kemur með pakkann til okkar. Þú færð svo tilkynningar um stöðu sendingarinnar beint í símann.

EIMSKIP



LÍF & STARF

Kúabúskapur:

Vörður drottningar í Landeyjum

– Vinnumaðurinn í Stóru-Hildisey stóð áður heiðursvörð um Bretlandsdrottningu en hefur snúið sér að landbúnaðarstörfum

Jack William Bradley ólst upp skammt frá Derby í Englandi og stefndi á feril í hernum. Heilsubrestur kom í veg fyrir frama á því sviði, en fyrrverandi kærasta kynnti hann fyrir kúm og hefur hann fundið sína hillu. Jack stundaði háskólanám í landbúnaðarfræðum og hefur alþjóðlega reynslu af bústörfum. Hann hefur komið með margar nýjar hugmyndir sem miða að betri velferð og hærri nyt kúa.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Jack kom fyrst til Íslands í desember 2019. Skömmu áður hafði hann auglýst eftir starfi á kúabúi í gegnum heimasíðuna 4xtrahands.com og var ekki með Ísland í huga. Jónatan Magnússon, sem þá var bóndi á Hóli í Önundarfirði, setti sig í samband við Jack mjög fljótlega eftir að auglýsingin birtist. Það kom flatt upp á hann að kúabóndi frá landi sem hann vissi ekkert um væri að bjóða honum vinnu – fyrsta hugsunin var sú að þetta væri einhver frá verslunarkeðjunni Iceland.

Eftir fyrstu komu Jack til landsins gaf hann sér þrjár vikur til að meta hvort hann vildi starfa hjá þeim til frambúðar. Sú reynsla gaf góða raun og flaug hann aftur heim til Bretlands að þeim tíma liðnum til að undirbúa flutninga. Hann sneri svo aftur akandi frá Derby í Önundarfjörðinn í byrjun árs 2020 og hefur verið hér síðan – fyrst á Vestfjörðum og núna á nýju heimili húsbænda sinna í Landeyjum.

Engin hefð er fyrir notkun vetrardekkja á heimaslóðum Jack og því reyndist bílferðin torsótt. Á leiðinni vestur keyrði hann suðurleiðina með viðkomu í Reykjavík. Þegar kom að akstrinum til Önundarfjarðar að sunnan var hann átján tíma á leiðinni – ferðalag sem tekur alla jafna fimm til sex tíma. Jack tók snjókeðjur með sér sem létu undan þegar nokkrar heiðar voru eftir. Snjóbylur gerði það að verkum að hann sá hvorki til hafs né fjalla og áttaði sig ekki á því hvar hann væri. Ekki fyrr en ári síðar fékk hann tækifæri til að sjá umhverfi leiðarinnar.

Þungur vetur og Covid

Þegar að Hóli var komið gerðist þungur vetur og því gáfust engin tækifæri til ferðalaga. Þegar leið að vori skall á heimsfaraldur og því var Jack bundinn á bænum meira og minna í tvö ár. Hann segist hafa verið heppinn að vera á Íslandi á meðan sóttin gekk yfir, þar sem sóttvarnaraðgerðir voru mildari hér en víðast annars staðar, en hins vegar reyndist erfitt að geta ekki stundað félagslíf, nema að mjög takmörkuðu leyti. Þegar tækifæri gafst lagði Jack sig fram við að kynnast fólkinu fyrir vestan, og er hann þakklátur fyrir hversu vel var tekið á móti honum.

Hann segir nokkurn menningarmun milli Íslendinga og Breta og þegar hann náði að sætta sig við það fór hann virkilega að njóta sín. Í samanburði við það sem hann er vanur er andrúmsloftið hér mun afslappaðra. „Hér er allt gert á morgun eða hinn, á meðan í Englandi eru hlutirnir afgreiddir strax," segir Jack.

Elti kærustuna í fjósið

Fyrstu kynni Jack af landbúnaðarstörfum voru í gegnum þáverandi kærustu hans. Hún var búsett á kúabúi ásamt foreldrum sínum og faðir hennar fór fram á að Jack kæmi í mjaltir ef hann ætlaði að eiga í sambandi við dótturina. Þarna var Jack orðinn 22 ára og hefur landbúnaður farið með stórt hlutverk í lífi hans þau níu ár sem eru síðan þá – þó svo að áðurnefnd kærasta sé orðin fyrrverandi.

Staða nýliðunar í breskum landbúnaði er samkvæmt Jack þannig að annaðhvort fæðist fólk inn í bændafjölskyldu eða endar í búskap fyrir slysni. Þó hann langi til að fara í búskap á heimaslóðunum, býst hann ekki við því að það gangi eftir. Ólíkt Íslandi þá eru bújarðir ekki seldar í heilu lagi í Bretlandi, því þyrftu nýliðar að kaupa jörðina og búpeninginn hvort í sínu lagi, sem flækir alla fjármögnun.

Aðspurður segist hann gjarnan vilja hefja búskap hér á landi.

Síðasta kúabúið sem Jack vann á áður en hann kom til Íslands er það stærsta á Bretlandseyjum, eða með 2.400 kýr. Á því búi voru framleiddir á hverjum degi 85.000 lítrar af mjólk, en til samanburðar er meðalstærð íslenskra kúabúa, haustið 2022, 52 kýr og innlögð mjólk að meðaltali 292.400 lítrar á ári. Þar sá hann um uppeldi og aðbúnað kálfanna, meðfram því sem hann var í fullu námi í hjarðstjórnun mjólkurkúa (e. dairy heard management).

Háskólanámið bætti litlu við

Árið 2019 var Jack á þriðja ári við Háskólann í Chester. Áður en hann fór í háskólann hafði hann farið á námskeið annars vegar í kúasæðingum og hins vegar í klaufsnyrtingu. Einnig var hann búinn að klára diplómu í landbúnaðarfræðum. Hann segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með námið þar sem hann lærði ekki margt nýtt með alla þá reynslu og menntun sem hann var þegar kominn með.

Á næsta ári stefnir hann að því að ná sér í réttindi til að fangskoða kýr og hryssur. Með því vonast hann til að geta skapað sér aukavinnu við það, ásamt klaufsnyrtingu og sæðingum. Á meðan hann var fyrir vestan leysti hann oft af sæðingamanninn á svæðinu.



Jack Willam Bradley vissi lítið um Ísland áður en hann kom hingað í lok árs 2019. Hann kann mjög vel við sig sem vinnumaður í Litlu-Hildisey. Áður en hann gerðist landbúnaðarverkamaður stefndi hann á starfsframa í breska hernum. Mynd / ÁL

Umfangsmikið stuðningsnet breskra bænda

Stuðningsnetið og ráðgjafaþjónustan sem breskum bændum býðst er mun stærri en hér á Íslandi og er landbúnaður í Bretlandi mjög framarlega þegar kemur að aðbúnaði og velferð gripa.

Þar í landi eru mismunandi sérfræðingar á hverju sviði og aðgangur að þeim góður, á meðan Jack segir að á Íslandi séu örfáir ráðgjafar sem þurfa að sinna fleiri sviðum en þeir hafa sérþekkingu í.

Íslenskir bændur sem glíma við hin og þessi vandamál á sínum búum enda því oft á að lifa með því og venjast erfiðleikunum alla sína búskapartíð.

Í Bretlandi tíðkast það sem Jack kallar „bændafundir" þar sem teymi sérfræðinga kemur á fund bóndans og greinir stöðuna nokkrum sinnum á ári. Þetta eru þá héraðsdýralæknir, fóðurfræðingur og fleiri.

Bændur ættu að sæða sjálfir

Eitt sem Jack nefnir í þessu samhengi er klaufsnyrting. Þeir sem bjóða upp á slíka þjónustu eru fáir sem þýðir að langur tími líður á milli heimsókna. Því er ekki hægt að bregðast við vandamálunum um leið og þau koma. Jack segir að fleiri bændur ættu að sameinast um að eiga klaufskurðarbás og fleiri ættu að kunna handbragðið. Hann er líka gagnrýninn á að dýralæknar séu of fáir og að þeim séu ætluð verkefni sem auðvelt væri fyrir aðra að leysa.

Í Bretlandi tíðkast að bændur sæði kýrnar sjálfir, í staðinn fyrir að panta sæðingamann. Þar er allur þar til gerður búnaður á búunum, sæði geymt í frysti og bændur fara á þar til gerð námskeið. Jack segir að miklu betra væri ef íslenskum bændum væri gefinn valkostur á því sama, sem myndi auka fanghlutfall til muna. Hann hefur oft orðið vitni að því að pantaður hafi verið sæðingamaður þegar kýrin er yxna, en vegna mikilla anna kemur hann oft of seint og þá er hámark egglossins liðið.

Æskuslóðirnar

Jack lýsir heimaslóðum sínum þannig að tækifæri ungs fólks séu afar fá. „Ýmist kemur þú þér í burtu, lendir í óreglu eða ferð í fangelsi," segir hann um Burton upon Trent, sem er skammt suðvestan af Derby. Á árum áður var borgin miðstöð bjórframleiðslu á Englandi með mörg stærstu brugghús landsins. Undanfarna áratugi hefur brugghúsunum bæði fækkað og störfin horfið vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar.


Nú eru helstu vinnuveitendur borgarinnar stór vöruhús í eigu verslunarkeðja og netverslana, enda er Bruton upon Trent staðsett í miðju Englands. Einnig eru nokkrar verksmiðjur í nágrenninu, eins og frá JCB og Toyota.

Sá tækifæri í hernum

Þar af leiðandi sá hann tækifæri til að skapa sér starfsferil og komast í burtu með því að skrá sig í herinn. Afi Jacks, sem hann leit mjög upp til, var hermaður í seinni heimsstyrjöldinni og langaði Jack frá unga aldri að feta í fótspor hans.

Um leið og Jack var orðinn fimmtán ára, sem er aldurslágmarkið





Draumur Jack var að gerast atvinnuhermaður. Hann stundaði herþjálfun í nokkur ár, en þurfti frá að hverfa vegna heilsubrests. Mynd / Úr einkasafni



Þegar Jack flutti vestur á firði ók hann bíl sínum frá Bretlandi. Síðasti kafli leiðarinnar var þrautarganga þar sem hann var á sumardekkjum í snjóbyl. Mynd / Úr einkasafni

til að skrá sig í herþjálfun, lagði hann fram sína fyrstu umsókn. Við heilsufarsskoðun kom á daginn að hann glímdi við óreglulegan hjartslátt og var honum ekki hleypt inn fyrr en hann var orðinn sautján ára. Eftir fyrstu sex mánuðina sleit hann liðband í hné og þurfti frá að hverfa.

Á 21. aldursári gerði hann aðra tilraun við herinn og var hleypt inn. Eftir eins og hálfs árs herþjálfun fótbraut hann sig og var hann aftur leystur frá störfum. Árið 2016, þegar Jack var á 25. aldursári, gerði hann enn aðra tilraun, en eftir að hafa greinst með síþreytu var honum sagt upp enn einu sinni. Ákvað hann því að láta gott heita og stefna á starfsferil innan landbúnaðargeirans, eftir samtals þrjú og hálft ár í hernum.

Jack segir að full herþjónusta sé 20 ár, og hefði hann viljað stefna þangað. Að þjónustu lokinni býðst hermönnum að fara á eftirlaun frá ríkinu, en hins vegar er mjög algengt að menn endist ekki svo lengi. Herþjónustu fylgir gífurlegt líkamlegt álag og því er sú staða sem Jack lenti í, að þurfa að hætta snemma vegna veikinda eða óhapps, alþekkt.

Umgekkst konungsfólk

Á þeim tíma sem Jack gegndi herþjónustu var hann einungis við þjálfun á Bretlandseyjunum. Ungum hermönnum er oft falið það hlutverk að standa heiðursvörð um konungsfjölskylduna samfara þjálfuninni – rauðklæddu hermennirnir með háu loðhattana. Hann hitti því drottninguna nokkrum sinnum og fjölskyldu hennar. „Þau eru hið yndislegasta fólk," segir Jack.

Aðspurður um hvernig það hafi verið að standa vörð um höllina þá segir Jack að á stundum hafi verið óþolandi að vera í raun ekkert annað en aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Aginn í herþjálfuninni sé mikilvægur til að gera mann kláran fyrir þetta starf. Þar er fyrirkomulagið þannig að ef upp kemst um fíflaskap, þá er hermönnum refsað með fjársektum eða með aukinni vinnuskyldu um helgar.

Þegar Elísabet var borin til grafar núna í haust þá var einn kistuberinn sá sem þjálfaði Jack sem nýliða í hernum.



Húsbændur Jack fluttu í sumar frá Hóli í Önundarfirði til Litlu-Hildiseyjar í Landeyjum. Mynd / ÁL

Stytti tíma í mjöltum

Í sumar fluttu húsbændur Jacks frá Hóli í Önundarfirði með allan sinn bústofn. Eftir flutningana stóðu mjaltirnar í Litlu-Hildisey í hvort mál yfir í fjóra tíma, enda mjög margar kýr á bænum. Þar kom reynsla og þekking Jack að góðum notum. Hann áttaði sig á því að kýrnar væru stressaðar og eftir mikla yfirlegu áttaði hann sig á að það væri vegna þess að þær fengu örlítið raflost þar sem vantaði jarðtengingu.

Kýrnar voru líka settar í tvær hjarðir – önnur með hánytja kúm og hin með lágnytja. Með því að þurfa ekki að bíða eftir að hámjólka kýrnar klára á meðan lágnytja eru löngu búnar, sparast nokkrar mínútur í hverjum umgangi í gegnum mjaltabásinn. Þar sem umferðirnar eru 30, þá munar strax um hvert smáatriði.

Þegar jarðsambandið var komið í lag og hópunum var skipt eftir nyt náðist að stytta tímann sem fór í að mjólka 125 kýr niður í tvo tíma og 40 mínútur í hvort mál.



Jack segir íslensku kýrnar einstaklega harðgerðar. Hann hefur kynnst nokkrum kúakynjum og segir það íslenska búa yfir miklum möguleikum. Mynd / ÁL

Kom í veg fyrir júgurbólgu

Við mjaltir voru notaðar blautar tuskur til að þrífa spenana, sem er viðtekin venja. Jack var fljótur að benda á að með því væri mikil smithætta þar sem bakteríur lifa vel í röku umhverfi. Í staðinn lagði hann til að fyrir mjaltir væri þar til gerðu efni úðað á spenana sem væri svo hreinsað í burtu með þurrum klút. Fyrir þessar breytingar var júgurbólga tíð en er nánast horfin núna.

Einu sinni var Jack að fylgjast með háttalagi kúanna og sá að þær voru tregar til að drekka vatn úr vatnstroginu. Hann skoðaði þá trogið og sá að það var farið að ryðga, en það gefur vatninu vont bragð. Um leið og sett var nýtt vatnstrog jókst ágangurinn í vökva og nytin jukust í kjölfarið.

Einnig hefur Jack lagt áherslu á að kálfar hafi aðgang að vatni, en vömbin þroskast betur ef þeir drekka ekki einungis mjólk. Hann segir algengt að fólk láti mjólkina duga, enda er hún vökvi, en það sé ekki besta aðferðin. Fyrir Jack skipta fyrstu stundirnar í lífi kálfsins mjög miklu máli ef ætlunin er að gera hann að góðri mjólkurkú.

Jack er mikill talsmaður notkunar á forðastautum og eftir að hann fékk húsbónda sinn til að nota þá í meira mæli hefur tíðni doða og súrdoða minnkað.

Nýliðun forsenda framfara

Jack segir að þar sem nýliðun hér á landi gangi treglega komi nýjar hugmyndir og nálganir ekki eins hratt í greinina og æskilegt sé. Hann er ekki með nákvæma tölfræði á hreinu, en telur að meðalaldur kúabænda í Bretlandi sé undir 40. Hann er ánægður með Jónatan, sem er opinn fyrir nýjum hugmyndum frá Jack, sem getur svo útskýrt af hverju betra er að gera hlutina á hinn eða þennan hátt vegna sinnar menntunar og reynslu.

Íslenskar kýr frábærar

Jack segir að íslenska kúakynið sé mjög gott í samanburði við það sem hann hefur kynnst í Bretlandi og Nýja-Sjálandi. Þær eru einstaklega harðgerðar, með gott heilbrigði og nytin alls ekki til að kvarta yfir. Hann hefur heyrt af umræðunni um að flytja inn erlend kúakyn, en hann telur að lítið ávinnist með því. Frekar ætti að flytja inn þekkingu og leggja orku í bættan aðbúnað og fóðrun.

„Kýr er ekki bara kýr! Þér verður að vera eins umhugað um hana og hægt er. Þú vilt ekki gera neitt til að koma henni úr jafnvægi, heldur viltu stuðla að því að hún verði eins hamingjusöm og hægt er," segir Jack, en samkvæmt honum mjólka hamingjusömustu kýrnar best. Lífsgleði kúnna hefur áhrif á sálarlíf bóndans og öfugt – vansælar kýr þýða vansælir bændur.

Kjörhitastig kúa eru tvær til þrjár gráður. Lægsta hitastig sem þær þola eru mínus 17 gráður og það hæsta 17 gráður yfir frostmarki. Jack hefur hvatt húsbónda sinn til að vera með geldkýrnar eins mikið úti og hægt er. „Þetta eru í grunninn villt dýr – þær fara í vetrarfeld og þú getur haft þær úti svo lengi sem þær komast í nóg af fóðri og vatni."

Mjaltaþjónar út af þjóðarsálinni

Áður en Jack kom til Íslands taldi hann að kýrnar sem hann hafði umgengist á Nýja-Sjálandi væru þær hamingjusömustu í heiminum, þar sem þær eru alltaf utandyra. Síðan kom hann hingað og sá að íslenskar mjólkurkýr í fjósum með mjaltaþjónum eru líklegast þær lukkulegustu sem hann hefur séð. Með því að geta stjórnað sinni rútínu sjálfar eru þær eins og blómi í eggi.

Kýrnar hjá Jónatan leika við hvurn sinn fingur, enda eru alls engin þrengsli á þeim, alltaf nægt fóður og þær stjórna því sjálfar hvenær þær fara í mjaltir. Á Hóli í Önundarfirði voru mjaltaþjónar og var verið að vinna við uppsetningu þeirra í Litlu-Hildisey þegar Bændablaðið bar að garði.

Í Bretlandi eru mjaltaþjónar ekki með eins mikla dreifingu og hér á Íslandi. Jack er með þá kenningu að munur í þjóðarsál þessara tveggja þjóða skýri þennan mun.

„Íslendingar virðast vilja gera auðvelt fyrir sér – fjölskyldan skiptir miklu máli og þeir meta gott jafnvægi milli vinnu og heimilis. Í Bretlandi er þér sagt að þú eigir að vinna mjög mikið allt þitt líf – ef ekki, þá ertu einskis virði. Núna kann ég að meta íslenska lifnaðarháttinn vegna þess að hann er þægilegri – mjaltaþjónarnir minnka vinnuálagið," segir Jack.



LÍF & STARF

Hrafninn – þjóðin, sagan, þjóðtrúin:

Einstakur karakter og bráðgreindur

Hrafninn eftir séra Sigurð Ægisson er ein af áhugaverðari bókunum sem komið hafa út á þessu ári. Í bókinni rekur höfundur sögur af hrafninum með þjóðinni allt frá því að hann leiddi Flóka Vilgerðarson upp að Íslandsströndum.

Sigurður segir að svo langt sem hann muni hafi hann haft áhuga á fuglum og í seinni tíð þjóðfræði þeim tengdri og ekki síst hrafninum, sem hefur fylgt þjóðinni allt frá landnámi og jafnvel fyrr. „Ég hef lengi haft áhuga á krumma, því mér hefur alltaf fundist hann bera af öðrum fuglum að svo mörgu leyti. Einstakur karakter og bráðgreindur.

Jón, bróðir minn, og vinir hans voru með nokkra hrafnsunga í haldi á Siglufirði þegar ég var krakki og þá komst ég nær þeim og fékk að kynnast þeim betur en úr fjarlægð. Það var eftirminnilegt og kveikti í raun það bál sem síðan hefur logað í hjarta mínu fyrir þessum einstaka fugli og ég hef í mörg ár gefið hröfnum reglulega yfir vetrartímann.“



„Hvort ert þú svartur fugl eða fljúgandi myrkur?“ spyr Kristján frá Djúpalæk hrafninn í einu ljóða sinna. Krummi á ferð um vetur. Mynd / Sigurður Ægisson

Tíunda bók höfundar

Sigurður Ægisson er guðfræðingur og þjóðfræðingur að mennt. Hann hefur í gegnum tíðina skrifað jöfnum höndum greinar í blöð og tímarit, hér á landi sem erlendis, um guðfræði, náttúrufræði, sagnfræði og þjóðfræði og margt fleira. Hrafninn – þjóðin, sagan, þjóðtrúin, er tíunda bók hans.

Á meðal gáfuðustu dýra

Að sögn Sigurðar var það, samkvæmt rituðum heimildum, hrafn sem leiddi Flóka Vilgerðarson upp að Íslandsströndum og því til sögur og sagnir um krumma allt frá níundu öld. „Ég hef unnið að söfnun heimilda fyrir þessa bók í aldarfjórðung og safnað ýmsum upplýsingum af þessum blakka spekingi á þeim tíma.“



Sigurður Ægisson, guðfræðingur og þjóðfræðingur. Mynd / Mikael Sigurðsson

Krummi veit lengra nefi sínu og löngum tengdist hann myrkraöflunum og ekki var laust við að galdramenn notuðu parta úr búki hans í kukli sínu. Vísindin telja hann reyndar á meðal gáfuðustu dýra sem þessa reikistjörnu byggja og þjóðtrúin segir hann geta orðið 900 ára.

Hrafnaþing og bæjarhrafnar

Sagt er að hrafnar haldi hrafnaþing á haustin og skipi sér niður á bæi yfir veturinn og leita því á náðir manna þegar hart er í ári og jarðbönn eru.

Í bókinni kemur fram að samkvæmt sumra manna sögn haldi hrafnar þing tvisvar á ári, vor og haust. Á vorþingum semja þeir sín á milli hvernig skuli hegða sér á sumrin, en almenn sögn er það að þeir haldi reglulegt hreppamót á haustin. „Á haustþingum skipa þeir sér niður á bæi tveir og tveir, karlhrafn og kvenhrafn, og er það kallað að þeir „setji niður“ eins og sveitanefndir skipa hreppsómögum í niðursetu um hreppinn. En fari svo að ekki verði jafnmargir karlhrafnar og kvenhrafnar á sama hrafnaþingi er sagt að hinir hrafnarnir leggist allir á hinn staka að þinglokum, elti hann og drepi hvort sem nokkur bær er til fyrir hann til niðursetu eða ekki. Hrafnar þeir sem niður eru settir á hvern bæ eru ýmist kallaðir „heimahrafnarnir“ eða „bæjahrafnarnir“.

Fugl Óðins og hrafnamál

Sigurður rifja upp í bókinni að hrafninn sé fugl Óðins. „Hrafninn var fugl Óðins og var helgaður honum; því er Óðinn kallaður hrafnaguð. Huginn og Muninn sitja á öxlum honum, og segja í eyru honum öll tíðindi, er þeir sjá og heyra.“


Hann segir einnig að sú hafi verið tíðin að mönnum hafi þótt hámark mannlegrar speki að skilja hrafnamál, enda urðu hinir vísu menn, er það höfðu numið, margs áskynja um orðna hluti og óorðna, sem öðrum voru huldir.

Hrafninn frá mörgum hliðum

Í bókinni Hrafninn – þjóðin, sagan, þjóðtrúin fjallar Sigurður um hrafninn frá mörgum hliðum og leitar víða fanga og niðurstaðan er sú að hrafninn er engum öðrum fugli líkur.


Í einum af þremur viðaukum bókarinnar er svo að finna allar íslenskar þýðingar sem vitað er um, sjö að tölu, á hinu magnaða kvæði Edgars Allans Poes, The Raven. Útgefandi er Bókaútgáfan Hólar.

/VH



Hrafnar komu við sögu þegar taka átti Svein Björnsson (um 1596–1648) af lífi í Rauðsdalsskörðum á Barðaströnd á 17. öld, fyrir galdra og annað misjafnt. „Þetta eru vinir mínir,“ er haft eftir Sveini. En þegar hrafnarnir fóru allt í einu að krunka einni röddu: „Tág, tág“, á Sveinn að hafa sagt: „Nú ætla þeir að svíkja mig.“ Skildu böðlar hans þá krunkið og sendu eftir viðartágum þeim, sem hinn dæmdi var loks hengdur í. Pennateikning eftir Ragnar Lárusson (1935–2007), frá 1961. Mynd / Timarit.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Guðni Ágústson með Snata og nýju bókina. Mynd / Aðsend

Flói bernsku minnar:

Tvímennt í hverju rúmi

Guðni Ágústsson ólst upp í Flóanum upp úr miðri síðustu öld í sextán systkina hópi og með annan fótinn í fornum tíma. Í bókinni Guðni – Flói bernsku minnar sest hann upp í bíl og býður lesandanum í ferð á vit æskustöðvanna í fortíð og nútíð.



Gamli bærinn á Brúnastöðum sem var sjötíu fermetrar. Tvímennt var í öllum rúmum og foreldrarnir sváfu með yngstu börnin.

Guðni segir að í bókinni sé að finna sögu sveitanna og sögu sveitarinnar þar sem hann ólst upp í sjötíu ár og saga fólksins. „Í bókinni segi ég frá því merkilega fólki sem gerði Ísland að því sem það er í dag. Þarna er að finna karaktera sem eru fram úr hófi merkilegir og kunnu að svara fyrir sig. Sögur af mörgum litríkum persónum og atburðum.“

Guðjón Ragnar Jónsson skrásetur sögurnar eftir Guðna, sem segir að sér sé tamt að tala og segja sögur.

Saga fólksins í sveitinni

„Það koma margar persónur fram í bókinni og þar á meðal Bobby Fischer sem ég tel orðið sveitunga minn, enda liggur hann í kirkjugarði sveitarinnar. Sjálfur lít ég á bókina sem bók sveitamanna og tel að hver sá sem les sögurnar muni þekkja marga karakterana úr sinni sveit.

Fólkið sem sagt er frá var hvorki menntað né langskólagengið og í mesta lagi fengið kennslu í farskóla og barnaskóla en þrátt fyrir það gríðarlega öflugir einstaklingar sem til eru skemmtilegar sögur af.“

Huldukonan á Brúnastöðum

Bókin segir einnig frá lífinu á Brúnastöðum, æskuheimili Guðna. „Ég segi mikið frá móður minni sem var kölluð huldukonan en það hefur ekki verið gert áður. Faðir minn var þingmaður og áberandi en móðir mín lítið fyrir sviðsljósið og það fór lítið fyrir henni á mannamótum. Hún átti sextán börn á tuttugu og einu ári og mikill skörungur á sinn hægláta hátt.

Í bókinni er að finna teikningu Sigmund, sem teiknaði lengi skopmyndir fyrir Morgunblaðið, af æskuheimili mínu, 70 fermetra, þar sem tvímennt er í hverju rúmi.“

Lifandi lýsingar

Í frásögnum Guðna má greina einlægni og jafnvel söknuð eftir veröld sem var, þegar hugur var í mönnum og sveitirnar að styrkjast en á sama tíma er glettnin aldrei langt undan. Í bókinni, sem er bæði fróðleg og skemmtileg lesning, er að finna sögur af föngum af Litla-Hrauni sem sluppu út, af skemmtilegum atburðum og mönnum eins og Kristni í Halakoti og Sigga á Neistastöðum. */VH*

Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is



Svo allt
gangi smurt í vetur

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar
í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

LÍF & STARF

Félag trérennismiða:

Tuttugu og sjö ára rennsli



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Í iðnaðarhverfi Hafnarfjarðar, nánar tiltekið í Dalshrauninu, má finna félagsskap nokkurra listamanna. Trérennismiða auk meistara útskurðar sem saman mynda skemmtilegan hóp eldri borgara undir nafninu Snúið og skorið.

Örn Ragnarsson, formaður Félags trérennismiða á Íslandi, tekur við orðinu og fræðir lesendur um starfsemi Félags trérennismiða auk þess að kynna blaðamann fyrir hópnum í Dalshrauninu sem samanstendur af alls fjórtán skráðum félögum.

„Ég sá fram á að ég myndi eldast. Það var í rauninni kveikjan að því að ég ákvað að ganga til liðs við þessa höfðingja í Félagi trérennismiða. Svo ég hefði eitthvað að gera þegar ég myndi hætta störfum. Síðustu 13 ár rak ég fatasöfnun Rauða krossins, en þar á undan sinnti ég kennslu í 32 ár, lengst af austur á Eiðum.

Nú, ég datt niður á rennismíðina og hingað kem ég helst á hverjum degi. Líka um helgar og á aðfangadag segir hann glottandi. Mislengi auðvitað, en það sem er mikilvægast er félagsskapurinn enda byrjum við daginn á kaffisopa. Ferill minn hérna hófst reyndar á því að ég byrjaði að læra útskurð og komst inn í hópinn sem slíkur. Svo fékk ég að prófa rennibekk og komst að því að það er miklu meiri aksjón! Enda á ég núna tvo bekki sjálfur.“



Örn Ragnarsson, formaður Félags trérennismiða á Íslandi, fæst við handverkið helst á hverjum degi í rýminu Snúið og skorið. Hann hefur lagt áherslu á kynningu á rennismíði á handverks- og bæjarhátíðum á árinu undir kjörorðunum: Við rennum við. Myndir / SP

Rennismiðir á faraldsfæti

Örn var settur formaður Félags trérennismiða Íslands nú í vor eftir túu ár sem félagsmaður og tekur hann brýn málefni metnaðarfullum og föstum tökum. Eins og fram kemur í fréttabréfi félagsins frá í maí ákvað hann, meðal annars, að endurvekja starf frumkvöðla nokkurra er kynntu rennismíði á handverks- og bæjarhátíðum fyrr á árum – undir kjörorðunum: „Við rennum við“ og öfluðu með því framtaki fjölda nýrra félaga.

Aðspurður tekur Örn undir upplýsingar fréttabréfsins og segir að eitt sinna hugðarefna sem formaður sé að kynna rennismíðina fyrir landsbyggðinni. „Þann 31. mars sl. lögðum við Brynjólfur og Ebenezer, félagar mínir, land undir fót og héldum af stað í fyrstu kynningarferð Félags trérennismiða á Íslandi á landsvísu. Við heimsóttum bæði Akureyri og Hvammstanga, sýndum glærur er vörðuðu félagið og starfsemina. Einnig renndi ég litla skál og jólatré svona til að sýna áhugasömum hvernig þetta fer nú fram – auk þess sem farið var lítillega yfir mismunandi brýnslu og mikilvægi þess að halda sig við ákveðið kerfi.

Við Ebbi (Ebenezer) héldum svo í svipaða ferð aftur núna í september til þess að kynna félagið frekar og trérennslið sem tómstundagaman. Fórum um nánast allt Austurland, alls með fimm kynningar þar sem aðsóknin var afar góð, eða tæp 80 manns. Svo aftur á Akureyri, Hvammstanga, Ólafsvík og Stykkishólm. Þetta hefur borið ávöxt, við bættust þó nokkrir félagsmenn auk þess, til dæmis á Hvammstanga, er eldri borgara félagið að koma upp aðstöðu með rennibekkjum, tveimur eða þremur. Eldri borgara félagið á Egilsstöðum er að sama skapi með ágætis smíðaaðstöðu og eiga tvo rennibekki eins og staðan er núna. Töluverður áhugi virðist vera í fólkinu þannig ég sé fyrir mér að renna á þessa staði og halda námskeið við tækifæri. Taka þá með 1-2 rennibekki,“ segir Örn.



Félagsskapurinn skiptir öllu þegar unnið er í handverki. Ebenezer Bárðarson er með hressari mönnum landsins og þó víðar væri leitað.


Þegar handverkshjartað slær

„Þó ég nefni hérna eldri borgara aðallega þá er þetta ekki síður fyrir þá sem yngri eru. Gaman er að segja frá náunga, búsettum á Írlandi, þar sem rík hefð er fyrir rennismíðinni, en hann byrjaði í þessu 16 ára og er nú um fimmtugt. Hann er mikill snillingur enda mín aðalfyrirmynd og heitir Glenn Lucas. Við, hópurinn hérna í Snúið og skorið, fórum til hans á námskeið, fjölmenntum en svo fórum við Binni (Brynjólfur) á masterclass námskeið sem var mjög áhugavert og gaman,“ segir Örn.

Austurríki, Sviss og Þýskaland eru einnig lönd þar sem menning handverks, og þá rennismíðarinnar, er gríðarlega rík og hefur Örn farið á alls fjögur námskeið í Þýskalandi. Nokkrir félagar flutu með í eitthvert skiptið, en þá lærðu þeir að gera penna. Eins og gefur að skilja er slík vinnsla afar fíngerð, og eins og hann kemst að orði þarf að eyða öllum ósiðum sem fólk hefur tekið upp með sjálfum sér. Þarna er mikill agi og nákvæmni nauðsynleg.



Lítil rennd jólatré munu finnast á jólamarkaði Skógræktarfélagsins við Elliðavatn fyrir jólin.



Rýmið Snúið og skorið má finna í Dalshrauni.

Auðséð er að rennismíðin lætur hjarta Arnar slá örar en það sem hann er hrifnastur af að renna eru skálar. Þessa stundina er hann að renna brúðkaupsgjöf fyrir viðskiptavin, skálar úr hnotu, en þann efnivið kaupir hann erlendis frá. Hnotan er dýr þannig að ekki má gera mörg mistök.

Af íslenska viðnum tekur Örn reyni fram yfir annað, hann sé jafn, mjúkur og skemmtilegur til vinnslu – á meðan grenið er síst, enda kvistótt og hart. Spænirnir fara til bónda sem setur hann undir hænurnar sínar og hesta auk þess sem afsagið er nýtt sem eldiviður í kamínu sumarbústaðar Arnar. Vistvæna hringrás því um að ræða. Annars renna þeir félagar hvað það sem þá lystir hverju sinni, en nú fyrir jólin má finna, á Jólamarkaði Skógræktarfélagsins við Elliðavatn, lítil rennd jólatré eftir þá félaga, hann og Binna.

Snúið og skorið

Er kemur að rými Snúið og skorið í Dalshrauninu, passar það

fullkomlega um félagana - hver bás 4x4 fm að stærð. Rennibekkirnir eiga sér þar allir sinn stað og þó stærð þeirra sé mismunandi er nægt rými fyrir eigendurna til að snúa sér í hring. Taka jafnvel nokkur dansspor. Stærðin og þá verðbilið á bekkjunum er frá um 100 þúsund krónum upp í 1,5 milljón króna. Fer þá í raun eftir hvort eigandinn sér fyrir sér að gera smáa og fínlega hluti eða þá sem meiri eru um sig. Geymslurými má svo finna fyrir ofan hvern bás þar sem sést glytta í efniviðinn.

Einn er þó básinn sem ekki hýsir rennibekk, en þar hefur aðsetur hún Anna Lilja Jónsdóttir, útskurðarmeistari staðarins. Gaman er að sjá hvernig listrænir hæfileikar hennar fá að njóta sín frá teikningu að fullgerðu verki og greinilegt að þarna er um reglulega listakonu að ræða.

Allir eru sammála um að félagsskapurinn sé góður en hann hófst fyrir tíu árum og hefur haldist jafn og þéttur síðan. Kaffistofan er á sínum stað, allir með eigið pláss, geta verið í sínu en einnig rabbað við næsta mann ef svo ber undir. Í Snúið og skorið eru allir með lykil og leigunni skipt bróðurlega á milli.

Að lokum

„Í augnablikinu eru félagsmenn í Félagi trérennismiða alls 248 yfir landið, flestir á höfuðborgarsvæðinu," segir Örn. „Hafa félagsmenn aðgang að skemmtilegu fólki á mánaðarlegum fundi sem haldinn er í smíðadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Til viðbótar við skemmtilega fólkið hafa nokkrar verslanir gefið okkur afslátt á verkfærum og slíku," bætir hann við.

„Stefnt er að því að taka upp fundina og deila yfir netið svo þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geti notið þeirra líka. Við erum alltaf með fræðslu og sýnum rennsli. Nú, farin er ein dagsferð að vori, rennismiðatengd. Síðast fórum við á Stykkishólm og á Ólafsvík og heimsóttum félaga þar, til að styrkja böndin. Svo stefni ég að því að halda svokallaða rennimessu úti á landi. Við héldum eina hér í Reykjavík, en stefnum á Eyjafjörðinn. Rennimessa er í raun þannig að þá koma áhugasamir með bekkina sína og við rennum saman auk þess sem gestum og gangandi er boðið að líta inn og kynna sér hvað við höfum upp á að bjóða. Hvatning inn á við og út á við. Ég get ekki sagt annað en að hagurinn af því að vera í félaginu sé augljós og öllum velkomið að kíkja á mánaðarlegu fundina okkar," segir Örn Ragnarsson, formaður Félags trérennismiða, brosandi. □



Anna Lilja Jónsdóttir, útskurðarmeistari staðarins er sú eina sem mundar ekki rennibekkinn í Snúið og skorið.



Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.
40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.

Sokka Kompaníið ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

Óskað er eftir tilboðum í rekstur fjallaskála

Bláskógabyggð auglýsir eftir tilboðum í rekstur fjallaskála á Kili. Nánar tiltekið er um að ræða hálendismiðstöðina Árbúðir og fjallaselið Gíslaskála í Svartárbotnum, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, og nánar tilgreindum hesthúsum og hestagerðum á svæðinu.

Óskað er eftir tilboði í rekstur fjallaskálanna til fimm ára frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027. Nýta skal hina leigðu aðstöðu til reksturs ferðaþjónustu.

Þeir sem hafa áhuga á að fá verðfyrirspurnargögn sendi beiðni þess efnis á **blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.**

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Bláskógabyggðar eigi síðar en miðvikudaginn 7. desember n.k. kl. 11:00 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.



Á FAGLEGUM NÓTUM

Meindýr í skógum og görðum

– Óboðnir gestir í garðyrkju og trjárækt



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Meindýr eru skaðvaldar í garð- og skógrækt og óvelkomnir gestir sem flestir vildu vera lausir við. Garðyrkjuskólinn í Ölfusi stóð fyrir haustþingi um plöntusjúkdóma, meindýr og varnir gegn þeim.
Brynja Hrafnkelsdóttir, skordýrafræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar, ræddi um meindýr í skógrækt og garðrækt.

Meindýr í ungskógum

Brynja segir að afföll í skógrækt hér á landi séu mest fyrstu árin eftir gróðursetningu þar sem trjáplöntur séu viðkvæmastar fyrstu árin. „Plönturnar eru litlar með lítið af laufi og rýrt rótarkerfi og þol því ekki mikið. Fyrstu árin eru ranabjöllur og yglulirfur skæðar og skemma bæði ungar skógar- og landgræðsluplöntur.“

Ranabjöllur og yglulirfur

Á Íslandi finnast um þrjátíu tegundir af ranabjöllu og tvær þeirra, hélukeppur, Otiorhynchus nodosus, og silakeppur, O. arcticus, valda mestu tjóni. Auk þess sem trjákeppur, O. singularis, getur valdið skaða og þá helst í húsagörðum.

„Lirfur bjallnanna valda mestum skaða með því að éta rætur ungplantnanna. Þannig geta plönturnar misst rótarfestu og þrífast illa.“

Yglulirfur valda oft miklu tjóni í ungskógum og þá helst jarð-, Diarsia mendica, og ertuygla, Ceramica pisi.



Birkþéla verpir í blöð birkis og lirfan elst upp inni í blaðinu.



Birkiþéla, *Scolioneura betuleti*, **er blaðvespa sem hefur líklega verið hér í einhvern tíma áður en hún var fyrst greind.**



Lirfur asparglyttu skríða úr eggi um mitt sumar og lifa á laufi viðju, aspar og víðis fram undir lok sumars.
Myndir Brynja Hrafnkelsdóttir

Asparglytta, *Phratora vitelliane*, **er vel þekkt meindýr á trjám af víðiætt.**

Að sögn Brynju er ertuygla innlend tegund sem var áður fyrr að mestu bundin við sunnanvert landið. „Fyrsti þekkti faraldur var árið 1991 í Morsárdal við Skaftafell en á síðustu árum hefur stofn og útbreiðsla hennar vaxið gríðarlega og faraldrar nánast árvissir á sumum svæðum. Ertuyglan veldur skaða á öllum trjátegundum og þola barrtré hana verr en lauftré.“

Birkikemba

Fannst fyrst hér á landi í Hveragerði sumarið 2005 og hefur breiðst hratt út síðan þá og skaði af hennar völdum aukist. „Fiðrildi birkikembu, Heringocrania unimaculella, verpa í lauf birkis snemma á vorin og lirfan klekst út og vex inni í blaðinu og nærist á blaðholdinu. Um mitt sumar verður lirfan fullvaxin og púpar sig.“

Birkiþéla

Brynja segir að birkiþéla, Scolioneura betuleti, sé blaðvespa sem hafi líklega verið hér í einhvern tíma þar sem hún var búin að dreifa sér talsverpt á Suðvesturlandi þrátt fyrir að hafa fyrst verið greind 2016. „Vespan verpir í blöð birkis og lirfan elst upp inni í blaðinu líkt og lirfa birkikembu.

Asparglytta

Asparglytta, Phratora vitelliane, er vel þekkt meindýr í Norður-Evrópu á trjám af víðiætt. Hún fannst fyrst hér í Kollafirði vorið 2006 og hefur breiðst út þaðan. Bjöllur asparglyttu verpa í byrjun sumars og lirfurnar skríða úr eggi um mitt sumar og lifa á laufi viðju, aspar og víðis fram undir lok sumars en púpa sig þá. Bjöllurnar skríða úr púpu fyrir vetur og liggja síðan í dvala, gjarnan í trjáberki.

Auk þess að valda skaða í skógrækt er asparglytta og lirfur hennar til verulegra leiðinda í garðrækt.

Sitkalús

Lús sem leggst á sitka- og blágreni hér á landi. Sitkalús, Elatobium abietinum, fannst fyrst hér árið 1959. „Lúsin situr neðan á nálunum og stingur sograna inn í loftaugu barrsins og veldur eitrun sem hefur þær afleiðingar að barrið verður fyrst gult og síðan rauðbrúnt. Þegar sitkalúsarfaraldur gengur yfir má heita að lúsin hreinsi allt barr af trjánum nema yngstu sprotana og skemmdir eru alltaf mestar neðst í trjánum. Það er þó sjaldgæft að tré drepist af völdum sitkalúsar og yfirleitt klæðir hún af sér skemmdirnar með tímanum.“

Furulús

Alvarlegasta meindýrið á furu hér á landi er furulús, *Pineus pini*. „Sennilega barst hún hingað frá Noregi 1937. Á sjötta áratug síðustu aldar hafði hún borist um allt land og nánast gjöreytt allri skógarfuru á landinu á sjötta áratugnum.

Furulús situr á berki trjáa og myndar um sig ljósa vaxullarhnoðra. Hún tímgast með kynlausri æxlun. Afkvæmin klekjast úr eggi á vorin. Að klaki loknu skríða þau út á nýju sprotana.“

Meindýr í görðum

Brynja segir að nokkrar tegundir fiðrildalirfa geti valdið skaða í garðrækt hér, birkifeti, birkivefari, tígulvefari, en að haustfeti, Operophtera brumata, sé skaðlegastur.

„Haustfeti er útbreiddur um alla Evrópu og veldur víða miklu tjóni og hann barst hingað um 1930. Lirfan er alæta á alls konar lauf- og barrtré og hér finnst hann einkum á birki, víði og reyni og getur valdið miklum skaða og er hann nánast eina meindýrið sem leggst á reynivið hér á landi.“



Sagvespa, *Pontania bridgmanni*. **Upp úr 2012 fór að bara á einskonar kýlum á laufi á selju á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land.**

Blaðlýs

„Hér á landi finnast nokkrar tegundir blaðlúsa eins og víðiblaðlús, víðisprotalús víðstofnlús, hegglús, sólberjalús, rifslús, hafrablaðlús, birkiblaðlús og birkisprotalús. Allar þessar lýs eru skaðlitlar

Álmlús, Tetraneura ulmi, var fyrst staðfest á Íslandi árið 1961. Lúsin veldur því að blöð álms verpast. Lífferill kvikindisins er að eftir nokkur lirfustig á álminum umbreytast lirfurnar í fullorðnar lýs sem fljúga yfir á sólber eða rifs. Lýsnar á rifsinu geta síðan af sér nýja kynslóð sem fer niður á rætur trésins. Afkomendur þeirra eru fleygir og fljúga yfir á álm, makast og verpa og loka þar með hringnum.“

Brynja segir að ekki sé vitað hvort tegundin nái öllum kynslóðum á einu ári hér á landi eða brúi veturinn á rótum rifs eða sólberja

Vespur í görðum

Auk birkiþélu eru þrjá tegundir á vespum skaðvaldar í görðum hér á landi, sagvespa á selju, furuvoðvespa og rifsþéla.
Sagvespa, Pontania bridgmanni.

„Upp úr 2012 fór að bera á eins konar kýlum á laufi á selju á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land. Inni í þessum kýlum er lirfur sagvespu.“

Furuvoðvespa, Acantholyda erythrocephala, finnst víða í Mið- og Norður-Evrópu þar sem hún veldur talsverðum skaða. Hún greindist fyrst hér á landi árið 2008. „Í dag finnst hún víða á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði. Tjón af hennar völdum er vegna þess að lirfurnar éta barr frá vori og fram á mitt sumar. Þessi vespa getur lagst á margar furutegundir en helst lindifuru hér.

Rifsþéla, Nematus ribesii, fannst hér fyrst árið 2010 og hefur frá þeim tíma aukið útbreiðslu sína á höfuðborgarsvæðinu og fundist í Hveragerði, á Selfossi og líklega víðar á landinu að sögn Brynju. „Rifsþéla lifir á ýmsum rifstegundum en helst á rauðrifsi og stikilsberjum. Fullorðin dýr skríða úr púpum á hausti og aftur um mitt sumar og er því um tvær kynslóðir að ræða og éta lirfurnar laufið um mitt sumar og aftur á haustin.“

Hindberjaþéla, Cladius brullei, er nýr landnemi sem fannst fyrst hér á landi árið 2014. „Síðan hefur hún fundist víða, bæði í gróðurhúsum og í görðum. Auk þess að lifa á hindberjaplöntum hefur hún fundist á reyni og birki.“

Meindýr í útimatjurtum

„Tiltölulega fá meindýr eru til vandræða í útimatjurtarækt hér á landi. Íslensk sumur eru of stutt og köld til þess að þau lifi af og svo hefur einangrun landsins komið í veg fyrir að þau berist hingað.“

Kálfluga Delia radicum, er þekkt meindýr víða um heim og alþekkt í rófnarækt hér á landi. Auk þess sem hún leggst á fjölda káljurta. „Kálflugu varð fyrst vart hér á landi upp úr 1930 og í dag finnst hún um allt land. Flugan lifur í plöntum af krossblómaætt og þar á meðal villtum plöntum eins og skarfakáli og hrafnaklukku.“

Spánar- eða vargsnigillinn

Brynja segir að á landinu finnist 39 tegundir af sniglum og að sumir þeirra geti verið skaðvaldar í matjurtagörðum. Þar af er spánar- eða vargsnigillinn, Arion vulgaris, sá stærsti og skaðlegasti. „Hann er upprunninn á Íberíuskaga en hefur breitt úr sér víða um Evrópu. Snigillinn verpur um 400 eggjum í jarðvegi eða undir laufi og fannst fyrst hér á landi 2003.



Birkikembur verpa í lauf birkis snemma á vorin. Lirfan klekst út og vex inni í blaðinu og nærist á blaðholdinu.

Birkikemba, *Heringocrania unimaculella*, **fannst fyrst hér á landi sumarið 2005 og hefur breiðst hratt út síðan þá og skaði af hennar völdum aukist.**



Ógreindur skaðvaldur á gullregni.




Lirfur ranabjöllu valda skaða með því að éta rætur ungplantnanna. Þannig geta plönturnar misst rótarfestu og þrífast illa.



Tjón af völdum fururvoðvespu, *Acantholyda erythrocephala*, **er vegna þess að lirfurnar éta barr frá vori og fram á mitt sumar.**



Sýnishorn af ranabjöllulirfu úr ungskógi.



Lirfa furuvoðvespu.



Ertuyglan, *Ceramica pisi*, **veldur skaða á öllum trjátegundum og þola barrtré hana verr en lauftré.**

Sífelldar breytingar

Brynja segir að það sé sífellt að bætast í smádýrafánu landsins og að með auknum innflutningi á plöntum megi búast við að fjöldi meindýra á gróðri hér á landi aukist

„Fyrir nokkrum árum fór til dæmis að bera á enn sem komið er ógreindri lirfu á blöðum gullregns. Líklega er um að ræða æðvængju eða tvívængju og þrátt fyrir að ekki sé búið að greina tegundina er staðferst tilfelli um hana á höfuðborgarsvæðinu og í Hverageröi.“



Lirfan haustfeta, *Operophtera brumata*, **er alæta á alls konar lauf- og barrtré.**



Haustfeti á furu.



Hér á landi finnast nokkrar tegundir blaðlúsa sem valda litlum skaða.



Skemmdir af völdum sitkalúsar, *Elatobium abietinum*.

CFMOTO fjórhjólin fást hjá okkur



CFMOTO 450
1.459.000,-



CFMOTO 520
1.549.000,-



CFMOTO 1000
2.690.000,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð. Verð er með Vsk. Bjóðum upp á farangursbox, bensíntanka, rúður of fleiri aukahluti á öll CFMOTO hjólin.

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

SAGA VÉLAR



Hér sést Gunnlaugur M. Sigmundsson í Ford herjeppanum. Hann hefur átt jeppann frá 2005 og hefur lagt mikla vinnu í að koma honum í sem upprunalegasta ástand. Mynd / Aðsend

Einn af fyrstu Ford herjeppunum

Gunnlaugur M. Sigmundsson er forfallinn áhugamaður um gamla herjeppa. Flestir tengja þessi ökutæki við framleiðandann Willys, en á meðan síðari heimsstyrjöldinni stóð náði áðurnefndur framleiðandi ekki að anna gífurlegri eftirspurn og því voru þeir einnig smíðaðir af Ford. Hann á einn úr smiðju Ford, árgerð 1941, með lágt serial-númer og því má áætla að hann hafi verið með þeim fyrstu í röð milljóna sem framleiddir voru.

Gunnlaugur keypti Ford herjeppann árið 2005 þar sem hann var í geymslu í hlöðu norður í Eyjafirði. Þá var hann í nothæfu ástandi, en þurfti uppgerð sem Gunnlaugur leysti af hendi eftir að bíllinn hafði verið fluttur í Kópavoginn. Númerið á bílnum í dag er R-2900, sem tilheyrði föður Gunnlaugs, sem átti alveg eins bíl.

Var hjá hernum á Reyðarfirði

Eigendasaga þessa bíls er ekki alveg þekkt, en heimildir herma að fyrst hafi hann átt að fara á vígstöðvarnar í Evrópu, en endað hjá bandaríska hernum á Reyðarfirði.

Eftir að herinn fór voru allavega tveir aðilar sem áttu bílinn á Austurlandi, m.a. Tómas Emilsson og var hann þá með númerið U-73. Þórarinn Einarsson eignaðist bílinn síðar og gaf Pétri Maack Þorsteinssyni bílinn á áttunda áratugnum, en þá var hann ekkert nema bílhræ. Pétur gerði hann alveg upp og þegar hann var settur aftur á skrá árið 1979 fékk hann númerið Y-176, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd sem birtist í 24. tölublaði Vikunnar 1979.

Í tveimur kvikmyndum

Pétur rak varahlutaverslun í Kópavogi og var með bíla-verkstæði á Nýbýlaveginum. Reynir Freyr Pétursson, barnabarn Péturs, man ágætlega eftir þessum bíl. Hann segir að Fordinn hafi verið notaður sem leikmunur í tvær íslenskar kvikmyndir á níunda áratugnum, þ.e. Stuðmannamyndina Hvíta máva og hryllingsmyndina Tilbury frá árinu 1987.

Pétur seldi bílinn árið 1988 og voru þrír eigendur að honum áður en Gunnlaugur fékk hann í sínar hendur. Bílnum hafði verið haldið við í gegnum tíðina, en ekki var mikið lagt upp úr að nota varahluti úr réttum bíl – heldur það sem var aðgengilegt hverju sinni. Þar með enduðu til að mynda íhlutir úr nýrri Willys bílum, sem ekki áttu heima í upprunalegum Ford jeppa. Þetta leiddi af sér ósætti þegar safnari keypti bílinn í byrjun aldarinnar í þeirri trú að herjeppinn væri orginal. Áðurnefndur safnari fékk því í gegn að kaupin gengju til baka og eignaðist Gunnlaugur jeppann skömmu síðar. */ÁL*



Fyrstur til að gera upp bílinn var Pétur Maack Þorsteinsson. Þegar hann eignaðist Fordinn á áttunda áratugnum var hann ekkert annað en bílhræ. Á níunda áratugnum var jeppinn notaður í kvikmyndir. Mynd / Tímarit.is

LÍF & STARF



Ný geymsluaðferð á mykju hefur rutt sér til rúms á Íslandi. Á Hundastapa á Mýrum var grafin 2.000 rúmmetra hola sem klædd var sérsniðnum dúk. Myndir / Aðsendar

Landbúnaðartækni:

Mykjulón sett upp á Mýrum


Á Hundastapa var komið fyrir 2.000 rúmmetra lóni til að safna búfjáráburði.

Um 500 metrum frá fjósinu var grafin hola samkvæmt GPS mælingum sem var klædd tilsniðnum dúk. Erlendis er þessi geymsluaðferð útbreidd, en þetta er líklegast í fyrsta skipti sem mykjulón af þessu tagi er sett upp á Íslandi.

Halldór Gunnlaugsson, bóndi á Hundastapa, sagði að þau hafi ákveðið að fara í þessa framkvæmd þar sem hauggeymslurnar dugðu ekki til að geyma mykjuna allan veturinn. Dúkurinn var festur niður á köntunum með rörum og teinum og torfi hlaðið yfir brúnirnar. Til að koma í veg fyrir fok þarf einnig alltaf að vera mykja eða vatn í botninum. Bændurnir munu leggja lögn frá fjósinu í lónið og munu því geta safnað mykjunni á auðveldan hátt yfir allan veturinn. Staðsetning laugarinnar var valin með það að sjónarmiði að takmarka akstur við mykjudreifingu.

Lítill framkvæmdakostnaður helsti kostur

Finnbogi Magnússon hjá Vinnuvélum og Ásafli ehf., sem flutti inn dúkinn, segir helsta kostinn við þessa geymsluaðferð á búfjáráburði sé hlutfallslega lítill framkvæmdakostnaður. Miðað við hversu hátt verðið er á tilbúnum áburði reiknar Finnbogi með að



Þar sem hauggeymslur er ekki nógu stórar til að geyma búfjáráburð allan veturinn getur mykjulón verið góður kostur.

fjárfesting sem þessi geti borgað sig á fyrsta árinu – sérstaklega í þeim tilfellum þar sem hauggeymslur eru mjög takmarkaðar og nýting áburðarefnanna í lífræna áburðinum þar af leiðandi ómarkviss. Hann áætlar að lónið á Hundastapa hafi kostað fjórðung eða fimmtung af steyptum tanki af sömu stærð og að framkvæmdir sem þessar séu styrkhæfar í gegnum fjárfestingastuðning í nautgriparækt.

Hann segir að þessi framkvæmd sé ekki leyfisskyld og allur undirbúningur sé einfaldur. Ekki er þörf á að fara í mikla teiknivinnu og jarðvegsskipti. Þar sem þetta er bara dúkur lagður ofan á jarðveg þá er jafnvel hægt að taka hann upp og selja ef búskapur leggst af á viðkomandi bæ. Dúkurinn kemur í einni einingu sem er sett saman úr tveimur lögum af plasti með styrktarneti á milli. Efnið í þetta mykjulón vó eitt tonn.

Finnbogi segir að efnis-kostnaðurinn sé nálægt 4,3 milljónum króna og vinnan við að koma dúknum fyrir sé í kringum 1,5 milljónir – allt án vsk. Nú er þegar búið að ganga frá samningum við kaup á fjórum svona lónum. */ÁL*

Jólamarkaður Ásgarðs:

Heimasmíðuð leikföng, gjafa- og skrautmunir

Hvað er betra eða notalegra en að byrja jólaundirbúninginn á því að heimsækja jólamarkað Handverkstæðisins Ásgarðs í Mosfellsbæ laugardaginn 3. desember næstkomandi?

Á markaðinum verða til sýnis og sölu fallegar, handsmíðaðar vörur sem starfsfólk Ásgarðs hefur búið til, gestabækur, leikföng, gjafa- og skrautmunir og margt fleira. Einnig verður boðið upp á kaffi, súkkulaði og kökur gegn vægu gjaldi. Þá munu góðir gestir líta í heimsókn og taka nokkur lög.





Leikföng, smíðuð af starfsfólki Ásgarðs, er eitt af því sem verður í boði á jólamarkaðnum. Myndir /Ásgarður

Markaðurinn, sem núna er haldinn eftir tveggja ára Covid-hlé, hefur ávallt verið hinn glæsilegasti og verður haldinn í húsnæði Ásgarðs að Álafossvegi 14 og 22 í Mosfellsbæ laugardaginn 3. desember á milli kl. 12 og 17.

/VH

Hráefnisskortur í framleiðslu jóladagatala

Lionsklúbburinn Freyr tilkynnti í vikunni að ekkert verði af árlegri sölu jóladagatala klúbbsins.



Jóladagatölin, þekkt með Tanna og Túpu, sem innihalda súkkulaðimola og tannkremstúpu, hafa verið öflug fjáröflunarleið margra Lionsklúbba víða um land.

Í tilkynningu frá Lionsklúbbnum Frey er ástæðan hráefnisskortur hjá framleiðanda.

„Lionsklúbburinn Freyr hóf innflutning á þessum jóladagatölum fyrir rúmum fimmtíu árum, fyrst í smáum stíl, en vinsældir þeirra reyndust slíkar að segja má að þau hafi um tíma verið á næstum hverju heimili á landinu og þá með þátttöku annarra klúbba.

Fjáröflun þessi, sem öll rennur til líknarmála, gerði Lionsklúbbnum Frey kleift að styðja við og styrkja starf fjöldamargra líknarfélaga, einkum þeirra þar sem hjálpar við tækjakaup var þörf. Sem dæmi má nefna ýmsar deildir Landspítalans, þjónustuíbúðir DAS, Styrktarfélag vangefinna, Gigtarfélagið, björgunarsveitir auk tuga annarra," segir í tilkynningunni.

/ghp

Fjörið í Skagafirði

Út er komin bókin *Skagfirskar skemmtisögur 6 – Fjörið heldur áfram!* Þetta er sjötta útgáfan á safni skemmtisagna úr Skagafirði sem Björn Jóhann Björnsson blaðamaður tók saman.



Fyrstu fimm bækurnar komu út á árunum 2011-2016. Bókaútgáfan Hólar gefur út, líkt og áður.

Sjötta bókin hefur að geyma yfir 200 gamansögur, úr nútíð og fortíð, en alls hafa komist á prent um 1.300 sögur og gamanvísur.

Að þessu sinni bregður fyrir gamalkunnum sem nýjum sögupersónum. Fyrstan skal nefna kaupmanninn Bjarna Har, heiðursborgara Skagafjarðar, sem féll frá í byrjun þessa árs, á 92. aldursári. Um Bjarna hafa verið sagðar margar skemmtilegar sögur og hér bætast við nokkrar í viðbót, m.a. saga af því þegar hann kom þýskum ferðamönnum í opna skjöldu og útvegaði þeim umbeðnar postulínskúlur úr raflínustaurum. Þeir áttu ekki von á að kaupmaðurinn ætti slíkan varning, enda vildu Þjóðverjarnir aðeins láta reyna á þá umsögn um verslun Bjarna Har að þar fengist allt milli himins og jarðar.

Þá eru í bókinni nokkrar sögur af sr. Baldri Vilhelmssyni, sem þjónaði í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp til fjölda ára. Margar snjallar sögur hafa verið ritaðar og sagðar um Baldur en færri vita að hann var borinn og barnfæddur Hofsósingur. Fleiri kunnir kappar koma við sögu, eins og Ýtu-Keli, Dúddi á Skörðugili, Hvati á Stöðinni, Halli í Enni og fleiri og fleiri. Lokakafli bókarinnar er með sögum af Sigurði Jónssyni, kennara á Sauðárkróki, sem flestar eru sagðar af honum sjálfur. Grátbroslegar sögur, eins og þegar hann gekk í flasið á meðlimum Rolling Stones er þeir voru á tónleikaferð í Skotlandi, og gat hann fundið af þeim rakspírailminn!

Skagfirskar skemmtisögur 6 fást í bókabúðum og stórmörkuðum um land allt, en hægt að leggja inn pantanir hjá Bókaútgáfunni Hólum.

MINNINGAR ÞÍNAR
MUNU GLATAST!
SPÓLUR ERU AÐ NÁLGAST ÞAÐ SÍÐASTA



VIÐ YFIRFÆRUM
EFNIÐ Á STAFRÆNT FORM
• Á DVD DISKA
• MINNISLYKLA
• STÆRRI MINNISDRIF
FULLKOMINN TÆKJABÚNAÐUR
MYNDFORM
Trönuhraun 1, 220 Hafnarfirði. Sími 534 0400
myndform@myndform.is

Röggi ehf.
Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við iðnaðinn



Loftpressur
Skrúfupressur, Stimpilpressur
Áratuga reynsla í viðgerðum
og uppsetningum á loftpressum



EYJALIND
Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Zetor
Ísland
Til afhendingar strax!
facebook.com/zetorisland
LCI Lely Center Ísland

Zetor Major CL80
75 hestafla sparneytinn Deutz mótor
Cat 2 opnir beislisendar og lyftukrókur
ALÖ ZL36 ámoksturstæki með dempun
2 vökvasneiðar og retur - 1 með floti
Stýri með aðdrætti og hallastyllingu
Uppfyllir stage V mengunarstaðla
256 kg þyngingar í afturfelgum
Dekk 360/70R20 og 420/70R30
12/12 gírkassi með vendigír
2 hraða aflúrtak 540/1000
Vökva- og loftvagnbremsur
Flott hús með loftfjaðrandi sæti ökumanns
Farþegasæti • 6 vinnuljós • Loftkæling • Sótsía
Verð 8.480.000.- + vsk
Heyrið í sölumönnum okkar
Jón Stefán 822-8616 / jonstefan@lci.is
Jóhannes 822-8636 / johannes@lci.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Landbúnaðarsýningar:

Margar nýjungar á EuroTier 2022



Að vanda var hægt að sjá marga fallega kynbótagripi á sýningunni.



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Hin heimsfræga þýska landbúnaðarsýning, EuroTier, var haldin um miðjan nóvember síðastliðinn en þessi sýning er venjulega haldin annað hvert ár.

Árið 2020 var það þó ekki hægt þar sem heimsfaraldurinn geisaði. Þessi sýning, sem er sérhæfð í búfjárrækt og þá sérstaklega í nautgripa-, svína- og alifuglarækt, er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum og þar er aðaláherslan lögð á tækni og þjónustu við búgreinar en einnig eru haldnar hefðbundnar kynbótasýningar á sýningunni. Alls sýndu 1820 fyrirtæki vörur sínar og þjónustu á henni. EuroTier hefur þá sérstöðu meðal landbúnaðarsýninga að flest fyrirtæki í þessum megingeirum landbúnaðarins reyna yfirleitt að nota sýninguna til þess að frumsýna nýjungar í von um að vinna til heiðursverðlauna sýningarinnar. Sýningin í ár stóð svo sannarlega undir nafni og var sérstök fyrir þær sakir að þrjú fyrirtæki fengu gullverðlaun sýningarinnar fyrir heimsfrumsýningu á nýjungum sem þykja skara fram úr. Sýninguna, sem stóð í fjóra daga, sóttu rúmlega 100 þúsund gestir og þar af nokkrir Íslendingar. Að vanda var ótal margt áhugavert sem fyrir augu bar og hér má sjá nokkur dæmi um slíkt.

Að vanda var hægt að sjá marga fallega kynbótagripi á sýningunni.

Eitt spenagúmmí fyrir allar kýr

Ein af framannefndum þrennum gullverðlaunum voru gefin til fyrirtækisins Siliconform Vertriebs fyrir einstaka nýjung en það er spenagúmmí, reyndar úr sílikoni, sem er með sérstaklega hannað op sem gerir það að verkum að það mjólkar allar kýr jafn vel óháð spenastærð. Þetta hefur verið vandamál frá upphafi vélmjalta enda kýr með ólíka spena að stærð og lögun og hafa bændur því þurft að vera með spenagúmmí sem henta flestum kúm en þá eru s.s. alltaf einhverjar kýr sem mjólkast verr vegna þess að þeirra spenar passa í raun ekki almennilega í spenagúmmíið. Þessi nýjung er því einstök og verður einkar fróðlegt að fylgjast með því hvort stóru aðilarnir á markaðinum komi ekki í kjölfarið með einhvers konar nálgun að svipaðri hönnun. Það mun koma í ljós á næstu misserum.

Hin nýja hönnun auðveldar góðar mjaltir fyrir allar kýr óháð spenastærð.



Hin nýja hönnun auðveldar góðar mjaltir fyrir allar kýr óháð spenastærð.

Hreinsar sjálfkrafa útigerðið

Önnur gullverðlaun sýningarinnar féllu í skaut fyrirtækisins Wasserbauer sem kynnti hreint magnaða nýjung en um var að ræða þjarka sem ekur um útigerði hrossa og tekur upp hrossaskít! Þetta undratæki vinnur út frá staðsetningarbúnaði og notkun stafrænna myndavéla sem umlykja útigerði hrossanna. Þessi búnaður „veit“ hvernig hreint gerði lítur út og ef hross skítur úti, þá getur tölvubúnaðurinn staðsett skítinn og sent þjarkann á staðinn. Hann er svo útbúinn þéttriðnum gaffli og mokar hreinlega skítnum upp og setur í sérstakan kassa. Svo keyrir þjarkinn með skítinn á þann stað sem eigandinn vill að skítnum sé ekið til og losar kassann. Eiginlega hálf ótrúleg tækni!

Þjarkinn safnar upp sjálfkrafa hrossaskít í útigerðinu.



Þjarkinn safnar sjálfkrafa upp hrossaskít í útigerðinu.

GEA geldir kýrnar betur upp

Þriðju og síðustu gullverðlaun sýningarinnar féllu svo mjaltatækjaframleiðandanum GEA í skaut en fyrirtækið hefur hannað sérstakan hugbúnað, fyrir mjaltaþjóna fyrirtækisins, sem geldir kýrnar sjálfkrafa upp með betri hætti en hingað til hefur verið mögulegt. Búnaðurinn sér sjálfur um að mjólka kýrnar að hluta til, þ.e. tekur af þeim áður en þær eru tómar 10 dögum fyrir ætlaðan geldstöðudag og gerir þetta alla daga fram að burði í hlutfalli við ætlaða framleiðslugetu kúnna. Þetta er áhugaverð nýjung sem GEA hefur útbúið þarna en oftar en ekki gelda bændur kýrnar mun hraðar upp en GEA gerir hér og margir hætta hreinlega að mjólka frá einum degi til annars.

Víða erlendis er mjög algengt að smákálfar séu hafðir í einstaklingsstíum fyrstu vikurnar eftir burð, til þess að gefa þeim færi á að ná styrk og þreki áður en þeir eru færðir í hópstíur. Þetta er einnig gert til þess að auðvelda umsjónarfólki að sinna kálfunum s.s. við mjólkur- og kjarnfóðurgjöf svo dæmi sé tekið. Búnaður fyrirtækisins Futuro Farming felst í því að sérhönnuðum hreyfiskynjara er komið fyrir á framhlið stíunnar og fylgist búnaðurinn með atferli kálfsins, þ.e. hreyfingu og legu. Svo er sérstakur hugbúnaður sem reiknar út fyrir hvern kálf, út frá mældum gögnum, hvort líkur séu á því að kálfurinn sé að veikjast eða ekki. Búnaðurinn þykir einkar nákvæmur og getur fundið merki um slappleika vegna lungnaveiki allt að þremur dögum áður en verulega sýnileg einkenni koma fram. Þá getur búnaðurinn numið merki um að kálfurinn sé að fá skitu allt að 12-24 tímum áður en kálfurinn fær raunverulega skitu. Fyrir vikið er hægt að grípa mun hraðar inn í og beita mótvægisaðgerðum svo draga megi úr veikindunum eða jafnvel koma í veg fyrir þau.

.

Verðlaun sýningar sem ekki varð

Á sýningunni í ár mátti reyndar sjá fleiri verðlaun, svo sem í öðrum flokkum auk þess frá sýningunni sem var frestað. Það ár var verðlaunum úthlutað til nokkurra fyrirtækja, sem sóttu um og kynntu tækni sýna án þess þó að sýningin væri haldin vegna heimsfaraldursins. Þessi fyrirtæki gátu svo í ár kynnt sig sem „verðlaunafyrirtæki“ og eitt þeirra var með áhugaverða tækni en um var að ræða sérstakan búnað sem fylgist með heilsufari kálfa í einstaklingsstíum.




Ótal fyrirtæki buðu upp á ólíkar leiðir til þess að kæla kýr, bæði viftur, úða- og vökvunarkerfi.

Alls konar kæling kúa

Þeir sem fara reglulega á fagsýningar vita að þær eru einstaklega góður vettvangur til þess að fylgjast með þróun tækni og búnaðar í landbúnaði. Þannig má nefna sem dæmi þróun velferðarherðakambssláa sem fyrir áratug eða svo var lausn sem einungis eitt fyrirtæki bauð upp á en í dag eru allir framleiðendur innréttinga með svona lausn. Á sýningunni í ár mátti sjá nokkur dæmi um svona þróun og þá sérstaklega á sviði kælinga á kúm. Kýr í hárri nyt innbyrða mikið magn af fóðri og þegar örverurnar í vömb þeirra brjóta það niður myndast mikill umfram hiti sem kýrnar þurfa að losa sig við. Ef úti er kalt er þetta ekkert vandamál en ef útihitastigið er komið vel yfir 20 gráðurnar fer kúnum að líða illa og bitnar það þá beint á bæði mjólkurframleiðslunni og frjósemi þeirra. Vegna þessa þurfa bændur í heitari löndum að velja hvort þeir ætli að vera með lágmjólka kýr, sem þá þarf ekki að kæla, eða hámjólka kýr og þá vera með kælingu fyrir kýrnar.

Á sýningunni núna voru einmitt ótal fyrirtæki með allskonar lausnir til þess að kæla kýrnar, bæði með viftum og vatnsúðakerfum, en á fyrri EuroTier sýningum hefur svona búnaður vart verið sjáanlegur svo nokkru nemi. Skýringin á þessari breytingu núna er bæði hitnandi veðurfar í Evrópu ásamt hækkandi afurðasemi kúnna sem hefur leitt til snaraukinnar eftirspurnar kúabænda eftir lausnum til þess að gera umhverfi kúnna betra.

Ótal fyrirtæki buðu upp á ólíkar leiðir til þess að kæla kýr, bæði viftur, úða- og vökvunarkerfi.



Búnaður Futuro Farming lætur ekki mikið yfir sér en getur þó vaktað atferli kálfsins með miklu öryggi. (Mynd: Futuro Farming)

Lambafóstrur

Undanfarin ár hafa fleiri og fleiri fyrirtæki komið með áhugaverðar





Undanfarin ár hefur orðið töluverð þróun á lambafóstrum og á sýningunni voru margar ólíkar útgáfur í boði frá ýmsum framleiðendum.

lausnir við mjólkurfóðrun lamba fyrir sauðfjárbændur sem taka lömb undan, t.d. vegna mjólkurframleiðslu, eða vegna fjölda heimalninga. Hver sem skýring er á því að mörg lömb þurfa á sérstakri mjólkurfóðrun að halda þá eru í það minnsta komnar margs konar lambafóstrur á markaðinn en þær eiga það sameiginlegt að halda mjólkinni ferskri og heitri á hverjum tíma, svo lömbin geti fengið sér sopa þegar þau vilja!

Undanfarin ár hefur orðið töluverð þróun á lambafóstrum og á sýningunni voru margar ólíkar útgáfur í boði frá ýmsum framleiðendum.

Sjálfvirkni við sauðfjárrag

Það er meira en mjólkurfóðrun lamba sem í dag er hægt að sjálfvirknivæða á sauðfjárbúum og má þar t.d. nefna færibandagarða, þ.e. garða sem er með færiband í botninum sem þá færir fóðrið sjálfkrafa eftir garðanum og því þarf ekki að ganga með fóðrið í fanginu eftir garðanum. En það eru einnig til alls konar hjálpartæki og -tól fyrir sauðfjárrag.

Fyrirtækið Te Pari kynnti m.a. á sýningunni nánast alsjálfvirkan búnað við flokkun og almenna vinnu við fé. Búnaðurinn les sjálfkrafa af eyrnamerki, heftir lömb eða ær sjálfkrafa í þar til gerðum búnaði svo unnt sé í ró og næði að t.d. holdastiga, ómmæla, snyrta klaufir eða hvað það nú er sem til stendur að gera. Eftir að búið er að gera það sem á að gera við ána eða lambið sér búnaðurinn sjálfkrafa um það að senda viðkomandi grip að flokkunarhliði sem getur sent hann í þrjá mismunandi hópa. Áhugavert tæki fyrir margar sakir!

Fjarstýrð hænsnakofaopnun

Þó svo að sýningin sé gríðarlega sterk þegar kemur að alifugla- og svínarækt þá verður greinarhöfundur að viðurkenna að fagþekking hans er of lítil á þessum sviðum landbúnaðar til þess að geta fjallað um nýjungar þar af einhverju viti.


Hins vegar þegar kemur að hænsnarækt í smáum stíl er staðan önnur og var gaman að sjá að þrátt fyrir hina miklu fagmennsku sem ræður ríkjum í alifuglaræktinni á sýningunni þá var líka pláss fyrir áhugamannadeildina, þ.e. fyrir þá sem eru með frá nokkrum hænum og upp í nokkra tugi.

Af mörgum skemmtilegum lausnum var þessi hér valin, en um er að ræða sjálfvirka opnun hænsnakofa svo eigendurnir geti hleypt hænunum út að morgni án þess að þurfa sjálfir að mæta á staðinn.

Með Chickenguard getur hænsnaeigandinn fjarstýrt því hvenær kofinn er opinn eða lokaður.



Sjálfvirki búnaðurinn frá Te Pari er einstaklega hraðvirkur og getur numið eyrnamerki á sekúndubroti.



Með Chickenguard getur hænsnaeigandinn fjarstýrt því hvenær kofinn er opinn eða lokaður.







LANDGRÆÐSLA



Rannsóknarstofan. Myndir /Aðsendar

Rannsóknastofa Landgræðslunnar

Rannsóknastofa Landgræðslunnar er staðsett í Gunnarsholti í Rangárvöllum, hún samanstendur af mörgum vinnusvæðum.

Tilgangur hennar er að veita þjónustu sem verkefni Landgræðslunnar þarfnast á hverjum tíma. Fyrir 20 árum má segja að helstu verkefni rannsóknastofunnar hafi verið hin árlega framleiðsla á Rhizobium bakteríunni til að smita lúpínufræ ásamt stöku spírunarprófi á fræi. Í dag er hlutverkið stærra og víðtækara og felst helst í umsjón og skipulagi á söfnun og vinnslu sýna og gagna, meðal annars í verkefnum sem tengjast loftslagsbókhaldi Íslands og rannsóknum á lífrænum og tilbúnum áburði. Einnig eru gerð spírunarpróf bæði sem hluti af gæðaeftirliti á fræi framleitt hjá Landgræðslunni og fyrir innflutningsaðila í samstarfi við MAST til að endurnýja vottorð á fræi sem fer í sölu.

Mikil þekkingaröflun hefur átt sér stað ásamt þróun aðferða og hönnunar, einnig smíði tækja og tóla fyrir ýmis verkefni á rannsóknastofunni. Vinnuaðstaðan hefur verið byggð upp og bætt gegnum árin og er orðin mjög góð.

Aðstöðunni er skipt upp í þrjú megin vinnusvæði:

Rannsóknastofuna, þar sem gerðar eru þurrefnismælingar á gróður-, jarðvegs- og fræsýnum, ásamt gæðaeftirliti og spírunarprófi á fræjum.

Gróðurkofann, þar sem m.a. fer fram sigtun og mölun á gróðursýnum.

Moldarkofann, þar sem m.a. fer fram sigtun og mölun á jarðvegssýnum.

Í umsjón Rannsóknastofunnar er þurrkherbergi fyrir sýni, Bauhaus (húsið hennar Bau rannsóknastjóra) og Áhaldaherbergið til geymslu tækja og tóla.



Moldarkofinn.

Fjölbreytt vinna á mismunandi tímum ársins

Rannsókna- og vöktunarverkefnum má skipta í tímabil eftir verkþáttum.

Sýna- og gagnavinnsla er í gangi allt árið en í mars til maí bætist við skipulag og undirbúningur fyrir vettvangsvinnu, eða svokallað felt, sem fer aðallega fram á tímabilinu júní til september.

Vinna með fræ skiptist aðallega á tvö tímabil, í september og október er fylgst með þurrkunarferlinu á nýuppskornu Landgræðslufræi þar sem gerð eru þurrefnismælingar. Í nóvember er byrjað að taka á móti fræi til spírunar og standa spírunarprófin fram í apríl.

Eitt helsta rannsókna- og vöktunarverkefnið er CO2LuR

CO2LuR er umfangsmikið og sennilega einstakt verkefni á heimsvísu sem hefur verið í gangi hjá Landgræðslunni síðan 2007. Það er margþætt og hefur m.a. að markmiði að meta aðferðafræði við mismunandi uppgræðsluaðferðir og skoða gróðurframvindu, einnig er kolefnisinnihald metið og niðurstöðurnar notaðar í loftslagsbókhald Íslands. Rúmlega 650 rannsóknareitir 10x10 m að stærð sem dreifast á uppgræðslusvæði um land allt.

Á sumrin er farið í felt þar sem heimasmíðuð verkfæri eru notuð til mælinga á gróðri og jarðvegssýnatökum. Stærð og þróun verkefnisins hefur gert nauðsynlegt að bæta aðstöðu bæði til geymslu og sýnavinnslu.

Að lokinni feltvinnu eru sýnin í þurrkuð í Bauhaus í Gunnarsholti, gróðursýnin við 40°C í stórum ofni sem starfsmaður Landgræðslunnar Sigurður Ásgeirsson heitinn smíðaði en jarðvegssýnin eru þurrkuð við herbergishita. Þegar sýnin eru þurr fara þau í vinnslu í Gróður- eða Moldarkofanum.

Rannsóknastofan gegnir margþættu hlutverki sem hefur breyst, stækkað og þróast gegnum tíðina í takt við breytingar á landgræðslustarfinu og spennandi verður að taka þátt í þessari þróun á komandi árum.

Ef áhugi vaknar á Rannsóknastofunni er velkomið að hafa samband við Anne Bau rannsóknastjóra á anne.bau@landgraedslan.is.

Anne Bau,
líffræðingur hjá Landgræðslunni.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Ráðunautar RML í þjálfun hér á Íslandi ásamt Anu Ella og Jarkko Storberg. Myndir / STS

Bændahópar:

Árangursrík aðferð í samtali og samvinnu bænda

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins fer af stað með nýja þjónustu í byrjun næsta árs, svokallaða „Bændahópa“.



Sigurður Torfi Sigurðsson



Þórey Gylfadóttir

Þetta eru umræðuhópar bænda *(e. discussion groups)* þar sem þeir miðla þekkingu sinni og reynslu með markvissu samtali og vinnufundum. Ráðunautar leiða samtalið og stýra vinnufundunum, auk þess að deila upplýsingum og þekkingu þegar á vantar. Bændahópar geta unnið með ólík viðfangsefni. Þessi bændahópanálgun hefur reynst mjög vel víða erlendis, aukið ávinning bænda í búrekstri auk þess sem bændur upplifa félagsleg tengsl í hópunum sem jákvæðan og mikilvægan þátt. Hægt er að vinna í bændahópum með allt sem viðkemur landbúnaði og í ólíkum hópum t.d. rekstrarhópum, nautgripahópum og jarðræktarhópum. Í fyrstu mun RML setja upp bændahópa þar sem markmiðið er að auka þekkingu bænda í jarðrækt og öflun fóðurs, auk þess að bæta nýtingu áburðarefna og annarra aðfanga.

Það að bændur hittist skipulega í hópum til að ráða ráðum sínum er ekki nýtt af nálinni. Í bændahópunum, sem RML mun nú bjóða upp á, er hins vegar beitt aðferðum sem sérstaklega hafa verið settar upp og þróaðar í þeim tilgangi að ná megi sem bestum árangri. Þetta er gert með skipulögðum vinnufundum og stýrðri umræðu. Mikilvægt er að halda vinnunni innan þess viðfangsefnis sem taka á fyrir hverju sinni og ná fram þeim þáttum sem hafa áhrif á útkomu vinnunnar. Bændur deila sín á milli hvað það er sem skilar þeim árangri í búskap og aðstoða jafningja við að innleiða árangursríkar nálganir og aðferðir, t.d. í jarðrækt. Einnig og ekki síður mikilvægt, er að huga að því sem ekki tókst eins og lagt var upp með heldur en því sem heppnaðist. Í bændahópum deila bændur með jafningjum hvaða helstu áskoranir það eru sem þeir standa frammi fyrir og hvaða vandamál þeir hafa verið að glíma við og í samtali leitar hópurinn bestu lausna. Árangur og gildi fundanna byggir á virku samtali, en öll reynsla er góð reynsla. Ráðunautar sem vinna með hópa leiða samtalið til að það skili markvissum upplýsingum. Þeir þurfa að setja sig í ný og tiltekin hlutverk með það að markmiði að geta lóðsað hópinn að sem bestri niðurstöðu og að sérhver bóndi geti náð markmiðum sínum og aukið árangur sinn.

Undanfarið ár hafa ráðunautar RML verið að afla sér þekkingar á hvernig best er að leiða umræðu og vinnu í bændahópum. Nálgun og skipulag funda verður að finnskri fyrirmynd, en sótt hefur verið þekking og reynsla til eins fremsta grasræktarsérfræðings Finna, Anu Ellä. Anu hefur mjög mikla reynslu í að stýra bændahópum og hefur undanfarin 18 ár stýrt hópum sem hafa að markmiði að bæta þekkingu í jarðrækt og auka fóðurgæði. Reynsla Finna af þessum hópum sýnir að dæmi eru um að þeir hafi aukið uppskeru og afurðir á búum sínum umtalsvert. Þannig var meðaluppskera þátttakenda í bændahópum í Vestur-Finnlandi 10.600 kg.þe./ha meðan meðaluppskera í Finnlandi var 6000 kg.þe./ha árið 2021. Bændur í



Finnskur bændahópur og íslenskir ráðunautar frá RML fylgjast með (til vinstri).



Ráðunautarnir í Finnlandi.

bændahópunum þakka þennan góða árangur m.a. aukinni meðvitund um ólíka kosti fræblandna, betri nýtingu áburðarefna, notkun skjólsáningar og ísáningar við endurræktun og einnig auknum sýnatökum úr jarðvegi og fóðri. Rétt er að taka fram að margir hóparnir halda áfram ár eftir ár sem er mikilvægur hluti af því að ná svo góðum árangri. Vegna þessa góða árangurs hefur Anu verið fengin til að þjálfa ráðunauta víða um heim. Hún hefur m.a. þjálfað ráðunauta í Noregi þar sem þessi þjónusta hefur verið í boði undanfarin ár og skilað þarlendum bændum miklum ávinningi í búrekstri.

Hóparnir skila þátttakendum miklum árangri í öllum búrekstri en hafa einnig félagslegt gildi. Þegar bændahópar halda saman í mörg ár verður þróun og breyting á viðfangsefnum auk þess sem þá er gjarnan farið í ferðir til annarra svæða eða landa til að afla frekari þekkingar og læra af reynslu annarra. Þátttaka í hópunum hefur líka sýnt sig að vera jákvæð félagsleg upplifun en fátt er skemmtilegra en að grúska í því sem maður hefur áhuga á í góðum félagsskap.

Bændahópar eru fyrir alla bændur sem vilja ná árangri í búrekstri og auka uppskeru og afurðir.

Áætlað er að fyrstu bændahópar RML komi saman um miðjan febrúar nk. Eins og fyrr segir mun viðfangsefni sem unnið verður með í þessum hópum snerta jarðrækt og bætta nýtingu áburðarefna. Atriði sem falla hér undir eru t.d. áburðarnýting, kölkun, aukinn þéttleiki svarðar, tegundir og yrki, heilbrigði jarðvegs, fóðurgæði og framleiðslukostnaður út frá áburðarkostnaði. Hópurinn hefur áhrif á hvar áherslurnar eiga að vera og getur það tengst markmiðum sem bændur hafa sett sér.

Alla jafna samanstendur hver bændahópur af 10 bændum og tveimur starfsmönnum RML en nú í okkar fyrstu skrefum munu ráðunautarnir vera þrír með hverjum hóp. Ef fleiri en einn aðili kemur að búrekstri á búi geta báðir aðilar tekið þátt og þá með þeim hætti að sami aðilinn mæti alltaf eða báðir en ekki er leyfilegt að skiptast á að mæta. Verkefnið er ársverkefni og hist er sex sinnum nú þetta fyrsta ár, auk þess sem sambandi er haldið þess á milli í gegnum netið.

Á fyrsta fundi er ákveðið hvaða þætti skuli lögð áherslu á það árið, hver markmið hópsins eru, auk þess sem hópurinn setur sér reglur varðandi t.d. símanotkun, stundvísi og hvaða gögnum menn ætli að deila með hópnum. Fyrsti fundur er í fundarsal, eða sambærilegri aðstöðu. Næstu fundir þar á eftir eru á bæjum einhvers úr hópnum og koma þátttakendur í hópnum sér saman um fyrirkomulag og staðsetningar. Dagskrá funda fer bæði fram innan- og utandyra eftir eðli verkefna sem tekin verða fyrir hverju sinni.

Við bindum miklar vonir við þetta nýja verkefni og teljum að það geti verið bændum til mikilla hagsbóta. Búið er að opna fyrir umsóknir á heimasíðu RML.

Sigurður Torfi Sigurðsson,
ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði
Þórey Gylfadóttir,
ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði







Á FAGLEGUM NÓTUM

Internorden 2022

Í ágúst sl. sótti ég ásamt Ólafi Dýrmundssyni Internorden ráðstefnu sem var haldin í Skövde í Svíþjóð.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Ég sótti ráðstefnuna fyrir Íslands hönd en Internorden er samstarfsvettvangur Norðurlandaþjóða um sauðfjár- og geitfjárrækt. Upphaflega voru aðeins ráðunautar frá hverju landi sem sóttu ráðstefnuna en í seinni tíð hafa vísindamenn frá landbúnaðarháskólum, dýralæknar og bændur einnig sótt ráðstefnurnar, sem styrkir ráðstefnuna enn frekar.

Síðasta ráðstefna var haldin hér á Íslandi sumarið 2018. Fyrirhugaður fundur 2020 féll niður vegna heimsfaraldurs Covid. Á ráðstefnunni í sumar voru ríflega 30 fulltrúar frá öllum Norðurlöndum utan Grænlands ásamt því að gestafyrirlesari var frá Englandi.

Á ráðstefnunni í sumar var áherslan lögð á heilsu og velferð sauðfjár auk loftslagsmála, ásamt yfirlitserindi frá hverju landi. Ég var þarna með tvö erindi, annað um stöðuna á Íslandi í dag og hitt um átaksverkefnið varðandi arfgerðargreiningar sauðfjár. Öll erindin eru aðgengileg á heimasíðu Svenska Fåravelsförbundet

Ef ég stikla á stóru úr þeim erindum sem voru flutt þá hafa Norðmenn verið að sinna rannsóknum á metanlosun frá sauðfé. Fyrstu niðurstöður í því verkefni sýna að þar sé eiginleiki sem hægt sé að vinna með í ræktunarstarfi þar sem arfgengi metanlosunar er 0,17.

Í Svíþjóð hafa verið unnar yfirgripsmiklar rannsóknir á gæðaþáttum dilkakjöts. Hafa þeir útbúið gagnabanka sem heitir „Lammlyftet“ sem er í anda bæklingsins „Frá fjalli að gæðamatvöru“ og var gefinn út hér fyrir nokkrum árum. Fram kom í þessu verkefni að síðustu tvær vikurnar fyrir slátrun þurfa gripirnir að vaxa a.m.k. 100 gr/dag til að gæðaþættir kjötsins séu í lagi.

Þegar kemur að velferðarmálum kynnti Niclas Högberg rannsóknir sem hann hefur unnið að í sínu doktorsnámi og snúa að því að setja skynjara á sauðfé sem meta virkni þeirra á beitarsvæði (ekki ólíkt beiðslisgreini á kúm). Bóndinn fær meldingu ef gripur hreyfir sig ekki nógu mikið sem bendir þá til þess að hann sé eitthvað veikur og þurfi mögulega meðhöndlun. Liz Genever, ráðunautur á Englandi, flutti gott yfirlitserindi um stöðuna þar og hvaða áskoranir eru fram undan í breskum landbúnaði á komandi árum.

Í öllum yfirlitserindum um stöðuna í sauðfjárrækt í hverju landi fyrir sig kom fram að samdráttur sé í framleiðslu sauðfjárafurða frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Jafnframt var farið í heimsóknir á tvö sauðfjárbú í nágrenni Skövde. Annars vegar á Torans Fårgård sem er með 70 kindur af Gotlandskyni og láta ábúendur súta öll skinn fyrir sig og selja beint frá býli. Þess utan eru bændurnir á bænum dýralæknar og vinna við það utan bús. Það var mjög gaman að koma þangað og áhugavert að sjá að þau létu setja sólarsellur á hlöðuþak á búinu fyrir þremur árum sem nú malar gull þegar orkuverð er í hæstu hæðum á meginlandinu. Þakið nær að fanga 16.000 kwst á ári sem þau selja á sameiginlegt flutningsnet. Fyrir hverja kwst fá þau greiddar 1,32 sænskar krónur en þegar sólarsellurnar voru settar upp var verðið sem þau fengu 20 aurar á hverja kwst.

Jafnframt var farið í heimsókn á Daltorp Igelstorp sem er með 100 ær af Suffolk kyni. Það sem einkennir flesta þá sem halda sauðfé í Svíþjóð er að þeir eru að reyna að nýta þær byggingar sem til eru á jörðunum og voru byggðar fyrir mörgum árum síðan, jafnvel í öðrum tilgangi en að hýsa fé.

Næsti Internorden fundur er áætlaður árið 2024 í Finnlandi. Internorden samstarfið er mjög hagnýtt, sérstaklega til að byggja upp tengsl og miðla upplýsingum milli landa því við erum í grunninn að fást við svipaða hluti í öllum löndum. Eftir samtöl við kollega þarna úti þá þurfum við að gera meira í því á Íslandi að birta niðurstöður um það sem við erum að fást við á ensku, svo umheimurinn viti hvað við erum að gera. Við erum að gera marga hluti mjög vel en þeir sem lesa íslensku eru ekki stór markhópur. Okkur finnst t.d. sjálfgefið að nota sæðingar, bændur sæði sjálfir og árangurinn sé sá sem við náum hér. Þetta er atriði sem öðrum þjóðum finnst mjög áhugavert en þar sem ekki liggur mikið af niðurstöðum fyrir á öðru en íslensku er þessi árangur ekki á almanna vitorði.

Á næsta fundi í Finnlandi 2024 væri tækifæri til að skipuleggja til hliðar einhverja bændaferð fyrir íslenska bændur með heimsóknir á finnsk bú í huga. Ef einhverjir eru áhugasamir um slíkt má setja sig í samband við undirritaðan.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason,
ráðunautur í sauðfjárrækt hjá RML.



Hérlendis er vel þekkt að sýklalyf eru notuð reglulega gegn slefsýki af völdum E. coli sýkingar í nýfædd lömb ár hvert með því að gefa þeim svokallaðar „lambatöflur“. Mynd / MAST

Baráttan við sýklalyfjaónæmi:

Hvað getum við öll lagt af mörkum?

Í tilefni nýliðinnar vitundarviku um skynsamlega notkun sýklalyfja 18.-24. nóvember vill Matvælastofnun vekja athygli á að ný lög um dýralyf, sem byggja á Evrópureglugerð, hafa tekið gildi á Íslandi.

Þar kemur skýrt fram að ekki skuli beita sýklalyfjum reglulega eða nota þau til að bæta fyrir lélega hollustuhætti, ófullnægjandi dýrahald, skeytingarleysi eða til að bæta fyrir lélega bústjórn.

Lengi hefur verið bannað að nota sýklalyf sem fyrirbyggjandi meðferð (*e. prophylaxis*) nema í undantekningartilvikum. Slíkar undantekningar væru þá fyrir stök dýr, eða takmarkaðan fjölda dýra, þegar hætta á sýkingu eða smitsjúkdómi er mjög mikil og líklegt að afleiðingarnar yrðu alvarlegar fyrir dýrin. Lögin segja einnig að einungis skuli nota sýklalyf til verndarmeðferðar (*e. metaphylaxis*) þegar hætta á útbreiðslu sýkingar eða smitsjúkdóms innan hóps dýra er mikil og þegar engir aðrir viðeigandi kostir eru tiltækir. Verndarmeðferð er skilgreind sem lyfjagjöf til hóps dýra eftir að greining á klínískum sjúkdómi hefur verið staðfest í hluta hópsins með það fyrir augum að meðhöndla klínískt veiku dýrin og hefta útbreiðslu sjúkdómsins til dýra sem þau eru í náinni snertingu við og sem eru í hættu og gætu þegar verið með forklíníska sýkingu.

Hversu útbreidd er notkun sýklalyfja í nýfædd lömb hér á landi?

Hérlendis er vel þekkt að sýklalyf eru notuð reglulega gegn slefsýki af völdum E. coli sýkingar í nýfædd lömb ár hvert með því að gefa þeim svokallaðar „lambatöflur“. Þar er um að ræða lyf sem eingöngu eru markaðssett til notkunar í hunda og ketti. Samkvæmt sölutölum er áætlað að um 7% seldra pakkninga af sýklalyfjum til dýralækninga á Íslandi séu „lambatöflur“. Matvælastofnun hefur undanfarin ár unnið að vitundarvakningu meðal bænda og dýralækna um þessa útbreiddu notkun á sýklalyfjum í unglömb.

Matvælastofnun hefur greint notkun „lambataflna“ á árunum 2020-2022 með útreikningum byggðum á sölutölum að vori og fjölda fæddra lamba sem komast á legg. Í útreikningunum var gert ráð fyrir að hvert lamb hafi fengið ¼ af 250 mg töflu eða eina 50 mg töflu. Samkvæmt því fengu 66% lambatöflur árið 2020, hlutfallið fór í 59% árið 2021 og stendur í stað árið 2022. Þannig er vísbending um að notkunin sé að dragast saman en samt sem áður er notkun á „lambatöflum“ mjög útbreidd í íslenskum sauðfjárbúskap.

En hver er raunveruleg þörf fyrir verndarmeðferð gegn slefsýki?

Frekari rannsóknir á orsökum og útbreiðslu slefsýki eru nauðsynlegar þannig að bændur og dýralæknar geti markvisst unnið gegn sjúkdómnum án þess að grípa þurfi til sýklalyfja. Nýlega fékk rannsóknarteymi á Keldum úthlutað styrk frá matvælaráðuneytinu til rannsóknar á E. coli stofnum í unglömbum. Stefnt er að því að safna hrækjum af allt að 5 daga gömlum lömbum sem drepast úr slefsýki eða skitu næsta vor til stofnagreiningar. Samstarf við bændur og dýralækna er mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Geta bændur beitt öðrum aðferðum til þess að fyrirbyggja sjúkdóminn?

Lengi hefur verið ljóst hvað þarf til þess að minnka smitálag á sauðburði, hreinleiki, aðbúnaður, þéttleiki o.s.frv. eru allt atriði þar sem menn geta bætt og eru atriði sem vega þungt til að fyrirbyggja sjúkdóminn.

Önnur fyrirbyggjandi aðgerð sem hefur reynst vel er að gefa lömbum Lamboost við fæðingu. Tilraun sem gerð var á Hesti í Borgarfirði síðastliðið vor bendir til þess að það hafi svipaða virkni og að gefa sýklalyf. Einnig nota margir þá aðferð að gefa lömbum AB-mjólk við fæðingu með ágætum árangri. Nokkrir bændur prófuðu síðastliðið vor að nota bóluefni gegn E. coli sem skráð er fyrir svín. Misjafnar skoðanir eru á árangri bólusetningarinnar og miðað við kostnað bólusetningar er óvíst að það svari kostnaði.

Af hverju er mikilvægt að minnka sýklalyfjanotkun?

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmis er talin ein helsta heilbrigðisógn manna og dýra í dag og er notkun sýklalyfja talinn sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á uppkomu ónæmra sýkla. Of mikil eða röng notkun eru þar helstu áhættuþættirnir. Því er mikilvægt að leggja áherslu á rétta notkun sýklalyfja jafnframt því að draga úr notkun þeirra eins mikið og mögulegt er. Megináherslan ætti að vera á aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir að þörf sé á notkun sýklalyfja.

Matvælastofnun hvetur bændur til að huga að því hvar hver og einn getur lagt sitt af mörkum í þessari baráttu. Við höfum öll hlutverki að gegna!

Guðrún Lind Rúnarsdóttir,
fagsviðsstjóri lyfjamála

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma

Vigdís Tryggvadóttir,
sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis

Bændablaðið

Jólablaðið kemur út
15. desember

Við erum einnig á
Facebook og Instagram

Dreift í 32 þúsund eintökum
á yfir 420 dreifingarstaði

Smáauglýsingar bbl.is
Hafa áhrif um land allt!

GARÐYRKJAN

Skógarafurðir á aðventunni

Nú þegar aðventan eða jólafastan gengur í garð fara áhugasamir jólaunnendur að huga að því að skreyta hús sín og híbýli fallega fyrir jólin.

Þá er nú ekki úr vegi að muna eftir því að víðs vegar um landið hafa vaxið upp ljómandi fallegir skógar sem eru mikilvæg uppspretta margvíslegra afurða.

Augljósasta skógarafurðin fyrir jólin eru auðvitað jólatré. Algengasta jólatréð úr íslenskum skógum er stafafura, enda stendur hún vel og lengi innanhúss yfir jólin, heldur barrinu og gefur frá sér ferskan skógarilm sem er upplífgandi innan um ilm af heitu súkkulaði og jólasmákökum.

Aðrar lykiltegundir jólatrjáa úr íslenskum skógum eru blágreni og rauðgreni. Blágrenið með sitt fallega bláleita og mjúka barr hefur verið að sækja í sig veðrið sem jólatré enda er einkar þægilegt að hengja jólakúlurnar á greinarnar. Rauðgrenið er fínlegt og formfagurt jólatré og ilmar mikið en þarf aðeins meiri umhirðu þegar heim í stofu er komið til að tryggja að trén haldi vel barrinu.

Skógræktin og skógræktarfélög um land allt bjóða þessi fallegu tré til kaups en einnig bjóða þessir aðilar fólki að fara út í skóg með sög og saga sitt eigið tré. Svo virðist sem þessir aðilar séu með sérsamninga við jólasveinana því oftar en ekki láta þeir sjá sig hjá skógræktarfólkinu og jafnvel er boðið upp á kakó og piparkökur. Það er því frábær skemmtun fyrir



Jólastemning í desember.
Mynd / Björgvin Örn Eggertsson

unga sem aldna að fara að sækja sér sitt eigið íslenska jólatré úr skóginum. Best er að fylgjast vel með auglýsingum um það hvenær skógarnir eru opnir.

Torgtré og vinabæjatré

Sá skemmtilegi siður hefur verið haldinn í heiðri um áratugaskeið að vinabæir í nágrannalöndum okkar sendi íslenskum vinabæ sínum jólatré fyrir jólin. Oft voru þetta ákaflega stór og mikil tré og vöktu mikla aðdáun hérlendis. Nú er svo komið að flest þessi vinabæjartré eru ekki lengur flutt milli landa með ærinni fyrirhöfn og háu kolefnisspori heldur eru þau höggvin í íslenskum skógum, enda eru þeir löngu vaxnir úr grasi.

Fjölbreyttar skógarafurðir

Ýmsar aðrar afurðir sem nýtast til skreytinga á aðventunni koma einnig úr skógunum okkar. Þar eru fyrstar á blaði sígrænar greinar til skreytinga og eru þar oftast ýmsar tegundir í boði. Greinarnar eru gjarnan notaðar í kransa, krossa á leiði og í ýmsar minni skreytingar. Viðarplattar eða sneiðar af margvíslegum trjátegundum eru einnig skemmtilegt skreytingaefni, ekki síst ef börkurinn er fallegur og nýtur sín sem hluti af skreytingunni. Tröpputré eru mjög skemmtilegt fyrirbæri en það eru lítil tré sem hafa verið hoggin og neðri endinn festur í viðarhnall þannig að þau standa stöðug á tröppunum utanhúss. Þau geta staðið heillengi og jafnvel hægt að skella á þau nokkrum páskafjöðrum fyrir páskana, ef vill. Ekki má gleyma könglunum en þeir eru ótrúlega fjölbreytt og fallegt náttúruskraut sem má nota í margvíslegum skreytingum, hvort heldur sem er náttúrulega brúna eða úða þá með fallegum jólalit eða jafnvel glimmeri. Fyrir þá sem hafa kamínu eða arin í stofunni heima við er nauðsynlegt að eiga góðan eldiviðog að sjálfsögðu kemur hann líka úr skóginum.

Aðventan er tími tilhlökkunar og fjölskyldusamveru. Hluti af upplifun jólanna er að njóta þess að ganga út í skóg og upplifa vetrarfegurð skógarins og svo er tilvalið að flytja lítinn hluta af þessari upplifun heim í stofu, í formi jólatrés, arinelds og fallegra skreytinga.

Njótum aðventunnar, gleðileg jól!

Jólasveinarnir í Garðyrkjuskólanum á Reykjum.

Byggðasaga Skagafjarðar
heildarútgáfa 1.-10. bindi.



Tíunda bindið kostar kr. 10.000.
Eldri bindi kr. 6.000 stk.
Tilboðsverð, öll bindin 1.–10. á aðeins 50.000 kr.

Sögufélag Skagfirðinga
kt: 640269 - 4649
banki: 0310 - 26 - 017302.

Upplýsingar og pantanir í síma 453 6261 / 897 8646 eða á saga@skagafjordur.is

Frí heimsending ef keyptar eru tvær bækur eða fleiri.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
STOFNAÐ 1937





Heimildaskáldsagan ***Aldrei nema vinnukona*** er sjálfstætt framhald bókarinnar ***Aldrei nema kona*** sem kom út 2020.

Sagan hefst árið 1886 þar sem söguhetjan, Þuríður Guðmundsdóttir vinnukona, stendur ásamt frændfólki sínu og bíður skips. Hún er á förum til Ameríku, 36 ára gömul. Sagan segir frá ferðalagi hennar vestur en á þeirri ferð rifjar hún upp 16 ára starfsferil sem vinnukona í Skagafirði og Húnavatnssýslum.

Fæst í öllum helstu bókabúðum og hjá höfundi: sveinsy47@gmail.com

AJ Power

ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar um Jólamarkaðinn í Heiðmörk, Jólaskóginn á Hólmsheiði og jólatrjáasölu á Lækjartorgi má finna á **heidmork.is**

Á FAGLEGUM NÓTUM

Vöðvasullsbandormurinn finnst á nýjum svæðum 2022

Það sem af er haustinu 2022 hafa Tilraunastöðinni á Keldum verið send 18 sýni úr sauðfé þar sem grunur vaknaði við heilbrigðisskoðun í sláturhúsi að um sýkingu af völdum vöðvasulls *(Taenia ovis)* væri að ræða.



Guðný Rut Pálsdóttir.



Kristbjörg Sara Thorarensen.




Karl Skírnisson.

Eitt sýnanna reyndist neikvætt, hægt var að staðfesta vöðvasull í 12 sýnanna og sterkur grunur lék á því að vöðvasullur væri einnig á ferðinni í hinum tilfellunum fimm. Hér er um verulega breytingu að ræða frá síðustu árum því undanfarin þrjú haust (2019-2021) voru engin sýni send að Tilraunastöðinni á Keldum þar sem grunur var um vöðvasull. Bæst hafa við útbreiðslusvæði miðað við dreifingu síðustu ára en nokkur af jákvæðum sýnum þetta haustið komu frá svæðum þar sem vöðvasullur hefur ekki greinst síðan á 9. áratugnum eða aldrei greinst áður, sjá meðfylgjandi kort (mynd 1). Þessi aukning á jákvæðum sýnum ásamt nýjum útbreiðslusvæðum er óheillaþróun sem mikilvægt er að bregðast við.

Lífsferill vöðvasullsbandormsins

Lirfustigið, litlar blöðrur í vefjum sauðfjár sem gjarnan eru kallaðar sullir, sjást við kjötskoðun í sláturhúsi. Sullirnir geta sest víða að í líkama sauðfjár, oft eru blöðrurnar mest áberandi í blóðþurftarmiklum líffærum eins og hjarta og þind. Komist hundur í sollin líffæri eða vöðva með lifandi lirfum þroskast hver lirfa um sig í fullorðinn bandorm í hundinum. Gerist það á sex til átta vikum. Bandormurinn getur lifað árum saman í hundinum og framleitt gífurlegan fjölda eggja því talið er að hver bandormur framleiði um 250.000 egg á degi hverjum. Skíti hundur sem smitaður er af vöðvasullsbandormi á beitarland sauðfjár berast eggin sem loða við gróðurinn niður í sauðféð og verður hvert egg að einni lirfu í kindinni. Lífsferill vöðvasullsbandormsins er sýndur á mynd 2.



Mynd 1. Staðsetning sauðfjárbýla þar sem vöðvasullur hefur verið staðfestur á Íslandi frá árinu 2014 en þá jókst útbreiðslan eftir áralangt hlé. Útbreiðslusvæði vöðvasulls á 9. áratug 20. aldar er gullitað.

Varnaraðgerðir gegn smitum

Mikilvægt er að rjúfa lífsferil vöðvasullsbandormsins til að hindra smit. Er það einkum gert með tvennum hætti. Annars vegar með því ormahreinsa hunda reglulega með lyfjum sem drepa bandorma (svo sem Praziquantel) og hins vegar að hindra að hundar smitist með því að éta hráar sauðfjárafurðir. Hingað til hafa rannsóknir ekki bent til þess að refir á Íslandi beri smit en rétt er að ítreka að refir geta smitast af vöðvasullsbandormi líkt og hundar og því mikilvægt að þeir komist ekki í hræ af sauðfé.

Mikilvægt er að rjúfa lífsferil vöðvasullsbandormsins og þarf tvennt að koma til:

- **Markviss ormahreinsun sem beinist að því að drepa bandorminn er lykilatriði og að ormalyfið sé gefið í réttum skömmtum miðað við þyngd hundsins.**
- **Ekki er ráðlagt að fóðra hunda á hráum sauðfjárafurðum nema að þær hafi áður verið frystar (við -10° C í amk. 7 daga) eða soðnar.**

Í grein 57 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er kveðið á um að fyrirbyggja skuli sýkingar af völdum bandorma og spóluorma í hundum með því að gefa hundum sem náð hafa fjögurra mánaða aldri árlega inn ormalyf, lyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota. Sérstakur kafli er um hunda þar sem búrekstur er stundaður. Þar skulu hundar ormahreinsaðir að

Um metanlosun frá mjólkurkúm

Umhverfisáhrif landbúnaðar, svo sem kolefnis- og metanlosun, eru meðal heitari umræðuefna í dag. Bændur eru sífellt minntir á hve nautgripir þeirra eru að menga mikið.

Mjólkurkýr losar að meðaltali um 100 kg af metani á ári, en eitt kg af metani samsvarar um 28 kg af CO_2. Í alþjóðasáttmála um minnkun metanlosunar (Global methane pledge) er stefnt á minnkun losunar um 30% frá 2020 til 2030. Metanlosun frá nautgripum hefur verið rannsökuð töluvert síðasta áratuginn og eru þær rannsóknir enn að aukast.



Baldur Örn Samúelsson



Ditte Clausen

Áhrif á metanlosun

Kúakyn og fóður hafa áhrif á metanframleiðslu kúa. Hlutfall gróffóðurs og kjarnfóðurs í fóðri virðist hafa mikil áhrif á metanframleiðslu, hærra hlutfall gróffóðurs eykur framleiðslu metans og virðist þar trénisinnihaldið vera lykilþáttur. Of hátt hlutfall kjarnfóðurs er hins vegar óheppilegt þar sem vömb kúnna ræður illa við það. Hægt er að hafa einhver áhrif á metanlosunina með því að slá fyrr, en kýr sem fá snemmslegið hey losa aðeins minna metan en kýr sem fá meira sprottið hey og þar er trénið aðal áhrifaþátturinn.

Bætiefni til að minnka losun

Í sumar kom fyrsta viðurkennda bætiefnið sem minnkar losun metans á markað undir nafninu Bovaer. Þetta efni var meðal annars rannsakað í Danmörku, þá undir nafninu 3-NOP. Þegar kýrnar fengu 60 mg af Bovaer á dag losuðu kýrnar 30-38% minna metan á sólarhring án þess að það kæmi niður á áti eða nyt. Bovaer er á duftformi og hentar því best í heilfóður. Enn sem komið er hefur ekki tekist að koma því á kögglað form líkt og kjarnfóðri þar sem hitameðhöndlun virðist skemma virka efnið. Takist að koma því í kjarnfóður er annað vandamál sem þarf að takast á við því kýrnar fá venjulega mismunandi magn af kjarnfóðri. Tryggja þarf að kýrnar fái réttan skammt til að efnið hafi jákvæð áhrif og ef gefinn er of stór skammtur getur það haft neikvæð áhrif á þurrefnisát og nyt. Til eru önnur efni sem geta minnkað metanlosun, svo sem fita og nítrat, en þó ekki eins mikið og Bovaer.

Áætlun losunar

Norfor hefur brugðist við með því að bæta við umhverfisþáttum til að nýta við útreikninga á fóðuráætlunum. Er þá hægt að sjá áætlaða metanlosun á dag miðað við tiltekna fóðursamsetningu. Reiknilíkanið byggir á þurrefnisáti, fitusýrum og tréni í fóðri. Með aukinni áherslu á umhverfismál hefur RML byrjað í haust að senda frá sér fóðuráætlanir með reiknaðri metanlosun uppgefið sem g/dag og g/kg mjólkur. Þetta gerir bændum kleift að rýna í mismunandi losun við mismunandi kjarnfóðurgjöf.

Hvað er að gerast á Íslandi?

Kúakyn virðast hafa áhrif á metanframleiðslu og losun. Í vor var settur upp svokallaður GreenFeed metanmælingarbás í Hvanneyrarfjósinu. Hann virkar eins og kjarnfóðurbás og mælir hann metan á meðan kýrnar éta kjarnfóðrið. Nú er básinn að safna gögnum til að meta megi hver meðallosun sé frá íslensku kúnni. Þegar það liggur fyrir verður hægt að skoða hvort erlend reiknilíkön fyrir metanlosun passi okkar gripum. Það verður áhugavert að fylgjast með framtíðarniðurstöðunum um metanlosun því hlutirnir gerast hratt á þessum vettvangi.



GreenFeed metanmælingar í bás í Hvanneyrarfjósinu.
Mynd/Egill Gunnarsson

Hvað er hægt að gera meira?


Meðal annars í Danmörku eru þessi mál komin skrefinu lengra og þar er líka farið að reikna heildar kolefnislosun gripa. Er þá hægt að setja inn áburðarnotkun og uppskeru og tengja við heysýnaniðurstöðurnar í Norfor og kjarnfóðursalar geta sett inn kolefnissporið á kjarnfóðri. Til að slíkir útreikningar verði marktækir er mikilvægt að fóðursalar noti þennan möguleika, annars reiknast kolefnislosunin eingöngu á grundvelli gróffóðursins, sem er aðeins hálf sagan.

Baldur Örn Samúelsson og Ditte Clausen
fóðurfræðingar hjá RML

SÚPERDAGAR
LÆKKAÐ VERÐ – FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA!


980313 — 200.000 kr. afsláttur
Hyundai Tucson - 2021
52.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000 kr.
Tilboð: 5.790.000 kr.


591787 — 500.000 kr. afsláttur
Toyota Landcruiser - 2021
33.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 11.490.000 kr.
Tilboð: 10.990.000 kr.



120930 — 300.000 kr. afsláttur
Opel Crossland X - 2019
73.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000 kr.
Tilboð: 2.690.000 kr.


801303 — 300.000 kr. afsláttur
Mitsubishi Eclipse - 2021
22.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.490.000 kr.
Tilboð: 5.190.000 kr.


980286 — 700.000 kr. afsláttur
Jeep Compass - 2022
12.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 7.690.000 kr.
Tilboð: 6.990.000 kr.


801307 — 300.000 kr. afsláttur
Renault Captur - 2021
64.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000 kr.
Tilboð: 4.090.000 kr.

SÖLUAÐILAR:
Bílabúð Benna notaðir — Krókhálsi 9 — Sími: 590 2035
Bílasala Suðurnesja — Njarðarbraut 9 — Sími: 420 9100
Bílabankinn — Krókháls 7 — Sími: 588 0700
SIXT — Meira úrval á sixtbilasala.is
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.



Mynd 2. Lífsferill vöðvasullsbandormsins Taenia ovis. Bandormurinn getur orðið hálfs annars metra langur í iðrum hundsins, eggin dreifast út frá hundaskít yfir á beitarlandið og berast með gróðrinum niður í sauðféð. Bandormurinn getur lifað árum saman í hundinum og egg hans lifa mánuðum saman, stundum í tæpt ár, á beitarlandinu.


liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Eindregið er lagst gegn því að fóðra hunda á hráum sauðfjárafurðum. Sé ætlunin að nota sauðfjárafurðir til fóðurs þurfa þær annaðhvort að hafa verið soðnar áður, eða þá frystar það lengi að vöðvasullir, sem geta verið í öllum vefjum í líkama sauðfjárins, séu dauðir og þar með ósmithæfir. Til að drepa lirfustig vöðvasullsbandormsins þarf að frysta sauðfjárafurðirnar í a.m.k. tíu stiga frosti í viku. Í desember 2021 birtist grein í Bændablaðinu þar sem hægt er að lesa nánar um sögu vöðvasullsbandormins á Íslandi og lífsferil hans.

Guðný Rut Pálsdóttir,
Kristbjörg Sara Thorarensen
og Karl Skírnisson,
sníkjudýradeild,
Tilraunastöðinni á Keldum.







Bændahópar eru áhrifarík aðferð þar sem bændur miðla þekkingu sinni og reynslu meðal jafningja. Erlendis hafa bændur náð góðum árangri með þátttöku í bændahópum og t.d. aukið uppskeru og nýtingu aðfanga.

RML mun í byrjun bjóða upp á tvo hópa þar sem áherslan verður á **bætta nýtingu áburðarefna, jarðrækt og fóðuröflun.**

Takmarkaður fjöldi er í boði, aðeins 10 bændur í hvorum hóp, annar mun hittist á Suðurlandi og hinn á Norðurlandi. Hvor hópur hittist 6 sinnum og **byrja í febrúar 2023.**

Kynningarverð fyrir þátttöku er 105.000 kr. án vsk.

Ráðunautar sem lóðsa hópa eru:
Eiríkur Loftsson, Sigurður T. Sigurðsson og Þórey Gylfadóttir

Upplýsingar og skráningar á heimasíðu RML, hnappur merktur „Bændahópar". **Síðasti dagur skráninga er 15. janúar 2023.**
Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir, thorey@rml.is
www.rml.is sími 516 5000

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook og Instagram



Forvarnarsjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Forvarnar-, ræktunar- og þróunarsjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022
Umsóknum skal skilað til bondi@bondi.is

Sjóðurinn bætir tjón á búfé og afurðum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa sem og uppskerutjón. Sjóðurinn styrkir sömuleiðis fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón á búfé og afurðum, þ.m.t. kynbótaverkefni og sjúkdómavarnir ásamt því að vera þróunarsjóður.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna, **bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Á FAGLEGUM NÓTUM

Kynbótasýningar 2022:

Hæst dæmdu hross ársins

Elsa Albertsdóttir og Halla Eygló Sveinsdóttir
elsa@rml.is &
halla@rml.is



Sýningar voru haldnar á 6 stöðum um allt land, 11 vorsýningar, 1 miðsumarssýning og 3 síðsumarssýningar.

Á þessum sýningum voru felldir 1.300 dómar, fullnaðardómar voru 961, sköpulagsdómar 173 og hæfileikadómar 164. Hápunktur sýningarhaldsins var síðan LM2022 en þar áttu 176 hross þátttökurétt.

Efstu þrjár hryssur í hverjum flokki

Alls komu 610 hryssur til fullnaðardóms á árinu en dómar voru vissulega mun fleiri enda þó nokkuð um endursýningar.

Sýndar voru 59 fjögurra vetra hryssur en það er um 7% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu aðaleinkunn ársins í flokki 4 vetra hryssna hlaut Herdís frá Rauðalæk, 8,33. Ræktandi Herdísar er Pabbastrákur ehf. en eigandi er Takthestar ehf. Herdís er dóttir Arions frá Eystra-Fróðholti og Logadísar frá Syðra-Garðshorni. Herdís hlaut 8,43 fyrir sköpulag, hún er framfalleg og fótahá með 8,5 í einkunn fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi og fótagerð. Hún er fjölhæf á gangi og hlaut m.a. 9,0 fyrir samstarfsvilja enda viljug og þjál.

Næsthæstu aðaleinkunn ársins hlaut Þrá frá Lækjamóti, en hún hlaut 8,33 eins og Herdís en á milli skilja nokkrir aukastafir. Ræktendur og eigendur eru Elín Rannveig Líndal og Þórir Ísólfsson. Þrá er undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Rán frá Lækjamóti. Þrá hlaut 8,48 fyrir sköpulag enda fríð og stæðileg hryssa m.a. með 9,0 fyrir samræmi. Þrá er fjölhæf alhliðahryssa sem hlaut 8,5 fyrir tölt, hægt stökk, fet og samstarfsvilja. Þrá varð í öðru sæti á LM2022.

Hæstu aðaleinkunn ársins, 8,39 hlaut Vala frá Garðshorni á Þelamörk. Ræktendur hennar eru Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius, eigendur eru Sporthestar ehf. og Svarthöfði-Hrossarækt ehf. Vala er undan Þráni frá Flagbjarnarholti og heiðursverðlauna hryssunni Eldingu frá Lambanesi. Gaman er að geta þess að systir Völu, Afródíta stóð einmitt efst í flokki fjögurra vetra hryssna í fyrra. Vala er fríð og glæsileg hryssa með 9,0 fyrir höfuð og samræmi. Vala er snillingur á skeiði en hún hlaut 9,5 fyrir skeið sem er magnað af 4 vetra hrossi. Hún stóð efst í sínum flokki á LM2022.

Hryssur 5 vetra

Í fimm vetra flokki hryssna voru sýndar 159 hryssur og voru þær því 17% sýndra hrossa.



Vala frá Garðshorni á Þelamörk. Knapi er Agnar Þór Magnússon, sem einnig er ræktandi hennar ásamt Birnu Tryggvadóttur Thorlacius.

Myndir / Óðinn Örn - Eiðfaxi

Díva frá Kvíarhóli hlaut þriðju hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki, 8,46. Ræktandi hennar er Ingólfur Jónsson en eigendur eru Egger-Meier Anja og Kronshof GbR. Díva er undan Skýr frá Skálakoti og Birtu frá Mið-Fossum. Díva er glæsileg hryssa á velli með 8,51 fyrir sköpulag en hún er með 8,5 fyrir flesta sköpulagsþætti og 9,5 fyrir prúðleika. Fyrir hæfileika hlaut hún 8,42, en þar er hún með 9,0 fyrir tölt, brokk, hægt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið.

Önnur í þessum flokki var Rakel frá Hólaborg, en hún hlaut 8,51 í aðaleinkunn. Ræktandi og eigandi hennar er Kristina Forsberg. Rakel er undan Hreyfli frá Vorsabæ II og heiðursverðlauna hryssunni Rán frá Þorkelshóli 2. Rakel er stórglæsileg hryssa á velli enda með 8,70 fyrir sköpulag, þar ber hæst 9,5 fyrir fótagerð og 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Rakel er skrefmikil og rúmur alhliðagæðingur með 8,5 fyrir tölt, brokk, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið. Rakel var í öðru sæti á LM2022.

Hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki hlaut Hildur frá Fákshólum, 8,58. Ræktandi hennar er Jakob Svavar Sigurðsson en eigandi er Gut Birkholz GbR. Hildur er undan Ölni frá Akranesi og Gnýpu frá Leirulæk. Hildur er ákaflega fríð og stórglæsileg alhliðahryssa enda hlaut hún 8,67 fyrir sköpulag og 8,53 fyrir hæfileika. Í sköpulagi fékk hún fjórar níur, fyrir höfuð, háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Í hæfileikum ber hæst 9,0 fyrir skeið og samstarfsvilja, 8,5 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið. Hildur stóð efst í sínum flokki á LM 2022.

Hryssur 6 vetra

Alls voru sýndar 194 hryssur í flokki 6 vetra en það mun vera um 22% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki fékk Dögun frá Austurási, en hún hlaut í aðaleinkunn 8,64. Ræktendur hennar eru Haukur Baldvinsson og Ragnhildur Loftsdóttir en eigandi hennar er Austurás hestar ehf. Dögun er undan Hákoni frá Ragnheiðarstöðum og Ör frá Strönd II. Dögun hlaut fyrir sköpulag 8,61 í einkunn enda fönguleg hryssa með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Fyrir hæfileika fékk hún í aðaleinkunn 8,65, þar ber hæst 9,0 fyrir tölt, samstarfsvilja og fet.

Næsthæstu aðaleinkunn ársins 8,76 fékk Salka frá Efri-Brú. Ræktandi hennar er Óli Fjalar Böðvarsson en eigandi er Stapabyggð ehf. Salka er undan Vökul frá Efri-Brú og Vöku frá Efri-Brú. Salka er glæsileg alhliðahryssa með 8,69 fyrir sköpulag og 8,79 fyrir hæfileika. Hæst ber 9,5 fyrir samstarfsvilja en hún hlaut einnig 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi, skeið, hægt stökk og fegurð í reið.

Hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki, 8,77 hlaut Díva frá Austurási. Ræktendur hennar eru Haukur Baldvinsson og Ragnhildur Loftsdóttir en eigandi er Austurás hestar ehf. Díva er undan Konsert frá Hofi og Prinsessu frá Litla-Dunhaga I. Díva er stórglæsileg alhliðahryssa með 8,75 fyrir sköpulag og 8,78 fyrir hæfileika. Þar ber hæst 9,5 fyrir háls, herðar og bóga, fótagerð og fegurð í reið en hún hlaut einnig 9,0 fyrir samræmi, tölt, brokk og samstarfsvilja. Díva var í þriðja sæti í sínum flokki á LM2022.

Hryssur 7 vetra og eldri

Í flokki 7 vetra og eldri hryssna voru sýndar 200 hryssur eða um 22% sýndra hrossa.

Lýdía frá Eystri-Hól hlaut þriðju hæstu einkunn ársins í þessum flokki eða 8,67. Ræktandi hennar er Hestar ehf en eigendur eru eru Egger-Meier Anja og Kronshof GbR. Lýdía er undan Lexus frá Vatnsleysu og Oktavíu frá Feti. Lýdía er mikið fegurðardjásn, ákaflega framhá og léttbyggð. Hún hlaut fyrir sköpulag 8,81, ber þar hæst 9,5 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Fyrir hæfileika fékk hún 8,59, er þó skeiðlaus, þar ber hæst 10 fyrir samstarfsvilja og 9,5 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið, mögnuð hryssa, enda hafnaði hún í öðru sæti á LM2022.

Næsthæstu aðaleinkunn ársins hlaut Þyrnirós frá Rauðalæk en hún hlaut 8,67 eins og Lýdía en á milli skilja nokkrir aukastafir. Ræktandi hennar er Pabbastrákur ehf en eigandi er Takthestar ehf. Þyrnirós er undan Sjóði frá Kirkjubæ og Logadís frá Syðra-Garðshorni. Logadís á því tvær hryssur sem komast hér á blað með efstu hryssum ársins en Herdís frá Rauðalæk er einnig undan henni. Þyrnirós er glæsileg alhliðahryssa með 8,76 fyrir sköpulag og 8,62 fyrir hæfileika. Þar ber hæst 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi og prúðleika. Fyrir hæfileika hlaut hún 9,0 fyrir skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið. Þyrnirós varð í fjórða sæti í sínum flokki á LM2022.

Hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki, 8,87 hlaut Álfamær frá Prestsbæ. Ræktendur hennar eru Inga og Ingar Jensen en eigendur eru Eggert-Meier Anja og Árni Björn Pálsson. Álfamær er undan Spuna frá Vesturkoti og heiðursverðlauna hryssunni Þóru frá Prestsbæ. Álfamær er vel gerð hryssa með 8,59 fyrir sköpulag en hún er með 9,0 og 8,5 fyrir flesta þætti sköpulags. Hún hlaut 9,02 fyrir hæfileika enda skrefmikil, skrokkmjúk og flugviljugur alhliðagæðingur. Fyrir skeið hlaut hún 10,0 enda snillingur á skeiði. Álfamær stóð efst í sínum flokki á LM2022.

Efstu þrír stóðhestar í hverjum aldursflokki

Alls komu 289 stóðhestar til dóms á árinu. Í flokki fjögurra vetra stóðhesta voru sýndir 61 hestur eða um 7% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Agnar frá Margrétarhofi. Ræktandi hans og eigandi er Margrétarhof. Agnar er undan Ölni frá Akranesi og Garúnu frá Garðshorni á Þelamörk sem var undan Dofra frá Steinnesi. Á vorsýningu á Hólum fór Agnar í 8,37 í aðaleinkunn, hann fékk 8,46 fyrir sköpulag og 8,32 fyrir hæfileika. Hæst ber 9,0 fyrir tölt, honum er einatt lýst sem skrefmiklum og lyftingargóðum.

Næsthæstur fjögurra vetra stóðhesta var Ambassador frá Bræðraá sem er undan Skaganum frá Skipaskaga og Hugadótturinni Tign frá Úlfsstöðum. Ræktandi hans og eigandi er Pétur Vopni Sigurðsson. Ambassador er alhliðagengur skrefmikill hestur og hlaut hann m.a. 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja.

Með hæstu aðaleinkunn eða 8,42 var Valíant frá Garðshorni á Þelamörk undan Adrían frá sama bæ og Kolfinnsdótturinni Mánadís frá Hríshóli 1. Ræktendur hans er Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius en eigendur eru K.Ó. Kristjánsson og Daníel Jónsson. Valíant er framfallegur og léttbyggður með 8,61 í sköpulagi þar af 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Valíant var í efsta sæti í sínum flokki á Landsmótinu.

Stóðhestar 5 vetra

Í flokki fimm vetra stóðhesta komu 89 hestar í fullnaðardóm eða 10% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins í þessum flokki hlaut Drangur frá Steinnesi, undan Draupni frá Stuðlum og Ólgu frá Steinnesi, með 8,44 í aðaleinkunn. Ræktandi hans og eigandi er Magnús Jósefsson. Drangur er skrefmikill og hágengur myndargripur, með 8,73 fyrir sköpulag. Hann er með 9,0 fyrir samræmi, fótagerð og hófa. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,28, með 8,5 fyrir flesta þætti kosta.

Næsthæstu einkunn ársins hlaut Geisli frá Árbæ undan Ölni frá Akranesi og Gleði frá Árbæ sem er undan Vökli frá Árbæ. Hann er ræktaður af Vigdísi Þórarinsdóttur og Gunnari Andrési Jóhannssyni og í eigu G. Jóhannsson ehf. Í aðaleinkunn á Landsmótinu hlaut Geisli 8,46 þar sem hann var í öðru sæti í flokki fimm vetra stóðhesta. Geisli er stór og afar framfallegur, léttbyggður og jafnvægisgóður hestur. Bak og lend er einstaklega gott en fyrir það hlaut hann 9,5, fyrir háls, herðar og bóga og samræmi hlaut hann 9,0. Geisli er skrefmikill hestur og fyrir flesta þætti kosta hlaut hann 8,5.



Díva frá Austurási, knapi Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir.



Álfamær frá Prestsbæ, knapi Árni Björn Pálsson.



Hildur frá Fákshólum hlaut hæstu einkunn 5 vetra hryssa.



Magni frá Suðlum, knapi Haukur Baldvinsson



Valíant frá Garðshorni á Þelamörk, knapi Agnar Þór.

Hæstu einkunn í sínum flokki líkt og í fyrra hlaut Fróði frá Flugumýri, nú með aðaleinkunn upp á 8,58. Þá hlaut hann verðlaun fyrir hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunn án skeiðs á þessu ári á nýafstaðinni ráðstefnu Fagráðs í hrossarækt. Fróði er undan Hring frá Gunnarsstöðum I og Fýsn frá Feti. Ræktendur eru Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason en eigandi er Eyrún Ýr Pálsdóttir. Fróði stóð efstur á Landsmótinu í flokki 5 vetra stóðhesta. Fróði er mjög vel gerður hestur með 8,64 í sköpulag, þar ber helst að nefna úrvalsgóðan háls, herðar og bóga með 9,5 í einkunn, hann er með 9,0 fyrir samræmi enda fram- og fótahár. Fróði er úrvals klárhestur með 8,54 fyrir hæfileika, enda hágengur, skrefmikill og samstarfsfús. Hann hlaut 9,5 fyrir tölt og fegurð í reið og 9,0 fyrir brokk, greitt og hægt stökk, samstarfsvilja og hægt tölt.

Stóðhestar 6 vetra

Í flokki 6 vetra stóðhesta voru sýndir 62 hestar til fullnaðardóms eða um 7% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut eðaltöltarinn Sólfaxi frá Herríðarhóli en hann er einn þriggja hrossa sem hlotið hafa tíu fyrir bæði tölt og hægt tölt. Sólfaxi var sýndur á Vorsýningu á Gaddstaðaflötum og fékk þar 8,51 í aðaleinkunn. Hann er undan Óskasteini frá Íbishóli og Hyllingu frá Herríðarhóli sem er undan Herkúles frá sama bæ. Ræktandi Sólfaxa er Ólafur Arnar Jónsson en eigendur eru Anja Egger-Meier, Grunur ehf og Kronshof GbR. Fyrir sköpulag hlaut Sólfaxi 8,69, þar af 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Þessi gæði koma vel fram í reið þar sem jafnvægi og frambygging njóta sín afar vel. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,41 en auk tíanna sinna fyrir tölt fékk hann 9,5 fyrir fegurð í reið sem og samstarfsvilja. Sólfaxi var í öðru sæti á Landsmótinu í flokki 6 vetra stóðhesta.

Með aðra hæstu einkunn stóðhesta í 6 vetra flokki var Sindri frá Lækjamóti ræktaður af og í eigu Guðmars Hólm Ísólfssonar Líndal. Faðir Sindra er Skýr frá Skálakoti og móðir er Hágangsdóttirin Rödd frá Lækjamóti. Sindri fór hæst í 8,52 á vorsýningu á Hólum í Hjaltadal. Sindri er afar vel gerður hestur með 8,82 fyrir sköpulag þar sem hann státar af 10 fyrir prúðleika og úrvals bak og lend og fótagerð með 9,5 í einkunn fyrir þá þætti, auk 9,0 fyrir hófa. Sindri er jafnvígur skrefgóður alhliðahestur með góð gangskil og er með 8,5 fyrir flesta þætti hæfileika. Sindri var í fjórða sæti í sínum flokki á Landsmótinu.

Með hæstu einkunn í flokki sex vetra stóðhesta á árinu er Magni frá Stuðlum með 8,56 í aðaleinkunn. Ræktendur hans eru Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson en eigendur eru Páll Stefánsson, Hrafnkell Áki Pálsson og Ólafur Tryggvi Pálsson. Magni er undan Konsert frá Hofi og Stöku frá Stuðlum. Magni er glæsilegur hestur með 8,72 fyrir sköpulag, hæst hlaut hann 9,0 fyrir samræmi, fótagerð, hófa og prúðleika. Fyrir hæfileika hlaut Magni 8,47 þar af 9,5 fyrir úrvalsskeið og 9,0 fyrir þjálan og góðan samstarfsvilja.

Stóðhestar 7 vetra og eldri

Í elsta flokki stóðhesta voru sýndir 77 hestar eða um 9% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Seðill frá Árbæ undan Sleipnisbikarhafanum á Landsmóti 2022, Sjóði frá Kirkjubæ og Aronsdótturinni Verónu frá Árbæ. Ræktandi hans og eigandi er Maríanna Gunnarsdóttir. Seðill hlaut hæst 8,75 í aðaleinkunn á vorsýningu á Sörlastöðum en á landsmótinu hafnaði hann í fimmta sæti. Seðill er afskaplega vel gerður hestur með úrvals frambyggingu, bak og lend, og fótahátt og jafnvægisgott samræmi. Hann hlaut 8,79 fyrir sköpulag þar sem hæst ber 9,0 fyrir framantalda þætti auk hófa. Seðill er afbragðsalhliðahestur með takthreinar, skrefgóðar vel aðskildar gangtegundir. Hann hlaut 8,72 fyrir hæfileika, 9,0 fyrir brokk, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið.

Með næsthæstu aðaleinkunn ársins er hinn magnaði léttleikahestur með sitt frábæra jafnvægi í geði og gangi, Sindri frá Hjarðartúni. Hann stóð efstur á Landsmótinu í sínum flokki með 8,99 í aðaleinkunn og hæstu hæfileikaeinkunn sem gefin hefur verið eða 9,38. Sindri er undan Stála frá Kjarri og Aronsdótturinni Dögun frá Hjarðartúni. Ræktandi er Óskar Eyjólfsson en eigendur Einhyrningur ehf, Bjarni Elvar Pétursson og Kristín Heimisdóttir. Sindri er ágætlega gerður hestur með 8,28 fyrir sköpulag. Sindri hlaut tíu fyrir brokk, skeið og samstarfsvilja, 9,5 fyrir tölt og fegurð í reið og 9,0 fyrir hægt tölt. Miðað við frammistöðu á vellinum og uppgefnar einkunnir má segja að Sindri falli afskaplega vel að þeim eiginleikum sem tilgreindir eru í ræktunarmarkmiði íslenska hestsins.

Hæstu aðaleinkunn ársins í elsta flokki stóðhesta, 9,04 hlaut Viðar frá Skör. Það er jafnframt hæsta aðaleinkunn sem hross hefur nokkru sinni hlotið. Viðar er undan Hrannari frá Flugumýri II og Vár frá Auðsholtshjáleigu sem var undan Spuna frá Miðsitju. Karl Áki Sigurðsson er ræktandi Viðars en eigendur hans eru Flemming og Gitte Fast Lambertsen. Viðar er einstaklega vel gerður hestur með 8,89 fyrir sköpulag. Fyrir bak og lend og samræmi hlaut hann úrvalseinkunnina 9,5 sem einkennist af afar góðu jafnvægi og fótahæð. Réttleiki er einnig úrval upp á 9,0 en fyrir aðra þætti sköpulags hlaut Viðar 8,5. Ekki eru hæfileikarnir síðri en fyrir þá hlaut Viðar 9,12 þar sem hæst ber 9,5 fyrir brokk og fet og 9,0 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið. Ganghæfni Viðars er afbragð og einkennist af takthreinum gagntegundum með háum fótaburði og skrefmikilli og jafnvægisgóðri framgöngu með hvelfda yfirlínu.

Að lokum er rétt að þakka öllu starfsfólki sýninganna fyrir vel unnin störf. Hópurinn sem að þessu kemur er vel þjálfaður og samhentur. Einnig ber að þakka fyrir gott samstarf við staðarhaldara á hverjum stað en það er ómetanlegt hvað þeir hafa sýnt mikinn áhuga og metnað til að hafa alla aðstöðu sem besta. Sömuleiðis ber að þakka sýnendum, ræktendum og eigendum fyrir gott samstarf.

	Fjöldi afkvæma	Meðalaldur	SKÖPULAG	HÆFILEIKAR
Spuni frá Vesturkoti	42	6,4	8,16	8,05
Konsert frá Hofi	42	5,9	8,29	8,02
Skýr frá Skálakoti	41	5,4	8,23	8,04
Stáli frá Kjarri	30	7,0	8,05	7,99
Ölnir frá Akranesi	29	6,0	8,25	7,82
Ómur frá Kvistum	27	6,4	8,17	7,91
Draupnir frá Stuðlum	25	5,0	8,21	7,91
Arion frá Eystra-Fróðholti	22	6,3	8,17	8,08
Álfur frá Selfossi	21	6,7	8,00	7,65
Hrannar frá Flugumýri	21	6,3	8,13	8,15
Hringur frá Gunnarsstöðum	21	5,9	8,17	7,89
Trymbill frá Stóra-Ási	19	6,2	8,15	8,07
Skaginn frá Skipaskaga	18	5,2	8,28	7,98
Ljósvaki frá Valstrýtu	16	5,0	8,12	7,72
Jarl frá Árbæjarhjáleigu	15	6,0	8,01	7,92

Fimmtán stóðhestar sem feðra flest sýnd afkvæmi.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu jörðina Vogalækur í Borgarbyggð.

Bæjarhúsin sem eru í misjöfnu ástandi standa á hól á bakka Vogalækjarins. Land Vogalækja sem er talið vera 239 hektarar þar af ræktað land samkvæmt Þjóðskrá um 13,8 hektarar og liggur að landi Hofstaða að norðan. Að austan eru merki á mót Smiðjuhólsveggjum, en að sunnan er land Sveinsstaða. Á norðurmörkum jarðarinnar er stórt vatn nefnt Heyvatn um 208 hektarar að stærð. Ábúandi hafði undanfarinn ár rekið búvélaverstæði að Vogalæk og hefur engin hefðbundin búskapur verið stundaður þar undanfarinn ár en tún nytjuð. Jörðin er án bústofns véla og án framleiðsluréttar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Í skugga Gaulverjabæjar

höfundur: Jón M. Ívarsson



Sagan af ósvífnustu fjársvikurum landsins sem settust að í Gaulverjabæ í Flóa fyrir 100 árum síðan, sviku bændur um allt Suðurland og flógu þá inn að skyrtunni. Margir misstu aleiguna og sumir lífið. Þeir Jón Magnússon, Björn Gíslason og Erasmus Gíslason skildu eftir sig sviðna jörð og stærsti sparisjóður landsins varð gjaldþrota. Hvernig gat þetta gerst?

„Ævintýraleg saga sögð á skýran og skeleggan hátt.“ Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur.

„Frábærlega vel skrifuð bók.“ Jón Þ. Þór sagnfræðingur.

Bókin er vel myndskreytt. Fæst aðeins hjá útgefanda.
Sími 861-6678. *jonmivars@gmail.com*

Heimsend frítt um land allt.

Við sérhæfum okkur í þínni starfsemi

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

Sauðfjárbændur athugið!

Vegna vinnu við endurbætur á prentuðum vorbókum verða vorbækurnar að óbreyttu ekki sendar út nú í nóvember og desember heldur þegar ný útgáfa af þeim verður tilbúin snemma á næsta ári.

Ef þið óskið hins vegar eftir að fá vorbók á venjulegum tíma, og þá án breytinga, er hægt að hringja í aðalnúmer okkar, **516-5000**, láta vita á næstu starfsstöð eða senda tölvupóst í **sk@rml.is**.
Við biðjumst velvirðingar á því ef þessar breytingar kunna að valda einhverri röskun en í staðinn vonumst við til að uppfærð útgáfa vorbókarinnar nýtist vel í framtíðinni.
Sjá nánar á heimasíðu okkar, www.rml.is.

LESENDARÝNI

Sauðfjárrækt:

Hugleiðingar um verndun íslenska forystufjárins

Íslenska forystuféð er einstök erfðaauðlind. Hliðstæðu þess er hvergi að finna í heiminum. Á okkur hvílir því veruleg ábyrgð gagnvart öllum um varðveislu þess. Ræktendur fjárins hafa staðið vel að varðveislu þess þannig að hún er lýsandi dæmi um það sem best hefur verið gert í heiminum í hliðstæðum málum.



Jón Viðar Jónmundsson.



Ólafur R. Dýrmundsson.

Eiginleikar forystufjár hafa takmarkaða hagnýta þýðingu sem stendur í fjárbúskap. Ræktun þess verður því hugsjónastarf sem virðist góðu heilli veita fjölda eigenda þess verulega ánægju. Slík erfðaauðlind gæti öðlast hagnýtt gildi í framtíðinni.

Höfundar þessarar greinar ásamt samstarfsmönnum unnu mjög ítarlegt yfirlit um stöðu stofnsins fyrir rúmum tíu árum og birtu í Náttúrufræðingnum árið 2015. Í framhaldi þess var forystuféð loksins skilgreint sem sérstakt búfjárkyn árið 2017. Þar voru einnig birtar margar hugmyndir um þróun stofnsins á næstu árum og ábendingar til að tryggja betur farsæla þróun kynsins áfram.

Umsjón ræktunarinnar á forræði RML

Því miður eru engar nýrri upplýsingar að styðjast við um forystufjárkynið en umsjón ræktunar þess er nú á forræði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, RML. Það eina sem þar virðist hafa verið gert er samþykkt ræktunaráætlunar stofnsins, sem samt þarfnast endurskoðunar um nokkur grundvallaratriði að okkar mati. Í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar var það skilið frá íslenska fénu sem var löngu tímabært skref. Það átti að skapa góða möguleika til að birta yfirlit, fjöldatölur og fleira á hverju ári um forystuféð sem ómetanlegt væri að hafa handbært núna. Frá stofnuninni hefur hins vegar ekkert birst. Við minnum á tillögur annars höfundar greinarinnar að umsjón skýrsluhaldsins yrði færð nær ræktendum sjálfum að Forystufjársetrinu í Þistilfirði. Sú tillaga hefur ekki fengið neinn hljómgrunn. Hjá setrinu er reyndar vilji og geta til að sinna þessum málum. Í staðinn hafa þau lent í algerum undandrætti hjá RML enda litið á það þar sem hreint aukaverkefni, sem við þekkjum frá fyrri störfum okkar að gerist oft hjá opinberum og hálfopinberum stofnunum.

Blikur á lofti

Í rannsóknum okkar kom skýrt fram að ræktun stofnsins virtist vera í ótrúlega góðum farvegi gagnvart sjálfbæru viðhaldi hans. Við teljum okkur hins vegar sjá fjölmörg óveðurský, ógnanir sem geti á örskömmum tíma valdið hruni stofnsins verði ekki brugðist hratt við og eitthvað gert. Bent skal á örfá atriði.

Farin er á stað hraðari fækkun fjárbúa í landinu en líklega nokkru sinni áður. Því fylgir um leið tilsvarandi fækkun forystufjárins. Tölurnar eiga að vera til hjá RML en eru ekki teknar saman né birtar. Ástæður fækkunarinnar eru margar en veigamest ömurleg afkoma sauðfjárbænda sem við sjáum ekki að verði leyst af Bændasamtökunum eða stjórnvöldum fremur en í fimm áratuga baráttu þeirra við þessi mál áður. Aðgerðir þessara aðila í vor geta engan veginn talist langtímalausn. Þvert á móti mælir fleira með að þróunin gagnvart ósjálfbærri stöðu forystufjárstofnsins verði hraðari á næstu misserum en nokkru sinni áður með skelfilegum afleiðingum.

Verulegur samdráttur hefur orðið í sæðingum forystufjár. Samkvæmt hrútaskrá stöðvanna árið 2022 voru í desember 2020 sæddar 89 ær með sæði úr þeim tveim forystuhrútum sem stöðvarnar buðu upp á. Árið 1990 eru sendir út yfir 1100 sæðisskammtar úr Móblesa einum. Þrjátíu árum síðar, árið 2020, eru sæddar á landinu öllu þriðjungi fleiri ær en 1990. Þó að tölurnar fyrir hrútana séu annars vegar útsend sæði en hins vegar sæddar ær, sem getur verið villandi samanburður, er ljóst að samdrátturinn er umtalsverður. Notkun sæðinganna er lykilatriði um sjálfbært viðhald stofnsins ekki síst ef í honum fækkar hratt. Meginatriðið er að sæðingar með forystuhrútunum eru orðnar alltof fáar síðustu árin.

Við teljum það brýnasta úrlausnarverkefnið núna að taka afstöðu til hvaða afstöðu eigi að taka til ræktunar á mótstöðu hjá sauðfé í landinu gegn riðuveiki. Afstaða í þessu máli getur á skömmum tíma skilið á milli um farsæla framtíð eða útrýmingu forystufjárins. Að því viljum við víkja nokkrum orðum hér á eftir.

Því miður eru mörg fleiri teikn á lofti en þetta eru þau veigamestu að okkar viti.

Ræktun mótstöðu gegn riðuveiki

Hér viljum við ræða aðeins nánar síðasta atriðið sem virðist það brýnasta að bregðast við. Góðu heilli fundust arfgerðir hjá íslensku sauðfé sem talið er að geti veitt fullkomna vernd gegn riðuveiki. Starfshópur um málið hefur unnið mikið og gott starf um að kanna útgreiðslu genanna, reyna að mæla áhrif þeirra og gera áætlun um dreifingu þeirri meðal sauðfjár hér á landi á næstu árum þar sem sæðingar fá lykilhlutverk. Þarna hefur vel verið unnið. Óteljandi spurningum virðist samt ósvarað um það hvernig brugðist verður við ef og þegar ógnvaldurinn birtist í nýjum hjörðum á komandi árum.

Hér þarf að taka ákvarðanir um hvernig bregðast á við í þessu máli fyrir forystuféð. Á að halda forustufénu hreinu eða á að færa verndandi genin inn í kynið? Á Bretlandi þar sem fram komu litlir stofnar með verndargildi þegar þessi mál komu þar upp var lagt til að tekin væri sú stefna að halda ræktun þeirra áfram án innblöndunar. Á hliðstæðri ákvörðun teljum við ýmsa annmarka. Eins og segir veit enginn enn hvernig þessi mál þróast hér á landi. Hugsanlega verður lögboðið á næstu árum að genunum verði komið í allt fé í landinu. Yrði svo er valið ekkert vegna þess að forystuféð er nánast undantekningalaust að finna blandað í stærri hjarðir af íslensku sauðfé. Trúi menn á framtíð forystufjárins þá hafa margir gælt við þá hugmynd að það eigi erindi til annarra landa með útflutningi. Því viljum við trúa en áreiðanlega verður örðugra að vinna að því í framtíðinni vegna þróunar í þessum málum erlendis verði genunum ekki komið inn í stofninn.

Hvað gert verður eiga forystufjárræktendur sjálfir að ákveða. Þeir þurfa að efla samtök sín en grunn þeirra er þegar að finna í Forystufjárræktarfélagi Íslands sem þeir verða nú að stórefla til að takast á við þessa spurningu. Um leið eiga þeir að efla samstöðu sína um Forystufjársetrið og vinna að því að stjórnsýsla mála sem varða þetta einstaka fjárkyn færist í framtíðinni þangað eða til félagsins eftir eðli mála. Með því að færa þau þannig nær ræktendum sjálfum er stuðlað að farsælli lausn þeirra til frambúðar.



Eiginleikar forystufjár hafa takmarkaða hagnýta þýðingu sem stendur í fjárbúskap. Ræktun þess verður því hugsjónastarf sem virðist góðu heilli veita fjölda eiganda þess verulega ánægju. Myndir / Tjörvi Bjarnason



Trúi menn á framtíð forystufjárins þá hafa margir gælt við þá hugmynd að það eigi erindi til annarra landa með útflutningi.



Ræktendur fjárins hafa staðið vel að varðveislu þess þannig að hún er lýsandi dæmi um það sem best hefur verið gert í heiminum í hliðstæðum málum.

Sérstök aðgerðaáætlun

Verði ákveðið að koma genunum inn í kynið í framtíðinni þarf að vinna sérstaka aðgerðaáætlun. Í slíkri áætlun verður að taka tillit til sérstöðu kynsins, örlítill stofn og mikið dreifður. Öll þekking til þess á að vera fyrir hendi. Þar koma hinar nýju greiningaratferðir að ómetanlegu gagni. Auðvelt á að vera að rækta hratt önnur gen en þau verndandi út úr forystufjárstofninum. Við þekkjum að víða þarf ekki að leita mjög langt aftur í ættir eftir blöndun við íslenskt sauðfé án þess að nokkur einkenni frá innblönduninni verði greind.

Séu ábendingar okkar réttar bíður erfðanefndar landbúnaðarins að meta hvort ekki sé þörf á sérstakri verndaráætlun fyrir íslenska forystuféð. Það er lögbundið hlutverk hennar. Fram til þessa hefur aldrei verið metin þörf á slíkum aðgerðum hér á landi. Hér er of mikið í húfi til að aðgerðaleysi verði réttlætt.

Jón Viðar Jónmundsson og Ólafur R. Dýrmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamenn sem hafa komið lengi að verndun og ræktun forystufjár.



Móflekkótti forystuhrúturinn Fjalli frá Hárlaugsstöðum.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Hlaupandi ull eða plasthúðuð

Margir hafa óvart sett ullarpeysu í þvottavél með öðrum þvotti og fengið hana aftur úr vélinni nánast eins og þófinn vettling. Þetta getur verið mikill skaði ef um er að ræða uppáhaldspeysu.


Sigrún Helgadóttir.

Fólk lærir að til að ullarföt hlaupi ekki þarf að þvo þau varlega, helst í höndum, og vinda þau og þurrka eftir kúnstarinnar reglum. Þetta þykir sumum vandasamt og tímafrekt og fagna því að geta nú fengið prjónagarn sem hleypur ekki. Í verslunum má sjá mikinn fjölbreytileika garns, liti og gerðir, og á merkimiðum þess stendur að garnið sé 100% ull og sé auk þess „superwash“. Það þýðir að flík úr garninu breytist ekki í þvotti og megi því þvo hana með öðrum þvotti. Eðlilega sýnist mörgum að þetta garn sé heppilegt í barnapeysur sem oft þurfi að þvo.

Gerð og eiginleikar ullar

Fyrir rúmlega fjörutíu árum var ég í báti sem hvolfdi í fjöruborði eyðieyjar. Allt fór vel og við gátum kraflað okkur í land, hundblaut inn að skinni. Við þurftum að bíða í nokkurn tíma eftir hjálp. Tveir í hópnum eru mér sérstaklega minnisstæðir. Sá elsti var í lopapeysu yst fata. Hann dreif sig strax úr öllu að ofan, vatt lopapeysuna, fór í hana næst sér og blautan stakk þar utan yfir. Hann komst vel af. Töffarinn í hópnum var bara í gallabuxum og öðrum bómullarfötum, hann var mjög kaldur og skjálfandi þegar hjálpin barst. Sjálf var ég hin hressasta, í ullarnærfötum og lopapeysu og dundaði mér við að ganga um og skoða fugla á meðan við biðum.

Fróðlegt er að skoða ullarhár í smásjá til að sjá gerð þeirra. (Sjá mynd 1.) Yfirborð háranna er þakið flögum, þær liggja frá hárrótinni og skarast. Flögurnar hrinda frá sér vatni svo að það rennur greiðlega niður hárin. Yfirborð ullarhára hleypir í gegnum sig vatnsgufu og innri hluti þeirra er svo vatnsdrægur að vatn getur verið um 30% af þyngd ullar án þess að hún virðist blaut við snertingu, því að vætan helst innan við yfirborðsflögurnar. Þessi bygging ullarháranna og eiginleikar orsaka þau einkenni sem ull er þekkt fyrir, kindur þola vel rigningu og þorna fljótt ef þær blotna, raki og sviti flyst auðveldlega frá húðinni í gegnum ullarflíkur og þær halda á okkur hita þótt þær séu blautar.


Mynd 1. Rafsjármynd af ullarhári sýnir yfirborðsflögur háranna. Fleiri gerðir ullarhára má sjá á netinu með því að slá inn leitarorðin: „wool fibre microscopic view“

Flögurnar á ullarhárunum gera yfirborð þeirra hrufótt. Ef ullinni er dýft í heitt vatn ýfast flögurnar, rétt eins og þegar skeljar opnast, og sama gerist ef ullarhárum er nuddað saman fram og aftur. Hárin verða eins og þakin litlum krókum sem krækjast rækilega saman og mynda þéttan flóka, ullin þæfist. Þetta gerist ef ullarflík er nudduð í þvotti eða er innan um annan þvott í tiltölulega litlu vatni í þvottavél.

„Superwash“

Til að koma í veg fyrir að ullarflíkur hlaupi þarf að breyta gerð ullarinnar, koma í veg fyrir virkni yfirborðsflaganna. Oftast hefur það verið gert með klórefnum. Við vinnsluna er notað gífurlegt magn af vatni og svo mikið af eitruðum mengunarefnum að í sumum löndum er hún bönnuð. Því hefur ull verið flutt til vinnslu í þeim löndum þar sem mengunarvarnir eru litlar sem engar, með afleiðingum fyrir fólk og náttúru þeirra landa. Einnig mun vera unnið að því að finna nýjar aðferðir og hættuminni en klórmeðferðina. Hver sem aðferðin er við að eyðileggja yfirborðsflögur ullarháranna þýðir það ekki bara að hárin hætta að krækjast saman heldur tapast líka sá sá eiginleiki ullarinnar að hrinda frá sér vatni og hleypa raka í gegnum sig. Garnvinnslur hjúpa þá ullarhárin með einhvers konar plastefni eða næloni í stað hinna náttúrulegu yfirborðsflaga svo að þegar við handleikum garnið er það ekki lengur náttúruleg ull sem við snertum heldur plastefni. Og þótt standi á merkimiðum garnsins að um sé að ræða 100% ull er það í raun ekki rétt, í ullina eru líka komin plastefni sem þekja hvert hár örþunnu lagi. Á meðan flík úr slíku garni er notuð og þvegin, og eftir að hún er ónýt og ullin sjálf horfin inn í náttúrulegar hringrásir, berast örplastagnir sem frá henni koma um alla jörð og haf.



Mynd 2. Sami vettlingur fyrir og eftir þvott í þvottavél með öðrum fötum. Stroffið er prjónað með „superwash“ garni og breytist ekkert í þvotti. Belgurinn er prjónaður úr plötulopa og þófnar og þykkist við þvottinn.

Bæði austan hafs og vestan er mikil andstaða gegn „superwash“ garni en hérlendis kaupir flest fólk það óafvitandi um þá meðferð sem ullin hefur fengið og afleiðingar hennar. Margar nútímaþvottavélar eru þó með ágæt ullarprógrömm og ekki ætti að vera ofverk fólks að flokka þvottinn sinn og þvo ullarföt sér. Og svo má minna á að um aldir hefur ull verið þvegin á Íslandi. Oft í heitu vatni, nánast við suðu, bæði til að losna við óhreinindi og til að lita ullina og það án þess að hún tapaði sínum undraverðu eiginleikum. Galdurinn er að setja ullina í mikið vatn, kalt eða ylvolgt, og hita það hægt og síðan þarf aftur að kæla það mjög hægt. Þá eyðileggjast ekki yfirborðsflögur ullarháranna og þau eiga að vera jafngóð eftir þvottinn. Og það er gaman að þvo ull. Hreyfa hana og kreista í volgu vatni og njóta áferðar, lyktar og lita.

Sigrún Helgadóttir
náttúrufræðingur.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484



Ford F350 XLT til sölu!

Innfluttur frá Canada þá ekinn 75,000 km nú ekinn 160,000 km! EGR og DPF tekið úr! ECU forritað , Allt sem var tekið úr er til og fylgir með.

Bíllinn er 37” breyttur. Undir palli er festing fyrir stól / Fifth Wheel. Leður Klæðning á sætum, Bakkmyndavél og Palllok.

Ekki vsk. bíll. Nýtt í bremsum og smurbók.

Almenna Bílaverkstæðið
símar: 695-2700 og 588-9866.



SnowEx®
VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.

MHG VERSLUN

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is


LESENDARÝNI

Félagsmenn SSFM / BFB orðnir vel á þriðja hundrað:

Samtök smáframleiðenda matvæla þriggja ára

- Hæst bar að Beint frá býli varð aðildarfélag síðastliðið vor

Þann 5. nóvember urðu Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) þriggja ára. Þetta þriðja starfsár hefur verið viðburðaríkt eins og fyrstu tvö og samtökin haldið áfram að vaxa og dafna.



Oddný Anna Björnsdóttir

Það sem hæst bar á árinu var að Beint frá býli (BFB) varð aðildarfélag að SSFM og fengu félagsmenn BFB sem voru ekki þegar félagsmenn í SSFM þá fulla aðild að SSFM og undirrituð varð framkvæmdastjóri beggja félaga.

Félagsmönnum með fulla aðild hélt áfram að fjölga og eru nú orðnir 215. Ríflega helmingur er á lögbýlum, um fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu og svipaður fjöldi í bæjarfélögum hringinn í kringum landið. Vörur þeirra eru eins fjölbreyttar og þær eru margar og auðga matarflóru landsmanna svo um munar.

Aukaaðilar eru á fimmta tug, en aukaaðild er eins konar styrktaraðild fyrir þá sem eru ekki smáframleiðendur sjálfir en vilja styðja samtökin. Í hinu ómetanlega ráðgjafaráði sitja ríflega 40 öflugir einstaklingar með reynslu og þekkingu á sviði samtakanna.

Stefnumótandi markmið og aðgerðaáætlun

Hér á eftir verður farið yfir helstu lykilverkefni samtakanna á árinu sem tengdust stefnumótandi markmiðinu um að hámarka ávinning af aðild. Stefnumótandi markmiðin, öll lykilverkefnin og link á ítarlega aðgerðaáætlun samtakanna má finna í almennu kynningunni á SSFM/BFB á vef samtakanna: ssfm.is/skyrslur.

Einföldun regluverks

Við áttum tvo fundi með matvælaráðherra á árinu þar sem umræðupunktarnir voru einföldun regluverks, að fulltrúar matvælaframleiðenda ættu sæti í stjórn Matvælasjóðs og beiðni um að ráðherra geri samning við SSFM/BFB um eflingu smáframleiðslu matvæla, þar sem forgangsverkefnið væri að vinna greiningu og skýrslu með tillögum að einföldun regluverks á sviði matvæla sem ráðherra tók vel í.

Áhersla var lögð á að ganga sem fyrst í að uppfæra smáræðisreglugerðina svo hún gefi matvælaframleiðendum sem selja vörur í eigin hagnaðarskyni undanþágu frá því að sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlitsins fyrir hvern matarmarkað sem þeir taka þátt í, en sú vinna er í gangi hjá ráðuneytinu.

Eins var hvatt til þess að reglugerð sem gefur starfsemi sem heyrir undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir möguleika til að skrá atvinnureksturinn í miðlæga rafræna gátt í stað þess að sækja um starfsleyfi, nái einnig til matvælaframleiðenda og er það nú í skoðun hjá ráðuneytinu.

Við hvöttum til þess að lokið yrði sem fyrst við að einfalda og samræma eftirlitskerfið og tryggja að framkvæmd eftirlits sé sambærileg um land allt. Við lögðum jafnframt til að skipað yrði teymi fulltrúa matvælaráðuneytisins og eftirlitsaðila sem framleiðendur geti leitað til tengt framkvæmd reglugerða og eftirlits, ef þeir eru ósáttir við túlkun eftirlitsmanns.

Við lögðum einnig áherslu á mikilvægi þess að hafa þá sem munu vinna eftir reglugerðunum og fulltrúa þeirra með í ferlinu þegar reglugerðir og leiðbeiningar með þeim eru skrifaðar, eins og var gert í hinu svokallaða heimaslátrunarmáli. Að lokum fögnuðum við því að Berglind Häsler, aðstoðarmaður ráðherra, tæki sæti í stjórn Matvælasjóðs, enda fyrrum félagsmaður og þekkir því vel til.



Lokaviðburður Matsjárinnar á Hótel Laugarbakka.

Myndir / Aðsendar

Stefnumótun á sviði matvæla

SSFM sendu inn ítarlega umsögn um greinargerð sem lýsir áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla á kjörtímabilinu sem finna má á vef samtakanna.


Lykiláherslur umsagnarinnar endurspeglast í drögunum að matvælastefnu sem ráðherra kynnti á Matvælaþinginu í nóvember – sem eru þó mjög almennt orðuð. Við væntum þess að í aðgerðaáætlun með stefnunni verði skýrar, tímasettar og fjármagnaðar aðgerðir útlistaðar sem innihalda þær mikilvægu og brýnu tillögur sem við komum með í umsögninni.

Auka þekkingu og þróa verkfæri

Hæst bar Matsjáin sem var samstarfsverkefni SSFM og landshlutasamtaka sveitarfélaga um land allt. Verkefnið var styrkt af Matvælasjóði og tók RATA að sér verkefnisstjórn. Matsjáin var 14 vikna rafrænt námskeið sem samanstóð af sjö lotum með heimafundum, fræðslu og erindum, verkefnavinnu og ráðgjöf og lauk með veglegri uppskeruhátíð og matarmarkaði á Hótel Laugarbakka í apríl. Um helmingur félagsmanna tók þátt og var almenn ánægja með verkefnið sem vilji er til að hafa framhald af.

Gerð vefbókar um merkingar matvæla, ásamt hugbúnaðarlausn sem vinnur með ÍSGEM gagnagrunninum við útreikning næringargildis út frá uppskrift sem Matvælasjóður styrkti og SSFM eru samstarfsaðilar Matís í, var í fullri vinnslu á árinu en markmiðið er að gefa félagsmönnum færi á að prófa tilraunaútgáfu fyrir lok árs.

Skapalónið (e: template) fyrir gæðahandbók sem var kynnt félagsmönnum í lok síðasta árs og finna má á vef samtakanna hefur nýst mörgum sem sýnir að slík samstarfsverkefni geta gert gæfumuninn.



Matarbúrið í Krónunni Lindum, nóvember 2022 (þurrvöruhlutinn).

Bætt kjör og fjölbreyttar söluleiðir

Félagsmenn eru með sérstök afsláttarkjör hjá á þriðja tug aðila. Í ár var meðal annars gerður afsláttarsamningur við Póstinn sem gefur þeim smáu örlítið betri möguleika í samkeppni við þá stóru.

Að hafa aðgang að fjölbreyttum söluleiðum skiptir félagsmenn máli og því hélt samstarfið við Krónuna um Matarbúr áfram, en í því er vörum félagsmanna stillt upp á afmörkuðu svæði í stærstu verslunum Krónunnar á tilteknum tímabilum. Fjarðarkaup og Hagkaup í samstarfi við Karrot fóru svipaða leið í ár og gerðu smáframleiðendum matvæla hátt undir höfði á vissum tímabilum. Söluaðilum sem sérhæfa sig í vörum smáframleiðenda hélt áfram að fjölga og má helst nefna vefinn Matland og verslunina Taste of Iceland á Laugavegi.

Eftir tvenn jól án matarmarkaða hafa þeir sjaldan verið fleiri og hvetjum við neytendur til að sækja þá, panta í gegnum eigin og sameiginlega vefi smáframleiðenda.

Kynningarmál og almannatengsl

Reglur BFB um félagsmerkið og upprunamerkið Frá fyrstu hendi voru uppfærðar og félagsmenn sem eru með beina aðild að BFB hvattir til að nýta þau, enda gefa þau starfsemi og vörum þeirra mikla sérstöðu.

Mikið púður var lagt í undirbúning fyrir þátttöku í Terra Madre Nordic, matarhátíð smáframleiðenda á vegum Slow Food Nordic í Stokkhólmi 1.-3. september. Þar var matarmarkaður, málþing, vinnustofur, fyrirlestrar, svæðisfundir og síðast en ekki síst matarhandverkskeppnin Nordic Artisan Food Awards. Sjö félagsmenn sendu vörur í keppnina og hlutu hvorki meira né minna en þrír þeirra verðlaun.



Þorbjörg Ásbjörnsdóttir og Lára Guðnadóttir, Geitagott á Landbúnaðarsýningunni.

Í grein minni í síðasta blaði var fjallað um velgengni smáframleiðenda á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll þar sem 40 félagsmenn kynntu vörur sínar á sameiginlegum bási SSFM/BFB og víðar.

Ráðgjöf, stuðningur og gagnlegar upplýsingar

Samtökin veita félagsmönnum ráðgjöf og stuðning, miðla gagnlegum upplýsingum til þeirra og vekja athygli á málefnum sem þá varða. Þau eru einnig gátt inn til smáframleiðenda matvæla sem þýðir að þeir sem þurfa að ná til þeirra geta gert það í gegnum póstlistann og lokaða Facebook hópinn.

Verðskuldað athygli

SSFM/BFB munu á nýju ári halda áfram að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða. Matarfrumkvöðlar eru rokkstjörnur sem fá verðskuldaða athygli þessi misserin og munu án efa halda áfram að eflast og fjölga á næstu árum.

Oddný Anna Björnsdóttir,
framkvæmdastjóri SSFM/BFB.

Fasteignir í dreifbýli

Að fjárfesta í fasteign er áfangi sem flestir vilja ná. Að eiga fasteign sem hægt er að kalla sína hvort heldur sem hún sé lítil eða stór.



Jónas Davíð Jónasson frá Hlöðum.

Nú á tímum verðbólgu og óvissu hefur fasteignaverð hækkað mjög og gert fólki erfitt fyrir að fjárfesta í fasteign.

Auðvitað leitar fólk, hvað þá ungt fólk, allra leiða til að koma undir sig fótunum og safna að sér fé svo hægt sé að fjárfesta í fasteign en oft festist það í hringiðu leigumarkaðarins og á lítið eftir þegar kemur að mánaðamótum.

Til þess að vega upp á móti almenningi og þá sérstaklega ungu fólki í sínum fyrstu kaupum setti ríkið af stað verkefni sem kallast hlutdeildarlán. Með þessum lánum kemur ríkið til móts við kaupendur með eigið fé upp í íbúð, allt að 20% og jafnvel 30%, sértu nógu tekjulágur. Þetta gildir eingöngu fyrir fyrstu fasteign eða fyrstu fasteign sem fjárfest hefur verið í síðastliðin 5 ár. Þetta er frábær kostur sem gefur fólki þann möguleika að eignast sína fyrstu fasteign með eingöngu 5% eigið fé. Einstaklingur eða sambúðarfólk þarf þá bara að taka 75% lán og eiga 5% eigið fé. Þetta á eingöngu við íbúðir sem eru auglýstar undir merkjum hlutdeildarláns sem verktakar hafa byggt með samning við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Einnig þarf verktakinn að vera skráður fyrir lóðinni.Auðvitað er þetta ekki frítt fé og þarf að borga til baka að loknum 10 árum eða við sölu íbúðar bæði óverðtryggt og vaxtalaust. Það væri frábært mál, ef þetta gengi jafnt yfir alla.

Að öllu jöfnu er tekið 80-85% lán fyrir fasteignakaupum hér á landi ef fólk nýtir sér ekki hlutdeildarlán sem þýðir að þú þarft að eiga 15-20% eigið fé til að kaupa íbúð.

Ef þig langar ekki í íbúð í þéttbýli heldur vilt byggja þér sjálfur úti í sveit eða annars staðar, ýmist því þig langar til þess eða þínar þarfir einfaldlega krefjast þess þá er sagan önnur.

Til þess þarft þú að eiga 30% eigið fé á móti 70% láni og hér er ekkert hlutdeildarlán að fara að hjálpa til. Sama á við ef þú hefur hug á að kaupa íbúðarhús i dreifbýli. Hlutdeildarlán gilda eingöngu fyrir þéttbýli því þess er krafist að sú íbúð sé á svæði þar sem stutt er í nauðsynlega þjónustu, almenningssamgöngur og félagslega blöndun.Ekkert af þessu á við hús lengst úti í sveit. Svo hvert leitum við þá til þess að leiðrétta okkar hlut?

Verkefnið brothættar byggðir? Það á ekki við né nokkuð annað. Okkur er gert að skaffa þessi 30% á meðan aðrir þurfa eingöngu að skaffa 5% eigið fé með hjálp frá ríkinu. Það sem höfundi finnst ótrúlegt er að Ásmundur Einar, sjálfur sveitastrákurinn, hafi hleypt þessu úr sínu ráðuneyti á sínum tíma án þess að hugsa til þeirra sem þurfa að hafa enn þá meira fyrir því að koma sér upp íbúðarhúsi en fólk sem býr í þéttbýli. Ætli hann hafi eitthvað lesið yfir þetta?

Þetta er hrein og bein mismunun og fær auðvitað ungt fólk til að hugsa málin. Ætli það sé ekki bara betra að flytja í næsta þéttbýliskjarna sem býður upp á slíkar íbúðir frekar en að þurfa að finna 30% eigið fé upp í lítið húsnæði?

Ef við reiknum með að fermetrinn kosti 400.000 kr í byggingu íbúðarhúss, segjum lítið 80 fermetra hús, gerir það samtals 32 milljónir. Þá þarft þú að skaffa 9,6 milljónir í eigið fé. 32 milljónir er bara byggingarkostnaður. Bankarnir og aðrar lánastofnanir nota staðlaða iðnaðarreiknivél sem í raun myndi setja húsið í sirka 38-40 milljónir. Þá þarf einnig að skila inn kostnaðaráætlun fyrir því og eiga eigið fé af 38 milljónum sem gerir þá 11,4 milljónir.

Við sækjum það bara í annan rassvasann. 5% af 38 milljónum er 1,9 milljónir. Það er töluverður munur á milli 11,4 og 1,9 milljónum.

Hús til sveita eru mörg komin til ára sinna og þurfa á töluverðu viðhaldi að halda. Fæst af þeim húsum nálgast þá byggingarstaðla sem við höfum í dag. Viðhald slíkra húsa kostar mikinn pening, oftar en ekki fleiri milljónir, og því væri það oft betri kostur að byggja nýtt hús í stað þess gamla.

Ásamt því hefur verið vitundarvakning hvað varðar ofanflóð og mörg hús til sveita eru ekki heppilega staðsett. Því er vilji til uppgerðar slíkra húsa enn þá verri og söluverð þeirra hrapar stöðugt.

Fólk með eða án barna sér það oft ekki sem góðan kost að fara á leigumarkað og hefur ekki marga valkosti. Því hefur fólk í vaxandi mæli verið að sækja í bráðabirgðahúsnæði eins og bílskúra ættingja, gömul illa farin íbúðarhús og stöðuhýsi sem njóta vaxandi vinsælda hér á landi, en fæst þeirra eru stöðluð fyrir íslenskt veðurfar. Við vitum öll að allt sem er til bráðabirgða getur oft ílengst. Á meðan reynir fólk að spara eins og hægt er, en að spara 30% fyrir draumahúsinu eða jafnvel bara litlu íbúðarhúsi getur tekið óratíma.

Þessi þróun hefur líka haft áhrif á sölu jarða þar sem ungt fólk veigrar sér við að fjárfesta í jörðum með illa farið íbúðarhúsnæði þar sem kostnaður við uppgerð slíkra húsa er hár og auðvitað þau kjör sem fást til nýbyggingar íbúðarhúsa alveg út úr kortinu.

Svo ef fólki tekst að skrapa saman eigið fé í eitt íbúðarhús þá þarf að taka lán. Það er enginn leikur. Sumir bankar einfaldlega neita að lána til nýbygginga íbúðarhúsa í sveitum landsins vegna staðsetningar því þá er endursöluverð ekki nógu gott.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun lánar til nýbygginga íbúðarhúsa sama hvar húsið er staðsett en þó ekki fyrr en húsið er orðið fokhelt, þangað til verður fólk að byggja á eigin efnum eða fá brúarlán fram að fokheldu. Auðvitað áttu eitthvað eigið fé til framkvæmda en það dugar varla til. Það má svo taka inn í dæmið eigin vinnu og efni, því meira því betra.

Að byggja íbúðarhús er ekki eins og að kaupa íbúð inni í bæ. Það er mun flóknara fjárhagslega og bankarnir geta dregið þig áfram langt fram eftir öllu þar til þú færð annaðhvort grænt eða rautt ljós. Því er mikilvægt að gefa sér góðan tíma áður en til framkvæmda kemur.

Ef byggð til sveita á einfaldlega ekki að leggjast af því húsakostur sé ýmist illa farinn eða möguleikar til nýbygginga takmarkaðir, þá þarf að fara að jafna leikvöllinn. Fólk sem sér heldur kosti við það að byggja frekar en annað þarf að fá sambærileg lán sem eru á pari við hlutdeildarlánin til framkvæmda, hvort sem er til uppgerðar eldri íbúðarhúsa eða nýbygginga.

Jónas Davíð Jónasson, gjaldkeri Samtaka ungra bænda og formaður Félags ungra bænda á Norðurlandi.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Músa- og kakkalakkafælur
SEM VIRKA
Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum
radarcan®

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN





Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu Jarðirnar Stóru-Hildisey 1 og 3 í Rangárþingi eystra.

Myndarlegur húsakostur bæði íbúðarhús og útihús.

Nútímafjós með mjaltarþjóni og vélrænni fóðurgjöf.

Miklir stækkunarmöguleikar bæði í ræktunn og húsum.

Landstærð tæpir 300ha. þar af 110 ha. í ræktunn í dag.

Framleiðsluréttur í mjólk ca. 440.000 l.

Jörðinn selst með bústofni og vélum til búsins

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



LAMBHELDU
HLIÐGRINDURNAR KOMNAR

Áfram hagstætt verð þrátt fyrir hækkanir á heimsmarkaði
Lægsta verð 24.900 auk vsk ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri

Lamasett og loka aðeins kr. 3.900 settið, auk vsk.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x 15 cm.

Verðskrá hliðgrindur:
1 stk. kr. **29.900 auk vsk.**
2-4 stk. kr. **27.900 auk vsk.**
5 stk. eða fleiri **24.900 auk vsk.**

Upplýsingar og pantanir í síma **669 1336** og **899 1776.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


LESENDARÝNI

Frjótæknar komnir á nýjan stað

Dagana 1.-4. nóvember sl. tóku fjórtán íslenskir frjótæknar þátt í endurmenntunarnámskeiði hjá nautgriparæktarfélaginu VikingDanmark og fór það fram í Álaborg á Jótlandi.



Baldur Helgi Benjamínsson



Andri Már Sigurðsson

Námskeiðið var haldið að frumkvæði Frjótæknafélags Íslands og hafði Andri Már Sigurðarson, frjótæknir hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og formaður félagsins, forgöngu að því. Ásamt Andra kom Baldur Helgi Benjamínsson, kúabóndi og kynbótafræðingur á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, að skipulagningu námskeiðsins, í samráði við framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Búnaðarsambands Suðurlands, Búnaðarsamtaka Vesturlands og forstöðumann Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands. Um uppsetningu námskeiðsins og skipulagningu ytra sá Niels Haulrik Kristiansen, endurmenntunarstjóri VikingDanmark. Nokkrir makar voru með í för og alls taldi hópurinn sem fór utan 19 manns.



Þátttakendur á námskeiðinu, ásamt Ágústu Sigurjónsdóttur.

Mynd / SBH



Klara í Syðri-Hofdölum heilsar upp á kvígur á Klovborg.

Mynd: ATB

Góð kennsluaðstaða

Námskeiðið fór að mestu fram í aðstöðu sem VikingDanmark (VD) hefur komið sér upp við nautgripasláturhús samvinnufélagsins Danish Crown, sem staðsett er í austurhluta Álaborgar. Þar er 4-500 gripum slátrað daglega, alla virka daga, og fjöldi starfsmanna er 135. Við hlið griparéttarinnar er kennsluaðstaða þar sem bóklegur hluti námskeiðsins fór fram. Verklegi hlutinn fór fram í réttinni sjálfri, þar er rúmgott svæði þar sem hægt var að koma fyrir sextán kúm í einu í læsigrindum. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Line Fruegaard, dýralæknir hjá VD, áðurnefndur Niels Haulrik Kristiansen og Ágústa Sigurjónsdóttir, frjótæknir hjá VD og búfræðingur frá Hvanneyri 1996.

Um tíu öðrum frjótæknum var svo fylgt eftir við dagleg störf. VikingDanmark er ræktunarfélag nautgripabænda í Danmörku sem rekið er sem samvinnufélag um sæðingastarfsemina. Það á síðan 50% hlut í Viking Genetics, á móti FABA í Finnlandi (25%) og Växa í Svíþjóð (25%) en það félag heldur utan um kynbótastarfið og rekur nautastöðina í Assentoft á Jótlandi, þar sem um 375 naut frá löndunum þremur eru haldin og sæðistaka og kyngreining sæðis fer fram. Notkun á kyngreindu sæði er orðin mjög útbreidd í Danmörku og t.d. í Jersey kúnum er hún nærri allsráðandi. Gert er ráð fyrir að innan fimm ára verði notkun á hefðbundnu sæði orðin hverfandi lítil.

Upprifjun í líffærafræði

Fyrsti námskeiðsdagur fór í upprifjun á líffæra- og lífeðlisfræði, ásamt helstu atriðum sem tengjast frjósemi nautgripa.

Fengu þátttakendur ítarlega kennslu í gangferli kúa, og stöðu á eggjastokkum og lærðu að meta með miklu öryggi hvar kýrin er stödd í gangferlinum út frá stöðu eggbús og gulbús, ásamt mati á blöðrum á eggjastokkum. Einnig fengu þeir mjög góða kennslu í fangskoðun og mati á aldri fósturs í viðkomandi kú með aðferðum sem þátttakendur höfðu ekki lært áður. Eftir mjög gagnlegan fyrirlestur fórum við og skoðuðum líffæri og var það mjög gagnlegt í beinu framhaldi af fyrirlestrinum. Hjá VD er lögð áhersla á að leita eftir a.m.k. þremur vísbendingum til að staðfesta fang, sem dæmi finna fósturhimnur og fósturæðar ásamt stöðu leghorna, t.d vökva og stærð. Allir sem tóku þátt voru sammála um að þetta hefði verið mjög gagnlegt og kæmi til með að styrkja þá mjög mikið í starfi.

Dagur með frjótækni

Á öðrum degi námskeiðsins var hópnum skipt upp og slóst helmingur hópsins í för með frjótækni frá VD og fylgdi honum eftir í starfi þann daginn. Baldur Helgi og Þorvaldur Jónsson, frjótæknir hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands, voru með frjótækninum Brett Yanz, sem fæddur er í Kanada en fluttist til Danmerkur fimm ára að aldri. Hann hefur verið frjótæknir frá 1988 og býr í Hjørring á Norður-Jótlandi. Á starfssvæði hans eru um 7.000 kýr á tiltölulega litlu svæði sem telst vera „meget kvægtæt“; mikill þéttleiki. Búin sem við heimsóttum voru mjög stór, mörg með á bilinu 4-700 kýr. Minnsta búið var með tæplega 100 kýr. Vegalengdir milli búanna voru stuttar og í eitt skipti voru búin hlið við hlið, þannig að bara þurfti að keyra yfir veginn. Heimsóknirnar þennan daginn voru tólf og rúmlega 110 kýr voru sæddar og fangskoðaðar. Mest sagðist Brett hafa sætt 26 kýr á einum bæ sama daginn. Á velflestum búum voru stígvél til reiðu fyrir þjónustuaðila; frjótækna og dýralækna. Aðstaða til sæðinga var víðast hvar mjög góð.

HandyVik pantar og skráir

Eitt af því sem mesta athygli vakti í þessari ferð var HandyVik farsímaappið sem VikingDanmark hefur látið útbúa og heldur utan um allar pantanir frá bændum og skráningar á þjónustu frjótækna hjá félaginu. Bændur panta langflestar sæðingar í gegnum þetta app og tekur það við pöntunum til kl. 7.30 á morgnana. Fyrir pantanir sem berast eftir þann tíma þarf að greiða aukalega og berist pantanir eftir kl. 10.30 fara þær yfir á næsta dag. Símatími frjótækna er 15 mínútur á dag. Gerð sæðingaáætlana er mjög útbreidd og þegar bóndi pantar sæðingu birtast þrjár tillögur að nautavali í appinu og velur frjótæknir eina af þeim á viðkomandi kú. Með þessu er handskráningum haldið í algjöru lágmarki og villuhættu þar með. Þá er mögulegt að senda bændum símaskilaboð um væntanlega komutíma frjótæknis, sem er til mikils hagræðis. Einnig er hægt að skrá margvíslegar upplýsingar um búið og aðstöðuna, sem auðveldar til muna

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Bjartsýni í sauðfjárrækt

Bandaríska skáldið Earl Nightingale talaði einu sinni um að maður yrði það sem maður hugsaði um.



Svandís Svavarsdóttir.

Þó að þetta sé vitanlega mikil einföldun þá er í þessu sannleikskorn. Það skiptir máli hvernig nálgun á verkefni er. Er glasið hálf tómt eða hálf fullt? Fyrir tæpu ári síðan þegar ég settist inn í ráðuneyti landbúnaðar skrifaði ég á blað nokkur verkefni sem ég vildi leggja áherslu á. Unnið er í öllum þessum verkefnum í ráðuneytinu og sum hver farin að bera ávöxt.

Bjartviðri fram undan

Eitt af því efsta á blaðinu var afkoma sauðfjárbænda. Síðustu ár hefur afkoman verið döpur. Það sem verra er að það hefur verið síversnandi afkoma í umræðunni. Um að staðan sé erfið og horfur dökkar. Skýrsla eftir skýrslu um að eitthvað þurfi að breytast og að bændum fækki. Þessi tónn hvetur ekki til árangurs. Ég tel að nú sé bjart fram undan fyrir íslenskan landbúnað, sauðfjárræktina meðtalda. Þrátt fyrir þær áskoranir sem við blasa vegna afleiðinga heimsfaraldurs og grimmrar innrásar Rússa í Úkraínu. Eitt mitt fyrsta verk í ráðuneytinu var að hlutast til um að fá sérstakt 700 milljóna króna framlag til að aðstoða bændur vegna hækkana á áburðarverði sem áttu sér vart sögulega hliðstæðu síðastliðinn vetur.

Þá var ég ekki búin að vera lengi í ráðuneytinu þegar að þær gleðifregnir bárust að hið ómögulega hefði gerst, að kindur hefðu uppgötvast sem báru samsætu sem veitir vörn gegn riðuveiki. Það gefur fyrirheit að unnt sé að vinna lokasigur á 150 ára baráttu við veiru sem hefur valdið ómældu tjóni í sveitum landsins. Drifkraftur þeirra sem börðust fyrir því að leita betur, færði íslenskri sauðfjárrækt þennan sigur. Þá hefur verið gott samstarf milli Matvælastofnunar og sauðfjárbænda um tillögur að reglugerðarbreytingum til þess að auðvelda starfið. Nú er einfaldlega praktískt verkefni fram undan, að koma þessari vörn í sem flest fé á sem hagkvæmastan hátt.

Afkoma bænda er háð fleirum en stjórnvöldum

Í vor varð ljóst að grípa þurfti til ráðstafana vegna þeirra áhrifa sem stríðið í Úkraínu hafði á matvælamarkaði. Skipaður var þriggja manna spretthópur sem útfærði tillögur á stuttum tíma. Ég gerði tillögur hópsins að mínum, sem voru m.a. þær að 2,5 milljarðar króna yrðu greiddar í sérstakan stuðning til bænda. Þá sagði ég og segi enn að það eru ekki bara stjórnvöld sem bera ábyrgð á afkomu bænda, heldur miklu frekar afurðastöðvar og smásalan. Síðastliðið sumar hækkaði svo afurðaverð til bænda verulega, eða um þriðjung. Þannig er raunverð á afurðum loksins komið upp í það verð sem það var fyrir tæpum áratug – til viðbótar við þann sérstaka stuðning vegna hækkandi aðfanga.

Önnur tillaga spretthópsins var að hvetja til hagræðingar í afurðageiranum með breytingu á búvörulögum. Slíkt frumvarp hefur nú verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þar sem meginefni þess er að veita tímabundna, skilyrta heimild til tiltekins samstarfs á sviði slátrunar. Markmiðið er þannig að hvetja til hagræðingar sem muni hagnast bændum og neytendum. Ég ætlast til þess að þessi drög fái gagnrýna umræðu þannig að málið sé sem best þegar hin þinglega meðferð hefst.

Ég hef hlustað á sjónarmið bænda

Óbreytt kerfi þýða óbreytta niðurstöðu. Það kerfi sem sauðfjárræktin býr við, hefur ekki skilað ásættanlegum niðurstöðum. Niðurstaðan hefur núna í rúman hálfan áratug verið döpur afkoma og neikvæð umræða. Við endurskoðun búvörusamninga árið 2019 var ákveðið að fresta niðurtröppun greiðslumarks til 1. janúar 2023. Þess hefur verið farið á leit við mig að ég myndi hlutast til um það að taka upp samninginn á yfirstandandi ári til þess að breyta þeirri niðurstöðu. Því erindi var hafnað.

Staðreyndin er sú að staða sauðfjárbænda gagnvart stuðningi almennings við sauðfjárrækt er afar ójöfn. Sá hópur sauðfjárbænda sem mun sjá hag sinn vænkast mest við það að samningurinn haldi gildi sínu er sá hópur sauðfjárbænda sem hefur verstu afkomuna í dag. Þeim ætla ég ekki að gleyma. Það að draga úr vægi greiðslumarks, líkt og bændur sömdu um við stjórnvöld árið 2019 mun jafna stöðu bænda. Bent var á það af búgreinadeild sauðfjárbænda í haust að við þessa breytingu myndu nokkrir tugir milljóna flytjast milli svæða. Það er rétt og hefur legið fyrir frá því að samið var, að því að draga úr vægi greiðslumarks. Ég er tilbúin við endurskoðun búvörusamninga á næsta ári að skoða svæðaskiptingu stuðnings ef að vilji sauðfjárbænda stendur til þess.

Árangur til framtíðar

Mín sýn er sú að til þess að afkoma bænda vænkist þurfi að koma saman raunverulegar umbætur á stuðningi almennings við sauðfjárrækt. Að hvatar séu til árangurs í loftslagsmálum svo að þeir fjölmörgu bændur sem ná árangri þar fái uppskorið erfiði sitt. Hvatar séu til að auka framleiðni með fjárfestingum. En án fjárfestinga verða ekki framfarir. En það er ekki eingöngu á ábyrgð stjórnvalda að tryggja afkomubatann. Afurðaverð þarf að vera í takti við framleiðslukostnað. Til að svo megi verða þarf framleiðslan að vera í takti við eftirspurn. Það gengur ekki til lengri tíma að byggja hluta af fæðuöryggi landsins á því að ein stétt gefi vinnu sína. Við þurfum að horfa til þess að nýta afurðir betur og þar tel ég að landbúnaðurinn geti lært af sjávarútvegi, sem hefur náð undraverðum árangri í að fullnýta hráefni. Hagræðing í slátrun getur aukið hagkvæmni sem muni vænka hag neytenda og bænda. Ég trúi á íslenskan landbúnað og mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir því að við grípum tækifærin.

Höfundur er matvælaráðherra.

afleysingu o.þ.h. Það er samdóma álit þeirra sem í ferðina fóru að slíku appi sem tengist skýrsluhaldskerfi nautgriparæktarinnar þurfi að koma í gagnið hér á landi hið fyrsta.

Sónarskoðun

Þriðji dagur námskeiðsins fór að mestu í verklegar æfingar á sláturhúsinu. Fyrir hádegi voru kýrnar metnar lifandi og eftir hádegi voru æxlunarfæri metin og krufin eftir að búið var að slátra kúnum. Þá fóru einnig fram æfingar í notkun á sónar og var Easi-Scan:Go frá IMV notaður til verksins. Með honum er hægt að greina fóstur niður undir 30 daga meðgöngu. Hann er líka með innbyggðu þráðlausu neti, þannig að bóndinn getur fylgst með því sem fyrir augu ber í sínum síma. Þess má geta að um 70-80% frjótækna í Evrópu nota sónar við fangskoðun. Með slíku tæki er einnig hægt að staðfesta hvort um tví- eða fleirkelfinga er að ræða, ásamt því að mæla með mun meiri nákvæmni aldur fósturs. Einnig er hægt að leggja mat á eggjastokka, stöðu gulbúa og eggbúa og einnig blöðrur á eggjastokkum. Loks er hægt að fangskoða mun stærri hópa á skemmri tíma með mikilli nákvæmni, og hefur það í för með sér minna álag á hendur og axlir frjótækna.

Nokkrir af þátttakendum á námskeiðinu eru meðlimir í félagi norræna nautgriparæktarmanna, NÖK, Nordisk Økonomisk Kvægavl. Einn af helstu forsvarsmönnum NØK í Danmörku er Lars H. Pedersen, kúabóndi á búinu Klovborg, sem er rétt norðan við Álaborg. Hann fékk veður af námskeiði þessu og bauð hann og kona hans, Lis Pedersen, öllum hópnum til kvöldverðar heima



Ígrundað yfir æxlunarfærum.
Mynd / SBH

á Klovborg. Var þar veitt á báðar hendur og lýsti heimboðið einstöku vinarþeli þeirra hjóna. Sungin voru íslensk ættjarðarlög og náði ferðin ákveðnum hápunkti þegar þorri íslensku frjótæknastéttarinnar söng Bjössi á mjólkurbílnum fyrir bílstjóra Arla, um leið og hann dældi rúmlega 12.000 lítrum um borð í mjólkurbílinn. Niels, sonur þeirra hjóna, hefur nú tekið við búrekstrinum og eru um 635 Jersey kýr á Klovborg og 730 á Lykkegård. Heimasíða búsins er www.klovborg.dk.

Allar dyr opnar

Heimferðadagurinn byrjaði með heimsókn í VikShop, sem er vefverslun Viking með margvíslegar rekstrarvörur fyrir bændur og frjótækna. Starfsemi þessi byrjaði í bílskúr fyrir nokkrum árum en er nú komin í allstórt vöruhús, með veltu nokkuð á annan milljarð kr. á ári. Markmið verslunarinnar er að útvega félagsmönnum rekstrarvörur á hagstæðustu kjörum sem möguleg eru. Lokahnykkurinn var síðan heimsókn á nautastöð VikingGenetics í Assentoft þar sem starfsemi stöðvarinnar og framkvæmd kynbótastarfsins var kynnt í ítarlegu máli. Í lok ferðar voru þátttakendur sammála um að framkvæmd námskeiðsins og viðurgjörningur allur hefði verið framar vonum.

Enda sýnir reynslan að þegar knúið er dyra hjá ræktunarfélögunum á Norðurlöndunum, þá standa okkur Íslendingum allar dyr opnar. Því má þakka persónulegum tengslum sem hafa m.a. orðið til á vettvangi NÖK. Þau tengsl má nýta með margvíslegum hætti; eðli máls samkvæmt geta ekki allir frjótæknar farið af landi brott í einu og því er grundvöllur fyrir fleiri námskeiðum af þessu tagi. Einnig þarf að huga að nýmenntun frjótækna í framtíðinni og hvort hún geti farið fram í samstarfi við Viking. Forsvarsmenn félagsins hafa áhuga á að skoða möguleika á kyngreiningu sæðis úr íslenskum nautum á stöðinni í Assentoft. Þann möguleika verður að skoða áður en ráðist er í gífurlegar fjárfestingar í tækjum og aðstöðu hér heima.

Þá er mjög mikill áhugi á að koma upp skráningarappi á borð við HandyVik hér á landi og hafa íslenskir kúabændur raunar ályktað um nauðsyn þess og því ætti ekkert að vera að vanbúnaði að hrinda slíku í framkvæmd á næstu misserum.

Baldur Helgi Benjamínsson og Andri Már Sigurðsson.



Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið

Nýttu þér forkaupsafsláttinn ef pantað er fyrir áramót



Zodiac Bombard Sunrider 5.5 og 6.5 á leiðinni sem er fullbúinn fjöldskyldubátur á frábæru verði eða frá kr. 2.950.000 m/vsk.

Zodiac PRO 5.5 er mest seldi RIB báturinn á Íslandi í ár. Einstök gæði og áreiðanleiki. Grunnverð kr. 3.150.000 m/vsk.

Zodiac OPEN 4.8 er vinsælasti vatna- og innfjarðarbáturinn í Evrópu í dag. Verð kr 2.750.000v m/vsk.

Linder ál-bátarnir sem eru búnir að vera nær uppseldir í Evrópu síðastliðin sumur koma eftir áramót í stærðum 400-460.

Heyrðu í okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.
Sportbátar.is er umboðsaðili Zodiac og Linder á íslandi.
Upplýsingar á sportbatar@sportbatar.is og 760-5000

SPORTBÁTAR
GÆÐIN SKIPTA ÞIG MÁLI

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Velferðarsjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Velferðarsjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31.desember 2022


Umsóknum skal skilað til bondi@bondi.is

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn Bændasamtaka Íslands er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum, s.s. vegna veikinda og slysa.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Starfsmenntasjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Starfsmenntasjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Bændatorgið

Markmið starfsmenntasjóðs er að efla frumkvæði bænda til að afla sér endur- og starfsmenntunar í þeim tilgangi að styrkja færni sína í að takast á við flóknari viðföng í búrekstri.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

VÉLABÁSINN

Öflugur keppinautur

– Nýr rafmagnaður jepplingur frá Nissan



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Japanski bílaframleiðandinn sem var frumkvöðull í þróun rafmagnsbíla fyrir áratug var að kynna sitt nýjasta útspil: Nissan Ariya – jeppling sem þróaður var frá grunni sem rafaflsbifreið.

Bíllinn í þessum prufuakstri var framhjóladrifinn, en Nissan mun síðar bjóða bifreiðina með drifi á öllum hjólum. Hér er komið öflugt útspil á móti keppinautum eins og Hyundai Ioniq 5, Volkswagen ID.4, Kia EV6 og Skoda Eniaq. Helstu kostir Ariya eru stór rafhlaða, hröð hleðsla og vönduð innrétting. Ókostir eru lágt þak og stíf fjöðrun.

Fyrsta hugsunin sem bíllinn vekur hjá blaðamanni er hversu fríður sýnum hann er. Greinilegt er að hönnuðir Nissan hafa farið í vandaða hönnunarvinnu því hvergi er hægt að benda á ófríðan blett. Gott samræmi er á milli allra hliða og sver hann sig í ætt við aðra bíla frá sama framleiðanda. Myndirnar tala sínu máli, en ef á að nota einhver lýsingarorð þá má segja að hann sé rennilegur og nútímalegur. Í fegurðarsamkeppni við Tesla Y og Volkswagen ID.4 myndi Nissan Aryia hafa vinninginn. Þetta tiltekna eintak var kopargyllt að lit með svörtu þaki sem fer honum vel.



Nissan Ariya er einn fríðasti rafmagnsbíllinn á markaðnum í dag. Framleiðandinn gefur upp allt að 530 km drægni, en raunhæft er að áætla að komast 450 km.
Myndir / ÁL

Innrarými nútímalegt

Jákvæða upplifunin heldur áfram þegar sest er um borð. Innréttingin er öll stílhrein og sérstaka athygli vekur viðarlíkið sem notað er hér og þar. Hluti af viðarlíkinu er með innbyggðan snertiskjá sem er áhugaverð nýjung. Þeir fáu hnappar sem ökumaðurinn þarf að nota eru þéttir viðkomu og skýrir í notkun. Stýrið sjálft er klætt mjúku leðri.



Innréttingin er smekkleg. Athygli vekur að hluti viðarlíkisins er í raun hnappar. Mikið fótapláss er í öllum fimm sætum bílsins. Hávaxnir munu hins vegar finna fyrir lágri lofthæð – sama hvar setið er.

Kerfi skýrt

Tveir skjáir eru í innréttingunni – annar fyrir hraðamæli og akstursupplýsingar og hinn fyrir útvarp og margmiðlun. Upplausnin er skýr og björt og er stýrikerfið að flestu leyti gott. iPhone eigendur geta fagnað því að hægt er að tengja símann þráðlaust í gegnum Apple CarPlay, en Android-notendur þurfa að tengjast Android Auto í gegnum snúru.

Einn ókostur við að halda hnöppum í lágmarki er að sumar skipanir eru grafnar inni í kerfinu. Til að mynda getur leiðin að sætishitaranum krafist nokkurra smella. Þegar bakkað er í stæði birtist bæði skýr mynd aftur fyrir bílinn og „loftmynd“ sem sýnir allt umhverfið mjög vel.

Þeir sem eru óöruggir við að leggja í stæði fá alla þá aðstoð sem tæknin býður upp á (myndavélar og fjarlægðarnemar á öllum hliðum) og sést vel hvernig umhorfs er á skjánum.

Flestir nýir bílar eru útbúnir akstursaðstoð og er Nissan Ariya engin undantekning. Í þjóðvega- og stofnbrautaakstri er auðvelt að kveikja á akreinastýringunni sem heldur bílnum á beinu brautinni og hraðastillirinn passar upp á að halda hæfilegu bili frá bílnum fyrir framan. Oft eru þessi kerfi ófullkomin, en í þessum bíl virkar allt eins og í sögu. Þetta minnkar álag í löngum akstri og getur ökumaðurinn látið hugann reika.

Aflið dugar

Eins og við er að búast af rafmagnsbíl þá er akstursupplifunin góð. Nær ekkert hljóð berst inn í ökumannshúsið og fjaðrar hann vel yfir stærri ójöfnur eins og hraðahindranir. Fjöðrunin ræður þó illa við að mýkja kvikar hreyfingar sem verða við akstur á þjóðvegum. Þegar hausnum er hallað að höfuðpúðanum hristist maður allur og skelfur og kvörtuðu farþegar í þessum reynsluakstri yfir bílveiki.

Aflið í bílnum er nokkuð gott og er hann fljótur að bregðast við þegar þess þarf. Auðvelt er að stinga sér inn í hringtorg og taka fram úr á þjóðvegum. Þó er hann ekki það kraftmikill að ökumaður og farþegar fái fiðring í magann þegar inngjöfin er sett í botn.

Lágt til lofts

Sætin eru mjúk og auðvelt að stilla með rafmótorum. Flestir ættu að geta komið sér þægilega fyrir, en þar sem lágt er til lofts geta hávaxnir ökumenn vænst þess að hárgreiðslan spillist. Fótarýmið er drjúgt fyrir öll fimm sætin, en aftur í er lofthæðin enn verri og því ekki hægt að bjóða fullorðnum farþegum í langa bílferð nema í framsætinu.

Afturhlerinn er stór og skottið rúmgott. Ef plötunum í gólfinu er lyft upp leynist þar lítið hólf undir hleðslukapla og er jafnvel hægt að nota plöturnar til að hólfa skottið niður. Það er hentugt til að koma í veg fyrir að innkaupapokarnir fari út um allt. Þegar aftursætin eru lögð niður flútta þau við gólfið og liggja nánast flöt.

Tölur

Helstu mál eru: Lengd 4.595 mm, breidd 2.172 mm og hæð 1.660 mm. Eigin þyngd er 2.000 kílógrömm, en ekki eru upplýsingar um heildarþyngd.

Bíllinn í þessum prufuakstri var með 87 kWst rafhlöðu og heldur framleiðandinn því fram að hann komist allt að 530 kílómetra á fullri hleðslu. Við venjulegar íslenskar aðstæður er raunhæft að áætla 450 kílómetra drægni. Á öflugum hraðhleðslustöðvum er hægt að fara frá 20 upp í 80% hleðslu á 45 mínútum.

Umboðið getur ekki gefið upp nákvæmt verð á bílnum fyrr en eftir áramót. Blaðamanni er þó tjáð að það verði mjög svipað og hjá sambærilegum bílum, eins og VW ID.4 o.fl.

Þessi bíl er að mjög mörgu leyti öflugur keppinautur á rafmagnsbílamarkaðnum og fagnaðarefni að Nissan bjóði upp á fleiri valkosti en Leaf. Í stuttu máli: Vel heppnaður bíll – en skarar ekki fram úr.



Kopargulur liturinn og svart þakið fara bílnum sérstaklega vel.



Mikið fótapláss er með öllum fimm sætum bílsins. Hávaxnir munu hins vegar finna fyrir lágri lofthæð – sama hvar setið er.

SÖFNIN Í LANDINU

Aðventan og jólin á söfnunum

Jólunum fylgir yfirleitt ákveðinn hátíðleiki og gleði. Þau eru töfrandi tími. Þá er oft mikið um að vera, en á sama tíma leggur fólk mikið upp úr því að reyna að slaka á og eiga gæðastundir með fjölskyldu, vinum og ættingjum.

Í desember, í aðdraganda jólanna, er líka oft mikið um að vera á söfnum landsins, en þau eru gífurlega fjölbreytt, ólík og áhugaverð. Í safnaflórunni má finna náttúrugripa-, lista- og minjasöfn sem öll hafa gífurlega mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Hlutverk safna er auðvitað að safna munum og minningum, skrá og varðveita fyrir framtíðina, stunda rannsóknir og miðla.

Söfnin taka þátt í gleðinni sem ríkir í desember. Víða eru settar upp sérstakar jólasýningar, haldnir jólaviðburðir, tónleikar, fræðafjör, smiðjur og skemmtanir fyrir fólk á öllum aldri. Söfnin varðveita muni, gripi, listaverk, sögur, fróðleik, myndir og minningar sem tengjast vetrinum og jólahátíðinni og í desember er kjörið tækifæri til að draga það fram og leyfa sem flestum að njóta.



Á söfnunum eru oft fjölbreyttir viðburðir í desember. Hér má sjá jólasveina heimsækja Þjóðminjasafn Íslands. Mynd / Þjóðminjasafn



Mörg söfn varðveita muni, myndir og minningar sem tengjast jólunum. Mynd / Sauðfjársetur á Ströndum

Jólin hafa þróast og breyst í áranna rás. Það er gaman að heimsækja söfn á aðventunni og rifja upp gamla tíma, hvað þótti áður ómissandi hluti af jólunum en sést varla lengur? Hvað hefur bæst við? Og hvernig mun hátíðin halda áfram að breytast á komandi árum?

Í ár hafa söfn á Íslandi líka tekið sig saman um að búa til sameiginlegt jóladagatal á vefnum. Einn gluggi verður opnaður í jóladagatalinu á hverjum degi og þar leynast alls konar fallegir gripir, munir, listaverk og náttúrufyrirbrigði sem tengjast jólunum og vetrinum. Þannig eru söfnin einnig gerð aðgengileg, því hægt er að njóta þess að skoða dagatalið heima. Það er aðgengilegt á Facebook-síðunni Félag íslenskra safna og safnmanna.

Þá hvetjum við ykkur líka öll sem eitt til að heimsækja söfnin í ykkar nærumhverfi á aðventunni. Það er skemmtileg leið til að brjóta upp aðventustressið og slaka á. Söfn eru upplýsandi, fræðandi og gefandi. Þar má finna jólaandann svífa yfir vötnum, hátíðleika og gleði.

Dagrún Ósk Jónsdóttir,
verkefnisstjóri FÍSOS.



LED perur fyrir Flúrlampa!
3 Stærðir - Allar perur : Verð kr. 1.000
- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf



Þriggja arma LED ljos sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur
80W - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000



KROSSGÁTA Bændablaðsins



187	FORA	RÍKI Í AFRÍKU	ÍÞRÓTTA-FÉLAG	ÓMERKI-LEGT	SKOTT		GRÍN	HNAPPUR	
TEPPAST									AÐ VÍSU
MATJURT						SAMSTÆÐA HRIST-INGUR			
			MÆLA BÓT STIKLA						
ÖFUG RÖÐ									
GRIND ÁKVEÐIÐ					STÆKKUÐU Í RÖÐ				
	RÖGGSÖM	GRUNA	ÞÉTT			GOÐ TÓFA			
TRJÁ-TOPPUR						FISKUR SVIPAÐIR		BLÓK	SKAMMIR
LEIÐSLA			HLJÓÐFÆRI PLANTA			FLINK KAFFI-BRAUÐIÐ			
MEÐ					ÁHRIFA-VALD ÖFUG RÖÐ		MÁLMUR GLÓÐAR		DÍNAMÓR
TVEIR EINS			UNNA HLJÓÐ-FÆRIS			GRAMAR EINBLÍNA			
	HLEMMUR ÞEFA					UPPKAST ÓGEÐ-UGUR			
FLJÓT					ÓLMAST STILLTUR			SKRÁ	
MÖGLAR						HÁTÍÐA-SÖNGUR FLUGA			
ÆSA				ÓÞOLANDI				MEGIN-HLUTI	
FRÍR				SKERÐA				ÍÞRÓTT	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



186	SÖNG-LEIKUR	TUNGUMÁL	ÍSKUR	DROLL		STUTT-NEFNI	ÞEYSAST	FYRIR-FERÐ	KVK NAFN	
SLAKUR	Ó	D	U	G	L	E	G	U	R	EIN-DREGINN
HÝÐI	P	A	R	A	HÁLFAPI	L	E	M	Ú	R
EKKI NOKKRU	E	N	G	U	FJÖRGAST MÁLMUR	L	I	F	N	A
Í RÖÐ SLÓR	R	S	ÞUSA KRAFTI	F	J	A	S	A	SVIÐ	K
	Ó	MÆÐI	ÁLKA BLÓSKRI	H	A	K	A	AFKVÆMI	Á	ÁRI ALLT Í LAGI	A	N	S	I
FLÆÐA	F	L	Ó	A	AFKIMI GNEISTA	A	F	K	R	Ő	ERFÐA-VÍSIR STÖÐUGT	G	E	N
SVIPTUR	R	Ú	I	N	N	LASLEIKI ÓHEFT	L	I	N	K	A	TVEIR EINS TVEIR EINS	N	N
RÓMVERSK TALA	I	I	ÚTDEILT ÞJÓTA	G	E	F	I	Đ	KVK NAFN TVENND	E	L	S	A	BRÆÐI
	Đ	EGGJAR ÞÓNOKKRA	Æ	S	I	R	EMJAN	FLÍK UMGERÐA	P	I	L	S	FRÁBÆR	H
SPILDA	L	Ó	Đ	LENGJA LÓMUN	S	Í	K	K	A	STAÐAL-GILDI	T	ÖFUG RÖÐ ÓKJÖR	F	E
TOR-TRYGGJA	E	F	A	S	T	FYRIRVARI ÖFUG RÖÐ	V	A	R	N	A	G	L	I
SKIMA	G	Á	VÖRU-BIRGÐIR TVEIR EINS	L	A	G	E	R	FAGUR-GALI TVEIR EINS	O	F	L	O	F
KK NAFN	U	G	G	I	LIPUR	F	I	M	U	R	STEFNA	Á	T	T
GÆLU-NAFN	R	A	G	G	I	TÆPLEGA	N	A	U	M	A	S	T	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET


Bændablaðið
kemur næst út
15. desember
Skráðu smáauglýsinguna á bbl.is

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Stóra-Fjarðarhorn og Þrúðardalur



Seinnipart árs 2016 keyptu þau hjónin Ágúst og Guðfinna jarðirnar Stóra-Fjarðarhorn og Þrúðardal og voru flutt þangað 1. desember sama ár. Fyrstu árin fóru í að fjölga fé úr 350 og stækka tún um u.þ.b. helming. Næst hófu þau að fjölga stoðunum undir rekstrinum og hófu holdagriparæktun og garðyrkju. Heppilega var jörðin vel uppbyggð þegar þau tóku við henni og húsnæði til staðar sem mátti aðlaga að stækkandi rekstri.



Býli? Stóra-Fjarðarhorn og Þrúðardalur, í Kollafirði á Ströndum.

Ábúendur? Ágúst Helgi Sigurðsson og Guðfinna Lára Hávarðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Við eigum fimm börn: Hávarður Blær, 11 ára, Íris Jökulrós, 10 ára, Vordís Nótt, 7 ára, Veigar Þorri, 2 ára og Hvannar Smári, 1 árs.

Stærð jarðar? Passleg.

Gerð bús? Uppistaðan er sauðfjárrækt en erum líka í nautgriparækt og garðyrkju.

Fjöldi búfjár? Sauðfé er á bilinu 600-700 og nokkrir nautgripir á ýmsum aldri. Þrír fjárhundar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Flestir dagar byrja á að koma börnum í skólabíl og svo farið í þau verkefni sem liggja fyrir þann daginn, heima eða að heiman. Það er svo allur gangur á því hversu snemma vinnudeginum lýkur en það þarf ekki endilega að vera á sama sólarhring og hann byrjar. Enginn dagur er eins og verkefnin mjög fjölbreytt og taka mið af árstíðum. Á veturna er reynt að saxa á verkefni sem vilja safnast upp á álagstímum og eiga að bíða dauða tímans. Einhvern veginn er alltaf komið vor áður en verkefnalistinn tæmist en þá tekur við jarðvinnsla, sáning, sauðburður, útplöntun og heyskapur. Flesta daga á haustin er eitthvað unnið með fé hvort sem það er að smala eða fjárrag.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegust eru haustverkin í sauðfjárræktinni og að fylgjast með vextinum í görðunum. Við vinnum aldrei leiðinleg verkefni.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Sem fjölbreyttastan og að virði afurðanna verði í meira mæli eftir heima. Ef það er til nóg af einhverju hér þá er það af hugmyndum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólkurvörur í miklu magni.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Það eru svo margir í heimili að það er vonlaust að koma sér saman um svar. Flestir sættast samt á gott grillkjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Allir dagar eru ævintýri líkastir. Einu sinni sprakk afturdekk á nýjum traktor áður en hægt var að byrja fyrsta vinnudaginn hans. Það var svolítið svekkjandi innlegg í daginn. Svo er það bara hvert einasta markmið sem náðst hefur og fagna litlu sigrunum á leiðinni.





MATARKRÓKURINN

Síldartíð ljóss og friðar



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Í gamla daga voru það Delicius eplin sem komu með jólin, nú eru það mandarínur og sænsk geit sem helst minna okkur á að Jólahjól og Ef ég nenni eru að fara á fullt á öldum ljósvakans og Spottifæ. Eitt er það þó enn sem kveikir í, nei, ekki geitinni sænsku, heldur í okkur jólastuðið. Það er þegar hátíðarsíldin byrjar að fylla hillur kjörbúðanna í desember. Þá skiptir engu hvort árið er 1976 eða 2022 hún er alltaf jafn geggjuð – jólasíldin.



Maríneruð síld er jafnan best ofan á nýtt heimalagað rúgbrauð með sem minnstum látum.

Í guðanna bænum ekki drekkja henni í sýrðum rjóma og mæjónesi og gult karríkrydd! Það viljum við ekki sjá í tíu metra fjarlægð frá jólasíldinni.

Klassískt stef er síld með þunnt skornum rauðlauk, eggjaskífum og smá dúllu af helmingsblöndu af sýrðum rjóma og mæjónesi. Mylja aðeins af svörtum pipar yfir. Kannski einn snúning eða svo. Himneskt að súpa hvítöl með.

Suðræn síld

Chimichurri er argentínskt olíu- og ediksfleyti, hálfgerð salatdressing, sem þeir þarna syðra setja ofan á nánast hvað sem er. Mjög vinsælt með nautakjöti eins og þeirra Argentínumanna er siður. Fleytið, sósan eða dressingin hvað svo sem ætti að kalla svona blöndu af olíu, ediki og grænfóðri. Í heimalandinu er sósan yfirleitt einmitt alveg græn en þar sem líður senn að jólum er tilvalið að blanda rauðum út í og nota til þess rauðlauk og rauðan eldpipar á móti grænum og ferskum kryddjurtum. Svona búum við til jólachimichurri til að setja ofan á síld sem aftur situr ofan á rúgbrauði: Saxa niður einn miðlungs rauðlauk. Kremja 3-4 hvítlauksrif og saxa þau sömuleiðis. Saxa niður eldpipar (chili). Þeir sem vilja sterka sósu skera hann strax í búta. Þeir sem vilja miðlungssterka sósu skafa fræin úr og skera piparinn svo niður. Þeir sem svo vilja milda sósu fá sér bara eitthvað annað ofan á rúgbrauð. Laukurinn, ásamt teskeið af salti, fer svo ofan í hálfan desilítra af ediki. Má vera rúmlega hálfur ef edikið dugir ekki til að fleyta yfir laukinn. Það má vera venjulegt borðedik, hvítvíns-, epla- eða rauðvínsedik. Allt edik sem er í kringum 5% ediksýra virkar. Hrísgrjónaedik er alla jafna ekki nógu súrt og balsamik-edik er allt of bragðsterkt. Geyma þetta við stofuhita í klukkustund eða í kæli yfir nótt. Næsta skref, þegar búið er að léttsýra grænmetið, er að saxa búnt af ferskri steinselju í tvo desilítra af ólífuolíu. Þetta er lykilhráefni og þarf að vera ferskt. Má reyndar skipta út fyrir kóríander ef það er eitthvað. Það sem má hins vegar vera þurrkað er ein teskeið af oregano. En ef svo vel vill til að til er ferskt oregano í ísskápnum eða úti í glugga er um að gera að nota það frekar. Einn fjórði búnt eða svo.

Þegar líður að síldarveislunni er þessum tveimur blöndum blandað saman og smá svartur pipar mulinn út í. Teskeið eða svo. Þar sem beinlínis er verið að blanda saman vatni og olíu þarf að hræra hressilega og þá ætti fleytið að koma saman. Ekki setja í matvinnsluvél eða blandara. Bara hræra með gaffli eða kannski grófum písk.

Chimichurríið jólalega er þá tilbúið og tími kominn að ná í ilmandi nýtt rúgbrauð, skúbba á það nokkrum bitum af hátíðarsíld, toppa svo með ilmandi fersku chimihcurri. Þessi réttur veitir svo aftur sálrænan styrk til að fara niður í geymslu og grafa upp jólaskrautið. Gleðilega síldarhátíð!

1 stk. rauðlaukur
3-4 stk. hvítlauksrif
1-2 stk. eldpipar (chili)
1 búnt steinselja (fersk)
2 dl. ólífuolía
½ dl. edik
1 tsk. oregano
1 tsk. salt
½ tsk. svartur pipar

HANNYRÐAHORNIÐ

Piparkarlinn Gingy

Skemmtilegur piparkökukarl heklaður úr 2 þráðum af DROPS Safran.

DROPS Design: Mynstur nr e-220

Mál:

- Breidd: ca 14 cm

- Hæð: ca 15 cm

Garn: DROPS SAFRAN (fæst í Handverkskúnst)

- 50 gr litur nr 22, ljós brúnn (1 dokka dugar í 2 piparkökukarla)

DROPS PARIS frá Garnstudio

- Afgangur af lit nr 17, natur

- Afgangur af lit nr 12, skærrauður

Heklunál: Nr 4 – eða þá stærð sem þarf til að 20 fl og 18 umf = 10x10 cm með 2 þráðum af Safran.

Heklleiðbeiningar: Allar umf byrja á 1 ll, heklið fl í hverja fl í umf.

Heklað saman: Heklið 1 fl en bíðið með að draga þráðinni gegn í lokin (= 2 l á heklunálinni), heklið síðan næstu fl (eða næstu 2 fl alveg eins), en þegar draga á þráðinn í gegn í lokin er þráðurinn dreginn í gegnum allar l á heklunálinni = 1 fl á heklunálinni.

PIPARKÖKUKARL: Stykkið er heklað fram og til baka, byrjið efst á höfði og niður að fótum, handleggirnir eru síðan heklaðir frá fram- og bakstykki.

Umferð 1: Heklið 5 ll með 2 þráðum af Safran með heklunál nr 4, snúið við og heklið 2 fl í 2. ll frá heklunálinni, 1 fl í hverja og eina af 2 næstu ll, 2 fl í síðustu ll = 6 fl, snúið við.

Umferð 2: LESIÐ HEKLLEIÐBEININGAR. Heklið 2 fl í 1. fl, 1 fl í hverja fl þar til 1 fl er eftir, 2 fl í síðustu fl = 8 fl, snúið við.

Umferð 3: Heklið 1 fl í hverja fl = 8 fl, snúið við.

Umferð 4: Heklið 2 fl í 1. fl, 1 fl í hverja fl þar til 1 fl er eftir, 2 fl í síðustu fl = 10 fl, snúið við.

Umferð 5-7: Heklið 1 fl í hverja fl = 10 fl, snúið við.

Umferð 8: Heklið fyrstu 2 fl saman – LESIÐ HEKLAÐ SAMAN, 1 fl í hverja og eina af næstu 6 fl, heklið síðustu 2 fl saman = 8 fl, snúið við.

Umferð 9: Heklið fyrstu 2 fl saman, 1 fl í hverja og eina af næstu 4 fl, heklið síðustu 2 fl saman = 6 fl, snúið við.

Umferð 10: Heklið 3 ll, 1 fl í 2. ll frá heklunálinni, 1 fl í næstu ll, 1 fl í hverja og eina af næstu 6 fl = 8 fl, snúið við. Setjið 1 prjónamerki í byrjun umf (öxl, hér byrjar handleggurinn síðar).



Umferð 11: Heklið 3 ll, 1 fl í 2. Ll frá heklunálinni, 1 fl í næstu ll, 1 fl í hverja og eina af næstu 8 fl = 10 fl, snúið við. Setjið 1 prjónamerki í byrjun næstu umf (öxl, hér byrjar handleggurinn síðar).

Umferð 12-14: Heklið 1 fl í hverja fl = 10 fl, snúið við.

Umferð 15: Heklið 2 fl í 1. fl, 1 fl í hverja fl þar til 1 fl er eftir, 2 fl í síðustu fl = 12 fl, snúið við.

Umferð 16: Heklið 1 fl í hverja fl = 12 fl, snúið við.

Umferð 17: Heklið 2 fl í 1. Fl, 1 fl í hverja fl þar til 1 fl er eftir, 2 fl í síðustu fl = 14 fl, snúið við.

Umferð 18-20: Heklið 1 fl í hverja fl = 14 fl, snúið við.

Heklið nú 1 fót þannig:



Umferð 21: Heklið 1 fl í hverja og eina af fyrstu 5 fl í umf, heklið næstu 2 fl saman = 6 fl (7 fl eftir hinum megin í umf), snúið við.

Umferð 22-24: Heklið 1 fl í hverja fl = 6 fl, snúið við.

Umferð 25: Heklið fyrstu 2 fl saman, 1 fl í hverja og eina af næstu 2 fl, heklið síðustu 2 fl saman = 4 fl, snúið við.

Umferð 26: Heklið allar fl 2 og 2 saman = 2 fl, klippið frá og festið enda.

Endurtakið umf 21-26 hinum megin = 1 fótur til viðbótar.

Hendi: Stykkið er heklað fram og til baka. Með 2 þráðum af Safran, heklið 5 fl (ca 1 fl í hverri umf) frá prjónamerki á öxl í annarri hliðinni, snúið við. Heklið nú 5 umf með 1 fl í hverja fl (alls 6 umf fl). Næsta umf er hekluð þannig: Heklið fyrstu 2 fl saman, 1 fl í næstu fl, heklið síðustu 2 fl saman = 3 fl, snúið við. Heklið 3 fl saman = 1 fl, klippið frá og festið enda. Endurtakið alveg eins í hinni hliðinni.

Heklið annan piparkökukarl alveg eins (= bakstykki).

Lykkja: Notið skærrauðan Paris, heklið 1 kl í boga á milli miðju 2 fl efst á höfði á bakstykki, heklið nú ll í ca 12 cm, endið á 1 kl í sömu fl, klippið frá og festið enda.

Slaufa: Stykkið er heklað fram og til baka frá miðju og út á hlið. Með skærrauðum Paris, heklið 2 ll, *3 fl í 1. ll sem hekluð var, snúið við og heklið 1 fl í hverja fl = 3 fl*, klippið frá og festið enda. Snúið við og endurtakið frá *-* 1 sinni – þ.e.a.s. að nú er hekluð hin hliðin á slaufunni, klippið frá og haldið eftir 20 cm fyrir frágang. Notið þráðin til að vefja um miðju slaufunnar, snúið í kringum miðju 2 sinnum með þræðinum, herðið að og festið.

Frágangur: Saumið slaufuna á milli höfuðs og fram- og bakstykki á framstykki. Með natur Paris eru augun saumuð út og munnur á höfuð, saumið með smáu spori neðst á fæturna og neðst á handleggi, gerið 2 hnúta á fram- og bakstykki fyrir tölur, sjá mynd.

Leggið fram- og bakstykki ofan á hvort annað með röngu á móti röngu, heklið saman með 2 þráðum Safran þannig: Heklið 1 kl undir fyrri handlegg í gegnum bæði stykkin, *2 ll, hoppið yfir ca 1 cm, 1 kl yst í lykkjubogann í gegnum bæði stykkin*, endurtakið frá *-* í kringum allan piparkökukarlinn. Endið á 1 kl í 1. ll undir handlegg, klippið frá og festið enda.

Jólakveðja, Handverkskúnst
www.garn.is

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

9		1		5	3	7		
	2			8		6		1
5	4	8	6					
			9	7			3	
4	7						6	9
	3			4	2			
					1	3	8	5
8		7		2			9	
		6	5	9		2		4

Miðlungs

1				9				5
		9	8		3	6		
	2		7		4		1	
7	4						8	1
		6				4		
9	5						6	3
	6		9		1		7	
		1	4		2	9		
2				3				8

Þung

8	5		2			4		
	2				6	9		
3			7					8
5	1							
		4				6		
							7	2
9					7			4
		2	8				6	
		8			4		9	3

Þyngst

			4					
	8					5		4
6		2	7					
1			6			7		
2								5
		9			8			3
					9	8		1
4		6					2	
					7			

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Happy uppáhaldslagið!

Hún Brynhildur er hress og kát stelpa sem hefur mikinn áhuga á dýrum enda sér hún fyrir sér að verða bæði dýralæknir og hrossaræktandi í framtíðinni.



Nafn: Brynhildur Arthursdóttir Ball.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Hvolsvelli.

Skóli: Hvolsskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Frímínútur, heimilisfræði og upplýsingatækni.

Uppáhaldsdýr: Hestar, hundar og risaeðlur.

Uppáhaldsmatur: Hakk&spaghetti og pitsa.

Uppáhaldslag: Happy með Billie Eilish.

Uppáhaldsbíómynd: Skrímslaskólinn.

Fyrsta minning: Þegar ég fékk Furby í afmælisgjöf, þá var ég mjög lítil.


Hver eru áhugamálin þín: Hestaíþróttir og Roblox tölvuleikir.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Dýralæknir og hrossaræktandi.

Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert: Þegar ég fór með pabba í Sleggjuna í Húsdýragarðinum. Líka þegar ég hleypti hesti á skeið í fyrsta skipti.

Næst » Sá sem tekur við keflinu er **Gunnar Kári Hjaltason.**

FUGLINN: HAFÖRN



Haförn, ótvíræður konungur íslenskra fugla. Stærsti og jafnframt sjaldgæfasti ránfugl landsins með yfir 2 metra vænghaf. Vængirnir eru breiðir, ferhyrndir og eru ystu flugfjaðrirnar vel aðskildar. Þetta gerir þá auðgreinda á flugi, jafnvel úr mikilli fjarlægð þar sem þeir svífa þöndum vængjum í leit að bráð. Ernir verða ekki kynþroska fyrr en 4-5 ára gamlir og parast fyrir lífstíð. Falli annar makinn frá getur það tekið mörg ár að finna annan maka. Varp og ungatími er nokkuð seinlegt ferli hjá erninum. Varpið hefst í apríl og verpa þeir oftast einu eggi en stundum tveimur eða jafnvel þremur. Oft kemst þó ekki nema 1 ungi á legg og hjá sumum fuglum misferst varpið jafnvel alveg. Ungarnir eru 35-40 daga að klekjast úr. Fyrstu 5-6 vikurnar eru ungarnir alveg háðir því að foreldrarnir mati þá. Þeir verða síðan ekki fleygir fyrr en um 10 vikna gamlir. Íslenski haförninn var nánast útdauður um 1960 en þá voru ekki nema 20 pör eftir þrátt fyrir að hafa verið alfriðaður um 1913. Síðan þá hefur stofninn vaxið en vegna þess hversu seint þeir verða kynþroska og fáir ungar komast á legg ár hvert er vöxturinn mjög hægur. Nú í dag er stofninn um 80-90 pör og á fjórða hundrað fuglar en stór hluti þeirra eru ungfuglar. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL – TÍSKA

Örítið yfirlit jólatísku:

Hinn eini sanni

Það er nú þannig þegar líður að jólunum að léttur spenningur fer um mannskapinn. Finna þarf út hvað eigi nú að vera í matinn svo henti viðstöddum, gjafaundirbúningur í algleymingi auk stóru spurningarinnar hjá kvenpeningnum, hvort eigi að spandera í jóladress.

Sumar taka þann pól í hæðina að eiga kjól sem einungis er brúkaður um jólin. Í slíkum tilvikum eldist flíkin auðvitað misvel, enda á það sem þótti við hæfi árið 1983 ef til vill ekki við fjörutíu árum síðar. Þá sérstaklega ekki ef sá er henni klæðist hefur breyst mikið í vaxtarlagi. En hvað er þá best að hafa í huga ef fólk vill halda að sér höndum í jólakjólatryllingnum og kýs að eiga einungis einn kjól til hátíðarbrigða?



Fyrstu tveir kjólarnir fást í versluninni "& other stories" og hinir frá Karen Millen.

A-línulaga kjóllinn

Jú – þarna kemur klassíkin inn í. Fyrst skulum við fara yfir það sem kallað er A-línulagað kjólasnið. Þá þannig að breiddin að neðanverðu er heldur meiri en að ofan og fer, ef með sanni skal segja, öllu vaxtarlagi allsæmilega – auk þess sem sniðið eldist allvel. A.m.k. það seinna sem fjallað er um hér síðar í greininni. Sagan á bak við A-línulagaðan kjól kemur frá miðri síðustu öld er meistari Christian Dior hóf markaðssetningu á hinni frjálslegu og nútímalegu kvennatísku – þá meðal annars á nokkrum kjólum með þessu sniði, en það var þó ekki fyrr en 1958 sem Yves Saint Laurent (arftaki Christian Dior) kynnti heila línu sem samanstóð einungis af A-línulöguðum kjólum. Eins og nafnið gefur til kynna er umræddur kjóll svipaður í laginu og bókstafurinn A. Ekki eru þó allir sammála um hvers konar snið sé um að ræða og koma aðallega tvö til greina. Hið fyrra er þannig að kjóllinn skuli vera þröngur niður að mjöðmum en víkka svo út – en hið síðara er einungis aðsniðið við axlir og fari svo víkkandi niður. Dæmigerð lengd A-línulaga kjóls er niður á mitt læri, en lengri og styttri lengdir má ætla sér – enda snýst sniðið um formið en ekki lengdina. Svona dýrð má finna í fataskápum sumra, endurnýtta í verslunum nytjavarnings, á vefsíðum, í tískuverslunum eða annars staðar.



Þessa kjóla má finna á www.ebay.com sem selur allt milli himins og jarðar. Báðir vintage Dior – en klassískir og eldast vel.



LBD svokallaður

Annað dæmi um klassískan kjól, sá sem er án efa hvað notadrýgstur, er sá litli svarti (the little black dress).

Þar mega sniðin vera eftir smekk hvers og eins, en taka skal fram að kjóllinn er vanalegast í styttra lagi. Það er þó ekki nauðsyn, helst þarf að gæta þess að hafa kjólinn sem látlausastan. Bera frekar áberandi skartgripi, skó eða fylgihluti sem gætu þá hentað tísku hvers áratugar fyrir sig.

Nema fyrir þá sem hrifnastir eru af einhverjum áratug. Þá bara ... „you do you“. (Sem íslenskast; „gerið eins og yður hugnast best“) – og púffermar, slóðar eða önnur uppátæki geta fengið lausan tauminn.

Fyrir þá sem vilja spandera fyrir þessi jól og hafa ef til vill ekki fundið þann eina rétta, má, með þessa umfjöllun í huga, til dæmis leita á netinu. Hægt er að finna vintage Dior eða YSL á ebay, verslanir Karen Millen eða "&other stories" koma sterkar inn er kemur að skemmtilegum kjólum á viðráðanlegu verði og svo eru það auðvitað töfrar sem geta leynst í fataskápum ættingja, vina eða velunnara ... því það er um að gera að skiptast svolítið á og nýta sem best. Taka skal fram að auðvitað má líka missa sig í jólakjólagleðinni og versla sér bleikan pallíettukjól eða ef til vill grænköflótta aðsniðna dragt fyrir þá sem kjósa síður kjólana. Þetta verður hver og einn að velja.

Gangi ykkur vel. */SP*

senmatic
Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús
Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar
Arvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Jesús sagði:
„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf."
Jóh. 3.16
biblian.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Toyota Landcrusier 150 gx, árg. 2021, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 33.000 km. Tilboðsverð kr. 10.990.000, verð áður kr. 11.990.000. notadir.benni.is - s. 590.2035



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo Lengd- 4,5 m Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd 100 kg, burðargeta 1.100 kg. Max stærð af mótor 30 Hö. CE vottaðir og merktir. 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf, 12 V loftdæla. Vindsegl að framan og geymsluhólf í framstafni. Yfirbreiðsla á bátinn, hjól á afturgafl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Til sölu IBC tengistykki, IBC tankar eru þessir stóru hvítu 1000 lítra tankar. Sumir kalla Babma. Þetta tengi þolir klór. Sundlaugarnar hafa verið að taka þennan krana. Ég er með margar gerðir af tengjum fyrir þessa Babma á alltfalt.is.

BARNAHJÓL



KAYO FJÓRHJÓL
AU 180cc - 479.000,-
BULL 125cc - 329.000,-
AY 70cc - 259.000,-



KAYO TORFÆRUHJÓL
TT 140cc - 339.000,-
TD 125cc - 299.000,-
TS 90cc - 249.000,-
KMB 60cc - 219.000,-
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 550 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Nánari upplýsingar í s. 849-4044 og 696-0444.



Opel Crossland, X, árg. 2019, beinskiptur, ekinn 75.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.benni.is - s. 590-2035.



Fjarðará í Ólafsfirði til leigu. Veiðifélag Ólafsfjarðar óskar eftir tilboðum í leigu á Fjarðará í Ólafsfirði. Um er að ræða bleikjuá þar sem með slæðist sjóbirtingur og lax. Veiðitímabil er frá 15. júlí til 20. september ár hvert. Þriðjudagar eru bændadagar. Leigutaki sér um veiðivörslu. Nánari upplýsingar- veidifelagolafsf@gmail.com Tilboð óskast send til og með 20. desember 2022 á Veiðifélag Ólafsfjarðar Hlíðarvegi 53 eh 625 Ólafsfirði eða á netfangið veidifelagolafsf@gmail.com Veiðifélagið áskilur sér rétt á að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Kaber þyngdarklossar, 1200 kg, kr. 239.800 +vsk. 1600kg, kr. 248.200 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.

Jólatilboð - Bovisal Pearls
Bætiefni til að meðhöndla og fyrirbyggja doða í kúm
BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
30% AFSLÁTTUR
• 4 mismunandi gerðir kalks
• Vökvinn virkar strax
• Perlurnar leysast upp eftir 6 klst
• Inniheldur fosfór
• Auðvelt að gefa
WWW.KB.IS
SENDUM UM ALLT LAND



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá *Alpine*. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppi 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeilur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimiskífur. fyrir alternatora. Kúplingsstrssur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppi 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN



Díselhitari 12v, 7kw loft og vatn. Hitar loft í bílnum, en einnig vatn á vélina sem auðveldar gangsetningu. Verð kr. 98.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.

SKRIFSTOFUVÖRUR

Þú færð hylki í prentarann þinn hjá okkur auk skrifstofutækja, ritfanga o.fl. Vefverslun- www.skrifstofuvorur.is. Skútuvogi 11, 104 Reykjavík, S. 553-4000, sala@skrifstofuvorur.is.



Snjóblásari fyrir traktor 210 cm, verð kr. 795.000 +vsk og leiðin verður greið. Takmarkað magn. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



Rauch MDS áburðardreifarar. Verð frá kr. 788.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Díesel hitari 5kw 12 eða 24v Samsettur eða ósamsettur. Allir varahlutir. 2 ára ábyrgð. Verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.is.



Til sölu frábær vél í toppstandi. Ferguson TEF 20, dísel árg. 1952. Óuppgerð ámoksturstæki fylgja. Upplýsingar í s. 898-5455 og netfang bborg@simnet.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang- hak@hak.is.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 1.100 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Nánari upplýsingar í s. 849-4044 og 696-0444.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Árgerð 1993, 38“ dekk, sami eigandi sl. 15 ár, ekinn 537.000 km. Vél í topplagi og 100% smurbók. Sjálfskiptur, leður, búið að taka allt ryð úr bílnum fyrir ári síðan, margoft ryðvarinn. Skúffukerfi í skottinu, 12/220v inverter. Mjög gott viðhald og alltaf gert á verkstæði. Mjög gott eintak. Verð er 2,7 m.kr. Nánari uppl. í s. 892-6163.

PROTEC Lambhagavegi 13 - 113 Reykjavík - Sími: 869 5300



BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu New Holland T5060 árgerð 2013 með tækjum. Verð kr. 6.200.000 +vsk. Uppl. í s. 690-5461.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.




Ford E250 Econline. Árgerð 2004. Ekinn 210.000 km. Innbyggðar járnhillur. Nýleg dekk. Verð kr. 600.000. Upplýsingar í s. 898-9475.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Suzuki 30 hö forstroke með hand-og rafstarti ekinn um 40 tíma árg. 2014 með trimmblöðku og trimmi, mótorinn er eins og nýr ekki rispa á honum. Kostar nýr kr. 930.000. Honum fylgir bensínbrúsi, bæklingar og fleira. 20" leggur. S. 868-6049. Ásett verð er kr. 600.000.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Dráttarvélin er international 384. Hún er sundurrifin. Með fylgja nýir varahlutir, stimplar, slívar og legur upp á kr. 150.000. Fyrir nánari upplýsingar hringið í Pétur s. 866-5624.



Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innrétting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréárar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is.



Díselhitarar 5kw 12v eða 24v. Samsettir eða ósamsettir. Verð kr. 48.900. Samsettur 5kw 12v, 24v og 220v. Verð kr. 58.900. Allir varahlutir og þjónusta. Orkubondinn.is , Tranavogi 3, 104 Reykjavik, s. 662-1444.



Zagroda steinaskóflur, 1,6 m, verð kr. 239.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Brettagafflar með Eurofestingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 119.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Nevada 800 sanddreifari á pallbílinn. Verð kr. 1.360.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Samasz snjótönn, 3,3 m, verð kr. 789.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.

Varmadælur



NØRDIS
Áratuga reynsla í Noregi

KGG.is KGG
• Kristjan G. Gislason ehf
• 552-0000
• kgg@kgg.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

DÆLUR - LOFTPRESSUR - RAFSTÖÐVAR



Gás import
POWER GENERATORS INMESOL
RAFSTÖÐ
Inmesol AH-850
Rafstöð með Honda GX390H1 bensín motor.
Þriggja fasa með rafstarti, 8,5kVA LPT, 50HZ 400/230v.
Gás Import ehf. - gasimport@gasimport.is
S: 833 6008 - gasimport.is

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD





Næstu námskeið. Desember - janúar ´23

Aukin ökuréttindi
Fjarnám í rauntíma
10. janúar 2023
Hraðnámskeið - staðnám
19. janúar 2023

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Desember
3. des. 09:00 - 16:00 / Farþegafl.
5. og 6. des. 17:00 - 20:30 / Vistakstur
7. og 8. des. 17:00 - 20:30 / Umf. öryggi
10. des. 09:00 - 16:00 / Lög og reglur
12. og 13. des. 17:00 - 20:30 / Vörufl.
14. og 15. des. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp

Janúar
7. jan. 09:00 - 16:00 / Lög og reglur
9. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
10. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
11. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
12. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
14. jan. 09:00 - 16:00 / Vörufl.
16. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 1
17. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 2
18. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
19. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2
21. jan. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
23. jan. 17:00 - 20:00 / Lög og reglur - hluti 1
24. jan. 17:00 - 21:00 / Lög og reglur - hluti 2
25. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
26. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 990.000 kr.*
2.8m Verð 995.000 kr.*
3,3m Verð: 1.290.000 kr.*



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.550.000 kr.*
4,0m Verð: 1.650.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 55.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.
Verð frá 2.190.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, 2* 12 cm vængir, glussastýring á túðu-enda, 1.000 kg, 3p tengi. drifskaft (f/ framan á vél). Fyrir +70hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði
Verð 2.200.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Metal Fach taðdreifari, 6t. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Cobra talstöðvar, 10 km drægni. Tilboðsverð kr. 13.900 m/vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Zagroda taðklær, 15% desember-afsláttur. 1,5m, verð kr. 305.150 +vsk, 1,8m verð kr. 338.300 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.




Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



2007 1,9 turbo dísel 5 gíra beinskiptur, hátt/lágt drif. Krókur ek. 255.000 km. 1 eigandi. Verð kr. 390.000. S. 898-5000.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Samasz snjóplógar, 3m verð kr. 998.000 +vsk. 3,3 m verð kr. 1.195.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



SsangYong Rexton, árg. 2017, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 90.000 km. Verð kr. 5.190.000. notadir.benni.is - s. 590.2035.



Við aðstoðum við kaup og sölu og sjáum um allan innflutninginn fyrir ykkur á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi og Evrópu til Íslands. Getum líka útvegað allar gerðir vinnuvéla, eins og flesta varahluti og ýmislegt fleira sem ykkur vantar. Erum með gríðarlega góð sambönd. Yfir 20 ára reynsla. Örugg og góð þjónusta. Hafþór s. 499-0719 & Haukur s. 499-0588. sudurengland@gmail.com & facebook/Suður England. Ertu í hugleiðingum? Hafðu samband.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Til sölu rúlluplasthaldarar. Fyrir þá sem eru orðnir þreyttir á lyktinni inni í vél. S. 897-9468.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Starfsmann vantar á kúabú á Suðurlandi (nú í vetur og jafnvel lengur). Ýmis almenn sveitastörf. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið garpurbondi@gmail.com.

Mostafa Eetannaz frá Spáni óskar eftir vinnu á sveitabæ á Íslandi. Hefur reynslu af garðyrkju- og sölustörfum. Uppl. í s. +34-642-222454 eða á netfangið- naw22doh@hotmail.com.

Jarðir

Jörðin Klettaborg í Reykhólahreppi, um 5 mín. akstursfjarlægð frá Reykhólum, 16 ha. 131 fm einbýlishús og 71,5 fm hesthús. Vel hægt að vera með tómstundabúskap, nokkrar kindur, 4 hesta í húsi. Á Reykhólum er gjaldfrjáls leikskóli og mjög barnvænt samfélag. Frekari upplýsingar á vef fastvest.is. Ásett verð kr. 49.000.000.

Óska eftir

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar grænjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Toyota celica 1970-1977 og Hondu mt50 /Suzuki ac50, í hvaða ásigkomulagi sem er. Allar ábendingar vel þegnar, s. 659-5848 valur@heimsnet.is.

Óska eftir kúm og kvígum. Uppl. í s. 866-8174.

Óska eftir að kaupa gamlan Range Rover um árg. 1970-1985. Þarf að vera heillegur, en má þarfnast lagfæringar. Uppl í s. 837-4757 eða sigornisl@gmail.com.

Óska eftir amerískum pallbíl á verði frá kr. 0–6.000.000. Má þarfnast lagfæringar, skoða allt s. 774-4441

Bændablaðið óskar eftir ábendingum um tæki og vélar sem eiga áhugaverða sögu og bakgrunn. Þetta geta verið landbúnaðartæki, dráttarvélar, bílar, vörubílar, rútur, bátar, flugvélar eða hvað sem er. Uppástungur berist Ástvaldi á netfangið astvaldur@bondi.is.

Til leigu

70 fm 2 herb. einstakl. íb. m/sérinng. miðsv. á höfuðb.svæðinu. Til afh. 1. jan. Reykleysi skilyrði/engin gæludýr/2 mán trygging, kr. 188.000 á mán. m/hita og rafm. S. 842-2908.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Dekk í ýmsum stærðum, öll verð eru án vsk. 440/65R24 kr. 101.000.- 480/70R34 kr. 142.000.- 500/50-17 kr. 58.000.- 600/65R38 kr. 272.000.- 600/50R22,5 kr. 153.000.- 600/70R28 kr. 278.000.- 710/70R38 kr. 365.000.- 12,4-28 kr. 45.000.- 16,9-30 kr. 79.000.- 400/60-15,5 kr. 35.000.- 265/70R16 Heilsársdekk kr. 16.000.- 27x8.50-15 kr. 16.500.- Útvegum dekk í öllum stærðum- a.larsen.agro@gmail.com eða s. 868-6113.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Næsta Bændablað kemur út 15. desember

Skráðu smáauglýsinguna á bbl.is

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

Hjá okkur færðu réttu dekkin!

GSI-6 — Harðskeljadekk
Ice Freezer — Harðskeljadekk
G3S - ICE — Harðskeljadekk
Observe Van — Sendibíladekk
Toyo AT3
Toyo MT

Ice Zero Friction
Pzero Winter
Ice Zero 2/Scorpion Ice Zero 2
Cinturato Winter
Winter Sottozero 3
Scorpion Winter


Arctic Trekker NP5/NS5
Arctic Trekker SP02
Presa Spike — Sendibíladekk
SS-01
Bighorn M917 — Fjórhjóladekk
Bighorn M918 — Fjórhjóladekk

Ice 1
SW-8
SV-3
IV-1 — Sendibíladekk
AT-5
FT-9 M/T

LW-71
Clacier Trex
Glacier MSR
Courser CXT
Courser MXT
Wintersafe 2

WI32
Winter Claw MX
ITR-1
AT GT
RSD1 — Vörubíladekk
RSD3 — Vörubíladekk

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.



Skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is
Sendum um land allt.

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2098
Tímabókun

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Tímabókun

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Tímabókun

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Allt á sínum stað

© Inter IKEA Systems B.V. 2022

KOMPLEMENT skóhillur
B50×D35 cm
1.650,-/stk.

PAX fataskápur
B150×D35, H236 cm
Innvols er selt sér
35.850,-

KOMPLEMENT skúffur
B50×D35 cm
3.250,-/stk.

KOMPLEMENT hillur B50×D35 cm
1.000,-/stk.

PERJOHAN kollur með hirslu
3.990,-

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is